

Annáll efnahags- og peningamála 1999

Janúar

Samkvæmt lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi tók ný stofnun, Fjármálaeftirlitið, til starfa 1. janúar. Fjármálaeftirlitið tók við hlutverki bankaftirlits Seðlabanka Íslands og Vátryggingareftirlits.

Um áramótin var Verðbréfaþingi Íslands breytt úr sjálfseignarstofnun í hlutafélag. Formbreytingin er liður í að uppfylla kröfu laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða nr. 34/1998 sem sett voru í apríl 1998.

Íbúðalánasjóður seldi húsnæðisbréf að söluverðmæti 2,4 milljarðar króna, salan skiptist jafnt á milli flokkanna BN20-0101 og BN38-0101.

Bandaríska matsfyrirtækið Moody's Investors Service gaf FBA lánshæfiseinkunnina A-3 á skuldbindingar til langs tíma, P-2 á skuldbindingar til skamms tíma og D fyrir fjárhagslegan styrk.

Hinn 15. janúar birti Seðlabanki Íslands verðbólguþá sem gerði ráð fyrir að meðalhækkun verðlags yrði 1,9% milli árana 1998 og 1999 en hækkun frá upphafi til loka árs 1999 yrði 2,2%. Spáð var að verðlag á fyrsta ársfjórðungi myndi hækka um 0,6% eða 2,2% á ársgrundvelli.

Hinn 28. janúar birti Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn (IMF) álit sendinefndar sinnar á íslensku efnahagslífi. IMF spáir 5,6% hagvexti á þessu ári og 4,7% á næsta ári. Gert er ráð fyrir 3,5% verðbólgu á þessu ári og 3,2% á því næsta.

Febrúar

Hinn 18. febrúar tóku gildi reglur um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands. Þær komu í stað reglna um útreikning og færslu vaxta o.fl. við Seðlabanka Íslands í viðskiptum við bindiskyldar stofnanir.

Hinn 18. febrúar undirrituðu aðilar að Verðbréfaþingi Íslands hf. samkomulag um bætur og uppgjör viðskipta á Verðbréfaþingi Íslands hf.

Hinn 23. febrúar voru vextir í viðskiptum Seðlabankans við lánastofnanir hækkaðir um 0,4 prósentustig.

Hinn 23. febrúar tilkynnti bankastjórn Seðlabankans um setningu reglna um laust fé bindiskyldra lánastofnana. Reglurnar tóku gildi 21. mars 1999.

Mars

Hinn 29. mars tóku gildi nýjar reglur um laust fé bindiskyldra lánastofnana og komu þær í stað reglna sem höfðu tekið gildi 21. mars 1999. Helstu breytingar eru að aðlögunartími að reglunum er lengdur um einn mánuð og verður fjórís mánuðir. Leyfilegt lausafjárhlutfall á fyrsta tímabili lækkaði í -12% og mun hækka um 3 prósentustig mánaðarlega uns það verður 1,5% þegar reglurnar taka að fullu gildi 21. júlí 1999. Fyrsta útreikningstímabil samkvæmt breyttum reglum er frá 21. mars til 20. apríl 1999.

Apríl

Íbúðalánasjóður seldi húsnæðisbréf að söluverðmæti 2,2 milljarðar króna, salan skiptist jafnt á milli flokkanna BN20-0101 og BN38-0101.

Hinn 21. apríl birti Seðlabanki Íslands verðbólguþá sem gerði ráð fyrir að meðalhækkun verðlags yrði 2,4% milli árana 1998 og 1999 en hækkun frá upphafi til loka árs 1999 yrði 2,8%. Spáð var að verðlag á öðrum ársfjórðungi myndi hækka um 1,0% eða 4,2% á ársgrundvelli.

Júní

Hinn 21. júní hækkaði Seðlabanki Íslands vexti bankans í viðskiptum við lánastofnanir um 0,5 prósentustig.

Hinn 25. júní var gengisskráningarvog breytt vegna árlegrar endurskoðunar í ljósi samsetningar utanríkisviðskipta á árinu 1998.

Hinn 29. júní veitti lðnaðar- og viðskiptaráðuneytið Verðbréfaþingi Íslands hf. starfsleyfi til kauphallarstarfsemi frá og með 1. júlí.

Bandaríska matsfyrirtækið Moody's Investors Service gaf Búnaðarbanka Íslands hf. einkunnina A- 3 fyrir lang- tímaskuldbindingar, Prime-2 fyrir skammtímaskuldbindingar og D fyrir fjárhagslegan styrk.

Júlí

Hinn 1. júlí var gerð breyting á samsetningu úrvalsvísitölu Verðbréfaþings Íslands. Úrvalsvísitölan er uppfærð tvisvar á ári á þann hátt að af þeim 20 félögum á aðallista þingsins sem tíðust viðskipti hafa orðið með á næstliðnum 12 mánuðum mynda þau 15 sem eru stærst að markaðsverðmæti í lok tímabilsins úrvalsvísitöluna næstu sex mánuði.

Hinn 22. júlí birti Seðlabanki Íslands verðbólguþá sem gerði ráð fyrir að meðalhækkun verðlags yrði 3,0% milli áranna 1998 og 1999 en hækkun frá upphafi til loka árs 1999 yrði 4,0%. Spáð var að verðlag á þriðja ársfjórðungi myndi hækka um 1,3% eða 5,2% á ársgrundvelli.

Ágúst

Útgáfu Economic Statistics var hætt.

September

Útgáfu Hagtalna mánaðarins var hætt. Í stað þeirra og Economic Statistics verður hafin útgáfa ársfjórðungsrits á íslensku og ensku. Heiti ársfjórðungsritsins á íslensku verður: Peningamál: Ársfjórðungsrit Seðlabanka Íslands, en á ensku: Quarterly Monetary Bulletin.

Íbúðalánasjóður seldi húsnæðisbréf að fjárhæð 2,0 milljarðar króna úr flokkunum BN20-0101 og BN38-0101.

Hinn 15. september tilkynnti Lánasýsla ríkisins, að beiðni fjármálaráðherra, um fyrirhuguð uppkaup og fækkun markflokka ríkisverðbréfa.

Hinn 20. og 21. september hækkaði Seðlabanki Íslands vexti bankans í viðskiptum við lánastofnanir um 0,6 prósentustig.

Kreditkort hf. fékk starfsleyfi sem lánastofnun á grundvelli laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði (lög nr. 123, 1993).

Október

Hinn 25. október birti Seðlabanki Íslands verðbólguþá sem gerði ráð fyrir að meðalhækkun verðlags yrði 3,3% milli áranna 1998 og 1999 en hækkun frá upphafi til loka árs 1999 yrði 4,6%. Spáð var að verðlag á fjórða ársfjórðungi myndi hækka um 1,0% eða 4,1% á ársgrundvelli.

Ríkissjóður seldi 51% hlut sinn í FBA. Söluverðmætið nam 9,7 ma.kr.

Hinn 25. október hóf Seðlabanki Íslands að birta á heimasíðu sinni, www.sedlabanki.is tölfraðilegar upplýsingar um íslenskt efnahagslíf og varða þær einkum þá þætti sem heyra beint undir verksvið bankans. Upplýsingarnar eru uppfærðar vikulega.

Nóvember

Hinn 24. nóvember kom út fyrsta tölublað Peningamála. Peningamál eru gefin út ársfjórðungslega og innihalda umfjöllun um efnahags- og peningamál og þróun á fjármálamarkaði auk greina og talnagra upplýsinga.

Desember

Í desember fór fram sala á 15% hlut ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Bréfin voru seld með áskriftar- og útboðsfyrirkomulagi. Söluverðmætið nam tæpum 6 ma.kr.

Bandarísku matsfyrirtækin Moody's Investor Service og Standard & Poor's staðfestu mat sitt á láns hæfi íslenska ríkisins. Láns hæfiseinkunnirnar eru Aa3 og A+ á langtímskuldbindingum og P-1/A-1+ á skammtímskuldbindingum í erlendri mynt. Á skuldbindingar í íslenskum krónum fékk ríkið hæstu einkunn, Aaa frá Moody's og einkunnina AA+ frá Standard & Poor's.

Hinn 8. desember voru samþykkt á Alþingi lög nr. 90/1999 um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum. Ákvæði laganna tekur til þeirra greiðslukerfa sem rekin eru hér á landi.

Hinn 21. desember voru samþykkt á Alþingi lög nr. 96/1999 um breytingu á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum. Breytt var 8 gr. laganna, sem fjallar um laust fé, á þann veg að skilgreining á lausu fé lánastofnana var rýmkuð.

Hinn 31. desember tóku gildi nýjar reglur um laust fé bindiskyldra stofnana. Nýju reglurnar byggja á öðrum grunni en þær eldri og fela í sér að fram fer heildarmat á lausafjáreignum og lausafjárskuldbindingum lánastofnana (sjá lýsingu í ramma á bls. 16).

Annáll efnahags- og peningamála 2000

Janúar

Hinn 1. janúar tóku gildi nýjar reglur um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o.fl. Breytingar voru gerðar á ákvæði um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda lánastofnana. Leyfileg mörk misvægis voru aukin úr 20% í 30% af eigin fé. Ekki voru gerðar breytingar á heimildum til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár eins og stefnt hafði verið að samkvæmt reglum bankans frá júní 1995. Lágmarksbinditími verðtryggðra innlána verður áfram 3 ár og lágmarksbinditími verðtryggðra lána 5 ár.

Hinn 1. janúar breyttust lög nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands og fluttist yfirstjórn bankans frá viðskiptaráðherra til forsætisráðherra.

Hinn 1. janúar fékk Greiðslumiðlun hf. Visa Ísland starfsleyfi sem lánastofnun.

Hinn 12. janúar hækkaði Seðlabanki Íslands vexti sína um 0,8 prósentustig.

Hinn 24. janúar birti Seðlabanki Íslands verðbólguþátt sem gerði ráð fyrir að meðalhækkun verðlags yrði 5% milli árána 1999 og 2000 en hækkun frá upphafi til loka árs 2000 yrði 3,8%. Spáð var að verðlag á fyrsta ársfjórðungi myndi hækka um 0,9% eða 3,7% á ársgrundvelli.

Febrúar

Hinn 1. febrúar tóku gildi nýjar reglur á millibankamarkaði með krónur. Helstu breytingar eru þær að framvegis skuldbinda markaðsaðilar sig til þess að gera tilboð í tilteknum fjárhæðum með lánstíma til 9 og 12 mánaða. Seðlabanki Íslands mun reikna út og birta REIBOR og REIBID til 9 og 12 mánaða.

Hinn 1. febrúar tóku gildi nýjar reglur um viðskipti Seðlabanka Íslands við bindiskyldar lánastofnanir. Meginbreytingar voru að leiðréttingar á færslumistöku voru felldar inn í reglurnar og að tilkynningar um uppboð endurhverfra viðskipta verða tilkynnt vikulega á mánudagsmorgni í stað föstudagskvölds. Þá bættist við nýr skuldabréfaflokkur SLST023/2 sem er hæfur í viðskiptum við Seðlabankann.

Hinn 3. febrúar veitti alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch IBCA íslenska ríkinu lánshæfismatið AA- fyrir langtímaskuldbindingar í erlendri mynt. Fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendri mynt F1+ og fyrir skuldbindingar í innlendri mynt fékk ríkið AAA sem eru hæstu einkunnir sem fyrirtækið gefur.

Hinn 11. febrúar tilkynnti Seðlabanki Íslands hækkun vaxta sinna um 0,3 prósentustig og um víkkun vikmarka gengisstefnunnar úr $\pm 6\%$ í $\pm 9\%$.

Mars

Hinn 21. mars tóku gildi nýjar reglur um viðskipti á millibankamarkaði í íslenskum krónum. Meginbreytingin á reglunum er sú að sett hefur verið hámarks vaxtabil milli inn- og útlána í tilboðum þátttakenda til eins mánaðar og lengri tíma. Hámarkið er 25 punktar. Ekkert hámarksvaxtabil er skilgreint fyrir viðskipti til skemmri tíma.

Hinn 30. mars veitti viðskiptaráðherra FBA starfsleyfi sem viðskiptabanki skv. 4. gr. laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði.

Apríl

Hinn 10. apríl var undirrituð samrunaáætlun Íslandsbanka hf. og FBA hf., en stefnt er að því að leggja til við hluthafafundi félaganna tveggja að þau verði sameinuð og stofnað verði nýtt félag undir nafninu Íslandsbanki - FBA hf.

Maí

Seðlabanki Íslands birti verðbólguþátt sem gerði ráð fyrir að meðalhækkun verðlags yrði 5,5% milli árána 1999 og 2000, en hækkun frá upphafi til loka árs 2000 yrði 5,0%. Spáð var að verðlag á öðrum ársfjórðungi myndi hækka um 1,4% eða 5,7% á ársgrundvelli.

Um miðjan maí tilkynntu tveir af yfirlýstum viðskiptavökum ríkisskuldabréfa Verðbréfaþingi Íslands með eins mánaðar fyrirvara að þeir hygðust hætta viðskiptavakt.

Júní

Hinn 2. júní tók Íslandsbanki-FBA hf. formlega til starfa.

Bandaríska matsfyrirtækið Moody's Investors Service gaf Íslandsbanka-FBA hf. einkunnina A2 fyrir langtímaskuldbindingar, Prime-1 fyrir skammtímaskuldbindingar og C fyrir fjárhagslegan styrk.

Hinn 7. júní undirritaði Lánasýsla ríkisins samning, að undangengnu útboði, um samningsbundna viðskiptavakt ríkisverðbréfa við Kaupþing hf., Búnaðarbanka Íslands hf., Íslandsbanka-FBA hf. og Sparisjóðabanka Íslands hf. Frá undirritun samningsins hafa áður nefndir aðilar heimild til að kalla sig viðurkennda viðskiptavaka ríkisverðbréfa. Í samningnum eru skilgreindar skyldur viðskiptavaka varðandi framsetningu tilboða á VPÍ og hámarksbil milli kaup- og söluávöxtunar. Þá mun Lánasýslan greiða viðskiptavökum veltuþóknun fyrir viðskiptavaktina. Í samningnum eru skilgreindir 4 markflokkar ríkisskuldabréfa, þrjú verðtryggðir og einn óverðtryggður. Lánasýslan skuldbatt sig jafnframt til þess að bæta upplýsingagjöf.

Hinn 19. júní hækkaði Seðlabanki Íslands vexti sína um 0,5 prósentustig.

Íbúðalánasjóður gerði samning við Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. um viðskiptavakt með húsbref. Frá undirritun samningsins hafa áður nefndir aðilar heimild til að kalla sig viðurkennda viðskiptavaka með húsbref og húsnæðisbref. Íbúðalánasjóður stóð með sama hætti að vali viðskiptavaka og Lánasýsla ríkisins, og er samningur sjóðsins að öllu leyti hliðstæður samningi Lánasýslunnar. Þá tilkynnti Íbúðalánasjóður að hann myndi framvegis leitast við að miðla með reglubundnum hætti til markaðarins upplýsingum sem áhrif geta haft á verðmyndun skuldabréfa.

Hinn 30. júní veitti viðskiptaráðherra samþykki sitt fyrir samruna Samvinnusjóðs Íslands hf. og Fjárvangs hf. í Frjálsa fjárfestingarbankann hf. sem er lánastofnun skv. lögum nr.123/1996.

Júlí

Hinn 6. júlí tilkynnti Sparisjóðabanki Íslands hf. Seðlabankanum að hann hefði ákveðið að hætta þátttöku á milli-bankamarkaðnum fyrir gjaldeyri. Uppsögnin tekur gildi að mánuði liðnum.

Hinn 13. júlí var millibankamarkaði með gjaldeyri lokað milli kl. 10 og 12 að ákvörðun viðskiptavakanna á markaðnum. Ákvörðunin var tekin vegna mikilla viðskipta á gjaldeyrismarkaði og snöggrar lækkunar á gengi krónunnar um morguninn. Gengi krónunnar lækkaði nokkuð í júní og júlí í nokkrum áhlaupum sem gerð voru á gengi krónunnar.

Hinn 18. júlí var tilkynnt um meirihlutakaup Landsbanka Íslands hf. í breska fjárfestingarbankanum The Heritable and General Investment Bank Ltd. (HGI).

Hinn 20. júlí var gengisskráningargog breytt í ljósi samsetningar utanríkisviðskipta á árinu 1999. Meðfylgjandi tafla sýnir hina nýju vog og breytingu frá fyrri vog.

Ný gengisskráningargog 2000 (%)

Byggt á viðskiptum 1999

Lönd	Mynt	Útflutningsvog	Innflutningsvog	Meðaltal	Breyting frá fyrri vog
Bandaríkin	USD	25,57	24,95	25,26	0,57
Bretland	GBP	15,14	13,58	14,36	1,36
Kanada	CAD	1,83	1,02	1,42	0,09
Danmörk	DKK	8,41	9,37	8,89	0,52
Noregur	NOK	6,85	8,37	7,61	0,26
Svíþjóð	SEK	2,58	5,57	4,07	0,35
Sviss	CHF	3,16	1,06	2,11	-0,39
Evrusvæði	EUR	32,21	30,64	31,43	-2,92

Lönd	Mynt	Útflutningsvog	Innflutningsvog	Meðaltal	Breyting frá fyrri vog
Japan	JPY	4,25	5,44	4,85	0,16
Norður-Ameríka		27,40	25,97	26,68	0,66
Evrópa		68,35	68,59	68,47	-0,82
Evrópusambandið		58,34	59,16	58,75	-0,69
Japan		4,25	5,44	4,85	0,16
Alls		100,00	100,00	100,00	0,00

Ágúst

Hinn 8. ágúst hætti Sparisjóðabanki Íslands hf. viðskiptavakt á millibankamarkaði með gjaldeyri.

September

Hinn 4. september opnaði danski netbankinn Basisbank sem Íslandsbanki-FBA hf. á fjórðungs hlut í.

Hinn 11. september fjölgaði viðskiptavökum með húsbréf og húsnaðisbréf úr tveimur í fimm þegar Íslandsbanki-FBA hf., Kaupping hf. og Sparisjóðabanki Íslands hf. bættust í hóp viðskiptavaka. Fyrir voru Búnaðarbanki Íslands hf og Landsbanki Íslands hf.

Hinn 29. september var tilkynnt að Búnaðarbanki Íslands hf. hefði sótt um leyfi yfirvalda bankamála í Lúxemborg til að starfrækja banka þar í landi.

Október

Hinn 2. október var lagt fram fjárlagafrumvarp fyrir árið 2001 þar sem gert er ráð fyrir 30 milljarða afgangi ríkissjóðs.

Hinn 13. október beindi ríkisstjórn Íslands tilmælum til bankaráða Búnaðarbanka Íslands hf. og Landsbanka Íslands hf um að hefja viðræður um sameiningu bankanna og að leitað yrði forúrskurðar samkeppnisráðs.

Hinn 20. október tóku gildi breyttar reglur um millibankamarkað með gjaldeyri. Tvær meginbreytingar voru gerðar frá fyrri reglum. Fellt var niður ákvæði sem heimilaði viðskiptavökum að koma sér saman um tímabundna stöðvun viðskipta og lágmarksfjárhæð viðskipta var hækkuð úr einni milljón Bandaríkjadala í eina og hálf milljón Bandaríkjadala.

Hinn 26. október var Kaupping hf. skráð á Verðbréfabing Íslands.

Hinn 27. október var tilkynnt að Íslandsbanki-FBA hf. hefði gefið út skuldabréf á alþjóðlegum markaði að upphæð 250 milljónir evra. Þetta mun vera stærsta skuldabréfaútgáfa sem íslenskur aðili hefur staðið fyrir á erlendum markaði.

Nóvember

Hinn 1. nóvember hækkaði Seðlabanki Íslands stýrivexti um 0,8 prósentustig. Eftir þessa hækkun eru forvextir á daglánnum Seðlabanka Íslands 12,4% og vextir á endurhverfum viðskiptum við bindiskyldar innlánsstofnanir 11,4%.

Hinn 7. nóvember var tilkynnt að Bonus Dollar Stores, dótturfyrirtæki Baugs hf., hefði skrifað undir samning við Institutional Equity í Dallas í Bandaríkjunum um að hafa umsjá með skráningu á Bonus Dollar Stores á Nasdaq Small Caps vegna fyrsta útboðs á almennum hlutabréfum félagsins. Stefnt er að skráningu í febrúar 2001.

Hinn 10. nóvember tilkynnti fjármálaráðherra að ríkissjóður myndi ekki greiða upp erlend lán á árinu 2001. Á árinu 2001 gjaldfalla 15 ma.kr. af erlendum lánum ríkissjóðs. Ákveðið hefur verið að mæta þeim afborgunum að fullu með nýjum erlendum lánum.

Hinn 14. nóvember var skrifað undir samning við Íslandsbanka- FBA hf., Landsbanka Íslands hf. og Sparisjóðabanka Íslands hf. um útgáfu ríkisvixla og viðskipta á eftirmarkaði. Þessar stofnanir hafa rétt til að kalla sig Aðalmiðlara ríkisvixla. Tilgangurinn með þessum samningi er að tryggja útgáfu á ríkisvixlum og efla verðmyndun á eftirmarkaði. Aðalmiðlaraútboð munu fara fram á tveggja mánaða fresti.

Desember

Hinn 4. desember var tilkynnt að Íslandsbanki-FBA hf. hygðist kaupa 56,2% í Rietumu Banka í Lettlandi. Bankaráð hefur samþykkt skilmála kaupanna með fyrirvara um niðurstöður áreiðanleikakönnunar og samþykki Seðlabanka Lettlands.

Hinn 18. desember var kynnt niðurstaða Samkeppnisráðs vegna fyrirhugaðrar sameiningar Búnaðarbanka Íslands hf. og Landsbanka Íslands hf. Samkeppnisráð komst að þeirri niðurstöðu að sameiningin brjóti í bága við samkeppnislög.

Hinn 22. desember tilkynnti Seðlabanki Lettlands að hann samþykkti kaup Rietumu Banka á 100% eignarhlut í öðrum lettneskum banka, Saules Banka. Með þessari sameiningu verður til einn stærsti banki á sviði fyrirtækjaþjónustu og einkaþjónustu á Eystrasaltssvæðinu.

Hinn 29. desember urðu metviðskipti á Verðbréfaþingi Íslands og nam veltan 12,5 ma.kr.

Hinn 31. desember var undirrituð viljayfirlýsing á milli Kaupþings hf. og viðskiptavina þess annars vegar, en hins vegar Olúfélagsins hf., Samvinnulífeyrissjóðsins, Traustfangs hf. og Vátryggingarfélags Íslands hf. auk Isoports A.S., um kaup Kaupþings hf. á a.m.k. 2/3 hlutum heildarhlutafjár Frjálsa fjárfestingarbankans hf. af framangreindum aðilum. Viljayfirlýsingin var undirrituð með fyrirvara um samþykki stjórna seljenda og niðurstöðu kostgæfnisathugunar.

Annáll efnahags- og peningamála 2001

Janúar

Hinn 10. janúar sendi Búnaðarbanki Íslands hf. frá sér fréttatilkynningu um að bankanum hafi borist tilkynning frá Fjármálaeftirlitinu þann 5. janúar. Fram kemur að Fjármálaeftirlitið telji nauðsynlegt að rannsaka frekar viðskipti Búnaðarbankans hf. og Hlutabréfasjóðs Búnaðarbankans með hlutabréf í Pharmaco hf. tímabilið frá 7. júní 1999 til mars 2000. Fram kemur það mat Fjármálaeftirlitsins að Búnaðarbankinn hf. og Hlutabréfasjóður Búnaðarbankans hafi búið yfir trúnaðarupplýsingum umrætt tímabil.

Hinn 24. janúar greip Seðlabanki Íslands inn í viðskipti á millibankamarkaði með gjaldeyri eftir að gengisvísitala íslensku krónunnar hafði stigið hratt eftir að markaðurinn var opnaður kl. 9:15. Seðlabankinn seldi Bandaríkjadali fyrir 2,06 ma.kr. sem varð til þess að ró komst á markaðinn.

Hinn 26. janúar var undirritaður samningur á milli Seðlabanka Íslands og þýska bankans DePfa Europe um lánsheimild að fjárhæð 250 milljónir Bandaríkjadala. Mun lánsamningurinn auka svigrúm Seðlabankans til aðgerða á gjaldeyrismarkaði.

Febrúar

Hinn 7. febrúar sendi bandaríska matsfyrirtækið Moody's í New York frá sér frétt þar sem tilkynnt er að fyrirtækið hafi staðfest lánsþæfismat sitt fyrir Ísland. Í fréttinni segir Moody's að horfur um lánsþæfismatið séu taldar stöðugar í nýrri skýrslu fyrirtækisins um Ísland. Þessi niðurstaða endurspeglar verulega bættu skuldastöðu opinbera geirans og staðfestu stjórnvalda í hagstjórn sem lagt hefur grunn að öflugum hagvexti, stöðugleika og miklum lífskjarabata á liðnum árum. Umfangsmiklar skipulagsbreytingar á síðasta áratug hafa falið í sér styrkingu á fjármálum hins opinbera, aukið frjálsræði á fjármála- og vörumarkaði, aukna fjölbreytni í framleiðslu og útflutningi, bættu stjórn fiskveiða og frjálslýndari viðhorf til erlendra fjárfestingar. Moody's varar á hinn bóginn við því að miklum hagvexti hafi fylgt alvarlegt ójafnvægi í þjóðarbúskapnum sem gæti grafið undan efnahagslegum stöðugleika á komandi tíð.

Lánasýsla ríkisins tilkynnti um niðurstöður útboðs á RIKB 07 0209. Um er að ræða ný óverðtryggð ríkisbréf, kúlubréf, sem bera ekki vexti og falla í gjalddaga þann 9. febrúar 2007.

Hinn 13. febrúar var tilkynnt að í framhaldi af kaupum Kaupþings hf. og samstarfsaðila á meirihluta hlutfjár í Frjálsa fjárfestingarbankanum hefur verið ákveðið að hætta starfsemi Markaðssviðs Frjálsa fjárfestingarbankans hf.

Mars

Hinn 16. mars fór fram útboð á ríkisvixlum hjá Lánasýslu ríkisins. Var þetta síðasta útboðið sem féll undir samning varðandi nýtt Aðalmiðlarakerfi með ríkisvixla og viðskiptavakt með þá á eftirmarkaði.

Frá 23. mars til 27. mars þurfti Seðlabanki Íslands ítrekað að selja Bandaríkjadali fyrir krónur með það að markmiði að verja vikmörk íslensku krónunnar. Alls voru seldir dalir fyrir 6,8 ma.kr. Helsta ástæða óróans var óvissa um niðurstöður aðalfundar Seðlabankans sem auglýstur hafði verið 27. mars.

Hinn 27. mars undirrituðu Seðlabanki Íslands og forsætisráðherra yfirlýsingu um breytingar á fyrirkomulagi stjórnar peningamála á Íslandi sem tóku gildi 28. mars 2001. Í stað þess að miða peningastefnuna við að halda gengi krónunnar innan vikmarka mun Seðlabankinn hér eftir miða hana við að halda verðbólgu sem næst 2½% með ákveðnum þolmörkum. Ríkisstjórnin veitir Seðlabankanum fullt svigrúm til að beita stjórnþækjum sínum í því skyni að ná verðbólgu markmiði sínu.

Samhliða tilkynningu um breytta peningamálastefnu tilkynnti Seðlabankinn um 0,5 prósentustiga vaxtalækkun í endurhverfum viðskiptum við lánastofnanir.

Apríl

Hinn 17. apríl tók ríkissjóður 250 millj. evra lán með milligöngu Dresdner Bank.

Hinn 26. apríl var Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. tekinn af skrá Verðbréfaþings Íslands. Kaupþing hf. og aðilar sem stóðu sameiginlega að kaupum á Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. hafa eftir yfirtökutilboð eignast 98,64% af heildarhlutafé félagsins og uppfyllir það því ekki lengur skilyrði til skráningar á Verðbréfaþingi Íslands hf.

Maí

Hinn 4. maí birti Seðlabanki Íslands fyrstu verðbólguþá sína eftir að bankinn tók upp verðbólguþámið. Seðlabankinn spáði því að verðbólga á seinni hluta þessa árs gæti orðið allt að 6% og yrði 5,7% yfir árið. Spáin byggðist á þeim forsendum að gengi krónunnar yrði óbreytt frá 26. apríl út spátímann og að ekki yrði röskun á kjarasamningum.

Hinn 4. maí tilkynnti alþjóðalánshæfismatsfyrirtækið Fitch að það hefði gefið Landsbanka Íslands hf. lánshæfiseinkunnina A fyrir langtímalán og F1 fyrir skammtímalán. Einkunnin F1 er besta einkunn sem fyrirtækið gefur. Að íslenska ríkinu undanskildu hefur enginn íslenskur lántakandi fengið betri lánshæfiseinkunn.

Hinn 21. maí ákvað Lánasýsla ríkisins fyrir hönd fjármálaráðherra að taka tilboðum Landsbanka Íslands hf., Búnaðarbanka Íslands hf., Sparisjóðabanka Íslands hf. og Kaupþings hf., sem buðu lægsta þóknun í viðskiptavakt á fimm flokkum ríkisverðbréfa. Lánasýslan greiðir viðskiptavaka veltuþóknun sem er 0,1% af fjárhæð viðskipta hans með umræddan flokk og reiknast þóknun miðað við mánaðarlega veltu á Verðbréfaþingi Íslands. Heildarþóknun getur þó aldrei orðið meiri en 140 m.kr. á ári sem deilist á viðskiptavaka.

Júní

Hinn 8. júní tilkynnti Verðbréfaþing Íslands um breytingu á samsetningu úrvals vísitölunnar fyrir tímabilið frá 1. júlí 2001 til 1. janúar 2002. Þrjú ný félög komu inn í vísitöluna. Þau eru Kaupþing hf., Ólíufélagið hf. og SÍF hf. og koma í stað Granda hf., Þormóðs ramma-Sæbergs hf. og Opinna kerfa hf.

Hinn 13. júní voru hlutabréf Íslandssíma hf. skráð á aðallista Verðbréfaþings Íslands. Skráð hlutafé var kr. 587.995.000.

Hinn 20. júní tilkynnti Íbúðalánasjóður að ákveðið hefði verið að efna að nýju til sölu á húsnæðisbréfum í 1. og 2. flokki 1996. Stefnt er að útboðum 27. júní, 1. september, 1. október, 1. nóvember og 1. desember. Gert er ráð fyrir að á þessu ári verði boðið til sölu nægilegt magn bréfa úr þessum flokkum til að mæta þeirri fjárförf Íbúðalánasjóðs sem ekki verður mætt með útgáfu húsnæðisbréfa.

Hinn 21. júní greip Seðlabanki Íslands inn í viðskipti á gjaldeyrismarkaði í fyrsta skipti eftir að verðbólguþámið var tekið upp. Gengisvísitala krónunnar hafði stigið hratt daginn áður og hélt áfram að hækka við opnun markaðarins. Seðlabankinn seldi Bandaríkjadali fyrir 2,5 ma.kr. sem varð til þess að vísitalan gekk til baka og ró komst á markaðinn.

Hinn 22. júní tilkynnti fjármálaráðuneytið að ákveðið hefði verið að ríkissjóður tæki erlent lán að fjárhæð 25 ma.kr. til þess að efla erlenda stöðu Seðlabankans. Í tilkynningu ráðuneytisins kom fram að stefnt væri að því að hluti andvirðis lánsins verði eiginfjárframlag til bankans í ljósi nýrra laga um Seðlabankann sem gera ráð fyrir eflingu eiginfjárfjárstöðu hans.

Hinn 26. júní tilkynnti viðskiptaráðherra að hafinn yrði undirbúningur sölu á a.m.k. þriðjung hlutfjár í Landsbanka Íslands hf. til kjölfestufjárfestis. Ráðgert er að salan fari fram fyrir árslok 2001. Samkvæmt ákvörðun ráðherra er skilyrði að sala á slíkum hlut leiði til aukinnar samkeppni á íslenskum fjármálamarkaði og auki samkeppnishæfni hans.

Júlí

Hinn 1. júlí tóku gildi breytingar á innlendum gjaldeyrismarkaði í samræmi við samkomulag sem bankastjórn Seðlabankans og forsvarsmenn viðskiptavaka á gjaldeyrismarkaði höfðu gert síðla júnímánaðar. Viðskiptavakarnir eru Búnaðarbanki Íslands hf., Íslandsbanki hf., Kaupþing hf. og Landsbanki Íslands hf. Breytingin felur í sér að Seðlabankinn mun til loka þessa árs greiða viðskiptavökunum umbun eftir vissum reglum fyrir að sinna hlutverki sínu en á þeim hvíla ríkar skyldur.

Hinn 1. júlí tóku gildi ný lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 sem komu í stað laga nr. 25/1987. Nýju löginn kveða á um margvíslegar breytingar, meðal annars að því er varðar dráttarvexti og birtingarskyldu Seðlabankans á vöxtum.

Hinn 6. júlí tók gildi ný gengisskráningarvog. Samsetning hennar er endurskoðuð árlega í ljósi samsetningar utanríkisviðskipta árið áður. Eftirfarandi tafla sýnir nýju gengisskráningarvogina og breytingar frá árinu áður.

Ný gengisskráningarvog 2001 (%)

Byggt á viðskiptum 2000

Lönd	Mynt	Útflutningsvog	Innflutningsvog	Gengisskráningarvog	Breyting frá fyrri vog
Bandaríkin	USD	26,13	27,86	26,99	1,73
Bretland	GBP	14,92	14,61	14,77	0,40
Kanada	CAD	1,76	0,96	1,36	-0,07
Danmörk	DKK	8,29	9,07	8,68	-0,21
Noregur	NOK	5,94	6,21	6,08	-1,53
Svíþjóð	SEK	2,49	6,40	4,44	0,37
Sviss	CHF	2,40	0,90	1,65	-0,46
Evrusæði	EUR	33,78	29,54	31,66	0,23
Japan	JPY	4,29	4,45	4,37	-0,47
Norður-Ameríka		27,89	28,82	28,35	1,66
Evrópa		67,82	66,73	67,28	-1,19
Evrópusambandið		59,48	59,62	59,55	0,80
Japan		4,29	4,45	4,37	-0,47
Alls		100,00	100,00	100,00	0,00

Hinn 16. júlí tóku gildi nýjar reglur VPÍ um birtingu fréttavagna milliuppgjöra skráðra félaga. Frá og með þriðja ársfjórðungi er skráðum félögum á VPÍ skylt að birta milliuppgjör ársfjórðungslega.

Ágúst

Hinn 27. ágúst ákvað félagsmálaráðherra að breyta viðmiðun húsbrefalána við brunabótamat. Til þess tíma hafði viðmiðunin verið 65% eða 70% af kaupverði eignar eða brunabótamati eftir því hvort var lægra og hvort um kaup á fyrstu íbúð var að ræða. Ráðherra ákvað að frá og með 1. september 2001 yrði viðmiðunin 65% eða 70% af kaupverði, þó ekki hærra en 85% af brunabótamati.

September

Hinn 24. september rann út skilafrestur væntanlegra kjölfestufjófesta í Landssíma Íslands hf. Alls bárust 17 tilkynningar þar sem fjórfestar lýsa yfir áhuga á að gerast kjölfestufjófesta í Landssíma Íslands hf.

Hinn 26. september var tilkynnt að bankaráð Búnaðarbanka Íslands hf. og stjórn Lýsingar hf. hefðu samþykkt fyrir sitt leyti samruna félaganna með þeim hætti að Lýsing hf. yrði sameinuð Búnaðarbankanum. Tillögur þessa efnis verða lagðar fram til samþykktar á hluthafafundum félaganna sem áætlað er að halda laugardaginn 10. nóvember 2001.

Seðlabanki Íslands tilkynnti að gengið hefði verið frá erlendri lántöku ríkissjóðs sem ætlað var að styrkja erlenda stöðu Seðlabankans, sbr. tilkynningu fjármálaráðuneytisins frá júní 2001.

Október

Hinn 4. október var tilkynnt að ríkisstjórnin hefði ákveðið að beita sér fyrir viðtækum umbótum í skattamálum einstaklinga og atvinnulífs. Í fyrsta lagi verða gerðar margvíslegar breytingar á skatthlutföllum og viðmiðunarstærðum skattkerfisins bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum. Í öðru lagi verða verðbólguvæðingsskil afnumin enda eru þau orðin sjaldgæf í reikningsskilareglum og skattkerfum annarra ríkja. Í þriðja lagi verður skattaleg meðferð við yfirfærslu einstaklingsrekstrar í einkahlutafélagsform samræmd reglum um yfirfærslu milli annarra félagsforma. Í fjórða lagi verða gerðar ýmsar aðrar breytingar varðandi túlkun og framkvæmd skattalaga.

Hinn 22. október staðfesti bandaríska matsfyrirtækið Standard & Poor's óbreytt lánsþæfismat fyrir Ísland eða A+ í einkunn á langtímaskuldbindingum. Horfur um einkunnina voru taldar neikvæðar en voru áður stöðugar.

Hinn 29. október rann út frestur til að skila inn óskuldbindandi verðtilboðum í 25% hlutafjár í Landssíma Íslands hf. Um var að ræða annan áfanga í einkavæðingu félagsins þar sem markmiðið er að finna kjölfestufjárfesti sem styrki fyrirtækið, auki verðmæti þess og efli íslenskan fjarskiptamarkað.

Nóvember

Hinn 8. nóvember tilkynnti Seðlabanki Íslands um 0,8 prósentustiga lækkun stýrivaxta. Lækkunin tók gildi þann 11. nóvember. Eftir lækkunina voru stýrivextir Seðlabanka Íslands 10,1%.

Hinn 10. nóvember var samþykkt á hluthafafundi Búnaðarbanka Íslands hf. tillaga bankaráðs um samruna Búnaðarbanka Íslands hf. og Lýsingar hf. Gert var ráð fyrir að Lýsing hf. yrði algerlega sameinuð bankanum með yfirtöku eigna og skulda.

Hinn 20. nóvember var tilkynnt um kaup Bakkavarar Group hf. á breska matvælafyrirtækinu Katsouris Fresh Foods Ltd. Þessi kaup eru stærstu fyrirtækjakaup í íslenski viðskiptasögu. Eftir kaupin verður Bakkavör Group hf. eitt af stærstu fyrirtækjum á Íslandi.

Desember

Hinn 12. desember var tilkynnt að bankaráð Búnaðarbanka Íslands hf. og stjórn Gildingar ehf. hefðu samþykkt samruna félagana með þeim hætti að Gilding yrði sameinuð Búnaðarbankanum.

Hinn 15. desember var lágmarksfjárhæð greiðslufyrirmæla í stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands lækkuð úr 100 m.kr. í 25 m.kr.

Annáll efnahags- og peningamála 2002

Janúar

Hinn 9. janúar var tilkynnt að Kaupþing hf. hefði undirritað viljayfirlýsingu um kaup á sænska verðbréfafyrirtækinu Aragon Holding AB. Gert var ráð fyrir að kostgæfnisathugun lyki í janúar og að þá yrði endanlega gengið frá viðskiptunum.

Hinn 11. janúar var Kaupþingi hf. veitt viðskiptabankaleyfi. Þann 28. desember 2001 var samþykkt á hluthafafundi hjá Kaupþingi hf. að breyta samþykktum félagsins svo að unnt yrði að veita Kaupþingi viðskiptabankaleyfi. Meðal þess sem hluthafafundurinn samþykkti var að bæta orðinu banki aftan við heiti félagsins. Nafn félagsins eftir breytingu er Kaupþing banki hf. og starfar það samkvæmt lögum um viðskiptabanka og sparisjóði.

Hinn 20. janúar tóku gildi breytingar á starfrækslutíma stórgreiðslukerfis sem starfrækt er af Seðlabanka Íslands. Stórgreiðslukerfið verður starfrækt frá kl.8.45 til kl.18.00 og lágmarksupphæð greiðslufyrirmæla er 25 milljónir króna.

Í fjárukalögum 2001 sem samþykkt voru á Alþingi í desember fólst m.a. heimild til þess að ríkissjóður legði Seðlabanka Íslands til stofnfé að fjárhæð 9 ma.kr. á árinu 2001. Framlagið var greitt í lok ársins. Í fjárlögum 2002 sem einnig voru samþykkt í desember fólst heimild til þess að greiða 4,5 ma.kr. stofnfjárframlag til bankans á árinu 2002.

Febrúar

Hinn 11. febrúar var undirritaður samningur á milli Seðlabanka Íslands og Union Bank of Norway um lánsheimild að fjárhæð 200 milljónir Bandaríkjadala sem samsvaraði á þeim tíma tæplega 21 milljarði króna. Samningurinn er til fimm ára og felur í sér hagstæð kjör fyrir Seðlabankann. Samningurinn við Union Bank of Norway kemur til viðbótar sambærilegum samningum um lánsheimildir við nokkrar aðrar fjármálastofnanir.

Hinn 15. febrúar staðfesti alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch lánshæfiseinkunnina AA- fyrir ríkissjóð Íslands vegna lána í erlendri mynt. Fyrirtækið staðfesti jafnframt lánshæfiseinkunnir fyrir skuldbindingar í íslenskum krónum en þær eru AAA fyrir langtímaskuldbindingar og F1+ fyrir skammtímalán. Horfur um lánshæfiseinkunnir vegna langtímalána voru taldar neikvæðar en voru áður stöðugar.

Mars

Hinn 5. mars tilkynnti Seðlabanki Íslands um fyrirhugaðar breytingar á hæfi verðbréfa í endurhverfum viðskiptum. (Sjá rammagrein bls 31)

Hinn 8. mars setti bankastjórn Seðlabanka Íslands formlegar reglur um millibankamarkað með gjaldeyrisskiptasamninga. Reglurnar tóku gildi 15. mars 2002.

Hinn 13. mars var tilkynnt að ákveðið hafi verið að binda endi á það ferli sem staðið hafði um skeið og miðaði að því að selja umtalsverðan hlut í Landssíma Íslands hf. til kjölfestufjórðings. Sölu hlutabréfa ríkisins verður haldið áfram um leið og aðstæður á fjármálamarkaði leyfa.

Hinn 26. mars tilkynnti bankastjórn Seðlabanka Íslands um lækkingu á vöxtum bankans í endurhverfum verðbréfa- viðskiptum og á innstæðum lánastofnana í Seðlabankanum um 0,5 prósentur frá 1. apríl.

Apríl

Hinn 1. apríl féllu í gjalddaga spariskírteini ríkissjóðs, RS02-0401, að fjárhæð 10 ma.kr. Í kjölfar gjalddagans jókst laust fé í umferð og lækkuðu vextir á millibankamarkaði umtalsvert.

Hinn 1. apríl var framlengt um þrjá mánuði, samkomulag um greiðslu þóknunar til viðskiptavaka á gjaldeyrismarkaði.

Hinn 16. apríl tilkynnti matsfyrirtækið Moody's Investors Service að minnkandi þjóðhagslegt ójafnvægi styddi óbreytt mat á horfum fyrir lánsþæfiseinkunn íslenska ríkisins. Helstu ástæður fyrir óbreyttum horfum á lánsþæfiseinkunnum Íslands, sem eru Aa3 á lánum í erlendri mynt og Aaa á skuldabréfaútgáfu ríkissjóðs í íslenskum krónum, eru þróað hagkerfi, háar og jafnar þjóðartekjur á mann og stöðugt stjórn málaástand. Skipulagsumbætur liðins áratugar juku fjölbreytni í efnahagslífinu, leiddu til mikils hagvaxtar, verðstöðugleika og verulega minni skulda hins opinbera.

Hinn 30. apríl tilkynnti Seðlabanki Íslands lækkan stýrivaxta og annarra vaxta sinna um 0,3 prósentur frá 1. maí 2002.

Maí

Hinn 8. maí var tilkynnt að fjármálaráðherra hefði falið Lánasýslu ríkisins að gefa út nýjan flokk óverðtryggðra ríkisbréfa. Ríkisbréfaflokkurinn er til 11 ára með lokagjalddaga í maí árið 2013 og verður lengsti óverðtryggði flokkurinn á íslenskum fjármálamarkaði til þessa.

Hinn 21. maí lækkaði bankastjórn Seðlabanka Íslands ávöxtun í endurhverfum viðskiptum bankans við lánastofnanir um 0,5 prósentur. Daglánavextir bankans voru lækkaðir um 0,5 prósentur en vextir á innstæðum á viðskiptareikningum lánastofnana í bankanum lækkaðir um 0,2 prósentur.

Hinn 28. maí ákvað ríkisstjórn Íslands að halda almennt útboð á hlutabréfum í Landsbanka Íslands hf. Áformað var að selja 20% heildarhlutafjár í bankanum í þessum áfanga og lækka þannig eignarhlut ríkissjóðs úr rúmum 68% í rúmlega 48%. Salan fór fram í júní og gengu áformin að fullu eftir.

Júní

Hinn 18. júní var tilkynnt að bankastjórn Seðlabanka Íslands hefði ákveðið að lækka vexti bankans í endurhverfum viðskiptum við lánastofnanir um 0,3 prósentur í 8,5% frá 25. júní. Aðrir vextir bankans lækkuðu einnig um 0,3 prósentur frá 21. júní ef frá eru taldir vextir á innstæðum á viðskiptareikningum lánastofnana í Seðlabankanum sem haldið var óbreyttum.

Júlí

Hinn 5. júlí tók gildi ný gengisskráningarvog. Gengisskráningarvog er endurskoðuð árlega í ljósi samsetningar utanríkisviðskipta árið áður. Taflan hér fyrir neðan sýnir nýju gengisskráningarvogina og breytingar frá árinu áður.

Ný gengisskráningarvog 2002 (%)

Byggt á viðskiptum 2001

Lönd	Mynt	Útflutningsvog	Innflutningsvog	Gengisskráningarvog	Breyting frá fyrri vog
Bandaríkin	USD	22,76	26,89	24,83	-2,16
Bretland	GBP	14,60	10,97	12,78	-1,99
Kanada	CAD	1,50	0,96	1,23	-0,13
Danmörk	DKK	7,78	8,54	8,16	-0,52
Noregur	NOK	6,75	6,82	6,78	0,70
Svíþjóð	SEK	1,80	5,16	3,48	-0,96
Sviss	CHF	2,74	1,28	2,01	0,36
Evrusvæði	EUR	38,73	35,43	37,08	5,42
Japan	JPY	3,34	3,95	3,65	-0,72
Norður-Ameríka		24,26	27,86	26,06	-2,29
Evrópa		72,40	68,19	70,30	3,02
Evrópusambandið		62,91	60,10	61,50	1,95
Japan		3,34	3,95	3,65	-0,73
Alls		100,00	100,00	100,00	0,00

Hinn 10. júlí óskaði framkvæmdanefnd um einkavæðingu, fyrir hönd viðskiptaráðherra, eftir tilkynningum frá áhugasömum fjárfestum um kaup á a.m.k. 25% hlut í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Leitað

var eftir fjárfesti, innlendum eða erlendum, með það að markmiði að efla bankann og samkeppni á íslenskum fjármálamarkaði. Tekið var fram að framangreindur hlutur yrði einungis seldur í öðrum bankanum ef viðunandi verð fengist og viðræður leiddu til sölu. Stefnt væri að því að hlutur í hinum bankanum yrði seldur síðar á árinu.

Hinn 19. júlí var tilkynnt að Íbúðalánasjóður og Lánasýsla ríkisins hefðu undirritað samning um að Lánasýslan taki að sér eftirlit með framkvæmd samnings Íbúðalánasjóðs við viðskiptavaka hús- og húsnæðisbréfa á eftirmarkaði fyrir tímabilið 1. júlí 2002 til 30. júní 2003. Mun formlegt eftirlit Lánasýslunnar með framkvæmdinni hefjast mánudaginn 22. júlí.

Ágúst

Hinn 30. ágúst tilkynnti Seðlabanki Íslands um 0,3 prósentu vaxtalækkun. Vaxtalækkunin tók gildi þann 1. september. Eftir lækkunina voru stýrivextir bankans 7,6%.

September

Hinn 10. september var tilkynnt að ráðherranefnd um einkavæðingu hefði ákveðið að ganga til viðræðna við Samson eignarhaldsfélag ehf. um kaup á umtalsverðum hlut í Landsbanka Íslands hf. Jafnframt var ákveðið að hefja frekari undirbúning fyrir sölu á umtalsverðum hlut í Búnaðarbanka Íslands hf.

Hinn 18. september tilkynnti Seðlabanki Íslands um 0,5 prósentu vaxtalækkun. Vaxtalækkunin tók gildi þann 21. september. Eftir lækkunina voru stýrivextir bankans 7,1%.

Hinn 30. september keypti Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis alla hluti Kaupþings banka hf. í Frjálsa fjárfestingarbankanum hf.

Október

Hinn 15. október tilkynnti Seðlabanki Íslands um 0,3 prósentu vaxtalækkun. Vaxtalækkunin tók gildi þann 21. október. Eftir lækkunina voru stýrivextir bankans 6,8%.

Hinn 21. október var tilkynnt að framkvæmdanefnd um einkavæðingu og Samson eignarhaldsfélag ehf. hefðu náð samkomulagi um kaup Samson ehf. á 45,8% hlutabréfa í Landsbanka Íslands hf. Eftir þessi viðskipti verður eignarhlutur ríkisins í Landsbanka Íslands hf. um 2,5%. Í kjölfar samkomulagsins var ákveðið að halda áfram sölufæri vegna hlutabréfa ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. Valdir voru tveir hópar fjárfesta til frekari viðræðna.

Hinn 22. október hækkaði matsfyrirtækið Moody's Investors Service lánshæfismat skuldabréfa og bankainnstæðna í erlendri mynt vegna skuldbindinga Íslands í Aaa sem er hæsta einkunn sem gefin er. Ísland hafði áður einkunnina Aa3.

Nóvember

Hinn 5. nóvember var tilkynnt að ráðherranefnd um einkavæðingu hefði ákveðið að gengið yrði til viðræðna við hóp fjárfesta sem samanstóð af Eignarhaldsfélaginu Andvöku, Eignarhaldsfélaginu Samvinnutryggingum, Vátryggingafélagi Íslands hf., Kaupfélagi Skagfirðinga svf., Keri hf. og Samvinnulífeyrissjóðnum auk einnar eða fleiri erlendra fjármálastofnana um kaup á umtalsverðum hlut í Búnaðarbanka Íslands hf. Ákvörðun þessi var byggð á forsendum framkvæmdanefndar um einkavæðingu og mati breska bankans HSBC á þeim gögnum sem borist höfðu frá þeim tveimur aðilum sem nefndin hafði átt í viðræðum við.

Hinn 6. nóvember tilkynnti Seðlabanki Íslands um 0,5 prósentu vaxtalækkun sem tók gildi 11. nóvember. Eftir lækkunina voru stýrivextir bankans 6,3%.

Hinn 12. nóvember hóf Hagstofa Íslands að birta tvær kjarnavísitölur til að mæla undirliggjandi verðbólguþróun. Í yfirlýsingu ríkisstjórnar og Seðlabanka Íslands frá 27. mars 2001 um verðbólguþróun og breytta gengisstefnu var gert ráð fyrir því að þess yrði farið á leit við Hagstofu Íslands að hún reiknaði eina eða fleiri vísitölur sem nota mætti til að meta undirliggjandi verðlagsþróun eins og nánar yrði samið um á milli Hagstofunnar og Seðlabankans. Kjarnavísitölur 1 og 2 eru afrakstur þeirrar vinnu. Báðar eru byggðar á sama grunni og vísitala neysluverðs en hin fyrri undanskilur verð grænmetis, ávaxta, búvöru og bensíns og hin síðari til viðbótar verð opinberrar þjónustu.

Hinn 18. nóvember tilkynnti matsfyrirtækið Standard & Poor's að það hefði breytt horfum um lánshæfi Íslands úr neikvæðum í stöðugar. Um leið staðfesti fyrirtækið lánshæfiseinkunnir Íslands, bæði einkunnina AA+/A-1+ fyrir lán í íslenskum krónum og A+/A-1+ fyrir lán í erlendri mynt. Helstu ástæður fyrir breyttu mati voru bætt ytri staða íslenska þjóðarbúsins, árangur sem náðst hafði í sölu ríkisbankanna og áframhaldandi góð afkoma bankanna að afloknu skeiði sem einkenndist af útlánaþenslu.

Desember

Hinn 10. desember var tilkynnt að sænska fjármálaeftirlitið hefði veitt samþykki sitt fyrir yfirtöku Kaupþings banka hf. á JP Nordiska bankanum í Stokkhólmi. Þar með var yfirtöku Kaupþings banka á JP Nordiska lokið.

Hinn 12. desember tilkynnti Seðlabanki Íslands um 0,5 prósentna vaxtalækkun sem tók gildi 17. og 21. desember. Eftir lækkunina voru stýrivextir bankans 5,8%.

Annáll efnahags- og peningamála 2003

Janúar

Hinn 3. janúar undirrituðu viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra samning f.h. íslenska ríkisins við Samson eignarhaldsfélag ehf. um kaup Samson á 45,8% hlutabréfa ríkisins í Landsbanka Íslands hf.

Hinn 6. janúar sagði Kauphöll Íslands upp aðildarsamningi Fjárverndar-Verðbréfa hf. að Kauphöllinni. Uppsögnin tók gildi 7. janúar 2003. Ástæða uppsagnarinnar var viðvarandi vanefndir á greiðslu aðildargjalda.

Hinn 16. janúar undirrituðu viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra samning f.h. íslenska ríkisins við Eglu hf., Vátryggingafélag Íslands hf., Samvinnulífeyrissjóðinn og Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar um kaup þeirra síðarnefndu á 45,8% hluta ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. Egla er hlutafélag í eigu þýska bankans Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA, Kers hf. og Vátryggingafélags Íslands hf.

Febrúar

Hinn 4. febrúar staðfesti Fjármálaeftirlitið að Samson eignarhaldsfélag ehf. væri hæft til að fara með virkan eignarhlut í Landsbanka Íslands hf.

Hinn 4. febrúar staðfesti alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's Investors Service A3 / Prime 2 / C láns hæfismat á Landsbanka Íslands hf.

Hinn 7. febrúar var tilkynnt að Kaupþing banki hf. hefði fest kaup á fjármála fyrirtæki í London, BMY Corporate Finance Limited, en nafni félagsins var breytt í Kaupthing Limited. Félagið hefur leyfi breska fjármálaeftirlitsins (FSA) til fyrirtækjaþjónustu.

Hinn 10. febrúar tilkynnti Seðlabanki Íslands um 0,5 prósentna vaxtalækkun sem tók gildi 11. og 18. febrúar. Eftir lækkunina voru stýrivextir bankans 5,3%.

Hinn 12. febrúar var tilkynnt að breska fjármálaeftirlitið (FSA) hefði samþykkt breytingu á yfirráðum Heritable Bank Limited sem stafaði af kaupum Samson eignarhaldsfélags ehf. á 45,8% hlut í Landsbanka Íslands hf. FSA staðfesti þar með kaup Samson eignarhaldsfélags ehf. á Landsbanka Íslands hf. að því leyti sem snýr að starfsemi Landsbankans í Bretlandi.

Hinn 6. febrúar hóf Seðlabanki Íslands að kaupa 1,5 milljónir Bandaríkjadala hvern virkan dag á innlendum milli-bankamarkaði í stað þriggja daga í viku áður.

Hinn 25. febrúar lauk sölu ríkissjóðs á 2,5% hlutafjár í Landsbanka Íslands. Eignarhlutur ríkissjóðs í Landsbankanum er enginn eftir þessa sölu.

Hinn 28. febrúar tilkynnti Seðlabanki Íslands um breytingu á bindiskyldu lánastofnana í Seðlabanka Íslands. Hinn 21. mars verða bindihlutföll, þ.e. hlutföll innlánsbindingar lánastofnana, sem voru 1,5% og 4%, lækkuð í 1% og 3%. Frá 1. apríl er svigrúm lánastofnana til að nýta bundið fé til tryggingar fyrir uppgjöri í greiðslukerfum takmarkað við helming umsaminnar tryggingarfjárhæðar. Þessi takmörkun er til þess ætluð að tryggja að lánastofnanir hafi svigrúm á bindireikningi til að mæta sveiflum í lausafjárstöðu.

Mars

Hinn 7. mars lauk sölu ríkissjóðs á 9,11% hlutafjár í Búnaðarbanka Íslands hf. Eignarhlutur ríkissjóðs í Búnaðarbankanum hf. er enginn eftir þessa sölu.

Hinn 18. mars staðfesti Fjármálaeftirlitið hæfi Eglu hf., Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga hf., Samvinnulífeyrissjóðsins og Vátryggingafélags Íslands hf. til að fara með virkan eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf.

Hinn 27. mars var tilkynnt að stjórn Kaupþings banka hf. og bankaráð Búnaðarbanka Íslands hf. hefðu ákveðið að hefja formlegar viðræður um samvinnu eða sameiningu bankanna.

Hinn 31. mars staðfesti alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch Ratings lánshæfiseinkunnir Íslands, AA- fyrir langtímaskuldbindingar í erlendri mynt, AAA fyrir langtímaskuldbindingar í íslenskum krónum og F1+ fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendri mynt. Horfunum á mati langtímaskuldbindinga var breytt úr neikvæðum í stöðugar. Helstu ástæður fyrir breyttu mati eru styrkur íslenska hagkerfisins og hröð aðlögun þjóðarbúsins í átt til jafnvægis. Að mati Fitch er erlend skuldastaða helsta hindrunin fyrir bættu lánshæfismati.

Apríl

Hinn 8. apríl tilkynnti alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's Investors Service að lánshæfismat Íslandsbanka hf. hefði verið hækkað. Langtímaeinkunn bankans var hækkuð úr A2 í A1, einkunn vegna víkjandi lána úr A3 í A2 og einkunn vegna fjárhagslegs styrkleika úr C+ í B-. Einnig var skammtímaeinkunnin P-1 staðfest.

Hinn 10. apríl tilkynnti alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's Investors Service að skammtímaeinkunn Búnaðarbanka Íslands hf. hefði verið hækkuð úr P-2 í P-1. Langtímaeinkunn bankans var staðfest og er A3 og fjárhagslegur styrkleiki er C.

Hinn 10. apríl tilkynnti alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's Investors Service hækkun á lánshæfiseinkunn Landsbanka Íslands hf. til skamms tíma úr P-2 í P-1. Jafnframt var staðfest lánshæfismatseinkunn A- 3 til langs tíma.

Hinn 14. apríl var tilkynnt að bankaráð Búnaðarbanka Íslands hf. og stjórn Kaupþings banka hf. hefðu samþykkt að leggja til við hluthafafundi bankanna að þeir yrðu sameinaðir. Fyrirhugað heiti hins nýja sameinaða banka er Kaupþing Búnaðarbanki hf.

Hinn 28. apríl var tilkynnt að Búnaðarbanki Íslands hf. hefði gengið frá samkomulagi um sölu á starfsemi sinni í Lúxemborg. Kaupandinn er Landsbanki Íslands hf. Samkomulagið er háð fyrirvara um að samruni Búnaðarbanka Íslands hf. og Kaupþings banka hf. verði að veruleika eigi síðar en 1. júní 2003.

Maí

Hinn 8. maí sendi Íslandsbanki hf. Fjármálaeftirlitinu tilkynningu þess efnis að bankinn hygðist opna útibú í Lúxemborg.

Hinn 22. maí var tilkynnt að Búnaðarbanki Íslands hf. og Landsbanki Íslands hf. hefðu skrifað undir endanlegan samning um eigendaskipti að Bunadarbanki International S.A. í Lúxemborg.

Hinn 26. maí lauk undirbúningi formlegrar sameiningar Búnaðarbanka Íslands hf. og Kaupþings banka hf. eftir að hluthafar bankanna höfðu samþykkt samrunann. Daginn eftir tilkynnti Fjármálaeftirlitið, með vísan til laga, að stofnunin samþykkti samruna fyrirtækjanna.

Júní

Hinn 11. júní 2003 undirrituðu bankastjórar seðlabanka Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar samkomulag (e. Memorandum of Understanding) um viðbrögð við fjármálaáfallum. Samkomulagið á við þegar alvarleg vandamál steðja að banka með höfuðstöðvar í einu Norðurlandanna og jafnframt með starfsstöð í öðru norrænu ríki.

Hinn 19. júní skýrði matsfyrirtækið Standard & Poor's frá því að það staðfesti allar lánshæfiseinkunnir Íslands, þar með taldar einkunnirnar AA+/A-1+ fyrir lán í íslenskum krónum og A+/A-1+ fyrir lán í erlendri mynt. Fyrirtækið telur horfur um lánshæfiseinkunnirnar vera stöðugar.

Júlí

Hinn 4. júlí tók gildi endurskoðuð gengisskráningarvog krónunnar í ljósi utanríkisviðskipta ársins 2002 (sjá meðfylgjandi töflu).

Ný gengisskráningarvog 2003 (%)

Byggt á viðskiptum 2002

Lönd	Mynt	Útflutningsvog	Innflutningsvog	Gengisskráningarvog	Breyting frá fyrri vog
Bandaríkin	USD	22,17	27,29	24,73	-0,10
Bretland	GBP	14,10	10,59	12,35	-0,43
Kanada	CAD	1,33	0,84	1,09	-0,14
Danmörk	DKK	7,56	8,93	8,24	0,08
Noregur	NOK	6,04	6,78	6,41	-0,37
Svíþjóð.	SEK	1,71	5,12	3,42	-0,06
Sviss	CHF	1,51	0,91	1,21	-0,80
Evrusvæði	EUR	42,38	35,76	39,07	1,99
Japan	JPY	3,20	3,78	3,48	-0,17
Norður-Ameríka		23,50	28,13	25,82	-0,24
Evrópa		73,30	68,09	70,70	0,41
Evrópusambandið		65,75	60,40	63,08	1,58
Japan		3,20	3,78	3,48	-0,17
Alls		100,00	100,00	100,00	0,00

Hinn 16. júlí tilkynnti Kauphöll Íslands breytta aðferð við val á skráðum félögum í úrvalsvísitöluna. Hinn 10. mars 2004 verður í fyrsta sinn kynnt val hlutfélaga í úrvalsvísitöluna samkvæmt nýrri aðferð og mun sú vísitölusamsetning gilda frá 1. apríl 2004 til 30. júní 2004. Helstu breytingar frá núverandi aðferð eru:

- skilyrði er sett um hámarks verðbil
 - markaðsvirði félaga er leiðrétt fyrir floti
 - félögum sem valin eru í vísitöluna verður gert að birta fréttir samtímis á íslensku og ensku
- Tilgangur breytingarinnar er að stuðla að auknum seljanleika hlutabréfa.

Ágúst

Hinn 26. ágúst var tilkynnt að Fjárfestingarfélagið Straumur hf. hefði gert samning um kaup á um 34,72% í Framtaki Fjárfestingarbanka hf. en eignarhlutur félagsins var fyrir samninginn 57,08%.

Hinn 28. ágúst var tilkynnt að bankaráð Landsbanka Íslands hf. hefði staðfest hækkun hlutfjár bankans um 344.518.275 kr. vegna kaupa bankans á hlutafé í Fjárfestingarfélaginu Straumi hf. Jafnframt hefði bankaráð Landsbankans ákveðið að hækka hlutafé bankans um 309.778.103 kr. til viðbótar. Eftir framangreindar breytingar er hlutafé Landsbankans samtals að nafnverði kr. 7.500.000.000.

September

Hinn 9. september var tilkynnt að Kaupþing Búnaðarbanki hf. hefði keypt Tyren Holding AS, norskt eignastýringarfyritæki sem sérhæfir sig í sjóðastýringu. Eftir kaupin er Kaupþing Búnaðarbanki hf. með starfsemi á öllum Norðurlöndunum.

Hinn 18. september var tilkynnt að Íslandsbanki hf. hefði samið um kaup á samtals 33% hlut í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Bankinn hefði jafnframt óskað eftir heimild Fjármálaeftirlitsins til að eiga virkan eignarhlut í félaginu skv. lögum nr. 60/1994.

Október

Hinn 3. október samþykkti hluthafafundur Íslandsbanka hf. heimild til bankaráðs Íslandsbanka til að auka hlutafé í félaginu um allt að 1.500.000.000 hluti með áskrift nýrra hluta. Hluti heimildarinnar var nýttur þann 6. október

2003 og var hlutafé félagsins hækkað um 500.000.000 hluti. Eftir aukninguna nam heildarhlutafé félagsins 9.500.000.000 hlutum en var áður 9.000.000.000 hlutir.

Hinn 7. október samdi Landsbanki Íslands hf. um kaup á hluta af Landsafli hf. og jók með því hlut sinn úr 25,5% í 74,5%.

Hinn 10. október féllu ríkisbréf RIKB 03 1010 í gjalddaga. Áætluð fjárhæð var um 11 ma.kr.

Hinn 15. október keypti Landsbanki Íslands hf. 25,5% hlut í Landsafli hf. og hafði bankinn þar með aukið hlut sinn í 100%.

Hinn 16. október var tilkynnt að hluthafafundur sænska fjárfestingarfélagsins Havsfrun AB hefði veitt samþykki fyrir sölu á hlutum í finnska fjárfestingarfélaginu Norvestia Oyj til Kaupþings Búnaðarbanka hf. þar með var fyrirvara þeim sem hvíldi á kaupunum aflétt.

Hinn 20. október var tilkynnt að Fjárfestingarfélagið Straumur hf. hefði eignast 99,3% hlutafjár í Framtaki fjárfestingarbanka hf. Hinn 20. október var tilkynnt að Fjárfestingarfélagið Straumur hf. hefði lagt fram umsókn til Fjármálaeftirlitsins um starfsleyfi sem fjárfestingarbanki samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Hinn 20. október var tilkynnt að stjórnir Fjárfestingarfélagsins Straums hf. og Brúar fjárfestinga hf. hefðu skrifað undir áætlun um samruna félaganna tveggja. Samkvæmt þeirri áætlun miðast samruninn við 1. júlí 2003.

Hinn 20. október tilkynnti Seðlabanki Íslands um breytingu á stórgreiðslumörkum og starfrækslutíma stórgreiðslukerfis síns. Bankastjórn Seðlabanka Íslands setti nýjar reglur um greiðslukerfi, annars vegar reglur um starfsemi jöfnunarkerfa og hins vegar um stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands. Reglurnar koma í stað reglna nr. 951 frá 29. desember 2000 um aðgang að uppgjorsreikningum í Seðlabanka Íslands og taka gildi 1. nóvember 2003.

Breytingin á stórgreiðslumörkum er eftirfarandi: Lágmarksfjárhæð greiðslufyrirmæla sem afgreidd eru í stórgreiðslukerfi Seðlabankans verður lækkuð úr 25 milljónum króna í 10 milljónir króna. Fyrirmæli um greiðslur sem eru 10 milljónir króna eða hærra verða því afgreidd í stórgreiðslukerfinu. Fyrirmæli um greiðslur allt að 10 milljónum króna verða afgreidd í jöfnunarkerfinu. Þó verða öll greiðslufyrirmæli vegna uppgjors í jöfnunarkerfinu og uppgjors verðbréfavíðskipta afgreidd í stórgreiðslukerfinu án tillits til fjárhæðar.

Breytingin á starfrækslutíma stórgreiðslukerfisins er eftirfarandi: Almennur starfrækslutími stórgreiðslukerfisins, sem verið hefur frá kl. 8:45 til kl. 18:00 á almennum bankadögum, styttest og verður frá kl. 9:00 til kl. 17:00 á almennum bankadögum. Frá kl. 8:45 til kl. 9:00 verður kerfið þó opið fyrir greiðslufyrirmæli vegna uppgjors verðbréfavíðskipta. Þá verður kerfið opið frá kl. 17:00 til kl. 17:30 fyrir innbyrðis uppgjör banka.

Hinn 27. október samþykkti FME umsókn MP verðbréfa hf. um starfsleyfi sem lánafyrirtæki skv. 3. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Í framhaldi af leyfisveitingunni var nafni fyrirtækisins breytt í MP fjárfestingarbanki hf.

Hinn 31. október var undirrituð viljayfirlýsing milli Norðuráls annars vegar og Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur hins vegar um að orkufyrirtækin tvö sjái Norðuráli fyrir rafmagni vegna fyrirhugaðrar stækkunar álbræðslu fyrirtækisins um sem svarar 90 þús. tonna framleiðslugetu á ári.

Nóvember

Hinn 6. nóvember gaf Seðlabanki Íslands út ársfjórðungsritið Peningamál þar sem birt var þjóðhags- og verðból-guspá auk þess sem fjallað var um fjármálamarkaði og aðgerðir bankans og stöðugleiki fjármálakerfisins metinn.

Eftir kaup á hlutabréfum í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. hinn 12. nóvember átti Íslandsbanki hf. ríflega 99% hlut í fyrirtækinu. Í tengslum við þessi kaup jók Íslandsbanki hf. hlutafé sitt í nokkrum skrefum og þann 10. nóvember var fullnýtt heimild sem hluthafafundur hafði veitt bankaráði bankans um að auka hlutaféð um 1,5 ma.kr. að nafnverði.

Hinn 21. nóvember fékk Nordea Bank Danmark A/S heimild til að hefja skuldabréfaviðskipti í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands.

Hinn 27. nóvember samþykkti Alþingi frumvarp til laga um 8% hækkun á þungaskatti og vörugjöldum af bensíni sem átti að taka gildi um áramót.

Desember

Hinn 2. desember 2003 var tilkynnt að bankastjórn Seðlabanka Íslands hefði sett nýjar reglur um bindiskyldu fjármálafyrirtækja (lánastofnana) sem hafa starfsleyfi samkvæmt 1., 2. og 3. tl. 4. greinar laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Þar með var síðari áfanga áður boðaðra breytinga hrundið í framkvæmd en hinn fyrri tók gildi í mars 2003. Í þessum síðari áfanga voru reglur Seðlabanka Íslands um bindigrunn og bindihlutfall færðar til samræmis við reglur sem Seðlabanki Evrópu hefur sett lánastofnunum sem starfa í aðildarlöndum Efnahags- og myntbandalags Evrópu. Nýju reglurnar tóku gildi 21. desember 2003.

Hinn 2. desember voru fjárukalög þess árs samþykkt. Tekjuáætlanir voru hækkaðar um 6,4 ma.kr., mest vegna tekjuskatts fyrirtækja, virðisaukaskatts og arðtekna. Útgjaldaheimildir voru hækkaðar um 12,6 ma.kr.

Íslandsbanki hf. keypti allt hlutafé í Framtaki fjárfestingarbanka hf. (áður Eignarhaldsfélag Alþýðubankans hf. og Próunarfélag Íslands hf.) af Fjárfestingarfélaginu Straumi hf. í byrjun desember. Framtak fjárfestingarbanki hf. verður sameinaður Íslandsbanka hf. og mun sameiningin miðast við 1. janúar 2004. Samhliða sölonni var gengið frá samkomulagi þar sem Fjárfestingarfélagið Straumur hf. kaupir þær eignir Framtaks fjárfestingarbanka hf. sem flokkast undir áhættufjárfestingu.

Viðskiptaráðuneytið tilkynnti að kaupverð Landsbanka Íslands hf. skyldi lækka um 700 m.kr.

Hinn 5. desember voru samþykkt lög þar sem felld er niður heimild launagreiðenda til að verja hluta af tryggingagjaldi til móttframlags vegna frjáls lífeyrissparnaðar (10% móttframlag allt að 0,4% af stofni tryggingagjalds).

Hinn 12. desember var samþykkt frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt. Ákvæði um hátekjuskatt hefðu að óbreyttu runnið út árið 2003, en voru framlengd um tvö ár með lækkandi skatthlutfalli, 4% vegna tekna 2004 og 2% vegna tekna 2005. Hámarksvextir til vaxtabóta voru lækkaðir úr 7% í 5,5% af skuldum við útreikning bóta frá og með 2005, en vaxtabætur 2004 voru lækkaðar um 10% frá því sem ella hefði orðið. Loks voru helstu bóta- og viðmiðunarfrjárhæðir laganna hækkaðar um 2,5% milli árana 2003 og 2004.

Hinn 12. desember voru lög um alþjóðaviðskiptafélög með sérstökum skattafríðindum felld úr gildi frá og með 1. janúar 2008 og tekið fyrir ný leyfi frá og með 1. mars 2004.

Hinn 15. desember voru samþykkt lög um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.

Hinn 15. desember hækkaði Moody's lánshæfismat Kaupþings Búnaðarbanka hf. Langtímaeinkunn bankans var hækkuð úr A3 í A2, einkunn vegna víkjandi lána fór úr Baa1 í A3 og einkunn vegna fjárhagslegs styrks fór úr C í C+. Skammtímaeinkunnin P1 var staðfest. Horfur um mat bankans skv. Moody's eru jákvæðar. Hækkun lánshæfismatsins grundvallast að sögn Moody's á sterkum efnahag, traustri eiginfjárstöðu, hagræðingu frá samruna bankanna tveggja í maí og góðum rekstrarárangri ársins.

Hinn 16. desember tilkynnti alþjóðlega matsfyrirtækið Standard & Poor's að það hefði breytt horfum um lánshæfiseinkunn ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðlum úr stöðugum í jákvæðar. Fyrirtækið staðfesti jafnframt lánshæfiseinkunnir ríkissjóðs, þar með taldar einkunnirnar A+/A-1+ fyrir lán í erlendum gjaldmiðlum og AA+/A-1+ fyrir lán í íslenskum krónum.

Hinn 18. desember voru undirritaðir samningar milli Norðuráls, Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja um orkuöflun vegna fyrirhugaðrar stækkunar álbræðslu Norðuráls.

Hinn 19. desember tilkynnti fjármálaráðuneytið að tekjuskattshlutfall á árinu 2004 yrði 25,75%, sem er hið sama og 2003. Meðalútsvar á árinu 2004 samkvæmt fyrirbyggjandi ákvörðunum sveitarstjórna verður 12,83%, samanborið

við 12,80% árið 2003. Staðgreiðsluhlutfall á árinu 2004 verður því 38,58%. Sveitarfélögin geta ákveðið útsvar á bilinu 11,24% til 13,03%. Af 104 sveitarfélögum ætla 67 að innheimta hámarksútsvar en 5 sveitarfélög verða með lágmarksútsvar.

Hinn 21. desember undirrituðu stjórnendur Kaupþings Búnaðarbanka hf. og stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis (SPRON) yfirlýsingu þess efnis að unnið yrði að því að SPRON yrði sjálfstætt starfandi dótturfélag Kaupþings Búnaðarbanka hf. Stefnt yrði að því að eigendur í væntanlegu hlutafélagi um SPRON skiptu á hlutum í sparisjóðnum og nýjum hlutum í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. Til þess að slíkt gengi eftir þyrfti stjórn SPRON fyrst að fá samþykki stofnfjáreigenda fyrir því að breyta sparisjóðnum í hlutafélag. Samkvæmt fréttatilkynningum ætlaði Kaupþing Búnaðarbanki hf. að reka SPRON áfram sem sjálfstæða einingu.

Stjórn SPRON samþykkti samhljóða á fundi þann 21. desember að leggja það til við stofnfjáreigendur að sparisjóðnum yrði breytt í hlutafélag. Ef það yrði samþykkt myndi eign sjálfseignarstofnunarinnar, SPRON-sjóðsins ses., verða um 81% af hlutum í SPRON hf.

Hinn 22. desember 2003 tilkynnti Seðlabanki Íslands að hann hefði ákveðið að efna til uppboðs fyrir bindiskyldar lánastofnanir á 14 daga innstæðubréfum hinn 30. desember. Tilgangur útgáfunnar var að draga úr lausafé í umferð og þensluáhrifum þess. Jafnframt var tilkynnt að Seðlabankinn myndi efna til frekari uppboða á innstæðubréfum eftir því sem aðstæður gæfu tilefni til.

Hinn 29. desember sl. innti Samson eignarhaldsfélag ehf. af hendi lokagreiðslu til íslenska ríkisins vegna kaupa sinna á hlutabréfum ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. Um var að ræða 12,5% útgefins hlutafjár í bankanum eða um 856 milljónir hluta. Greiðslan var í Bandaríkjadöllum. Á sama tíma fór lokagreiðsla kaupenda Búnaðarbanka Íslands hf. fram á 8,33% hlut, eða 37 milljónum hluta, sem ríkið átti í hinum sameinaða banka, þ.e. KB banka hf. Eftir viðskiptin á ríkissjóður engin hlutabréf í viðskiptabanka.

Hinn 31. desember tilkynnti félagsmálaráðherra hækkun hámarkslána Íbúðalánasjóðs vegna nýrra íbúða úr 9 m.kr. í 9,7 m.kr., og vegna notaðra íbúða úr 8 m.kr. í 9,2 m.kr. frá og með 2. janúar 2004. Stefnt er að breytingum á skuldabréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs hinn 1. júlí 2004 þannig að lán hans verði í formi peningalána. Lánin yrðu grundvölluð á íbúðabréfum og fjármögnuð með útboði.

Um áramótin 2003/2004 tók Kaupþing Búnaðarbanki upp nafnið KB banki. Öll útibú og starfsemi bankans hér á landi verða undir þessu nýja nafni en hins vegar verður starfsemin erlendis ennþá undir merkjum Kaupþings.

Annáll efnahags- og peningamála 2004

Janúar

Hinn 1. janúar voru bætur Almannatrygginga hækkaðar um 3%.

Hinn 2. janúar samþykkti FME umsókn Straums fjárfestingarbanka hf. um starfsleyfi sem lánafyrirtæki skv. 3. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Straumur fjárfestingarbanki hf. sótti um aðild að Kauphöll Íslands hf.

Frá ársbyrjun 2004 kaupir Seðlabankinn 5 milljónir Bandaríkjadala í viku hverri á innlendum millibankamarkaði í stað 12,5 milljóna frá maí 2003. Gjalddeyriskaup Seðlabankans hafa að markmiði að efla gjalddeyrisforða bankans.

Hinn 15. janúar birti fjármálaráðuneytið þjóðhagsspá.

Febrúar

Hinn 4. og svo aftur hinn 19. febrúar jók sjávarútvegsráðuneytið loðnukvóta, fyrst um 80 þús. lestir og svo um 240 þús. lestir. Loðnukvótinn er eftir það samtals um 875 þús. lestir, þar af koma 737 þús. lestir í hlut Íslendinga.

Hinn 5. febrúar voru samþykktar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, lög nr. 4 6. febrúar 2004. Breytingarnar leiddu m.a. til þess að ekki var lagt til á stofnfjárfundi SPRON að breyta sparisjóðnum í hlutafélag og að ekki varð af kaupum KB banka hf. á SPRON sem áður höfðu verið tilkynnt.

Hinn 24. febrúar keypti KB banki hf. 19.385.994 hluti í Singer and Friedlander Group Plc., sem samsvaraði 10,00% af útgefnu hlutafé. Eftir kaupin átti KB banki hf. samtals 37.866.694 hluti í bankanum, sem nam 19,53% af útgefnu hlutafé. Samkvæmt yfirlýsingu bankans hafði hann ekki í hyggju að yfirtaka Singer and Friedlander Group Plc.

Mars

Hinn 7. mars voru undirritaðir kjarasamningar Starfsgreinasambandsins og Flóabandalagsins (aðildarféлага Starfsgreinasambandsins við Faxaflóa) við SA. Samningarnir gilda til 31. desember 2007. Heildarkostnaður launagreiðenda á samningstímanum er áætlaður 15,1% eða 3,6% að meðaltali á ári. Samið var um að ný launatafla tæki gildi og ýmiss konar bónus- og álagsgreiðslur yrðu felldar inn í taxtakaup árin 2004 og 2006. Í tengslum við breytingar á launatöflu var samið um sveigjanlegri vinnutíma í einstökum starfsgreinum eða vinnustöðum. Ennfremur var samið um að framlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð ykist á samningstímabilinu úr 6% í 8%.

Forsendur kjarasamninganna eru að verðlag þróist í takt við verðbólgu markmið Seðlabanka Íslands og að kostnaðarhækkningar samningsins verði almennt stefnumarkandi fyrir aðra samninga á vinnumarkaði. Tvisvar á samningstímanum, árin 2005 og 2006, metur sérstök nefnd skipuð fulltrúum ASÍ og SA hvort samningsforsendur hafi staðist. Í tengslum við undirskrift kjarasamninga Starfsgreinasambandsins lofaði ríkisstjórnin að beita sér fyrir lækkun tryggingagjalds um 0,45% árið 2007 til að draga úr kostnaðaráhrifum samningsins fyrir atvinnurekendur. Samið var um að atvinnuleysisbætur hækki um 3,6% umfram lágmarkstekjur á samningstímanum og að fjármögnun starfsmenntasjóða verði tryggð til loka samningstímans. Kostnaður ríkissjóðs vegna þessa hefur verið metinn 2½ ma.kr.

Hinn 12. mars var hlutafé Íslandsbanka hf. lækkað um 500 m.kr. að nafnvirði. Skráð hlutafé félagsins, eftir lækkun, var því 10 ma.kr. að nafnvirði.

Hinn 12. mars jók Landsbanki Íslands hf. hlutafé sitt um 600 m.kr. að nafnvirði. Skráð hlutafé félagsins eftir hækkun var 8,1 ma.kr. að nafnvirði. Gengi í viðskiptunum var 7,6 og hækkaði því eigið fé bankans um 4.560 m.kr. við söluna. Miðað við niðurstöðu ársreiknings 2003 og að viðbættu söluverði hlutafjárukningarinnar varð eigið fé Landsbankans tæpir 27 milljarðar kr. Lögbundið eiginfjárlutfall bankans varð því ríflega 11% eftir þessa hlutafjárukningu og þar af rúmlega 8% í eiginfjárbætti A.

Hinn 17. mars fór fram útboð hjá Lánasýslu ríkisins á nýjum flokki óverðtryggðra ríkisbréfa. Þetta var flokkur ríkisbréfa, RIKB 10 0317, með lokagjalddaga 17. mars 2010. Skuldabréfin eru með vaxtagreiðslufyrirkomulagi og

greiðast vextir eftir á, einu sinni á ári. Ársvextir eru 7,00%. Á lokagjalddaga greiðist síðasta vaxtagreiðslan ásamt nafnverði bréfsins.

Hinn 17. mars sl. var tilkynnt að Íslandsbanki hf. hefði selt 75% eignarhlut í breska einkabankanum R. Raphael & Sons plc í Bretlandi. Eftir sölu mun bankinn því eiga 25% í Raphael & Sons, sem er því ekki lengur dótturfélag í reikningum bankans. Aupandinn er Lenlyn Holdings plc. Í tilkynningunni kom fram að söluverð R. Raphael & Sons plc hafi verið í samræmi við bókfært virði í reikningum bankans og salan hefði því haft óveruleg áhrif á rekstur og efnahag Íslandsbanka hf.

Apríl

Hinn 5. apríl var tilkynnt að fjármálaráðuneytið hefði óskað eftir því við Lánasýslu ríkisins að útgáfumagn spariskírteina ríkissjóðs í floknum RIKS 15 1001 yrði aukið um 3.434.428.436 kr. að nafnverði 6. apríl. Þetta var gert í tengslum við uppgjör lífeyrisskuldbindingar vegna samreksturs ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar.

Hinn 5. apríl gerðu ríkissjóður og Reykjavíkurborg samkomulag um lífeyrisskuldbindingar stofnana sem þau reka saman. Ríkissjóður greiðir borgarsjóði 2,9 ma.kr., auk þess sem stefnt er að árlegu uppgjöri skuldbindinga milli ríkis og borgar, eftir því sem þær Annáll efnahags- og peningamála falla til. Gert hafði verið ráð fyrir þessum skuldbindingum við fyrri uppgjör ríkissjóðs. Því fylgir henni engin gjaldfærsla í ríkisreikningi ársins.

Hinn 5. apríl tók alþjóðlega uppgjörsfyrirtækið Clearstream Banking Luxembourg upp skráningu á íslenskum skuldabréfum. Samkvæmt tilkynningu verða skráðir helstu flokkar húsbréfa, húsnæðisbréfa, ríkisbréfa og spariskírteina ríkissjóðs.

Hinn 8. apríl var gerður nýr heildarkjarasamningur aðildarféлага Starfsgreinasambandsins við ríkið. Samningurinn gildir til 31. mars árið 2008. Kostnaðarhækkun launagreiðslna er 20,4% á samningstímanum, eða 4,7% að meðaltali á ári. Þetta er meiri kostnaður en í kjarasamningum landssambanda ASÍ og SA og stafar af því að móttframlag ríkisins vegna félagsmanna Starfsgreinasambandsins verður hækkað úr 6% í 11,5%, til jafns við það sem greitt er vegna annarra starfsmanna ríkisins.

Hinn 10. apríl kom til innlausnar flokkur spariskírteina RIKS 04 0410 að fjárhæð um 5 ma.kr.

Hinn 11. apríl afþökkuðu Decode Genetics 20 milljarða króna ríkisábyrgð, sem fjármálaráðherra hafði fengið heimild Alþingis til að veita. Þessi ábyrgðarveiting hafði verið í skoðun hjá Eftirlitsstofnun EFTA. Í kjölfarið dró ríkisstjórnin til baka beiðni sína til eftirlitsstofnunarinnar um slíka skoðun.

Meirihluti landssambanda ASÍ lauk við gerð kjarasamninga við SA seinni hluta apríl. Rafiðnaðarsamband Íslands undirritaði samning við SA 15. apríl, Landssamband íslenskra verslunarmanna og Verslunarmannafélag Reykjavíkur 21. apríl, Matvís, matvæla- og veitingasamband Íslands 24. apríl og Samiðn, samband iðnfélaga þann 29. apríl. Samningarnir gilda allir til 31. desember 2007 og eru kostnaðaráhrif þeirra svipuð og í kjarasamningi Starfsgreinasambandsins og SA, þótt útfærsla einstakra atriða sé mismunandi.

Maí

Hinn 4. maí fékk Straumur Fjárfestingarbanki hf. leyfi til miðlunar verðbréfa.

Hinn 6. maí var tilkynnt að bankastjórn Seðlabanka Íslands hefði ákveðið að hækka stýrivexti bankans, þ.e. vexti í endurhverfum viðskiptum við lánastofnanir, um 0,2 prósentur í 5,5% hinn 11. maí. Aðrir vextir bankans voru einnig hækkaðir um 0,2 prósentur 11. maí.

Hinn 11. maí voru undirritaðir hjá Lánasýslu ríkisins samningar í tengslum við útgáfu ríkisskuldabréfa og viðskiptavakt á eftirmarkaði. Frá 1. júní 2004 hafa sex aðilar heimild til þess að kalla sig „Aðalmiðlara með ríkisskuldabréf“. Þeir aðilar eru: Íslandsbanki, KB banki, Landsbanki Íslands, MP Fjárfestingarbanki, Sparisjóðabanki Íslands og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis.

Hinn 13. maí var tilkynnt að Íbúðalánasjóður hefði samið við Deutsche Bank AG í London um að starfa sem ráðgjafi og umsjónaraðili við endurskipulagningu markflokka húsbréfa.

Hinn 19. maí var tilkynnt að bankastjórn Seðlabanka Íslands hefði breytt reglum um viðskipti bindiskyldra lána- stofnana við bankann. Í breytingunni fólst að samningstími sem gildi um reglulegar markaðsaðgerðir bankans, þ.e. endurhverf viðskipti og sölu innstæðubréfa, styttest úr 14 dögum í 7 daga frá og með 1. júní.

Hinn 19. maí staðfesti alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch Ratings lánshæfiseinkunnir ríkissjóðs Íslands, AA- fyrir lang- tímaskuldbindingar í erlendri mynt, AAA fyrir langtímaskuldbindingar í íslenskum krónum og F1+ fyrir skamm- tímaskuldbindingar í erlendri mynt. Horfur um breytingar á matinu eru stöðugar.

Júní

Hinn 1. júní var tilkynnt að bankastjórn Seðlabanka Íslands hefði ákveðið að hækka vexti bankans í endurhverfum viðskiptum við lánastofnanir um 0,25 prósentur í 5,75% hinn 8. júní. Aðrir vextir bankans hækkuðu hinn 11. júní.

Hinn 7. júní staðfesti alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's lánshæfiseinkunnir ríkissjóðs Íslands, Aaa fyrir lang- tímaskuldbindingar í erlendri og innlendri mynt og P-1 fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendri og innlendri mynt. Horfur um breytingar á matinu eru stöðugar.

Hinn 7. júní var tilkynnt að KB banki hf. hefði stofnað eignastýringarfyrirtæki í Lundúnum, New Bond Street Asset Management LLP (skammstafað NBS). Starfsemi nýja fyrirtækisins felst í að byggja upp sérhæft skuldabréfa- og lánasafn fyrir KB banka hf. auk stýringar á sérhæfðum sjóðum fyrir þriðja aðila. Samkvæmt fréttinni er stefnt að því að NBS verði með tvo milljarða evra í stýringu innan tveggja ára.

Hinn 14. júní var kunngert að KB banki hf. hefði keypt danska bankann FIH A/S af Swedbank. FIH sérhæfir sig í fjármögnun fyrirtækja í Danmörku af öllum stærðum. Við kaupin mun efnahagur KB banka hf. tvöfaldast. Fyrirvari var gerður við kaupin um samþykki fjármálaeftirlita í Danmörku og á Íslandi. Kaupverðið var 1,0 ma. evra að jafn- virði ríflega 84 ma.kr.

Hinn 14. júní tilkynntu alþjóðlegu matsfyrirtækin Moody's og Standard & Poors að Íbúðalánasjóður fengi sama lánshæfismat og ríkissjóður Íslands. Matið var rökstutt með þeirri ábyrgð sem sjóðurinn nýtur frá íslenska ríkinu.

Hinn 18. júní tilkynnti Kauphöllin í Stokkhólmi að KB banki hf. væri eitt af 13 nýjum félögum í Attract 40 vísitölunni. Val félaga í vísitöluna byggist á veltu bréfa og verður endurskoðað í árslok 2004.

Hinn 18. júní tilkynnti KB banki hf. að gengið hefði verið frá útgáfu víkjandi skuldabréfa að fjárhæð um 450 milljónir evra, eða um 40 ma.kr., til fjármögnunar á kaupum bankans á FIH. Til eiginfjárpáttar A töldust 150 milljónir evra en afgangurinn til eiginfjárpáttar B.

Hinn 18. júní var tilkynnt að aðild Deutsche Bank AG London að Kauphöll Íslands hefði verið samþykkt af stjórn Kauphallarinnar.

Júlí

Hinn 1. júlí komu til framkvæmda breytingar á Íbúðalánasjóði sem samþykktar höfðu verið á Alþingi 28. maí. Útgáfu hús- og húsnæðisbréfa var hætt og gefin voru út ný bréf, íbúðabréf sem eru jafngreiðslubríf til 20, 30 og 40 ára með tveimur gjalddögum á ári. Helstu breytingar voru að lántakendur fá lán greidd í peningum í stað þess að fá afhent húsbref. Samtímis var eigendum helstu flokka húsbrefa og húsnæðisbréfa boðið að skipta á þeim og íbúðabréfum og var eldri bréfum að andvirði 338 ma.kr. skipt.

Hinn 1. júlí lækkuðu vextir á íbúðabréfum Íbúðalánasjóðs um 0,3 prósentur, í 4,8%. Hinn 1. ágúst lækkuðu vextirnir aftur um 0,3 prósentur í 4,5% og um 0,15 prósentur í 4,35% hinn 1. september. Þessi mikla lækkun ræðst af lækk- andi ávöxtunarkröfu íbúðabréfa á markaði.

Hinn 5. júlí samþykktu hluthafar í KB banka hf. hlutfjárukningu til forgangsréttarhafa að 110.137.128 hlutum. Söluverð var 360 kr. á hlut og heildarvirði aukningarinnar 39.649.366.080 kr.

Einnig var samþykkt að veita stjórn bankans heimild til viðbótaraukningar hlutfjár um 110 milljónir hluta án for- gangsréttar.

Hinn 5. júlí var tilkynnt að bankastjórn Seðlabanka Íslands hefði ákveðið að hækka vexti bankans í endurhverfum viðskiptum við lánastofnanir um 0,5 prósentur í 6,25% hinn 6. júlí. Aðrir vextir bankans hækkuðu hinn 11. júlí.

Hinn 14. júlí var tilkynnt um árlega endurskoðun gengisskráningarvogar krónunnar í ljósi utanríkisviðskipta ársins 2003. Hin nýja vog tók gildi 16. júlí.

Ágúst

Hinn 9. ágúst var hlutafé KB banka hf. í Kauphöll Íslands hækkað um sem nam kr. 1.101.371.280 að nafnverði, sem skiptist í 110.137.128 hluti. Skráð hlutafé félagsins á aðallista Kauphallar Íslands eftir hækkunina var kr. 5.506.856.400 að nafnverði, eða 550.685.640 hlutir.

Hinn 12. ágúst gerði Íslandsbanki hf. tilboð í hlutafé Kredittbanken A/S í Noregi á verðinu 7,25 norskar krónur á hlut. Tilboðið nam rúmum 3,5 ma.kr. fyrir allt hlutafé í bankanum. Stjórn Kredittbanken mælti með tilboðinu við hluthafa en það var háð fyrirvara um samþykki 90% hluthafa og samþykki fjármálaeftirlita í Noregi og á Íslandi.

Hinn 23. ágúst tilkynnti KB banki hf. að hann hygðist bjóða viðskiptavinum sínum verðtryggð húsnæðislán til 40 ára með 4,4% fasta vexti að uppfylltum ákveðnum skilmálum. Í kjölfarið buðu hinir viðskiptabankarnir og sumir sparisjóðir og lífeyrissjóðir áþekkt lán. Vextirnir sem boðnir voru lækkuðu síðan niður í 4,2% undir lok mánaðarins í kjölfar útboðs Íbúðalánasjóðs á íbúðabréfum.

Hinn 30. ágúst staðfesti alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch Ratings lánshæfiseinkunnir sínar fyrir Íslandsbanka hf., A fyrir skuldbindingar til langs tíma og F1 fyrir skammtímaskuldbindingar. Jafnframt var tilkynnt að horfur um láns-hæfismatið væru stöðugar.

September

Hinn 17. september tilkynnti Seðlabanki Íslands hækkan vaxta bankans í endurhverfum viðskiptum við lánastofnanir um 0,5 prósentur í 6,75% frá og með 21. september. Aðrir vextir bankans voru einnig hækkaðir um 0,5 prósentur frá og með 21. september.

Hinn 27. september jók Íslandsbanki hf. hlutafé sitt um 200 m.kr. að nafnverði. Skráð hlutafé félagsins á aðallista Kauphallar Íslands eftir hækkunina var 10,2 ma.kr. að nafnverði. Meðalsöluverð hvers hlutar var 10,80 kr.

Hinn 29. september tilkynnti KB banki hf. að kaup hans á danska bankanum FIH A/S hefðu verið samþykkt af danska og íslenska fjármálaeftirlitinu og væru að fullu gengin í gegn samanber tilkynningu frá 14. júní síðastliðnum. Samkvæmt tilkynningunni voru kaupin að mestu fjármögnuð með útgáfu vikjandi skuldabréfa og hlutafjárhækkun til forgangsréttarhafa.

Hinn 30. september var hlutafé Straums fjárfestingarbanka hf. hækkað og nam eftir hækkan 5,4 ma.kr. að nafnverði. Hinir nýju hlutir voru m.a. notaðir sem greiðsla vegna kaupa á 14,41% hlutafjár í Íslandsbanka hf. af Burðarási hf. sem seldi 5,33%, Landsbanka Íslands hf. sem seldi 4,67% og Landsbanka Luxembourg sem seldi 4,42%.

Hinn 30. september var settur á stofn markaður með stofnbref Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hjá H.F. Verðbréfum.

Október

Hinn 1. október var fjárlagafrumvarp fyrir árið 2005 lagt fram. Gert var ráð fyrir 11,2 ma.kr. tekjuafgangi. Í frumvarpinu var kynnt stefna ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum fyrir árin 2005 til 2008.

Hinn 6. október var hámarksfjárhæð lána frá Íbúðalánasjóði, bæði til kaupa á nýju og notuðu húsnæði, hækkuð í 11,5 m.kr. Jafnframt var ákveðið að almenn lán og viðbótarlán gætu að hámarki numið 13 m.kr.

Hinn 15. október var hlutafé KB banka hf. í Kauphöll Íslands hækkað um sem nam 1,1 ma.kr. að nafnverði. Skráð hlutafé félagsins á aðallista Kauphallar Íslands eftir hækkunina var kr. 6.606.856.400 að nafnverði. Söluverð hins nýja hlutafjár var samtals 52,8 ma.kr.

Hinn 15. október var tilkynnt að fjárhæð lána Íbúðalánasjóðs gæti numið allt að 100% af brunabótamati fasteignar í stað 85% áður.

Hinn 18. október var tilkynnt að yfirtöku Íslandsbanka hf. í Kredittbanken væri lokið. Alls samþykktu 99,4% hluthafa tilboðið.

Dagana 20. til 25. október heimsótti sendinefnd frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum Ísland og kynnti sér stöðu efnahagsmála á fundum með fulltrúum stjórnvalda og atvinnulífs. Álit sendinefndarinnar var birt á heimasíðu Seðlabankans 29. október.

Hinn 29. október tilkynnti Seðlabanki Íslands hækkun vaxta bankans í endurhverfum viðskiptum við lánastofnanir um 0,5 prósentur í 7,25% frá og með 2. nóvember. Vextir á viðskiptareikningum lánastofnana í Seðlabankanum voru hækkaðir um 0,75 prósentur frá 1. nóvember.

Nóvember

Hinn 3. nóvember tilkynnti Moody's Investors Service að lánshæfismat KB banka hf. hefði verið hækkað. Langtímaeinkunn bankans var hækkuð úr A2 í A1. Jafnframt var einkunn vegna víkjandi lána hækkuð úr A3 í A2 og C+ einkunn vegna fjárhagslegs styrkleika var staðfest. Skammtímaeinkunnin P-1 var jafnframt staðfest sem er hæsta mögulega einkunn.

Hinn 5. nóvember tilkynnti Íslandsbanki hf. að hann hygðist bjóða viðskiptavinum sínum lán til húsnæðiskaupa með veðsetningarhlutfalli allt að 100% af markaðsvirði. Lánin yrðu veitt til allt að 40 ára og háð vissum skilyrðum. Aðrir viðskiptabankar og sumir sparisjóðir fylgdu í kjölfarið og tilkynntu að þeir hygðust bjóða viðskiptavinum sínum sambærileg lánskjör.

Hinn 13. nóvember voru samþykkt lög á Alþingi um kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum. Lögin bundu endi á verkfall kennara sem staðið hafði frá 20. september. Í lögnum er kveðið svo á að hafi aðilar ekki undirritað kjarasamning fyrir 20. nóvember 2004 skuli Hæstiréttur Íslands tilnefna þrjá menn í gerðardóm sem skal fyrir 28. febrúar 2005 ákveða kaup og kjör félagsmanna Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands hjá þeim sveitarfélögum sem veitt hafa launaneftinni umboð til kjarasamningsgerðar við félögin. Nýr kjarasamningur milli aðla var undirritaður 17. nóvember og eiga úrslit atkvæðagreiðslu um hann að liggja fyrir 6. desember.

Hinn 16. nóvember staðfesti alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's Investors Service lánshæfiseinkunnir sínar fyrir Íslandsbanka hf., A1 fyrir langtímaskuldbindingar og P-1 fyrir skammtímaskuldbindingar. Einkunn fyrir fjárhagslegan styrkleika, B-, beið staðfestingar.

Hinn 16. nóvember samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur að hækka útsvarshlutfall úr 12,7% í leyfilegt hámark sem er 13,03%. Einnig var samþykkt hækkun fasteignaskatts úr 0,320% í 0,345%. Áætlað er að þetta skili Reykjavíkurborg um 0,9 ma.kr. í auknar tekjur árlega.

Hinn 22. nóvember var hlutafé Íslandsbanka hf. í Kauphöll Íslands hækkað um sem nam 1 ma.kr. að nafnverði. Skráð hlutafé félagsins á aðallista Kauphallar Íslands eftir hækkunina var 11,2 ma.kr. að nafnverði. Söluverð hins nýja hlutafjár var 10,65 ma.kr.

Hinn 26. nóvember staðfesti alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch Ratings lánshæfiseinkunnir sínar fyrir Íslandsbanka hf., A fyrir langtímaskuldbindingar, F1 fyrir skammtímaskuldbindingar, C í eigin einkunn og 2 í stuðningseinkunn. Horfur um breytingar á matinu eru stöðugar.

Hinn 26. nóvember staðfesti alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch Ratings lánshæfiseinkunnir sínar fyrir Landsbanka Íslands hf, A fyrir langtímaskuldbindingar, F1 fyrir skammtímaskuldbindingar, C í eigin einkunn og 2 í stuðningseinkunn. Horfur um breytingar á matinu eru stöðugar.

Desember

Hinn 2. desember ákvað bankastjórn Seðlabanka Íslands að hækka vexti bankans í endurhverfum viðskiptum við lánastofnanir um eina prósentu í 8,25% frá og með 7. desember. Aðrir vextir hækkuðu frá og með 11. desember, vextir daglána um eina prósentu og vextir viðskiptareikninga og innstæðna á bindireikningum um 1½ prósentu.

Hinn 2. desember var greint frá því í Peningamálum að Seðlabankinn myndi um áramót hætta kaupum á gjaldeyri á millibankamarkaði sérstaklega til styrkingar gjaldeyrisforða sínum. Hins vegar myndi bankinn halda áfram kaupum gjaldeyris til að fullnægja erlendri greiðsluþörf ríkissjóðs.

Hinn 2. desember voru fjárukalög fyrir 2004 samþykkt. Áætlaðar tekjur og gjöld ársins hækkuðu um 9 ma.kr. Þar af hækkuðu gjöld um 3 ma.kr. í meðförum þingsins en tekjur um rúmlega 1 ma.kr.

Hinn 2. desember samþykkti Alþingi að Íbúðalánasjóði væri heimilt að veita almenn 90% lán að ákveðinni hámarksfjárhæð, 14,9 m.kr.

Hinn 4. desember voru fjárlög fyrir 2005 samþykkt með 306 ma.kr. tekjum, 296 ma.kr. útgjöldum og 10 ma.kr. áætluðum rekstrarafgangi. Útgjöld hækkuðu um tvo milljarða króna í meðförum þingsins og tekjur um tæpan milljarð. Áætlaðar tekjur hækka um 5% að nafnvirði en 1% að raunvirði miðað við fjárlög og fjárukalög 2004. Gjöld eiga sömuleiðis að hækka um 5% að nafnvirði en standa nánast í stað að raunvirði. Útgjöld til fræðslumála hækka mest, um 1,7 ma.kr. að raunvirði.

Hinn 10. desember samþykkti Alþingi lög um víðtækar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Tekjuskattur einstaklinga lækkar um eina prósentu í ársbyrjun 2005, um eina prósentu í ársbyrjun 2006 og um tvær prósentur 2007 og verður þá 21,75% af skattstofni. Eignarskattur einstaklinga og lögaðila er afduminn, þannig að ekki verður lagður skattur árið 2006 á eignir í árslok 2005. Barnabætur hækka í tveimur álíka stórum áföngum á árunum 2006 og 2007. Í frumvarpi til laganna er áætlað að heildarframlög til barnabóta verði um 2,4 ma.kr. hærrí á árinu 2007 en á árinu 2005.

Hinn 21. desember var dótturfélagi KB banka hf. í Finnlandi, Kaupthing Sofi Oyj, veitt bankaleyfi af finnska fjármálaeftirlitinu. Breyttist heiti dótturfélagsins í Kaupthing Bank Oyj. Þar með hafði KB banki hf. og dótturfélag hans bankaleyfi í fimm löndum.

Annáll efnahags- og peningamála 2005

Janúar

Hinn 1. janúar hækkaði útsvarshlutfall í staðgreiðslu úr 12,83% í 12,98%. Munaði mest um að stjórnvöld í Reykjavík og Kópavogi ákváðu að fullnýta útsvarsheimildir sínar og leggja á 13,03% útsvar. Skatthlutfall í staðgreiðslu lækkaði þó um 0,85%, úr 38,58% í 37,73% vegna nýsamþykkrar lækkunar tekjuskatts.

Hinn 13. janúar var hlutafé í Íslandsbanka hf. hækkað um sem nam 1,8 ma.kr. að nafnverði. Upphaflega voru boðnir út 1.500 milljón hlutir til forgangsréttarhafa. Vegna umframeftirspurnar var ákveðið að bjóða 300 milljónir til viðbótar. Söluverð hins nýja hlutafjár var 10,65 kr. á hlut og markaðsvirði útboðsins rúmum 19 ma.kr. Heildarhlutafé Íslandsbanka hf. eftir þessa aukningu er 13 milljarðar hluta.

Hinn 20. janúar tilkynnti Landsbanki Íslands hf. að ákveðið hefði verið að stofna útibú í Bretlandi.

Febrúar

Hinn 3. febrúar staðfesti alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's Investors Service óbreyttar lánsþæfiseinkunnir sínar fyrir Landsbanka Íslands hf., A3 fyrir langtímaskuldbindingar, P-1 fyrir skammtímaskuldbindingar og C fyrir fjárhagslegan styrkleika. Horfur um breytingar á matinu voru jákvæðar.

Hinn 10. febrúar hækkaði alþjóðlega matsfyrirtækið Standard & Poor's lánsþæfiseinkunn ríkissjóðs á langtímaskuldbindingum í erlendri mynt úr A+ í AA- og fyrirtækið staðfesti einnig lánsþæfiseinkunnina AA+ fyrir langtímaskuldbindingar í íslenskum krónum og A-1+ fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendri mynt og íslenskum krónum. Horfur fyrir matið eru stöðugar. Lánsþæfismat Íbúðalánasjóðs var hækkað samsvarandi en þó með neikvæðum horfum vegna breytinga sem orðið höfðu á stöðu sjóðsins í kjölfar komu banka inn á fasteignalánamarkað, sem leitt hafði til samdráttar í markaðshlutdeild sjóðsins.

Hinn 17. febrúar var Íslandsbanka hf. veitt leyfi til stofnunar banka af fjármálaráðuneytinu í Lúxemborg. Ráðgert er að hinn nýi banki taki til starfa á vormánuðum ársins 2005. Tilgangurinn er að víkka út starfsemi útibús bankans í Lúxemborg.

Hinn 18. febrúar sendi bankastjórn Seðlabanka Íslands greinargerð til ríkisstjórnarinnar í tilefni af verðbólgu umfram þolmörk í febrúar. Um leið var tilkynnt að bankastjórn hefði ákveðið að hækka vexti bankans í endurhverfum viðskiptum við lánastofnanir um ½ prósentu í 8,75% frá og með 22. febrúar. Aðrir vextir voru einnig hækkaðir um ½ prósentu frá og með 21. febrúar.

Mars

Hinn 7. mars hækkaði alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's Investors Service lánsþæfiseinkunn sína fyrir Landsbanka Íslands hf. vegna langtímaskuldbindinga og innlána úr A3 í A2. Um leið staðfesti fyrirtækið P-1-einkunn vegna skammtímaskuldbindinga og C-einkunn vegna fjárhagslegs styrkleika. Horfur um breytingar á matinu voru stöðugar.

Hinn 15. mars jók Íslandsbanki hf. hlutafé sitt um rúma 134 milljón hluti að nafnverði. Hinir nýju hlutir voru greiddir út í formi arðs til þeirra hluthafa sem þess óskuðu á gengi 10,65 kr. á hlut. Skráð hlutafé félagsins á aðallista Kauphallar Íslands eftir hækkinguna nam 13.134.816.315 kr. að nafnverði.

Hinn 16. mars tilkynnti Landsbanki Íslands hf. að gengið hefði verið frá útgáfu víkjandi skuldabréfa að fjárhæð 350 milljónir evra, eða um 28 ma.kr., innan EMTN-fjármögnunarramma bankans. Til eiginfjárbáttar A töldust 150 milljónir evra en afgangurinn til eiginfjárbáttar B.

Hinn 18. mars tilkynnti Straumur Fjárfestingarbanki hf. að gengið hefði verið frá sölu víkjandi skuldabréfa að fjárhæð 5 ma.kr. Um var að ræða fyrstu útgáfu bankans á víkjandi skuldabréfum og töldust þau til eiginfjárbáttar B.

Hinn 22. mars var tilkynnt að bankastjórn Seðlabanka Íslands hefði ákveðið að hækka vexti bankans í endurhverfum viðskiptum við lánastofnanir um 0,25 prósentur í 9,0% hinn 29. mars. Aðrir vextir hækkuðu hinn 1. apríl, á viðskiptareikningum um 0,5 prósentur og á innstæðum á bindireikningum um 0,25 prósentur.

Hinn 31. mars var hlutafé Straums Fjárfestingarbanka hf. hækkað um sem nam 700 milljónum króna að nafnverði. Skráð hlutafé félagsins í Kauphöll Íslands eftir hækkunina var 6,1 ma.kr. að nafnverði. Söluverð hins nýja hlutafjár var 7 ma.kr.

Apríl

Hinn 1. apríl varð Bolig- og Næringsbankan ASA (BNbank) í Noregi hluti af samstæðuuppjöri Íslandsbanka hf. í kjölfar þess að öll skilyrði fyrir kaupum Íslandsbanka á BNbank höfðu verið uppfyllt. Upphaflega gerði Íslandsbanki hluthöfum BNbank tilboð þann 15. nóvember 2004 um kaup á öllum hlutabréfum í BNbank. Nam kaupverðið 3,3 milljörðum norskra króna, eða um 35 ma.kr. Þann 15. mars var síðasta skilyrðinu um kaupun fullnægt.

Hinn 13. apríl tilkynnti Íslandsbanki hf. að dótturfyrirtæki hans í Lúxemborg, ISB Luxembourg S.A., hefði tekið til starfa og að útlánastarfsemi útibús Íslandsbanka í Lúxemborg myndi færast til hins nýja banka.

Hinn 18. apríl var hlutafé Landsbanka Íslands hf. hækkað um sem nam 800 milljónum króna að nafnverði. Skráð hlutafé félagsins eftir hækkunina var 8,9 ma.kr. að nafnverði. Söluverð hins nýja hlutafjár var 11,4 ma.kr.

Hinn 19. apríl seldi Íslandsbanki hf. 66,6% hlutafjár í dótturfélagi sínu Sjóvá hf. til Þáttar eignarhaldsfélags ehf. fyrir 17,5 ma.kr. Við það hvarf tryggingarfélagið úr samstæðuuppjöri bankans. Eignarhlutur Íslandsbanka í Sjóvá eftir söluna nam 33,4% hlutafjár.

Maí

Hinn 2. maí var tilkynnt að Seðlabankinn myndi kaupa gjaldeyri fyrir ríkissjóð á innlendum millibankamarkaði, vegna sérstakrar endurgreiðslu á erlendum lánum ríkissjóðs. Gjaldetriskaupin fóru fram í áföngum, 20 milljónir Bandaríkjadala í senn, dagana 12., 17., 19., 23. og 25. maí.

Hinn 10. maí staðfesti alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's Investors Service óbreyttar lánshæfiseinkunnir sínar fyrir Kaupþing banka hf., A1 fyrir langtímaskuldbindingar, P-1 fyrir skammtímaskuldbindingar og C+ fyrir fjárhagslegan styrkleika.

Hinn 10. maí lækkaði alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's Investors Service mat sitt á fjárhagslegum styrkleika Íslandsbanka hf. í C+. Að öðru leyti staðfesti matsfyrirtækið lánshæfiseinkunnir sínar fyrir Íslandsbanka, A1 fyrir langtímaskuldbindingar og P-1 fyrir skammtímaskuldbindingar. Horfur um breytingar á matinu voru stöðugar.

Júní

Hinn 3. júní var tilkynnt að bankastjórn Seðlabanka Íslands hefði ákveðið að hækka stýrivexti bankans, þ.e. vexti í endurhverfum viðskiptum við lánastofnanir um 0,50 prósentur í 9,50% hinn 7. júní. Vextir á innstæðubréfum til einnar viku voru ákveðnir 0,15 prósentum undir stýrivöxtunum og fjárhæðartakmarkanir í vikulegum útboðum þeirra voru afnumdar. Aðrir vextir bankans hækkuðu hinn 11. júní, vextir á viðskiptareikningum lánastofnana í bankanum um 0,75 prósentur og daglánavextir bankans um 0,25 prósentur.

Hinn 15. júní tilkynnti Íslandsbanki hf. að gengið hefði verið frá útgáfu víkjandi skuldabréfa að fjárhæð 150 milljónir evra, eða um 12 milljarða króna. Skuldabréfin teljast til eiginfjárbáttar A í samræmi við reglur um viðbótareiginfjárlíði.

Júlí

Hinn 11. júlí tilkynnti Kaupþing banki hf. að öll skilyrði tilboðs Kaupþing Holdings UK Ltd. dótturfélags hans í Bretlandi í Singer & Friedlander Group PLC. höfðu verið uppfyllt. Í kjölfarið var stefnt að afskráningu hluta í Singer & Friedlander. Nam tilboðsupphæðin 316 pensum á hlut eða sem svarar til um 547 milljóna punda, um 64,6 ma.kr., fyrir alla útgefna hluti í Singer & Friedlander. Mælti stjórn Singer & Friedlander með kaupunum. Kaupþing banki átti fyrir viðskiptin 19,5% hlutafjár í Singer & Friedlander.

Hinn 12. júlí tilkynnti Seðlabanki Íslands um árlega endurskoðun gengisskráningarvogar krónunnar í ljósi utanríkisviðskipta ársins 2004. Hin nýja vog tók gildi sama dag.

Hinn 19. júlí staðfesti alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's Investor Service lánsþæfiseinkunnir ríkissjóðs Íslands, Aaa fyrir langtímaskuldbindingar og P-1 fyrir skammtímaskuldbindingar. Einkunnirnar gilda bæði fyrir erlendar og innlendar skuldbindingar. Horfur eru áfram stöðugar.

Ágúst

Hinn 3. ágúst staðfesti alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch Ratings óbreyttar lánsþæfiseinkunnir fyrir Landsbanka Íslands hf., A fyrir langtímaskuldbindingar, F1 fyrir skammtímaskuldbindingar, C í eigin einkunn og 2 í stuðningseinkunn. Horfur um breytingar á matinu voru stöðugar.

Hinn 4. ágúst staðfesti alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch Ratings lánsþæfiseinkunnir ríkissjóðs Íslands, AA- fyrir langtímaskuldbindingar í erlendri mynt, AAA fyrir langtímaskuldbindingar í íslenskum krónum og F1+ fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendri mynt. Horfur eru áfram stöðugar.

Hinn 5. ágúst var 98,8% hlutur ríkisins í Landssíma Íslands hf. seldur Skipti ehf. Að Skipti ehf. standa átta aðilar, Exista ehf. með 45% hlut, Kaupþing banki með 30%, Lífeyrissjóður verslunarmanna með 8,25%, Gildi-lífeyrissjóður með 8,25%, Sameinaði lífeyrissjóðurinn með 2,25%, Samvinnulífeyrissjóðurinn með 2,25%, MP fjárfestingarbanki með 2% og Imis ehf. með 2%. Greiðsla kaupverðsins, 66,7 milljarðar króna skyldi miðast við gengisskráningu Seðlabanka Íslands 27. júlí 2005. Kaupverðið skiptist í eftirfarandi gjaldmiðla: íslenskar krónur: 34.505.550.000, evrur: 310.000.000 og Bandaríkjadali: 125.000.000. Nýjum eigendum er skylt að uppfylla skilyrði ríkisins er fram koma í söluskilmálum. Þannig má enginn einn einstakur aðili, skyldir eða tengdir aðilar, eignast stærri hlut í Símanum en 45% fram að skráningu félagsins á Aðallista í Kauphöll, og ekki minna en 30% af heildarhlutafé félagsins verður, af hálfu kaupanda, að bjóða almenningi og öðrum fjárfestum til kaups, í síðasta lagi fyrir árslok 2007. Fyrir sama tíma skal félagið skráð á Aðallista Kauphallarinnar. Eftir þessi viðskipti hefur ríkið dregið sig að öllu leyti út úr samkeppnisrekstri á fjarskiptamarkaði.

Hinn 12. ágúst staðfesti alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's Investor Service óbreyttar lánsþæfiseinkunnir fyrir Landsbanka Íslands hf., A2 fyrir langtímaskuldbindingar, P-1 fyrir skammtímaskuldbindingar og C fyrir fjárhagslegan styrkleika. Horfur um breytingar á matinu voru stöðugar.

Hinn 17. ágúst var umsókn Lánasjóðs sveitarfélaga um starfsleyfi sem lánaþæfirtæki samþykkt af Fjármálaeftirlitinu.

September

Hinn 6. september barst ríkissjóði greiðsla fyrir hlut sinn í Landssíma Íslands hf. frá Skipti ehf. að fjárhæð 66,7 milljarðar króna. Þeim 32,2 milljörðum króna sem greiddir voru í erlendri mynt verður varið til að greiða niður erlendar skuldir ríkissjóðs. Afgangur söluandvirðisins verður að mestu lagður inn á reikning í Seðlabankanum fram til ársins 2007. Þeim hluta greiðslunnar sem greiddur verður í íslenskri mynt mun verða varið á eftirfarandi hátt: 15 milljörðum verður varið á árunum 2007 - 2010 til framkvæmda í vegamálum, 18 milljörðum á árunum 2008 - 2012 verður varið til uppbyggingar hátæknisjúkrahúss, 3 milljörðum króna til kaupa á varðskipi og flugvél fyrir Landhelgisgæsluna, 2,5 milljörðum króna til eflingar nýsköpunar í íslensku efnahagslífi, 2,5 milljörðum króna í fjarskiptasjóð, 1 milljarði króna í framkvæmdir vegna geðfatlaðra, og 1 milljarði króna til nýbyggingar fyrir Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun.

Hinn 8. september var tilkynnt að Seðlabankinn myndi auka regluleg gjaldeyriskaup sín á innlendum millibankamarkaði fyrir ríkissjóð. Í ljósi bættrar greiðslustöðu ríkissjóðs hefur fjármálaráðherra ákveðið að greiða meira af erlendum lánum ríkissjóðs en áður var áformað. Frá 12. september munu kaup bankans aukast um 10 milljónir Bandaríkjadala í viku hverri til viðbótar þeim 2,5 milljónum dala sem hann hefur keypt vikulega það sem af var ári.

Hinn 15. september var nafni Straums Fjárfestingarbanka hf. breytt í Straumur – Burðarás Fjárfestingabanki hf.

Hinn 29. september var tilkynnt að bankastjórn Seðlabanka Íslands hefði ákveðið að hækka stýrivexti bankans, þ.e. vexti í endurhverfum viðskiptum við lánastofnanir, um 0,75 prósentur í 10,25%. Aðrir vextir Seðlabankans hækkuðu einnig um 0,75 prósentur. Vextir á innstæðubréfum til 7 daga og vextir í endurhverfum viðskiptum hækkuðu frá og með 4. október en aðrir vextir hinn 1. október.

Hinn 30. september var Burðarási hf. skipt og fyrirtækið sameinað annars vegar Straumi – Burðarási Fjárfestingabanka hf. og hins vegar Landsbanka Íslands hf. eftir að öllum skilyrðum um samrunann hafði verið fullnægt samkvæmt samkomulagi frá 1. ágúst. Burðarás var þar með afskráður úr hlutafélagaskrá.

Október

Hinn 1. október var fjárlagafrumvarp fyrir árið 2006 lagt fram. Gert var ráð fyrir 14 ma.kr. tekjuafgangi. Í frumvarpinu var kynnt stefna ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum fyrir árin 2006 til 2010.

Hinn 3. október fóru fram umræður í framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um reglulega skýrslu um íslensk efnahagsmál. Skýrslan fjallar um stöðu og horfur í efnahagsmálum og var samin eftir heimsókn sérfræðinga sjóðsins hingað til lands í júní sl. Skýrslunni fylgja fjórir viðaukar sem fjalla um peningastefnureglur og verðbólguþætti, áhrif skattalækkana, skuldsetningu fyrirtækja og íbúðalánamarkaðinn. Hinn 14. október var skýrslan birt á heimasíðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Seðlabanka Íslands.

Hinn 3. október var hlutafé Landsbanka Íslands hf. hækkað um 2.120 milljónir króna að nafnverði. Hlutafjárukningin var innt af hendi til hluthafa Burðaráss hf. sem hluti endurgjalds fyrir yfirtöku Landsbanka á hluta Burðaráss. Skráð hlutafé Landsbankans eftir hækkunina nam 11.020.677.803 krónum að nafnverði.

Hinn 3. október var hlutafé Straums – Burðaráss Fjárfestingabanka hf. hækkað um 4.575 milljónir króna að nafnverði. Hlutafjárukningin var innt af hendi til hluthafa Burðaráss hf. sem hluti endurgjalds fyrir yfirtöku Straums - Burðaráss á hluta Burðaráss. Skráð hlutafé félagsins eftir hækkunina var 10.675.747.810 króna að nafnverði.

Hinn 6. október var hlutafé Straums – Burðaráss Fjárfestingabanka hf. lækkað um 316 milljónir króna að nafnverði. Lækkunin var þáttur af samningi um kaup á hlut Burðaráss Fjárfestingabanka hf. þar sem kveðið var svo á að hlutir sem Burðarás átti í Straumi við samrunann skyldu felldir niður og hlutafé lækkað sem því næmi. Skráð hlutafé félagsins eftir lækkunina var 10.359.144.971 krónur að nafnverði.

Hinn 31. október var hlutafé Kaupþings banka hf. hækkað um 3.867.413 króna að nafnverði. Tilgangur hlutafjárhækkunarinnar var að efna kaupréttarsamninga við starfsmenn. Skráð hlutafé félagsins eftir hækkunina var 6.645.530.530 krónur að nafnverði.

Hinn 31. október staðfesti alþjóðlega matsfyrirtækið Standard & Poor's lánshæfiseinkunnir ríkissjóðs á langtímaskuldbindingum í erlendri mynt AA- og AA+ fyrir langtímaskuldbindingar í íslenskum krónum. Um leið staðfesti fyrirtækið lánshæfiseinkunnina A-1+ fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendri mynt og íslenskum krónum. Horfur um lánshæfismatið eru áfram stöðugar.

Nóvember

Hinn 14. nóvember tilkynnti Landsbanki Íslands hf. að öll skilyrði kaupa á evrópska verðbréfafyrirtækinu Kepler Equities SA hefðu verið uppfyllt og kaupunum væri lokið. Þar með varð Kepler hluti af samstæðu Landsbankans. Samtals keypti Landsbankinn 81% hlut í Kepler fyrir 76,1 milljón sterlingspunda, um 5,8 milljarða króna, en mun á næstu 5 árum kaupa þá hluti sem eftir standa.

Hinn 15. nóvember komst forsendunefnd Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) vegna endurskoðunar kjarasamninga aðildarfélaga ASÍ og SA að sameiginlegri niðurstöðu um að samningsforsendur gildandi kjarasamninga hefðu ekki staðist. Jafnframt sömdu þessir aðilar um breytingar á launalið samninganna. Samið var um að greidd yrði 26.000 kr. eingreiðsla í desember 2005 og jafngildir hún u.þ.b. 0,65% viðbótahækkun launa í þrettán mánuði frá desember 2005. Verði kjarasamningum ekki sagt upp við seinni endurskoðun þeirra í nóvember 2006 hækka laun í ársbyrjun 2007 um 0,65% umfram þau 2,25% sem samningurinn frá árinu 2004 kveður á um. ASÍ og SA gerðu jafnframt með sér samkomulag um meginatriði breytinga á atvinnuleysistryggingum. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar mun hún beita sér fyrir lagasetningu um þær breytingar sem aðilar urðu sammála um og tryggja fjármögnun þeirra með framlagi úr Atvinnuleysistryggingasjóði (sjá umfjöllun um yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hér á eftir). Samkvæmt samkomulagi ASÍ og SA verða atvinnuleysisbætur tekjutengdar en þak verður á upphæð bóta, 180.000 kr. Gert er ráð fyrir að tekjutengdar bætur greiðist frá tíunda virka degi atvinnuleysis en ekki lengur

en þrjá mánuði á þriggja ára tímabili. Bótaréttur skal endurnýjast á 24 mánaða tímabili. Jafnframt munu grunnbætur atvinnuleysistrygginga verða 96.000 kr. við gildistöku laganna á árinu 2006 í stað 93.821 kr. og hækka í takt við launabreytingar í ársbyrjun 2007.

Hinn 15. nóvember tilkynnti ríkisstjórnin um framlag sitt til að greiða fyrir samkomulagi ASÍ og SA vegna endurskoðunar kjarasamninga. Framlag ríkisstjórnarinnar var fjórþætt: Í fyrsta lagi 100 m.kr. framlag til starfsmenntamála. Í öðru lagi mun ríkisstjórnin greiða fyrir jöfnun á örorkubyrði milli lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ og SA með framlagi sem svarar til 0,25% af tryggingagjaldi og kemur það til framkvæmda í áföngum á tímabilinu 2007 til 2009. Miðað við núverandi áætlanir um tekjur af tryggingagjöldum yrði kostnaður vegna breytinganna 1,5 ma.kr. Í þriðja lagi mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að lög um starfsmannaleigur verði samþykkt fyrir jólahlé Alþingis 2005. Að lokum hét ríkisstjórnin því að beita sér fyrir lagasetningu um breytingar á greiðslum atvinnuleysisbóta í samræmi við samkomulag milli ASÍ og SA frá 15. nóvember og að tryggja fjármögnun breytinganna með greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Hinn 18. nóvember ákvað ríkisstjórnin að elli- og örorkulífeyrisþegar skyldu fá sömu eingreiðslu og samið var um við framlengingu samninga milli aðila vinnumarkaðarins. Kostnaður ríkisins við þessa aðgerð er áætlaður 700 m.kr.

Hinn 22. nóvember hækkaði alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch Ratings lánsþæfiseinkunn Íslandsbanka hf. fyrir eigin styrkleika (e. individual ratings) úr C í B/C. Um leið staðfesti fyrirtækið lánsþæfiseinkunnirnar A fyrir langtímaskuldbindingar, F1 fyrir skammtímaskuldbindingar og stuðningseinkunn 2. Horfur um breytingar á matinu eru stöðugar.

Hinn 22. nóvember gaf alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch Ratings í fyrsta sinn út lánsþæfiseinkunnir fyrir Kaupþing banka hf., A fyrir langtímaskuldbindingar, F1 fyrir skammtímaskuldbindingar, B/C fyrir eigin styrkleika (e. individual ratings) og 2 í stuðningseinkunn. Horfur um breytingar á matinu eru stöðugar.

Hinn 29. nóvember voru fjárukalög fyrir 2005 samþykkt með 91 ma.kr. afgangi. Þar af mátti rekja um 64 ma.kr. til sölu Símans. Áætlun um reglulegar tekjur hækkaði um 10,7% frá fjárlögum, og regluleg gjöld um 3,5%.

Hinn 29. nóvember hækkaði alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch Ratings lánsþæfiseinkunn Landsbanka Íslands hf. fyrir eigin styrkleika (e. individual ratings) úr C í B/C. Um leið staðfesti fyrirtækið lánsþæfiseinkunnirnar A fyrir langtímaskuldbindingar, F1 fyrir skammtímaskuldbindingar og stuðningseinkunn 2. Horfur um breytingar á matinu voru stöðugar.

Desember

Hinn 2. desember var tilkynnt að bankastjórn Seðlabanka Íslands hefði ákveðið að hækka stýrivexti bankans, þ.e. vexti í endurhverfum viðskiptum við lánastofnanir, um 0,25 prósentur í 10,50%. Aðrir vextir Seðlabankans voru einnig hækkaðir um 0,25 prósentur. Vextir á innstæðubréfum til 7 daga og vextir í endurhverfum viðskiptum hækkuðu hinn 6. desember en aðrir vextir hinn 11. desember.

Hinn 2. desember var tilkynnt í *Peningamálum* um formlega vaxtaákvörðunardaga ársins 2006 samkvæmt nýju fyrirkomulagi sem greint var frá í frétt frá Seðlabankanum 11. nóvember. Útgáfudögum *Peningamála* verður fækkað úr fjórum á ári niður í þrjá frá og með árinu 2006. Aðrir vaxtaákvörðunardagar fyrir utan útgáfudaga *Peningamála* verða þrjár á ári en þá mun bankastjórn rökstyðja ákvörðun sína sérstaklega. Fastir vaxtaákvörðunardagar 2006 verða því sex, útgáfudagar *Peningamála* 30. mars, 6. júlí og 2. nóvember og vaxtaákvörðunardagar með fréttatilkynningu 26. janúar, 18. maí og 14. september.

Hinn 2. desember var tilkynnt í *Peningamálum* að Seðlabankinn áætlaði að kaupa 5 milljónir Bandaríkjadala í viku hverri árið 2006 vegna þarfa ríkissjóðs og til þess að styrkja gjaldeyrisforða bankans. Seðlabankinn minnkar kaup úr 2,5 milljónum Bandaríkjadala fimm sinnum í viku eins og gert var út árið 2005 í 2,5 milljónir Bandaríkjadala tvisvar í viku. Fyrirkomulagið er óbreytt, þ.e. Seðlabankinn kaupir gjaldeyri fyrir opnun markaða að morgni mánudags og miðvikudags til ársloka 2006.

Hinn 7. desember voru fjárlög 2006 samþykkt með 20 ma.kr. afgangi. Gert er ráð fyrir að reglulegar tekjur ríkissjóðs lækki um 5,1% að raunvirði og regluleg útgjöld lækki um 3,8% á sama mælikvarða.

Hinn 21. desember tilkynnti Landsbanki Íslands hf. að kaupum á Merrion Capital Group Limited væri lokið eftir að skilyrðum kaupsamningsins hefði verið fullnægt. Landsbankinn eignast í upphafi 50% hlutafjár en afganginn mun bankinn eignast á næstu þremur árum. Heildarverðmæti fyrirtækisins við kaupsamning var 4 ma.kr. en verðviðmiðun á síðari hluta fjárfestingarinnar ræðst af rekstrarárangri Merrion á tímabilinu.

Annáll efnahags- og peningamála 2006

Janúar

Hinn 1. janúar kom til framkvæmda annar hluti tekjuskattslækkunar sem samþykkt var á haustþingi 2004. Hlutfall tekjuskatts einstaklinga lækkaði úr 24,75% í 23,75%. Persónuafsláttur hækkaði um 2,5%. Meðalútsvar í staðgreiðslu lækkaði örlítið, úr 12,98% í 12,97%. Er því staðgreiðsluhlutfallið á árinu 2006 36,72% samanborið við 37,73% árið 2005.

Hinn 1. janúar féllu einnig niður eignarskattar einstaklinga og lögaðila, þ.e. ekki verður lagt á eignir manna eins og þær voru í árslok 2005. Sérstakur tekjuskattur féll einnig niður um áramótin að öðru leyti en því að hann verður lagður á í síðasta sinn í sumar en á tekjur ársins 2005. Hann verður hins vegar ekki lagður á tekjur ársins 2006.

Hinn 20. janúar gaf alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch Ratings út lánshæfiseinkunnir fyrir Straum-Burðarás Fjárfestingarbanka hf., BBB- fyrir langtímaskuldbindingar, F3 fyrir skammtímaskuldbindingar, C/D fyrir eigin styrkleika (e. *individual ratings*) og 3 í stuðningseinkunn. Horfur um breytingar á matinu voru stöðugar.

Hinn 26. janúar var tilkynnt að bankastjórn Seðlabanka Íslands hefði ákveðið að hækka stýrivexti bankans, þ.e. vexti í endurhverfum viðskiptum við lánastofnanir, um 0,25 prósentur í 10,75%. Aðrir vextir Seðlabankans voru einnig hækkaðir um 0,25 prósentur, vextir á innstæðubréfum til 7 daga og vextir í endurhverfum viðskiptum hækkuðu hinn 31. janúar en aðrir vextir hinn 1. febrúar.

Febrúar

Hinn 21. febrúar staðfesti alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch Ratings lánshæfiseinkunnir ríkissjóðs Íslands, AA- fyrir langtímaskuldbindingar í erlendri mynt, AAA fyrir langtímaskuldbindingar í íslenskum krónum. Einnig var lands-einkunn (e. *country ceiling ratings*) staðfest AA og lánshæfiseinkunnin F1+ fyrir erlendar skammtímaskuldbindingar. Horfum var breytt úr stöðugum í neikvæðar.

Hinn 24. febrúar voru endurskoðaðar starfsreglur um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana í peningamálum formlega staðfestar. Starfsreglur þessar voru settar með hliðsjón af ákvæðum 3. mgr. 24. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands. Reglurnar hafa verið endurskoðaðar í ljósi reynslu og með hliðsjón af því að Seðlabankinn birtir vaxtaákvæðanir sínar nú á fyrirfram ákveðnum og tilkynntum dögum.

Mars

Hinn 16. mars staðfesti alþjóðlega matsfyrirtækið Standard & Poor's lánshæfiseinkunnir ríkissjóðs á langtímaskuldbindingum í erlendri mynt AA- og AA+ fyrir langtímaskuldbindingar í íslenskum krónum. Um leið staðfesti fyrirtækið lánshæfiseinkunnina A-1+ fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendri mynt og íslenskum krónum. Horfur um lánshæfismatið eru áfram stöðugar.

Hinn 28. mars gaf alþjóðlega matsfyrirtækið Standard & Poor's í fyrsta sinn út lánshæfiseinkunnir fyrir íslenskan banka, Glitni banka hf. Langtímaskuldbindingar eru metnar A- og skammtímaskuldbindingar A-2. Horfur um breytingar á matinu eru stöðugar.

Hinn 30. mars var tilkynnt að bankastjórn Seðlabanka Íslands hefði ákveðið að hækka stýrivexti bankans, þ.e. vexti í endurhverfum viðskiptum við lánastofnanir, um 0,75 prósentur í 11,5%. Aðrir vextir Seðlabankans voru einnig hækkaðir um 0,75 prósentur. Vextir á innstæðubréfum til 7 daga og vextir í endurhverfum viðskiptum hækkuðu 4. apríl en aðrir vextir 1. apríl.

Hinn 31. mars gaf Kaupping banki út skuldabréf (e. structured covered bonds) að upphæð 43,5 ma. kr. Útgáfan var liður í verðbréfun á íbúðalánum bankans og fékk Aaa lánshæfiseinkunn frá matsfyrirtækinu Moody's Investor Service.

Apríl

Hinn 4. apríl birti alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's Investor Service sérstaka skýrslu (e. special comment) um stöðu efnahagsmála á Íslandi og komst að þeirri niðurstöðu að Ísland stæði ekki frammi fyrir óhóflegum greiðsluhæfis- eða lausafjárvandræðum vegna óstöðugleika sem nýlega hafði gætt í viðskipta- og fjármálaumhverfi landsins. Skýrsluna má nálgast á heimasíðu Moody's.

Hinn 4. apríl staðfesti alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's Investor Service A-2 og P-1 lánsþæfiseinkunnir Landsbanka Íslands hf. Um leið tilkynnti matsfyrirtækið að horfum á lánsþæfiseinkunn fyrir fjárhagslegan styrkleika, C, yrði breytt úr stöðugum í neikvæðar.

Hinn 4. apríl staðfesti alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's Investor Service A-1 og P-1 lánsþæfiseinkunnir Kaupþings banka hf. Um leið tilkynnti matsfyrirtækið að einkunn fyrir fjárhagslegan styrkleika, C+, yrði tekin til endurskoðunar til hugsanlegrar lækkunar.

Hinn 4. apríl staðfesti alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's Investor Service A-1 og P-1 lánsþæfiseinkunnir Glitnis banka hf. og stöðugar horfur. Um leið tilkynnti matsfyrirtækið að horfum á lánsþæfiseinkunn fyrir fjárhagslegan styrkleika yrði breytt úr stöðugum í neikvæðar.

Hinn 24. apríl staðfesti alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's Investor Service lánsþæfiseinkunnir ríkissjóðs Íslands, Aaa fyrir langtímaskuldbindingar og P-1 fyrir skammtímaskuldbindingar. Einkunnirnar gilda bæði fyrir erlendar og innlendar skuldbindingar. Horfur eru áfram stöðugar.

Hinn 1. maí tóku gildi endurskoðaðar reglur Seðlabanka Íslands um lausafjárhlutfall. Eitt af markmiðum endurskoðunarinnar var að tryggja að ekki væru viðskipti innan samstæðu í þeim tilgangi að sniðganga reglurnar.

Hinn 1. maí tóku gildi endurskoðaðar reglur Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisjöfnuð. Meginbreytingar á reglunum eru tvær: Opin gjaldeyrisstaða í einstökum gjaldmiðlum var jöfnuð og fjármálastofnanir geta óskað heimildar til að hafa sérstakan jákvæðan gjaldeyrisjöfnuð utan við heildargjaldeyrisjöfnuð til varnar áhrifum gengisbreytinga á eiginfjárhlutfall.

Maí

Hinn 4. maí gaf Seðlabanki Íslands út skýrsluna *Fjármálastöðugleiki* fyrir árið 2006.

Hinn 4. maí tilkynntu fjármálaráðuneytið og Lánasýsla ríkisins nýtt markflokakerfi ríkisbréfa. Fjármálaráðherra fól Lánasýslu ríkisins að taka upp reglulega útgáfu tveggja ára ríkisbréfa og ríkisvixla til þriggja mánaða til þess að styðja við hagstjórn og bæta vaxtamyndun á skuldabréfamarkaði.

Dagana 8. til 15. maí heimsótti sendinefnd frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum Ísland og kynnti sér stöðu efnahagsmála á fundum með fulltrúum stjórnvalda og atvinnulífs. Álit sendinefndarinnar var birt á heimasíðum Seðlabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 15. maí.

Hinn 12. maí tilkynnti Kaupþing banki hf. að gengið hefði verið frá útgáfu víkjandi skuldabréfa að fjárhæð 1.250 milljóna Bandaríkjadalara, eða um 88,5 ma.kr. Útgáfan telst til eiginfjárpáttar B (e. Tier 2).

Hinn 18. maí var tilkynnt að bankastjórn Seðlabanka Íslands hefði ákveðið að hækka stýrivexti bankans, þ.e. vexti í endurhverfum viðskiptum við lánastofnanir, um 0,75 prósentur í 12,25%. Aðrir vextir Seðlabankans voru einnig hækkaðir um 0,75 prósentur. Vextir á innstæðubréfum til 7 daga og vextir í endurhverfum viðskiptum hækkuðu 23. maí en aðrir vextir 21. maí.

Hinn 24. maí tilkynnti Glitnir banki hf. um kaup á sænska verðbréfafyrirtækinu Fischer Partners Fondkommission AB. Kaupverð var 3,7 ma. kr.

Hinn 26. maí fór fram undirritun samnings hjá Lánasýslu ríkisins í tengslum við útgáfu ríkisverðbréfa og viðskiptavakt á eftirmarkaði. Nýjar reglur um fyrirgreiðslu til aðalmiðlara ríkisverðbréfa tóku gildi 30. maí 2006. Eingöngu aðalmiðlarar ríkisverðbréfa, Glitnir, KB Banki, Landsbanki Íslands, MP Fjárfestingabanki og Straumur-Burðarás Fjár-

festingabanki, hafa aðgang að verðbréfalánnum hjá Lánasýslu ríkisins. Samningurinn nær til allra ríkisverðbréfa í stað tveggja áður.

Hinn 30. maí fór fram útbod hjá Lánasýslu ríkisins á nýjum flokki ríkisvixla til þriggja mánaða, RIKV 06 0901, með gjalddaga 1. september 2006.

Júní

Hinn 5. júní breytti alþjóðlega matsfyrirtækið Standard & Poor's horfum um lánshæfismat ríkissjóðs úr stöðugum í neikvæðar vegna aukinnar hættu á harðri lendingu íslenska hagkerfisins. Matsfyrirtækið staðfesti óbreyttar lánshæfiseinkunnir ríkissjóðs Íslands fyrir langtímaskuldbindingar í erlendri mynt AA- og AA+ fyrir langtímaskuldbindingar í íslenskum krónum. Ennfremur var einkunnin A-1+ fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendri mynt og íslenskum krónum staðfest.

Hinn 13. júní tilkynnti Glitnir banki hf. að gengið hefði verið frá útgáfu víkjandi skuldabréfa að fjárhæð 500 milljónir Bandaríkjadala, eða um 37 ma.kr. Útgáfan telst til eiginfjárpáttar B (e. Tier 2).

Hinn 14. júní fór fram útbod hjá Lánasýslu ríkisins á nýjum flokki ríkisbréfa til tveggja ára, RIKB 08 0613, með gjalddaga 13. júní 2008.

Hinn 22. júní var gert tvíþætt samkomulag milli Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) vegna endurskoðunar kjarasamninga. Í fyrsta lagi er gert samkomulag milli forsendunefndar ASÍ og SA vegna endurskoðunar kjarasamninga um launabróunartryggingu sem tryggja á starfsmanni að lágmarki 5,5% launahækkun undanengið ár. Einnig gerðu SA og ASÍ ásamt landssamtökum þess samning um 15 þús.kr. taxtaviðauka sem bætist við alla mánaðarlaunataxta frá og með 1. júlí.

Hinn 22. júní tilkynnti ríkisstjórnin um framlag sitt til að greiða fyrir samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins vegna endurskoðunar kjarasamninga. Framlag ríkisstjórnarinnar var í sjö liðum: 1) Persónuafsláttur hækkar um 8,3% til viðbótar 2,25% hækkun sem áður var ákveðin og skattleysismörk verða verðtryggð með vísitölu neysluverðs. 2) Lög um vaxtabætur verða endurskoðuð ef bætur skerðast verulega vegna hækkunar fasteignaverðs. 3) Barnabætur verða greiddar til 18 ára aldurs í stað 16 ára nú. 4) Í stað 2% lækkunar tekjuskattshlutfalls 2007 kemur 1% lækkun. 5) Framlög til fullorðins- og starfsmenntamála verða aukin. 6) Samstarf verður tekið upp við aðila vinnumarkaðarins um málefni útlendinga á vinnumarkaði og svarta atvinnustarfsemi. 7) Atvinnuleysisbætur hækka um 15 þús.kr. á mánuði hinn 1. júlí. Jafnframt verður hámarksfjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta hækkuð úr 180 þús.kr í 185 þús.kr.

Hinn 27. júní samþykkti ríkisstjórnin í framhaldi af samkomulagi aðila vinnumarkaðarins að 1) lækka tímabundið hámarkslánshlutfall Íbúðalánasjóðs úr 90% í 80% af kaupverði og hámarkslán úr 18 m.kr í 17 m.kr.; 2) fresta um tíma útbodum og nýframkvæmdum á vegum ríkisins; 3) taka upp viðræður við sveitarfélögin í landinu um hliðstæðar frestanir á þeirra vegum.

Júlí

Hinn 1. júlí var lánshlutfall Íbúðalánasjóðs lækkað tímabundið úr 90% í 80% og hámarkslán úr 18 milljónum króna í 17 milljónir. Voru þessar breytingar hluti af aðhaldsaðgerðum ríkisstjórnarinnar.

Hinn 4. júlí tilkynnti Glitnir banki hf. að kaupum á sænska verðbréfafyrirtækinu Fischer Partners Fondkommission AB væri lokið eftir að skilyrðum kaupsamnings hefði verið fullnægt. Kaupverð var 3,7 ma.kr.

Hinn 6. júlí var tilkynnt að bankastjórn Seðlabanka Íslands hefði ákveðið að hækka stýrivexti bankans, þ.e. vexti í endurhverfum viðskiptum við lánastofnanir, um 0,75 prósentur í 13%. Vextir á daglánnum og af bundnum innstæðum hækkuðu um 0,5 prósentur en aðrir vextir hækkuðu um 0,75 prósentur. Allir vextir bankans hækkuðu 11. júlí. Bankastjórn ákvað jafnframt að meta þörf fyrir frekara aðhald um miðjan ágúst og að birta tilkynningu um stýrivexti að morgni 16. ágúst.

Hinn 17. júlí lækkaði alþjóðlega matsfyrirtækið Standard & Poor's lánshæfismat Íbúðalánasjóðs vegna langtímaskuldbindinga í íslenskum krónum úr AA+ í AA-. Jafnframt var sjóðurinn tekinn af athugunarlista. Lánshæfismat fyrir langtímaskuldbindingar í erlendri mynt var staðfest AA- og A-1+ fyrir skammtímaskuldbindingar í íslenskum krónum og erlendri mynt. Horfur um breytingar á matinu eru neikvæðar fyrir skuldbindingar í erlendri mynt en stöðugar fyrir skuldbindingar í íslenskum krónum.

Ágúst

Hinn 16. ágúst var tilkynnt að bankastjórn Seðlabanka Íslands hefði ákveðið að hækka stýrivexti bankans, þ.e. vexti í endurhverfum viðskiptum við lánastofnanir, um 0,5 prósentur í 13,5%. Vextir á daglánnum og af bundnum innstæðum hækkuðu um 0,25 prósentur en aðrir vextir bankans um 0,5 prósentur. Vextir á innstæðubréfum til 7 daga og vextir í endurhverfum viðskiptum hækkuðu 22. ágúst en aðrir vextir 21. ágúst.

September

Hinn 12. september lækkaði alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's Investor Service mat sitt á fjárhagslegum styrkleika Kaupþings banka hf. úr C+ í C. Um leið staðfesti matsfyrirtækið lánshæfiseinkunnirnar A1 fyrir langtímaskuldbindingar og P-1 fyrir skammtímaskuldbindingar. Horfur um breytingar á matinu eru stöðugar.

Hinn 12. september tilkynnti Glitnir banki hf. að gengið hefði verið frá útgáfu víkjandi skuldabréfa að fjárhæð 250 milljónir Bandaríkjadala, eða um 18 ma.kr. Útgáfan telst til eiginfjárfáttar A (e. Tier 1).

Hinn 14. september var tilkynnt að bankastjórn Seðlabanka Íslands hefði ákveðið að hækka stýrivexti bankans, þ.e. vexti í endurhverfum viðskiptum við lánastofnanir, um 0,5 prósentur í 14%. Aðrir vextir Seðlabankans voru einnig hækkaðir um 0,5 prósentur. Vextir á innstæðubréfum til 7 daga og vextir í endurhverfum viðskiptum hækkuðu 19. september en aðrir vextir 21. september.

Hinn 25. september tilkynnti Landsbanki Íslands hf. að kaupum á Cheshire Guernsey Limited, banka á eyrni Guernsey í Ermasundi, væri lokið eftir að skilyrðum kaupsamnings hefði verið fullnægt og var hann tekinn inn í samstæðureikning Landsbankans frá og með lokum þriðja ársfjórðungs 2006. Tilkynnt var að breyta ætti nafni bankans í Landsbanki Guernsey Limited.

Nóvember

Hinn 1. nóvember voru kaup ríkissjóðs á hlutum Reykjavíkur og Akureyrar í Landsvirkjun staðfest með undirskrift kaupsamnings með fyrirvara um samþykki kjörinna fulltrúa.

Hinn 9. nóvember staðfesti alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch Ratings lánshæfiseinkunnir ríkissjóðs Íslands AA-/ AAA. Horfur voru áfram taldar neikvæðar.

Hinn 24. nóvember samþykkti Alþingi stjórnarfrumvarp um að auka við úthlutaðar vaxtabætur ársins í samræmi við fyrirheit ríkisstjórnarinnar við endurskoðun kjarasamninga í júní 2006.

Hinn 27. nóvember var hlutafé Kaupþings banka hf. hækkað um 660 milljónir króna að nafnvirði. Hlutafjárukningin gerðist með útboði á nýjum hlutum til alþjóðlegra stofnanafjórfa. Hinn 1. desember var hlutafé Kaupþings hækkað á ný, eftir nýtingu umframsöluréttar, um 99 milljónir króna að nafnvirði. Skráð hlutafé félagsins eftir hækkanirnar er 7.404.530.530 krónur að nafnvirði.

Í nóvember tók ríkissjóður 1 milljarðs evra lán til fimm ára á alþjóðlegum skuldabréfamarkaði. Andvirði þess var að fullu varið til eflingar gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands

Desember

Hinn 1. desember hófu bankar á millibankamarkaði með gjaldeyri að nota evru í stað Bandaríkjadals í kaup- og sölu-tilboðum sem viðskiptavakar setja fram. Skuldbinda þeir sig til að setja fram tilboð í þrjár milljónir evra. Viðskiptavakar halda áfram að setja fram verðtilboð í Bandaríkjadal eftir sem áður.

Hinn 1. desember voru hlutir OMX AB skráðir á aðallista Kauphallar Íslands. Skráning OMX var fyrsta tvíhliða skráningin í Kauphöllina. Frumskráning OMX er í kauphöllinni í Stokkhólmi.

Hinn 4. desember voru fjárlög ríkisins fyrir árið 2007 samþykkt. Afgangur á reglulegum rekstri er áætlaður 9 ma.kr., heildarfjárhæð tekna 376 ma.kr. og heildargjöld 367 ma.kr.

Hinn 4. desember voru samþykkt fjárukaulög fyrir árið 2006. Viðbótartekjur námu 44 ma.kr. en gjöld 20 ma.kr. og lántökuheimildir voru auknar um 87 ma.kr. vegna styrkingar á gjaldeyrisvarasjóði Seðlabankans.

Hinn 8. desember samþykkti Alþingi að breyta Lánasjóði sveitarfélaga í opinbert hlutafélag.

Hinn 8. desember var samþykkt í ríkisstjórn að hækka atvinnuleysisbætur um 2,9% þann 1. janúar 2007 í stað áður áformaðrar 2,25% hækkunar.

Hinn 8. desember samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna Sparisjóðs vélstjóra og Sparisjóðs Hafnarfjarðar.

Hinn 9. desember samþykkti Alþingi stjórnarfrumvarp um hækkun lágmarksframlags í lífeyrissjóði úr 10% af launum í 12%, auk þess sem sjóðum sem misst hafa bakábyrgð launagreiðenda var heimilað að gera þar að lútandi breytingar á samþykktum sínum.

Hinn 9. desember breytti Alþingi lögum um tekjuskatt þannig að í stað lækkunar skatthlutfalls um 2 prósentur í ársbyrjun 2007 var hlutfallið lækkað um 1 prósentu en persónuafsláttur var hækkaður þannig að skattleysismörk hækkuðu um 14%. Þá var lögfest að persónuafsláttur fylgi neysliverðsvisitölu og að barnabætur verði greiddar til 18 ára aldurs.

Hinn 9. desember samþykkti Alþingi að tímabundin lækkun á olúgjaldi og kílómetragjaldi þungaskatts frá 2004 skyldi framlengd til ársloka 2007.

Hinn 9. desember samþykkti Alþingi að lækka virðisaukaskatt og vörugjöld á matvælum, veitingaþjónustu, geisla-diskum og fleiru úr 14% og 24,5% í 7% og afnema vörugjöld af innlendum og erlendum matvælum, að undan-skildum sætindum.

Hinn 9. desember var samþykkt að lækka tryggingagjald um 0,45 prósentur og greiða 0,25% af gjaldstofni þess árlega til lífeyrissjóða í hlutfalli við örorkubyrði. Örorkuframlagið verður þó 0,15 prósentur 2007 og 0,20 prósentur árið 2008.

Hinn 19. desember tilkynnti Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf. að frá 1. janúar 2007 yrði bókhald fært og árs-reikningur saminn í evrum. Á aðalfundi í mars 2007 var samþykkt breyting á reglum félagsins þar sem stjórn félagsins var heimilað að ákvarða útgáfu hlutfjár í evrum í stað íslenskra króna.

Hinn 21. desember var tilkynnt að bankastjórn Seðlabanka Íslands hefði ákveðið að hækka stýrivexti bankans um 0,25 prósentur í 14,25%. Aðrir vextir Seðlabankans voru einnig hækkaðir um 0,25 prósentur. Vextir á innstæðubréfum til 7 daga og vextir í endurhverfum viðskiptum hækkuðu hinn 27. desember en aðrir vextir hinn 21. desember.

Hinn 22. desember lækkaði alþjóðlega matsfyrirtækið Standard & Poor's lánshæfiseinkunnir ríkissjóðs Íslands fyrir langtímaskuldbindingar í erlendri mynt úr AA- í A+ og fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendri mynt úr A-1+ í A-1. Um leið var lánshæfiseinkunn fyrir langtímaskuldbindingar í íslenskum krónum lækkuð úr AA+ í AA en einkunn fyrir skammtímaskuldbindingar í íslenskum krónum var staðfest A-1+. Horfunum var breytt úr neikvæðum í stöðugar.

Annáll efnahags- og peningamála 2007

Febrúar

Hinn 6. febrúar lækkaði alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's Investor Service mat sitt á fjárhagslegum styrkleika Glitnis banka hf. úr C+ í C. Um leið staðfesti matsfyrirtækið lánsþæfiseinkunnirnar A1 fyrir langtímaskuldbindingar og P-1 fyrir skammtímaskuldbindingar.

Hinn 20. febrúar heimilaði Seðlabanki Íslands notkun skuldabréfa sem gefin eru út erlendis í íslenskum krónum sem tryggingu fyrir veðlánnum í bankanum. Meðal skilyrða er að lágmarksstærð hvers flokks skuli vera 20 ma.kr.

Hinn 23. febrúar hækkaði alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's Investor Service lánsþæfiseinkunnir Kaupþings banka hf., Glitnis banka hf. og Landsbanka Íslands hf. Lánsþæfismatið er byggt á nýrri aðferðarfræði Moody's JDA (e. Joint Default Analysis). Einkunnir fyrir langtímaskuldbindingar voru hækkaðar úr A1 í Aaa hjá Glitni og Kaupþingi en úr A2 í Aaa hjá Landsbankanum. Um leið staðfesti matsfyrirtækið lánsþæfiseinkunnirnar P-1 fyrir skammtímaskuldbindingar og C fyrir fjárhagslegan styrkleika hjá fyrrnefndum bönkum. Skömmu síðar tilkynnti Moody's að þessar einkunnir yrðu endurskoðaðar og nýjar gefnar út í apríl 2007.

Mars

Hinn 1. mars var lánshlutfall Íbúðalánasjóðs hækkað úr 80% í 90% og hámarkslán úr 17 m.kr. í 18 m.kr.

Hinn 2. mars tilkynnti Landsbanki Íslands hf. um sölu á öllum hlutum bankans í Landsafli hf. Salan hafði jákvæð áhrif á eigið fé Landsbankans sem nemur um 3,5 ma.kr.

Hinn 15. mars lækkaði alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch Ratings lánsþæfiseinkunnir ríkissjóðs Íslands í erlendri og innlendri mynt úr AA- og AAA í A+ og AA+. Horfur voru taldar stöðugar fyrir báðar einkunnir. Um leið var lánsþæfiseinkunnin fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendri mynt lækkuð úr F1+ í F1 og landseinkunnin (e. country ceiling) lækkuð úr AA í AA-.

Hinn 16. mars breytti Alþingi lögum um málefni aldraðra þannig að þeir sem einungis teldu fram fjármagnstekjur þyrftu að greiða sama skatt í Framkvæmdasjóð aldraðra og þeir sem telja fram laun.

Hinn 17. mars samþykkti Alþingi stjórnarfrumvarp um að ekki greiðist tekjuskattur af hagnaði fyrirtækja af viðskiptum með hlutabréf sem þau hafi átt í a.m.k. eitt ár.

Hinn 16. mars tilkynnti Glitnir banki hf. að kaupum á 68,1% hlut í FIM Group Corporation væri lokið. Glitnir áætlaði að gera yfirtökutilboð í eftirstandandi hluti í FIM fyrri hluta aprílmánaðar. Glitnir mun greiða um 30 ma.kr. fyrir allt félagið.

Hinn 29. mars var tilkynnt að bankastjórn Seðlabanka Íslands hefði ákveðið að halda stýrivöxtum óbreyttum.

Apríl

Hinn 10. apríl lækkaði alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's Investor Service lánsþæfiseinkunnir Glitnis banka hf., Kaupþings banka hf. og Landsbanka Íslands hf. í kjölfar endurskoðunar á nýrri aðferðarfræði Moody's, JDA (e. Joint Default Analysis). Einkunnir bankanna fyrir langtímaskuldbindingar voru lækkaðar úr Aaa í Aa3. Einkunnir fyrir skammtímaskuldbindingar eru sem fyrr P-1 og C fyrir fjárhagslegan styrkleika bankanna þriggja.

Hinn 20. apríl veitti Fjármálaeftirlitið Saga Capital fjárfestingarbanka hf. starfsleyfi sem lánafyrirtæki (fjárfestingarbanka).

Mái

Hinn 3. maí var gengið frá sölu ríkisins á 15,2% eignarhlut þess í Hitaveitu Suðurnesja til Geysir Green Energy ehf. fyrir 7,6 ma.kr.

Hinn 16. maí var tilkynnt að bankastjórn Seðlabanka Íslands hefði ákveðið að halda stýrivöxtum óbreyttum.

Hinn 16. maí lauk yfirtökutilboði Glitnis banka hf. í alla útgefna og útistandandi hluti og kauprétti í FIM Group Corporation í Finnlandi. Heildarhlutfjáreign Glitnis í FIM var eftir það 98,28%. FIM varð hluti af samstæðureikningi bankans hinn 1. apríl 2007.

Hinn 22. maí tilkynnti Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki hf. um kaup á meirihluta í finnska bankanum eQ Corporation og yfirtökutilboð í allt eftirstandandi hlutafé og kauprétti. Samanlagt virði kaupanna og tilboðsins er 260 milljónir evra.

Dagana 31. maí til 11. júní heimsótti sendinefnd frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum Ísland og kynnti sér stöðu efnahagsmála á fundum með fulltrúum stjórnvalda og atvinnulífs. Álit sendinefndarinnar var birt á heimasíðum Seðlabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hinn 11. júní.

Júní

Hinn 6. júní tilkynnti japanska matsfyrirtækið Rating and Investment Information (R&I) að það hefði veitt Kaupþingi banka hf. lánshæfiseinkunnina A+. Þetta er í fyrsta skipti sem matsfyrirtækið veitir íslenskum banka lánshæfiseinkunn. Horfur um breytingar á matinu eru stöðugar.

Hinn 6. júní birti japanska matsfyrirtækið R&I fyrsta lánshæfismat sitt á íslenska ríkinu og gaf því einkunnina AA+ sem gildir fyrir skuldbindingar í erlendri mynt. Horfurnar voru sagðar stöðugar. Matið fór fram í tengslum við formlegt umbeðið mat fyrirtækisins á lánshæfi Kaupþings banka hf.

Hinn 13. júní var á Alþingi kjörið nýtt bankaráð að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 26 gr. laga nr. 36 frá 22. maí 2001, um Seðlabanka Íslands. Aðalmenn eru: Halldór Blöndal, Erna Gísladóttir, Ragnar Arnalds, Hannes Hólmsteinn Gissurarson, Jón Sigurðsson, Jónas Hallgrímsson og Jón Þór Sturluson. Varamenn eru: Halla Tómasdóttir, Birgir Þór Runólfsson, Tryggvi Friðjónsson, Sigríður Finsen, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Ingibjörg Ingvadóttir og Valgerður Bjarnadóttir. Á fyrsta fundi bankaráðsins var Halldór Blöndal kjörinn formaður og Jón Sigurðsson varaformaður.

Hinn 13. júní var samþykkt breyting á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra. Samkvæmt henni eiga atvinnutekjur lífeyrisþega, 70 ára og eldri, ekki að skerða lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun. Breytingin er talin kosta ríkissjóð 6-700 m.kr. á ári.

Hinn 21. júní tóku gildi nýjar reglur um viðskipti fjármálfyrirtækja við Seðlabanka Íslands. Einkum var um tæknilegar breytingar að ræða en endurskoðunin fól meðal annars í sér tvær breytingar sem ástæða er til að nefna. Ákveðið var að breyta heitinu á fyrirgreiðslu Seðlabankans sem stýrivextirnir gilda um. Endurhverf verðbréfavíðskipti heita nú lán gegn veði því að í reynd var ekki um endurhverf verðbréfavíðskipti að ræða. Hin breytingin snéri að framsetningu stýrivaxta. Seðlabankinn hefur tilkynnt stýrivexti sína sem ávöxtun á ári en ekki sem nafnvexti. Ákveðið var að framvegis verði allir vextir Seðlabankans settir fram og tilkynntir sem nafnvextir.

Hinn 26. júní tilkynnti Kaupþing banki hf. um útgáfu víkjandi skuldabréfa að fjárhæð 250 milljónir evra eða um 21 ma.kr. Skuldabréfin teljast til eiginfjárpáttar A (e. Tier 1).

Júlí

Hinn 5. júlí var tilkynnt að bankastjórn Seðlabanka Íslands hefði ákveðið að halda stýrivöxtum óbreyttum.

Hinn 5. júlí samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna VBS fjárfestingarbanka hf. og Fjárfestingarfélags sparisjóðanna (FSP) undir nafni VBS fjárfestingarbanka hf.

Hinn 6. júlí tilkynnti ríkisstjórnin um þriðjungs niðurskurð þorskkvóta á næsta fiskveiðarári og áform um mótvægisáðgerðir. Áðgerðirnar miða einkum að því að draga úr fyrstu áhrifum þeirrar tekjuskerðingar sem verður í kjölfar aflasamdráttarins, styrkja sjávarsamfélögin og efla hafrannsóknir. Með mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar verður u.þ.b. 6,5 ma.kr. varið á næstu þremur árum til nýrra verkefna sem styrkja atvinnulíf í landinu, auka menntun og bæta úrræði þeirra einstaklinga sem verða fyrir tekjutapi. Þar til viðbótar verður framkvæmdum fyrir rúmlega 4 ma.kr. flýtt í samgönguáætlun. Áætlað er að þær verði unnar á árunum 2008-2010.

Hinn 30. júlí fór fram útboð á ríkisvixlum RIKV 07 1101 hjá Lánasýslu ríkisins. Óskað var eftir kauptilboðum í flokkinn og var heildarfjárhæð áætluð á bilinu 2.500-5.000 m.kr. Alls bárust tilboð að nafnverði fyrir 8.500 m.kr. Tilboðum var tekið fyrir 5.000 m.kr. að nafnverði á meðalávöxtun 13,82%. Hæsta ávöxtun tekinna tilboða var 13,90% og lægsta 13,58%.

Hinn 31. júlí ákvað bankaráð Landsbanka Íslands hf. að nýta heimild í samþykktum félagsins frá aðalfundi 9. febrúar 2007 til að hækka hlutafé í Landsbanka Íslands hf. um 172.076.284 kr. að nafnverði. Hinir nýju hlutir verða notaðir til að greiða fyrir 90% af kaupverði breska verðbréfa- og fjárfestingarbankans Bridgewell Group plc. Nýir hlutir í Landsbankanum voru gefnir út 8. ágúst og skráðir í OMX Norrænu kauphöllina Íslandi hinn 9. ágúst. Bridgewell varð hluti af samstæðureikningi Landsbankans hinn 10. ágúst 2007. Starfsemi Bridgewell og Teather & Greenwood verður sameinuð undir heitinu Landsbanki Securities UK.

Ágúst

Hinn 15. ágúst tilkynnti Kaupþing banki hf. um undirritun samnings um kaup á öllu hlutafé í hollenska bankanum NIBC Holding BV fyrir u.þ.b. 3 ma. evra eða 270 ma.kr. Kaupþing greiðir seljanda hluta af kaupverðinu með útgáfu 110 milljóna nýrra hluta, samtals að verðmæti 1.360 milljónir evra. Greiddar verða 1.625 milljónir evra í reiðufé af handbæru fé með útgáfu víkjandi skuldabréfa og afrakstri útgáfu á 40 milljónum nýrra hluta sem boðnir verða hlut-höfum í forgangsréttarútboði.

Hinn 29. ágúst veitti Fjármálaeftirlitið Straumi-Burðarási Fjárfestingarbanka hf. viðskiptabankaleyfi.

Hinn 30. ágúst fór fram útboð á ríkisvixlum RIKV 07 1203 hjá Lánasýslu ríkisins. Óskað var eftir kauptilboðum í flokkinn og var heildarfjárhæð áætluð á bilinu 2.500-5.000 m.kr. Alls bárust tilboð að nafnverði fyrir 7.900 m.kr. Tilboðum var tekið fyrir 4.450 m.kr. að nafnverði á meðalávöxtun 14,13%. Hæsta ávöxtun tekinna tilboða var 14,31% og lægsta 13,95%.

September

Hinn 3. september ákvað stjórn Straums-Burðaráss Fjárfestingarbanka hf. samkvæmt samþykkt félagsins og ákvörðun hluthafafundar hinn 8. mars 2007 að hlutafé bankans skuli skráð í evrum í stað íslenskra króna. Hlutafé Straums verður 109.493.129 evrur í stað 10.359.144.971 krónu. Umbreytingin raskar ekki eignarhlutföllum í félaginu og hefur sem slík ekki bein áhrif á verðmæti hlutafjareignar hvers hluthafa fyrir sig.

Hinn 4. september var tilkynnt að fjármálaráðherra hefði ákveðið að fela Seðlabanka Íslands útgáfu innlendra markaðsverðbréfa ríkissjóðs sem var áður á hendi Lánasýslu ríkisins. Með því verður heildarumsjón lánamála ríkissjóðs á einum stað.

Hinn 6. september var tilkynnt að bankastjórn Seðlabanka Íslands hefði ákveðið að halda stýrivöxtum óbreyttum.

Hinn 19. september fór fram fjórða útboð í flokki 2 ára ríkisvixla RIKB 09 0612. Tilboð námu að nafnvirði 8.000 m.kr. og var tekið fyrir 4.300 m.kr. Meðalávöxtunarkrafa var 13,46%. Í meðalverðshluta útboðsins sem fór fram næstu tvo daga á eftir voru boðnar 430 m.kr. og nýttu aðalmiðlarar sér það að fullu. Í lok september voru útistandandi 15.505 m.kr. í flokknum. Í áætlun fyrir árið 2007 var gert ráð fyrir að gefa út ríkisbréf að nafnvirði fyrir 25 ma.kr. og náðist það markmið með þessu útboði.

Hinn 20. september samþykkti Fjármálaeftirlitið breytingu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í hlutafélag. SPRON telst hlutafélag frá og með 1. apríl 2007. Hlutabréf SPRON hf. voru tekin til viðskipta á aðalmarkaði OMX Norrænu kauphallarinnar Íslandi þriðjudaginn 23. október. Útgefnir hlutir í SPRON eru 5.004.000.000 og nemur hver hlutur einni krónu að nafnverði.

Hinn 27. september fór fram útboð á ríkisvixlum RIKV 08 0103 hjá Lánasýslu ríkisins. Óskað var eftir kauptilboðum í flokkinn og var heildarfjárhæð áætluð á bilinu 2.500-5.000 m.kr. Alls bárust tilboð að nafnverði fyrir 8.250 m.kr. Tilboðum var tekið fyrir 3.550 m.kr. að nafnverði á meðalávöxtun 14,06%. Hæsta ávöxtun tekinna tilboða var 14,12% og lægsta 13,95%.

Október

Hinn 1. október fluttist starfsemi Lánasýslu ríkisins til Seðlabanka Íslands. Einingin heitir á íslensku „Lánamál ríkisins“ og á ensku Government Debt Management.

Hinn 11. október tilkynnti Kaupþing banki hf. um útgáfu víkjandi skuldabréfa að fjárhæð 400 milljónir Bandaríkjadala eða um 24 ma.kr. Skuldabréfin teljast með eiginfjárpætti A (e. Tier 1).

Hinn 12. október gaf Landsbanki Íslands hf. út víkjandi skuldabréf að fjárhæð 400 milljónir Bandaríkjadala eða um 24 ma.kr. Útgáfan telst til eiginfjárpáttar A (e. Tier 1).

Nóvember

Hinn 1. nóvember ákvað bankastjórn Seðlabanka Íslands að hækka stýrivexti bankans um 0,45 prósentur í 13,75%.

Hinn 20. nóvember tilkynnti matsfyrirtækið Standard & Poor's að það hefði breytt horfum á lánsþæfismati Ríkissjóðs Íslands í neikvæðar úr stöðugum. Matsfyrirtækið staðfesti óbreyttar lánsþæfiseinkunnir Ríkissjóðs Íslands í erlendri mynt A+ fyrir langtímaskuldbindingar og A-1 fyrir skammtímaskuldbindingar. Í íslenskum krónum eru einkunnirnar AA fyrir langtímaskuldbindingar og A-1+ fyrir skammtímaskuldbindingar.

Desember

Hinn 6. desember voru fjárlög fyrir árið 2007 samþykkt á Alþingi. Áætlaðar skatttekjur hækkuðu um 20% frá fjárlögum og áætluð afkoma batnaði úr 9 í 83 ma.kr.

Hinn 12. desember samþykkti norska fjármálaráðuneytið samruna Glitnis Bank ASA og Bnbank. Hinum sameinaða banka hefur jafnframt verið heimilað að yfirtaka öll hlutabréf í Glitnir Factoring ASA, Glitnir Securities ASA og 70% hluta í Glitnir Property Holding AS með dótturfyrirtækinu Glitnir Property Group AS.

Hinn 13. desember voru fjárlög ársins 2008 samþykkt á Alþingi, með 473 ma.kr. tekjum, 434 ma.kr. útgjöldum og 39 ma.kr. afgangi. Hækkun tekna frá fjárlögum 2007 var áætluð 0,3% en hækkun gjalda 11½%. Sama dag samþykkti Alþingi að tímabundin lækkun oliugjalds úr 45 kr./l í 41 kr./l og tímabundin lækkun á gjaldskrá sérstaks kílómetragjalds díselbíreiða skyldu framlengdar ótímabundið.

Annáll efnahags- og peningamála 2008

Janúar

Hinn 14. janúar var kynnt ársáætlun í lánamálum ríkissjóðs fyrir árið 2008. Þar var greint frá fyrirhugaðri útgáfu ríkisbréfa fyrir 47 ma.kr. að nafnverði ásamt útgáfu á nýjum markflokki ríkisbréfa til 10-11 ára í upphafi árs. Einnig var tilkynnt að ríkissjóður ætlaði að hætta útgáfu ríkisvixla ásamt því að greiða upp erlend lán sem gjaldféllu á árinu.

Hinn 28. janúar gaf matsfyrirtækið Moody's út sérstaka skýrslu er fjallar um láns hæfi ríkissjóðs Íslands og ber heitið: „Aaa láns hæfiseinkunnir ríkissjóðs Íslands eru á krossgötum“. Í skýrslunni var ekki tilkynnt um neina breytingu á láns hæfiseinkunnum ríkissjóðs.

Hinn 30. janúar tilkynnti Kaupþing banki hf. að bankinn og NIBC hefðu ákveðið að falla frá fyrirhugaðri yfirtöku Kaupþings á NIBC í ljósi óróleika á fjármálamörkuðum. Umsóknir um samþykki eftirlitsaðila vegna kaupanna voru dregnar til baka og kaupsamningurinn felldur niður. Í ljósi þessarar þróunar varð ekki af forgangsréttarútbóði Kaupþings sem fyrirhugað var á fyrsta ársfjórðungi 2008.

Hinn 31. janúar staðfesti alþjóðlega láns hæfismatsfyrirtækið Fitch Ratings láns hæfiseinkunn Kaupþings banka hf. og breytti horfum um matið úr neikvæðum í stöðugar. Horfur um matið höfðu verið neikvæðar frá 6. desember. Láns hæfiseinkunn Kaupþings er A fyrir langtímaskuldbindingar, F1 fyrir skammtímaskuldbindingar og óháð einkunn B/C. Stuðningseinkunn er 2 og stuðningseinkunnargólf er BBB.

Febrúar

Hinn 1. febrúar var reglum um tollgengi breytt, þannig að tollverð skal byggt á skráðu gengi Seðlabankans síðasta virka dag fyrir tollafgreiðslu.

Hinn 17. febrúar var skrifað undir nýja kjarasamninga landssambanda og stærstu félaga innan Alþýðusambands Íslands (ASÍ) við Samtök atvinnulífsins (SA). Samningarnir gilda til 30. nóvember 2010 og eru að megininntaki samhljóða. Samningsaðilar hafa áætlað að heildarkostnaður launagreiðenda aukist um tæplega 11% á samningstímanum eða um 3½% að meðaltali á ári. Meginatriði samningsins eru þrjú: launaþróunartrygging, hækkun lægstu kauptaxta og uppsagnarákvæði árið 2009. Ekki er samið um almenna launahækkun fyrr en á síðasta ári samningsins en starfsmönnum þess í stað tryggð ákveðin launaþróun fyrstu tvö árin. Annað sem samið var um var stofnun Endurhæfingarsjóðs sem veita á úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma eða slasast, lenging orlofs og fjölgun veikindadaga vegna veikinda barna. Forsendur samningsins eru annars vegar að kaupmáttur launa á almennum vinnumarkaði haldist eða aukist á tímabilinu janúar til desember í ár samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands. Hin forsendan snýr að verðbólguþróun. Í byrjun febrúar 2009 skal forsendunefnd fjalla um framlengingu samningsins út frá forsendum hans og hafi forsendur staðist framlengist samningurinn til 30. nóvember 2010, ella skulu aðilar leita samkomulags um viðbrögð. Náist ekki samkomulag um viðbrögð fellur samningurinn úr gildi í lok febrúar 2009.

Hinn 17. febrúar lofaði ríkisstjórnin í tengslum við undirskrift kjarasamninga á almennum vinnumarkaði að hækka persónuafslátt umfram verðlagsbreytingar, draga úr tekjuskerðingu barnabóta og eignaskerðingu vaxtabóta, lækka tekjuskatt fyrirtækja úr 18% í 15% frá og með tekjuárinu 2008, hækka atvinnuleysisbætur til samræmis við hækkun lægstu launa og greiða í Endurhæfingarsjóð þriðjung á móti atvinnurekendum og lífeyrissjóðum frá og með árinu 2009. Önnur loforð snúa að hækkun húsaleigubóta, fjölgun lánsvilyrða til félagslegra leiguíbúða og auknum framlögum til símenntunar og fullorðinsfræðslu. Fjármálaráðuneytið áætlað að kostnaður ríkissjóðs vegna þessa verði u.þ.b. 35 ma.kr. á samningstímanum.

Hinn 20. febrúar fór í fyrsta sinn fram útbóð á nýjum flokki ríkisbréfa RIKB 19 0226 með gjalddaga árið 2019. Stefnt var að selja bréf í flokknum fyrir 10 ma.kr. að nafnverði. Alls bárust 76 gild tilboð að fjárhæð 32 ma.kr. og var ákveðið að taka tilboðum fyrir 10 ma.kr. að nafnverði á 8,9% ávöxtunarkröfu. Í kjölfarið var aðalmiðlurum boðið að kaupa til viðbótar 10% af nafnverði þess sem selt var í útböðinu eða um 1 ma.kr. á ávöxtunarkröfu samþykktu tilboða. Hver aðalmiðlari fékk kauprétt í hlutfalli af keyptu magni í útböðinu og seldust bréf með þessum hætti fyrir tæpan 1 ma.kr.

Hinn 22. febrúar samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna Sparisjóðsins í Keflavík, Sparisjóðs Vestfirðinga og Sparisjóðs Húnaþings og Stranda. Sparisjóðirnir eru sameinaðir undir nafni Sparisjóðsins í Keflavík. Sparisjóðurinn í Keflavík tekur við öllum réttindum og skyldum Sparisjóðs Vestfirðinga og Sparisjóðs Húnaþings og Stranda frá og með 1. júlí 2007.

Hinn 28. febrúar tilkynnti alþjóðlega lánsþæfismatsfyrirtækið Moody's Investor Service um lækkun lánsþæfiseinkunnar Kaupþings banka hf., Landsbankans hf. og Glitnis banka hf. Einkunnir bankanna vegna innlendra og erlendra langtímaskuldbindinga voru lækkaðar úr Aa3 í A1 fyrir Kaupþing og í A2 fyrir Glitni og Landsbankann. Einkunn vegna fjárhagslegs styrkleika bankanna var lækkuð úr C í C-. Einkunnir vegna innlendra og erlendra skammtímaskuldbindinga bankanna, P-1, eru óbreyttar. Horfur um breytingar á matinu eru stöðugar.

Mars

Hinn 5. mars tilkynnti matsfyrirtækið Moody's að það hefði breytt horfum fyrir Aaa lánsþæfismat á skuldabréfum íslenska ríkisins og landsmati á bankainnstæðum í erlendri mynt úr stöðugum í neikvæðar. Horfur fyrir Aaa/P-1 landsmat fyrir innlend og erlend skuldabréf til langs og skamms tíma ásamt Aaa einkunn á innlendum bankainnstæðum haldast stöðugar.

Hinn 13. mars var í annað sinn útboð á RIKB 19 0226. Tilboðum var tekið fyrir 2.350 m.kr. að nafnverði á 9,41% meðalávöxtunarkröfu.

Hinn 13. mars samþykkti Alþingi frumvarp um breytingar á lögum um almannatryggingar. Með breytingunum var afnumin skerðing lífeyrisbóta vegna tekna maka, frítekjumark tekið upp gagnvart fjármagnstekjum og lífeyristekjum og frítekjumark starfandi ellilífeyrisþega hækkað, auk þess sem ýmsar greiðslur og bætur voru hækkaðar.

Hinn 18. mars tilkynnti Glitnir banki hf. um sölu breytanlegra skuldabréfa að upphæð 15 ma.kr. í lokuðu útboði. Skuldabréfin eru víkjandi og breytast að fimm árum liðnum í hlutabréf í Glitni. Útgáfan telst til eiginfjárbáttar A (e. Tier I).

Hinn 20. mars tilkynnti alþjóðlega matsfyrirtækið Standard & Poor's að það hefði tekið lánsþæfismat Glitnis banka hf. til skoðunar með möguleika á lækkun. Langtímaskuldbindingar eru nú metnar A- en skammtímaskuldbindingar A-2.

Hinn 25. mars ákvað bankastjórn Seðlabanka Íslands að hækka stýrivexti bankans um 1,25 prósentur í 15%. Einnig var tilkynnt um breytingar á reglum bankans sem voru gerðar í því skyni að liðka fyrir viðskiptum á fjármálamörkuðum, sérstaklega í viðskiptum með íslenskar krónur.

Hinn 27. mars var sérstakt útboð í flokki ríkisbréfa RIKB 08 1212 fyrir um 10 ma.kr. Salan var viðbót við þá útgáfu sem tilkynnt var 14. janúar í ársáætlun í lánamálum ríkissjóðs 2008. Tilgangur sölunnar var að mæta eftirspurn sem talin var eftir stuttum ríkistrygðum verðbréfum. Tilboðum var tekið fyrir 7,2 ma.kr. að nafnverði.

Apríl

Hinn 1. apríl tilkynnti matsfyrirtækið Fitch Ratings að horfum fyrir lánsþæfismat ríkissjóðs Íslands vegna langtímaskuldbindinga í erlendri og innlendri mynt hafi verið breytt úr stöðugum í neikvæðar. Lánsþæfiseinkunn fyrir erlendar langtímaskuldbindingar var staðfest A+ og fyrir innlendar langtímaskuldbindingar AA+. Samhliða þessu var lánsþæfiseinkunnin fyrir skammtímaskuldbindingar F1 og landseinkunn AA- (e. country ceiling ratings) staðfest.

Hinn 1. apríl tilkynnti matsfyrirtækið Fitch Ratings að horfum fyrir lánsþæfismat Glitnis banka hf., Kaupþings banka hf. og Landsbanka Íslands hf. vegna langtíma- og skammtímaskuldbindinga og vegna fjárhagslegs styrks hefði verið breytt í neikvæðar.

Hinn 1. apríl tilkynnti matsfyrirtækið Standard & Poor's að það hefði til athugunar lánsþæfiseinkunnir fyrir langtímaskuldbindingar Ríkissjóðs Íslands með neikvæðum vísbendingum (e. credit watch with negative implications).

Hinn 7. apríl gaf félags- og tryggingamálaráðherra út reglugerð um hækkun húsaleigubóta frá 1. apríl í framhaldi af fyrirheitum ríkisstjórnarinnar við undirritun kjarasamninga hinn 17. febrúar.

Hinn 10. apríl ákvað bankastjórn Seðlabanka Íslands að hækka stýrivexti um 0,5 prósentur í 15,5%.

Hinn 17. apríl var haldið þriðja útboð á RIKB 19 0226. Tilboðum var tekið fyrir 2,9 ma.kr. að nafnverði á meðal-ávöxtunarkröfunni 10,64%.

Hinn 17. apríl lækkaði alþjóðlega matsfyrirtækið Standard & Poor's lánsþæfiseinkunnir ríkissjóðs á erlendum langtímaskuldbindingum í A úr A+ og á langtímaskuldbindingum í íslenskum krónum í AA- úr AA. Einkunnir fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendri mynt A-1 og íslenskum krónum A-1+ voru staðfestar. Horfurnar fyrir langtímaskuldbindingar ríkissjóðs eru áfram neikvæðar.

Hinn 21. apríl tilkynnti alþjóðlega lánsþæfismatsfyrirtækið Standard & Poor's að það hefði lækkað einkunn Glitnis banka hf. fyrir langtímaskuldbindingar í BBB+ úr A-. Einkunn fyrir skammtímaskuldbindingar var staðfest A-2. Horfur fyrir langtímaeinkunn eru neikvæðar.

Mái

Hinn 9. maí tilkynnti alþjóðlega lánsþæfismatsfyrirtækið Fitch Ratings að það hefði lækkað lánsþæfiseinkunnir Kaupþings banka hf. og Glitnis banka hf. Einkunnir bankanna vegna langtímaskuldbindinga voru lækkaðar í A- úr A og fyrir skammtímaskuldbindingar í F2 úr F1. Óháð einkunn bankanna B/C og stuðningseinkunn 2 voru óbreyttar. Horfur fyrir langtímaeinkunn eru neikvæðar.

Hinn 13. maí var fyrirgreiðsla til hvers aðalmiðlara vegna verðbréfalána í flokkum RIKB 08 1212 og RIKB 09 0612 hækkuð úr 5 ma.kr. í 7 ma.kr. að nafnverði til að mæta eftirspurn eftir stuttum óverðtrygðum ríkisbréfum.

Hinn 15. maí voru samþykkt á Alþingi lög sem fella niður skattlagningu fyrirtækja vegna söluhagnaðar af hlutabréfum og færa umsýslu vegna skattlagningar stórfyrirtækja til skattstjórans í Reykjavíkurmæmi. Skattlagningunni mátti áður fresta með því að kaupa önnur hlutabréf innan tveggja ára.

Hinn 16. maí var tilkynnt að gerðir hefðu verið tvíhliða gjaldmiðlaskiptasamningar milli Seðlabanka Íslands og seðlabanka Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur. Samningarnir eru viðbúnaðarráðstöfun sem Seðlabanki Íslands getur dregið á ef nauðsyn krefur. Hver samningur veitir aðgang að allt að 500 milljónum evra.

Hinn 20. maí lækkaði alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's lánsþæfiseinkunn ríkissjóðs um eitt þrep í Aa1 úr Aaa. Landsmat (e. country ceiling) á bankainnstæður í erlendri mynt var einnig lækkað í Aa1 úr Aaa. Horfum fyrir lánsþæfiseinkunnir ríkissjóðs var breytt úr neikvæðum í stöðugar.

Hinn 22. maí ákvað bankastjórn Seðlabanka Íslands að halda stýrivöxtum óbreyttum í 15,5%.

Hinn 23. maí voru undirritaðir nýir samningar hjá Seðlabanka Íslands í tengslum við útgáfu ríkisverðbréfa og viðskiptavakt á eftirmarkaði. Markmiðið með samningunum er að viðhalda aðgengi ríkissjóðs að lánsfé og efla verðmyndun ríkisverðbréfa á eftirmarkaði. Samningarnir voru gerðir við sjö fjármálastofnanir og gilda í eitt ár.

Hinn 27. maí var haldið sérstakt útboð í stuttum flokki ríkisbréfa. Í boði var RIKB 08 1212 og var tilboðum tekið fyrir 15 ma.kr. að nafnverði á meðalávöxtunarkröfunni 12,45%.

Hinn 28. maí samþykkti Alþingi breytingar á lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, þar sem m.a. er kveðið á um að uppgjör greiðslufyrirmæla vegna rafbréfa sem skráð eru í erlendri mynt í innlendri verðbréfamiðstöð skuli fara fram fyrir milligöngu verðbréfamiðstöðvar sem uppfylli kröfur jafngildar þeim sem gerðar eru í lögum um öryggi greiðslufyrirmæla. Skal uppgjörskerfið hafa greiðan aðgang að viðkomandi gjaldmiðli.

Hinn 29. maí var haldið fjórða útboð á RIKB 19 0226. Tilboðum var tekið fyrir 6,5 ma.kr. að nafnverði á meðal-ávöxtunarkröfunni 9,55%.

Hinn 29. maí samþykkti Alþingi lög um niðurfellingu stimpilgjalds vegna fyrstu íbúðar.

Hinn 30. maí samþykkti Alþingi breytingar á tekjuskattslögum samkvæmt fyrirheitum ríkisstjórnarinnar í tengslum við undirskrift kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í febrúar árið 2008. Þau voru hækkun persónuafsláttar,

hækkun viðmiðunarmarka tekna við álagningu barnabóta, lækkun tekjuskerðingarhlutfalla barnabóta, hækkun eignarviðmiðunarmarka vaxtabóta og lækkun á tekjuskattshlutfalli fyrirtækja. Einnig var gerð sú breyting að gengismunur í rekstri lögaðila dreifist á þrjú ár.

Júní

Hinn 4. júní gaf Seðlabanki Íslands út nýjar reglur um gjaldeyrisjöfnuð sem tóku gildi 1. júlí. Á sama tíma féllu niður reglur nr. 318 frá 2006. Helsta breytingin er sú að hámarks misvægi milli gengisbundinna eigna og skulda er þrengt úr 30% í 10%. Þá geta fjármálafyrirtæki sótt um heimild fyrir sérstökum jákvæðum gjaldeyrisjöfnuði til varnar neikvæðum áhrifum af gengisbreytingum á eiginfjárlutfall.

Hinn 19. júní samþykkti ríkisstjórnin sérstakar aðgerðir í húsnæðismálum sem varða m.a. fyrirkomulag lánveitinga Íbúðalánasjóðs. Hámarkslán var hækkað í 20 m.kr. úr 18 m.kr. og verður miðað við allt að 80% af kaupverði eigna í stað brunabótamats áður. Einnig voru stofnaðir nýir lánaflakkar til að fjármagna íbúðalán fjármálastofnana.

Hinn 19. júní tilkynnti ríkisstjórnin um viðbótarútgáfu ríkisbréfa á innlendum markaði þar sem gefin yrðu út ríkisbréf í flokkum RIKB 08 1212, RIKB 09 0612 og RIKB 10 0317 fyrir allt að 75 ma.kr.

Hinn 19. júní ákvað bankastjórn Seðlabanka Íslands að útgáfu innstæðubréfa (SI 08 0924) verði fram haldið þegar bréfin sem bankinn gaf út í mars sl. falla í gjalddaga í september nk. Ákvarðanir um útgáfu innstæðubréfa á næsta ári verða teknar með hliðsjón af skilyrðum á markaði þegar þar að kemur.

Hinn 23. júní tilkynnti Íbúðalánasjóður, í kjölfar útboðs á íbúðabréfum hinn 20. júní, að útlánsvextir sjóðsins yrðu lækkaðir um 0,15 prósentur. Útlánsvextir íbúðalána með uppgreiðsluákvæði lækkuðu í 5,05% og vextir á íbúðalánum án uppgreiðsluákvæðis í 5,55%.

Hinn 27. júní fór fram útboð Kaupþings á sérvörðum skuldabréfum. Útgáfan er ætluð til að fjármagna útlán bankans til einstaklinga vegna húsnæðiskaupa. Alls var tilboðum tekið fyrir 4,8 ma.kr. Vegin meðalávöxtunarkrafa í útboðinu var 5,17% og munu útlánavextir bankans taka mið af henni með 0,9% álagi. Útlánsvextir bankans munu því lækka úr 6,4% í 6,05% í kjölfar útboðsins.

Júlí

Hinn 3. júlí ákvað bankastjórn Seðlabanka Íslands að halda stýrivöxtum óbreyttum í 15,5%.

September

Hinn 11. september ákvað bankastjórn Seðlabanka Íslands að halda stýrivöxtum óbreyttum í 15,5%.

Hinn 19. september samþykkti Fjármálaeftirlitið umsókn Byrs um breytingu sparisjóðsins í hlutafélag.

Hinn 29. september tilkynnti forsætisráðuneytið um samkomulag milli ríkisstjórnar Íslands og stærstu eigenda Glitnis banka hf. að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið um að ríkissjóður legði bankanum til nýtt hlutafé að fjárhæð 600 milljónir evra og með því verða eigandi að 75% hlut í Glitni.

Október

Hinn 6. október tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði ákveðið að stöðva um tíma viðskipti með alla fjármálagerninga sem gefnir voru út af Glitni banka hf., Kaupþingi banka hf., Landsbanka Íslands hf., Straumi-Burðarási fjárfestingarbanka hf., SPRON hf. og Exista hf. og teknir höfðu verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Hinn 6. október samþykkti Alþingi lög um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármála-markaði (125/2008). Með sérstökum og mjög óvenjulegum aðstæðum er skv. lögnum átt við sérstaka fjárhags- og/eða rekstrarerfiðleika hjá fjármálafyrirtæki, m.a. líkur á að það geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavinum eða kröfuhöfum, forsendur afturköllunar starfsleyfis séu líklega fyrir hendi eða líkur standi til að það geti ekki uppfyllt kröfur um lágmarks eigið fé og að úrræði Fjármálaeftirlitsins séu ekki líkleg til að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármála-markaði. Við slíkar aðstæður er Fjármálaeftirlitinu heimilt að grípa til sérstakra ráðstafana.

Hinn 7. október tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði ákveðið að skilgreina skortsölu hlutabréfa tiltekinna útgefenda sem hegðun andstæða viðurkenndri markaðsframkvæmd. Frá og með 7. október 2008 til og með 16. janúar 2009 er óheimilt að skortselja hlutabréf Glitnis banka hf., Kaupþings banka hf., Landsbanka Íslands hf., Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka hf., SPRON hf. og Exista hf., sem tekin höfðu verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi, nema seljandi hafi bréfin í sinni vörslu þegar sölutilboð er lagt fram. Bannið tekur einnig til allra annarra fjármálagerninga sem hafa sama tilgang og sömu efnahagslegu áhættu og skortsala tilgreindra hlutabréfa og til skortsölu á öðrum fjármálagerningum þar sem verðmæti þeirra ræðst af verði hlutabréfa tilgreindra útgefenda.

Hinn 7. október tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði gripið inn í rekstur Landsbanka Íslands hf. á grundvelli heimildar í lögum nr. 125/2008 um sérstakar aðstæður á fjármálamarkaði. Fjármálaeftirlitið skipaði skilanevnd sem tók við öllum heimildum stjórnar Landsbankans.

Hinn 7. október tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði gripið inn í rekstur Glitnis banka hf. á grundvelli heimildar í lögum nr. 125/2008 um sérstakar aðstæður á fjármálamarkaði. Fjármálaeftirlitið skipaði skilanevnd sem tók við öllum heimildum stjórnar Glitnis banka hf.

Hinn 9. október tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði gripið inn í rekstur Kaupþings banka hf. á grundvelli heimildar í lögum nr. 125/2008 um sérstakar aðstæður á fjármálamarkaði. Fjármálaeftirlitið skipaði skilanevnd sem tók við öllum heimildum stjórnar Kaupþings banka hf.

Hinn 9. október tók til starfa Nýr Landsbanki Íslands hf. sem tók yfir hluta af starfsemi Landsbanka Íslands hf.

Hinn 13. október veitti Fjármálaeftirlitið MP Fjárfestingarbanka hf. viðskiptabankaleyfi. Leyfið gildir frá 10. október 2008.

Hinn 14. október tilkynnti Seðlabanki Íslands að dregið hefði verið á gjaldmiðlaskiptasamninga við seðlabanka Danmerkur og Noregs, samtals að fjárhæð 400 milljónir evra.

Hinn 14. október samþykkti OMX Nordic Exchange Iceland hf. beiðni Landsbanka Íslands hf. um að hlutabréf félagsins yrðu tekin úr viðskiptum. Var það gert eftir lokun viðskipta hinn 14. október 2008.

Hinn 15. október ákvað bankastjórn Seðlabanka Íslands að lækka stýrivexti um 3,5 prósentur í 12%.

Hinn 15. október samþykkti OMX Nordic Exchange Iceland hf. beiðni Glitnis banka hf. frá 14. október um að hlutabréf félagsins yrðu tekin úr viðskiptum. Var það gert eftir lokun viðskipta hinn 14. október 2008.

Hinn 15. október komst Seðlabanki Íslands að samkomulagi við viðskiptavaka á gjaldeyrismarkaði og nokkur önnur fjármálafyrirtæki um bráðabirgðafyrirkomulag gjaldeyrisviðskipta. Daglega er haldið uppboð á evrum gagnvart krónu sem veitir vísbendingu um gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum myntum og tryggir lágmarksviðskipti við útlönd. Gengið í uppboðinu ræðst af framboði og eftirspurn gjaldeyris en er til að byrja með í samræmi við tilmæli Seðlabankans um temprun gjaldeyrisútlæðis.

Hinn 15. október tók til starfa Nýr Glitnir banki hf. sem tók yfir hluta af starfsemi Glitnis banka hf.

Hinn 17. október samþykkti hlutahafafundur Icebank hf. að breyta nafni bankans í Sparisjóðabanki Íslands hf.

Hinn 22. október tók til starfa Nýr Kaupþing banki hf. sem tók yfir hluta af starfsemi Kaupþings banka hf.

Hinn 27. október tilkynnti Fjármálaeftirlitið álit sitt að 6. október hafi Landsbanki Íslands hf. ekki verið fær um að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðna tiltekinna reikninga þeirra viðskiptavina sem þess kröfðust. Því hafi skv. lögum, stofnast til greiðsluskyldu Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta gagnvart viðskiptavinum Landsbanka Íslands hf. sem ekki hafa fengið greiddar innstæður sínar. Sambærileg greiðsluskylda hafi skapast hinn 9. október vegna Kaupþings banka hf. og hinn 3. október vegna Glitnis banka hf.

Hinn 28. október ákvað bankastjórn Seðlabanka Íslands að hækka stýrivexti um 6 prósentur í 18%.

Nóvember

Hinn 5. nóvember tilkynnti alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið Fitch Ratings að það hefði lækkað einkunn Straums fyrir langtímaskuldbindingar í B úr BB-. Óháð einkunn Straums var lækkuð í D/E úr D. Einkunnir fyrir skammtímaskuldbindingar voru staðfestar sem B og stuðningseinkunn 5. Horfur fyrir lánshæfiseinkunnir Straums voru neikvæðar.

Hinn 6. nóvember ákvað bankastjórn Seðlabanka Íslands að halda stýrivöxtum óbreyttum í 18%.

Hinn 13. nóvember samþykkti Alþingi breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki þess efnis að skiptastjóra sé heimilt að reka áfram tiltekna leyfisbundna þætti fjármálafyrirtækis sem er í gjaldþroti eða greiðslustöðvun, ef þessir þættir eru nauðsynlegir fyrir bústjórn eða hagsmuni kröfuhafa. Bústjóri í slíkum rekstri skal undanþeginn almennri skaðabótaskyldu. Óheimilt skal að höfða eða halda áfram máli á hendur fjármálafyrirtæki við slíkar aðstæður. Ákvæði um lengd og veitingu greiðslustöðvunar voru rýmkuð um þessi fjármálafyrirtæki.

Hinn 13. nóvember var samþykkt tímabundin breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar og Ábyrgðasjóð launa sem ætlað er að koma til móts við aðstæður launafólks sem þarf að taka á sig kjaraskerðingu í formi minnkaðs starfs- hlutfalls að frumkvæði atvinnurekanda vegna samdráttar. Jafnframt var sjálfstætt starfandi einstaklingum heimilað tímabundið að taka að sér tilfallandi verkefni samhliða greiðslu atvinnuleysisbóta.

Hinn 13. nóvember óskaði skilanevnd Kaupþings banka hf. eftir því við OMX Nordic Exchange á Íslandi að viðskiptum með hlutabréf félagsins á Nordic Market yrði hætt.

Hinn 17. nóvember samþykkti Alþingi breytingu á lögum um greiðslujöfnun verðtryggðra fasteignaveðlana til einstaklinga. Greiðslujöfnun felur í sér frestun á hluta afborgana en til lengri tíma litið leiðir hún til aukins kostnaðar í formi vaxta og verðbóta á upphæðina sem frestast.

Hinn 19. nóvember samþykkti framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins efnahagsáætlun íslenskra stjórnvalda um að koma á efnahagsstöðugleika á Íslandi. Samkvæmt áætluninni fær Ísland 2,1 ma. Bandaríkjadala frá sjóðnum og viðbótarlán, allt að þremur milljörðum Bandaríkjadala, frá Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, Rússlandi og Póllandi. Að auki hafa Færeyingar boðið Íslendingum lán sem nemur um 50 milljónum Bandaríkjadala. Áætlunin er til tveggja ára.

Hinn 24. nóvember veitti Héraðsdómur Reykjavíkur Kaupþingi banka hf. heimild til greiðslustöðvunar.

Hinn 24. nóvember veitti Héraðsdómur Reykjavíkur Glitni banka hf. heimild til greiðslustöðvunar.

Hinn 24. nóvember lækkaði alþjóðlega matsfyrirtækið Standard & Poor's lánshæfiseinkunn Ríkissjóðs Íslands um eitt þrep í BBB- úr BBB vegna vaxandi skuldabyrðar hins opinbera. Mat Standard & Poor's á skipti- og breytanleika (e. transfer and convertibility assessment) landsins var einnig lækkað í BBB- úr A- vegna þeirra takmarkana sem settar voru á fjármagnsviðskipti og að einhverju leyti á vöruviðskipti í október. Horfurnar voru áfram neikvæðar.

Hinn 25. nóvember tilkynnti Glitnir banki hf. að starfsemi bankans í New York, Bandaríkjunum, hefði verið seld fyrrum starfsmönnum bankans.

Hinn 26. nóvember var undirrituð reglugerð um heimild íbúðalánasjóðs til að yfirtaka íbúðaveðlán fjármálafyrirtækja. Kjör og skilmálar yfirtekinna lána haldast óbreytt eftir yfirtökuna.

Hinn 28. nóvember samþykkti Alþingi breytingar á lögum um gjaldeyrismál sem heimiluðu beitingu tímabundinna takmarkana á gjaldeyrisviðskipti vegna fjármagnsviðskipta. Sama dag tóku gildi nýjar reglur Seðlabankans um gjaldeyrismál þar sem hömlur voru settar á fjármagnsflutninga milli Íslands og annarra landa. Tilgangurinn með reglunum er að takmarka útfærði gjaldeyris. Í kjölfarið voru tilmæli um tímabundna temprun á útfærði gjaldeyris frá því í október afturkölluð.

Desember

Hinn 4. desember tók millibankamarkaður með gjaldeyri til starfa á ný. Sama dag tóku nýjar reglur Seðlabankans um gjaldeyrismarkað gildi.

Hinn 4. desember lækkaði alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's lánshæfiseinkunn Ríkissjóðs Íslands fyrir erlendar og innlendar skuldbindingar í Baa1 úr A1 eða um 4 þrep. Lánshæfiseinkunnin fyrir skammtímaskuldbindingar var lækkuð í P-2 úr P-1 eða um eitt þrep. Horfur voru áfram neikvæðar. Samhliða þessari tilkynningu kom fram að með þessari lækkun hefði matsfyrirtækið lokið skoðun sinni (e. review) frá 8. október sl. en þá var tilkynnt að lánshæfismatið gæti hugsanlega lækkað.

Hinn 5. desember heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að leiða til lykta samninga um fjárhagslega aðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Hinn 5. desember samþykkti Alþingi breytingu á lögum um húsnæðismál. Samkvæmt lögnum er nú heimilt að lengja lánstíma lána vegna greiðsluferðleika í allt að 30 ár í stað 15 ára og hámarkslánstími hjá Íbúðalánasjóði er lengdur úr 55 árum í 70 ár.

Hinn 6. desember veitti Héraðsdómur Reykjavíkur Landsbanka Íslands hf. heimild til greiðslustöðvunar.

Hinn 11. desember voru samþykkt lög um 12,5% hækkun áfengis- og tóbaksgjalds, olíu- og kílómetragjalds auk bifreiðagjalda og vörugjalda.

Hinn 12. desember samþykkti Alþingi lög um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna árið 2008. Samkvæmt lögnum er sérstakri rannsóknarnefnd falið að leita sannleikans um aðdraganda og orsök falls bankanna og tengdra atburða. Þá skal hún leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni, og hverjir kunni að bera ábyrgð á því.

Hinn 12. desember tóku gildi lög um embætti sérstaks saksóknara. Í lögnum er kveðið á um að sett skuli á stofn embætti sérstaks saksóknara til að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda, tengslum við og kjölfar atburða er leiddu til setningar laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., og þess ástands sem þá skapaðist á fjármálamarkaði, hvort sem það tengist starfsemi fjármálafyrirtækja, annarra lögaðila eða einstaklinga, og eftir atvikum fylgja rannsókn eftir með saksókn.

Hinn 12. desember var tollalögum breytt þannig að allt landið verður eitt tollumdæmi.

Hinn 17. desember ákvað bankastjórn Seðlabanka Íslands að auka bilið milli hæstu og lægstu vaxta bankans. Stýrivextir bankans voru óbreyttir.

Hinn 18. desember samþykkti Alþingi breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu. Í lögnum eru gerðar breytingar á ákvæðum 6. gr. laganna um dráttarvexti þess efnis að dráttarvextir miðist framvegis við 7% álag ofan á algengustu skammtímalán Seðlabankans til lánastofnana. Þá hefur heimild Seðlabankans til að ákveða annað vanefndaálag jafnframt verið felld brott. Með lagabreytingunni má gera ráð fyrir að dráttarvextir lækki um 4% frá því sem annars væri. Dráttarvextir verða auk þess framvegis ákveðnir mánaðarlega í stað tvisvar á ári.

Hinn 18. desember samþykkti Alþingi breytingu á lögum um ársreikninga til að heimila fyrirtækjum að sækja um heimild til að færa ársreikninga árána 2008 og 2009 í erlendum gjaldmiðli.

Hinn 18. desember samþykkti Alþingi að nýta aðlögunarheimildir aðildarsamnings EES frá árinu 2007 um aðgengi ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu að íslenskum vinnumarkaði þar til 1. janúar 2012.

Hinn 18. desember lauk sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fjögurra daga heimsókn til Íslands. Tilgangur heimsóknarinnar var að kanna stöðu og horfur í efnahagsmálum. Heimsóknin tengdist þeirri lánafyrirgreiðslu sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn veitti íslenskum stjórnvöldum 19. nóvember. Sendinefndin átti fundi með stjórnvöldum, þingmönnum og ýmsum hagsmunaaðilum.

Hinn 19. desember tilkynnti skilanevnd Landsbanka Íslands að Kepler Capital Markets hafi verið selt stjórnendum og starfsmönnum Kepler.

Hinn 20. desember samþykkti Alþingi lög um aðgerðir í ríkisfjármálum. Tekjuskattur einstaklinga var hækkaður úr 22,75% í 24,1% og hámarksútsvar úr 13,03% í 13,28%, sóknargjöld, sjómannaafsláttur, hámarksfæðingarorlof, barnabætur og greiðslur samkvæmt búvörusamningum voru lækkuð miðað við fyrri viðmiðanir og kostnaður ríkisins við lífeyristryggingar og vistun aldraðra lækkaður með því að auka vægi fjármagnstekna við útreikning bóta og kostnaðarþátttöku.

Hinn 22. desember samþykkti Alþingi breytingu á lögum um lífeyrissjóði sem rýmkuðu heimildir til að taka út sér eignarsparnað, afnámu hámarksaldur fyrir lífeyristöku og rýmkuðu heimildir lífeyrissjóða til að kaupa óskráð verðbréf.

Hinn 22. desember voru samþykkt á Alþingi fjárukalög fyrir árið 2008. Í fjárukalögum er gert ráð fyrir 6 ma.kr. halla en í upphaflegum fjárlögum var gert ráð fyrir 39 ma.kr. afgangi.

Hinn 22. desember voru samþykkt á Alþingi fjárlög fyrir árið 2009. Tekjur eru taldar lækka um 19,5% á föstu verði miðað við fjárukalög 2008 en gjöld hækka um 10,5%. Flestir tekjuliðir lækka verulega vegna samdráttarins en útgjaldaaukinn á föstu verðlagi er fyrst og fremst í vaxtagjöldum. Gjöld án vaxta hækka um 0–0,5% að raungildi.

Hinn 29. desember gaf félags- og tryggingamálaráðherra út reglugerðir um hækkun bóta, styrkja og frítekjumarks árið 2009 og nam hækkunin 9,6%. Lágmarksframfærsluþrygging lífeyrisþega hækkaði um 20%.

Hinn 31. desember tilkynnti fjármálaráðuneytið að staðgreiðsluhlutfall tekjuskatts og útsvars yrði 37,2% á árinu 2009 í stað 35,72% árið 2008 en persónuafsláttur hækkaði um 24% og skattleysismörk um 19%. Meðalútsvar hækkaði úr 12,97% í 13,1% og tekjuskattshlutfall úr 22,75% í 24,1%.

Annáll efnahags- og peningamála 2009

Janúar

Hinn 1. janúar var starfsemi flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli og flugstöðvar Leifs Eiríkssonar sameinuð sem opinbera hlutafélagið Keflavíkurflugvöllur ohf.

Hinn 2. janúar var skráningu vísitölu gengisskráningar hætt. Í stað þess var vísitala meðalgengis með þröngri viðskiptavog endurreiknuð þannig að 2. janúar taki hún sama gildi og vísitala gengisskráningar.

Hinn 6. janúar lýsti ríkisstjórnin yfir að hún hygðist kanna til þrautar möguleika á að leita réttar Íslendinga fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu vegna beitingar breskra stjórnvalda á svonefndum hryðjuverkalögum frá árinu 2001 gegn Landsbankanum á síðasta ári. Ríkisstjórnin itrekaði jafnframt að hún myndi styðja við málsókn skilanevndar Kaupþings vegna framgöngu breska fjármálaeftirlitsins gegn Singer & Friedlander, dótturfyrirtæki Kaupþings, hinn 8. október 2008. Ríkisstjórnin mun einnig styðja við málsókn skilanevndar Landsbankans í hugsanlegum málaferlum gegn breskum stjórnvöldum.

Hinn 8. janúar tilkynnti alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið Fitch Ratings að það hefði staðfest einkunnir Kaupþings banka hf. (gamla Kaupþings), Landsbanka Íslands hf. (gamla Landsbanka Íslands) og Glitnis hf. (gamla Glitnis). Einkunnir fyrir skammtíma- og langtímaskuldbindingar voru staðfestar sem D, stuðningseinkunn 5 og óháð einkunn F. Fyrirtækið tilkynnti við sama tækifæri að það hefði hætt mati á bönkunum.

Hinn 23. janúar birti matsfyrirtækið Moody's árlega skýrslu um lánshæfi Ríkissjóðs Íslands. Fram kom í skýrslunni að fyrirtækið teldi enn að Ríkissjóður Íslands væri í fjárfestingarflokki, þrátt fyrir efnahags- og fjármálaáfall og þær áskoranir sem efnahagurinn stendur frammi fyrir. Hins vegar voru horfur um lánshæfiseinkunnina Baa1 áfram metnar neikvæðar, þar sem fyrirtækið telur að efnahagshorfur séu háðar óvissu og gætu breyst fyrirvaralítið.

Hinn 26. janúar var ríkisstjórnarsamstarfi Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar slitið. Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar-græns framboðs tók við stjórnartaumunum hinn 1. febrúar undir forsæti Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hinn 28. janúar birti fjármálaráðuneytið mat á eigna- og skuldastöðu ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að heildarskuldir ríkissjóðs aukist um rúmlega 400 ma.kr. á árinu 2009 auk þess sem ríkissjóður mun ábyrgjast skuldir vegna Icesave/Edge og lán IMF o.fl. til Seðlabanka Íslands upp á tæplega 1.300 ma.kr. Gert er ráð fyrir að skuldir ríkissjóðs nemi tæpum 1.100 ma.kr. í lok ársins 2009. Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 verður halli ríkissjóðs á árinu 150 ma.kr.

Hinn 29. janúar ákvað bankastjórn Seðlabanka Íslands að halda stýrivöxtum óbreyttum í 18%.

Febrúar

Hinn 3. febrúar felldi heilbrigðisráðherra niður komugjöld sjúklinga á sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir. Fyrri reglugerð sem var sett hinn 29. desember 2008 var afnumin.

Hinn 9. febrúar tilkynnti alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið Moody's Investors Service að það hefði lækkað einkunn Kaupþings banka hf. (gamla Kaupþings) fyrir langtímaskuldbindingar í C úr Caa1. Einkunnir fyrir skammtímaskuldbindingar eru áfram metnar sem „Not Prime“ og einkunn fyrir fjárhagslegan styrkleika er E.

Hinn 11. febrúar tilkynnti alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið Moody's Investors Service að það hefði lækkað einkunn Glitnis banka hf. (gamla Glitnis) fyrir langtímaskuldbindingar í C úr Caa1. Einkunnir fyrir skammtímaskuldbindingar eru áfram metnar sem „Not Prime“ og einkunn fyrir fjárhagslegan styrkleika er E.

Hinn 12. febrúar birti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn stöðuskýrslu (e. Iceland-SBA-Review Under the Emergency Financing Mechanism) er fjallaði um gang efnahagsáætlunar Ríkisstjórnar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Umsögnin var liður í þeirri lánafyrirgreiðslu sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn veitti íslenskum stjórnvöldum 19. nóvember sl. Skýrslan var samin eftir heimsókn sendinevndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins dagana 15.–19. desember 2008.

Hinn 19. febrúar framlengdi Héraðsdómur Reykjavíkur heimild Kaupþings banka hf. og Glitnis banka hf. til greiðslustöðvunar til 13. nóvember 2009.

Hinn 25. febrúar gerðu ASÍ og SA samkomulag um frestun umsaminna launahækkana sem taka áttu gildi 1. mars og frestun ákvörðunar um endurskoðun kjarasamninga um allt að fjóra mánuði. Þrátt fyrir frestun almennra launahækkana var í samkomulaginu ákvæði um að lágmarkslaun hækki í 157 þúsund kr. og að nokkur önnur ákvæði samninganna kæmu til framkvæmda, m.a. lenging orlofs.

Hinn 26. febrúar samþykkti Alþingi breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands. Lögin fela í sér að í stað bankastjórnar sem skipuð er þremur bankastjórum verður einn seðlabankastjóri og einn aðstoðarseðlabankastjóri. Þeir verða skipaðir að undangenginni auglýsingu og eru gerðar kröfur um að umsækjendur hafi lokið meistaraáráðu í hagfræði eða tengdum greinum og búi yfir víðtækri reynslu og þekkingu af peningamálum. Ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans í peningamálum verða framvegis teknar af peningastefnunefnd en stjórn bankans er að öðru leyti í höndum seðlabankastjóra. Stjórnækja bankans teljast í þessu sambandi vera vaxtaákvæðanir hans, tiltekin viðskipti við lánastofnanir, ákvörðun bindiskyldu og viðskipti á gjaldeyrismarkaði sem hafa það að markmiði að hafa áhrif á gengi krónunnar. Við gildistöku laganna er bankastjórn Seðlabanka Íslands lögð niður og þar með embætti þriggja bankastjóra sem eiga sæti í stjórninni.

Hinn 27. febrúar setti forsætisráðherra Svein Harald Øygard tímabundið í embætti seðlabankastjóra og Arnór Sighvatsson tímabundið í embætti aðstoðarseðlabankastjóra, samkvæmt nýjum lögum um Seðlabanka Íslands. Þeir munu gegna embætti þar til að forsætisráðherra hefur skipað í stöðurnar á grundvelli auglýsinga samkvæmt ákvæðum laganna.

Mars

Hinn 3. mars framlengdi Héraðsdómur Reykjavíkur heimild Landsbanka Íslands hf. til greiðslustöðvunar til 26. nóvember 2009.

Hinn 3. mars ákvað seðlabankastjóri að Þórarinn G. Pétursson, starfandi aðalhafnisskráningur Seðlabanka Íslands, skuli sitja í peningastefnunefnd. Í nefndinni sitja einnig Svein Harald Øygard seðlabankastjóri, sem er formaður nefndarinnar, og Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri. Sama dag skipaði forsætisráðherra tvo utanaðkomandi fulltrúa í peningastefnunefndina, dr. Gylfa Zoega og dr. Anne Sibert.

Hinn 5. mars samþykkti Alþingi að afnema lög frá 2003 um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara. Verða eftirlaunakjör þeirra framvegis hliðstæð og hjá öðrum opinberum starfsmönnum.

Hinn 6. mars samþykkti Alþingi lög sem kveða á um 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði á byggingarstað á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. júlí 2010.

Hinn 9. mars tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði gripið inn í rekstur Straums-Burðaráss Fjárfestingarbanka hf. á grundvelli heimildar 100. gr. a í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið skipaði skilaneftnd sem tók við öllum heimildum stjórnar Straums.

Hinn 9. mars tilkynnti alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið Fitch Ratings að það hefði lækkað einkunn Straums fyrir langtímaskuldbindingar og skammtímaskuldbindingar í D úr B. Fyrirtækið hefur hætt mati á Straumi.

Hinn 10. mars tilkynnti alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið Moody's Investors Service að það hefði lækkað einkunn Landsbanka Íslands hf. (gamla Landsbanka Íslands) fyrir langtímaskuldbindingar í C úr Caa1. Einkunnir fyrir skammtímaskuldbindingar eru áfram metnar sem „Not Prime“ og einkunn fyrir fjárhagslegan styrkleika er E. Moody's tilkynnti um leið að það hefði hætt mati á bankanum.

Hinn 10. mars samþykkti Alþingi að heimila eigendum séreignarsparnaðar að taka út allt að 1 m.kr. á níu mánaða tímabili. Heimildin nær til umsókna sem lagðar verða fram á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010.

Hinn 13. mars lauk sendineftnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fimmtán daga heimsókn til Íslands. Tilgangur heimsóknarinnar var að meta stöðu efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Heimsóknin tengdist

2,1 ma. Bandaríkjadala lánaþyrirgreiðslu sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn veitti íslenskum stjórnvöldum 19. nóvember. Sendinefndin átti fundi með stjórnvöldum, þingmönnum og fulltrúum atvinnulífsins og verkálfélaganna.

Hinn 17. mars samþykkti Alþingi breytingar á lögum um verðbréfavíðskipti sem m.a. lækkuðu mörk yfirtökuskyldu úr 40% eignarhlut í 33% og heimilaði að fallast á í einstökum tilvikum að eignarhlutur geti aukist upp fyrir yfirtökumörk án þess að yfirtökuskylda myndist.

Hinn 17. mars samþykkti Alþingi lagabreytingu sem heimilar Fjármálaeftirlitinu að birta niðurstöður athugana sinna nema í undantekningartilvikum.

Hinn 19. mars ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að lækka stýrivexti um 1,0 prósentu í 17%.

Hinn 19. mars veitti Héraðsdómur Reykjavíkur Straumi-Burðarás Fjárfestingarbanka hf. heimild til greiðslustöðvunar.

Hinn 21. mars tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði gripið inn í rekstur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. (SPRON) á grundvelli heimildar 100. gr. a í lögum nr. 161/2002 um fjármálaþyrirtæki. Fjármálaeftirlitið skipaði skilanefnd sem tók við öllum heimildum stjórnar SPRON.

Hinn 21. mars tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði gripið inn í rekstur Sparisjóðabanka Íslands hf. á grundvelli heimildar 100. gr. a í lögum nr. 161/2002 um fjármálaþyrirtæki.

Hinn 23. mars veitti Héraðsdómur Reykjavíkur Sparisjóðabanka Íslands hf. heimild til greiðslustöðvunar.

Hinn 26. mars var tilkynnt um lánaþyrirgreiðslu ríkisins við VBS Fjárfestingarbanka og Saga Capital vegna skulda sem ríkissjóður yfirtók frá Seðlabankanum. Bankarnir fá verðtryggt lán til sjö ára á 2% vöxtum. Lántakan er háð ýmsum öryggisskilmálum.

Hinn 27. mars tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði á grundvelli heimildar 100. gr. a í lögum nr. 161/2002 skipað skilanefnd í Sparisjóðabanka Íslands hf. Skilanefndin tók við öllum heimildum stjórnar Sparisjóðabankans.

Hinn 30. mars var skýrsla Kaarlos Jännäris, finnsks bankasérfræðings, um reglur og eftirlit með bankastarfsemi kynnt. Í skýrslunni eru ýmsar ábendingar og tillögur og skipaði ríkisstjórnin vinnuhóp til að vinna úr þeim ábendingum.

Hinn 30. mars samþykkti Alþingi breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. þar sem fjallað er um úrræði (greiðslu-aðlögun) fyrir einstaklinga sem glíma við verulegan fjárhagsvanda. Samkvæmt lögum þessum getur einstaklingur leitað nauðasamnings til greiðslu-aðlögunar ef hann sýnir fram á að hann sé og verði um fyrirséða framtíð ófær um að standa í skilum með skuldbindingar sínar. Kveða má á um algera eftirgjöf samningskrafna, hlutfallslega lækun þeirra, gjaldfrest á þeim, greiðslu þeirra með hlutdeild í afborgunarfrjárhæð í einu lagi eða með ákveðnu millibili á nánar tilteknu tímabili, breytt form á greiðslu þeirra eða fernt það síðastnefnda í senn.

Hinn 30. mars samþykkti Alþingi lög um ábyrgðarmenn sem kveða m.a. á um upplýsingaskyldu til verðandi ábyrgðarmanns og að fasteign ábyrgðarmanns sé undanskilin í uppgjöri ef ábyrgðin fellur á hann.

Hinn 31. mars samþykkti Alþingi að herða lagaákvæði um gjaldeyrishömlur með breytingum á tollalögum og lögum um gjaldeyrismál. Nýju bráðabirgðaákvæði var bætt við lög um gjaldeyrismál sem kveður á um að útflutningsviðskipti vöru og þjónustu skuli fara fram í erlendum gjaldmiðli. Breytingin á tollalögum felur í sér að á útflutningsskýrslu skuli viðskiptaverð vöru skráð í erlendum gjaldmiðli og að við skráningu skuli miðað við þann gjaldmiðil sem fram kemur á sölureikningi útflytjanda, þó ekki íslenskar krónur.

Apríl

Hinn 3. apríl tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði gripið inn í rekstur Sparisjóðs Mýrasýslu á grundvelli heimildar 100. gr. a í lögum nr. 161/2002 um fjármálaþyrirtæki, að beiðni sparisjóðsins. Ráðstöfun eigna og skulda sparisjóðsins var í samræmi við kaupsamning við Nýja Kaupþing hf. og samkomulag stærstu kröfuhafa sparisjóðsins.

Hinn 8. apríl ákvað peningastefnunefnd Seðlabankans að lækka veðlánavexti um 1,5 prósentur í 15,5%. Aðrir vextir bankans voru einnig lækkaðir í sama mæli.

Hinn 8. apríl var kynnt samkomulag milli viðskiptaráðuneytisins og lánaþyrirtækja sem lána í erlendum gjaldmiðlum, um að einstaklingum yrði boðið upp á sams konar greiðslujöfnun vegna gengistryggðra fasteignaveðlána og veitt er vegna verðtryggðra lána.

Hinn 15. apríl samþykkti Alþingi lög nr. 46/2009 um breytingar á lögum um tekjuskatt í því skyni að i) aðilar sem hafa vaxtatekjur hér á landi beri af þeim skattskyldu, ii) eftirgjöf skulda samkvæmt nauðasamningum um greiðsluaðlögun teljist ekki til tekna, iii) tekið verði upp ákvæði um skattlagningu innlendra aðila sem eiga félög sem eru heimilisföst í lágs kattaríkjum.

Hinn 15. apríl samþykkti Alþingi lög nr. 44/2009 um breytingar á lögum um fjármálastofnanir að því er varðar, afhendingu fjármálaþyrirtækis til bráðabirgðastjórnar, skilyrði og upphaf slitameðferðar,

Hinn 15. apríl samþykkti Alþingi lög nr. 45/2009 um hækkun vaxtabóta. Hækkun á árinu 2009 var talin nema um 2 ma.kr.

Hinn 15. apríl samþykkti Alþingi lög nr. 50/2009 um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðlána á íbúðarhúsnæði, sem veita má skuldara í allt að fimm ár.

Hinn 17. apríl samþykkti Alþingi lög nr. 51/2009 sem heimila iðnaðarráðherra að semja við væntanlega eigendur um byggingu álvers í Helguvík. M.a. kveða lögin svo á að rekstur versins verði undanþeginn hugsanlegum íþyngjandi breytingum á meginþáttum laga um tekjuskatt.

Hinn 18. apríl voru kynntir samningar milli landbúnaðarráðherra og Bændasamtakanna um framkvæmd búvörusamninga næstu misserin. Samkvæmt samningunum munu greiðslur hækka um 2% árið 2010 eins og árið 2011 en þá munu greiðslur jafnframt hækka um helming uppsafnaðra vanefnda á upphaflegum samningum, þó ekki meira en 5% alls. Árið 2012 hækka greiðslur upp í það sem tilskilið er í gildandi búvörusamningum, þó ekki meira en 5%.

Hinn 22. apríl tilkynnti Fjármálaeftirlitið að Deloitte LLP hefði lokið verðmati eigna sem fluttar voru út úr gömlu bönkunum til að mynda efnahag Nýja Kaupþings banka, NBI og Íslandsbanka. Samhliða því hefði ráðgjafarþyrirtækið Oliver Wyman lokið úttekt á verðmatinu.

Hinn 24. apríl tilkynnti Samkeppniseftirlitið að viðskiptabönkum, sparisjóðum, lífeyrissjóðum og Íbúðalánasjóði væri heimilt að beita samræmdum úrræðum til að aðstoða einstaklinga sem skulda fasteignaveðlán og eiga í greiðsluerfiðleikum. Slíkt samráð hefði ella getað brotið gegn samkeppnislögum.

Hinn 27. apríl veitti Héraðsdómur Vesturlands Sparisjóði Mýrasýslu heimild til greiðslustöðvunar.

Maí

Hinn 7. maí ákvað peningastefnunefnd Seðlabankans að lækka veðlánavexti um 2,5 prósentur í 13,0%. Vextir daglána lækkuðu einnig um 2,5 prósentur en aðrir vextir bankans um 3 prósentur.

Hinn 10. maí tók ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til starfa.

Hinn 12. maí skipaði Héraðsdómur Reykjavíkur slitastjórn fyrir Straum-Burðarás fjárfestingabanka hf.

Hinn 22. maí skipaði Héraðsdómur Reykjavíkur slitastjórn fyrir Sparisjóðabanka Íslands hf.

Hinn 28. maí samþykkti Alþingi lög nr. 60/2009 um hækkun áfengis- og tóbaksgjalda, eldsneytisgjalda og bifreiðagjalda en lækkun kílómetragjalds nokkuð á móti. Breytingunni var ætlað að skila ríkissjóði 4,4 ma.kr. á ársgrundvelli.

Júní

Hinn 4. júní ákvað peningastefnunefnd að lækka veðlánavexti um 1 prósentu í 12,0%. Vextir daglána lækkuðu einnig um 1 prósentu.

Hinn 5. júní var skrifað undir samninga milli Íslands og Hollands annars vegar og Íslands og Bretlands hins vegar um ábyrgð Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta á Íslandi á innlánnum í útibúum Landsbankans í þessum löndum

og ábyrgð Íslenska ríkisins á fjármögnun Tryggingasjóðsins. Undirskrift af hálfu Íslands var með fyrirvara um staðfestingu Alþingis á ábyrgðinni.

Hinn 24. júní samþykkti Héraðsdómur Reykjavíkur beiðni um skipun slitastjórnar hjá SPRON hf. og Frjálsa fjárfestingarbankanum hf.

Hinn 26. júní skipaði forsætisráðherra Má Guðmundsson seðlabankastjóra frá 20. ágúst og Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóra frá 1. júlí.

Hinn 29. júní samþykkti Alþingi lög nr.70/2009 um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Í þeim fólust m.a. :

- i) hækkun tryggingagjalds um 1,56% af stofni og gjalds í ábyrgðarsjóð launa um 0,1% af launum,
- ii) sérstakur 8% tekjuskattur á einstaklingstekjur umfram 700 þúsund kr. á mánuði, án tillits til tekna maka,
- iii) hækkun fjármagnstekjuskatts úr 10% í 15% á fjármagnstekjur umfram 42 þúsund kr. á mánuði auk þess sem innheimtu var flýtt,
- iv) herðing á tekjutengingu og lækkun frítekjumarks í almannatryggingakerfinu,
- v) lækkun á greiðslum í fæðingarorlofi,
- vi) takmarkanir á greiðslum ríkisins til brotþola og rétti til gjafsóknar,
- vii) niðurfelling greiðslu til Háskóla Íslands sem numið hefur sóknargjöldum fólks utan trúfélaga.

Áætlaðar tekjur af skattabreytingunum voru taldar 17 ma.kr. á heilu ári en 8,6 ma.kr. 2009, ef tryggingagjalda-greiðslur ríkissjóðs til sjálfs sín eru undanskildar. Útgjaldalækkun var áætluð 4,5 ma.kr. á heilu ári en 2,2 ma.kr. á árinu 2009.

Júlí

Hinn 1. júlí var skrifað undir samning milli Íslands annars vegar og Noregs, Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar hins vegar, um 1.775 milljóna evra lán Norðurlandanna fjögurra til Íslands.

Hinn 1. júlí tóku gildi endurskoðaðar reglur um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands, nr. 553 frá 26. júní 2009. Tvær breytingar voru markverðastar. Settar voru strangari reglur um þær tryggingar sem eru hæfar í viðskiptum við Seðlabankann. Hæfar tryggingar í viðskiptum við Seðlabanka Íslands eru nú einkum íbúðabréf íbúðalánasjóðs, ríkisbréf og ríkisvixlar. Einnig eru í nýju reglunum ákvæði sem veita Seðlabankanum viðtækari og skýrari heimildir til að stýra lausu fé á markaði.

Hinn 2. júlí ákvað peningastefnunefnd að halda veðlánavöxtum óbreyttum í 12,0%.

Hinn 3. júlí skipaði Fjármálaeftirlitið þriggja manna bráðabirgðastjórn í Sparisjóði Mýrasýslu á grundvelli 100. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, eins og þeim var breytt með lögum nr. 44/2009.

Hinn 10. júlí var kynnt ákvörðun sjávarútvegsráðherra um aflamark helstu tegunda annarra en uppsjávarfiska fiskveiðiárið 2009-2010. Var leyft að veiða 150 þúsund tonn af þorski, 50 þ.t. af karfa, 63 þ.t. af ýsu og 50 þ.t. af ufsa. Leyfilegur ýsuafli var lækkaður um 30 þ.t. milli ára og þorskafli um 12.500 tonn.

Hinn 10. júlí samþykkti Alþingi lög nr. 75/2009 um stofnun hlutafélags í eigu ríkisins til að stuðla að endurreisn rekstrarhæfra atvinnufyrirtækja.

Hinn 10. júlí samþykkti Alþingi lög nr. 73/2009 um breytingar á lögum um gjaldeyrismál. Breytingarnar styrktu rannsóknarheimildir Fjármálaeftirlitsins og kváðu á um refsingar fyrir milligöngu um gjaldeyrisviðskipti án tilskilinnar heimildar.

Hinn 10. júlí samþykkti Alþingi lög nr. 76/2009 um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki. Með lögnum voru gerðar breytingar á lagaumhverfi sparisjóða. Var m.a. kveðið skýrar á en áður um félagsform þeirra, heimildir til hlutafélaga-væðingar voru afnumdar, reglur um arðgreiðslur einfaldaðar og þrengdar og reglur settar um breytingar á stofnfé.

Hinn 16. júlí samþykkti Alþingi að fela ríkisstjórninni að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Sama dag sendi forsætisráðherra f.h. ríkisstjórnarinnar aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu.

Hinn 20. júlí tilkynnti fjármálaráðuneytið að samkomulag hefði náðst við skilanefndir bankanna Þriggja; Glitnis, Kaupþings og Landsbanka Íslands um fjármögnun og uppgjör eigna. Samkomulagið fól í sér að skilanefndir Glitnis og Kaupþings ættu möguleika á að eignast meirihluta hlutfjár í Íslandsbanka og Nýja Kaupþingi en í tilviki Landsbankans sneri samkomulagið að fyrirkomulagi áframhaldandi samningaviðræðna. Allir samningar voru gerðir með fyrirvara um lokaákvæðanir skilanefndanna sem yrðu teknar að loknu samráði við kröfuhafa. Einnig er fyrirvari um samþykki Fjármálaeftirlitsins sem skera þarf úr um hvort það sem gert er samrýmist kröfum um fjármögnun, styrk bankanna og stöðu eigna á hverjum tíma.

Ágúst

Hinn 5. ágúst kynnti Seðlabankinn áætlun um afléttingu gjaldeyrishafta í áföngum. Í fyrsta áfanga yrði losað um innstreymi lánsfjár og fjárfestingar. Eignum sem þannig kæmu inn í landið yrði tryggð heimild til brottflutnings með skráningu hjá Seðlabankanum. Í seinni áföngum yrði hömlum létt af útstreymi fjár, fyrst af langtímaskuldbindingum en seinna af eignum til skemmri tíma.

Hinn 11. ágúst var á Alþingi kjörið nýtt bankaráð að viðhafri hlutfallskosningu, skv. 26. gr. laga nr. 36 frá 22. maí 2001, um Seðlabanka Íslands. Aðalmenn voru kosnir: Lára V. Júlíusdóttir, Ragnar Arnalds, Ágúst Einarsson, Hildur Traustadóttir, Ragnar Árnason, Magnús Árni Skúlason og Katrín Olga Jóhannesdóttir. Varamenn voru kosnir: Margrét Kristmannsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Björn Herbert Guðbjörnsson, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Birgir Þór Runólfsson, Ingibjörg Ingadóttir og Friðrik Már Baldursson. Á fyrsta fundi bankaráðsins var Lára Júlíusdóttir kjörin formaður og Ragnar Arnalds varaformaður. Daniel Gros var kosinn til að taka sæti Magnúsar Árna Skúlasonar hinn 15. október 2009.

Hinn 11. ágúst samþykkti Alþingi lög nr. 88/2009 um bankasýslu ríkisins, ríkisstofnun sem ætlað er að fara með hlut ríkisins í fjármálaþjónustum.

Hinn 13. ágúst ákvað peningastefnunefnd að halda veðlánavöxtum óbreyttum í 12,0%.

Hinn 14. ágúst tilkynnti fjármálaráðuneytið að fjármögnun Íslandsbanka og Nýja Kaupþings af hálfu ríkisstjórnar Íslands hefði verið tryggð. Hún var samþykkt á hlutahafafundum og í samræmi við fyrirætlanir sem greint hafði verið frá 20. júlí. Eigið fé bankanna var lagt fram í formi ríkisskuldabréfa og samsvaraði u.þ.b. 12% eiginfjárlutfalli.

Hinn 28. ágúst samþykkti Alþingi lög nr. 98/2009 um breytingar á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands. M.a. flytjast verkefni tengd efnahagsstjórn frá forsætis- og fjármálaráðuneytum til efnahags- og viðskiptaráðuneytis, þar með talin yfirumsjón með Hagstofu Íslands og Seðlabanka Íslands. Neytendamál og fasteignaskráning flytjast til dóms- og mannréttindaráðuneytis, en eignarhald á þeim ríkisjörðum og opinberum fyrirtækjum sem hafa verið vistuð annars staðar, flyst til fjármálaráðuneytisins.

Hinn 28. ágúst samþykkti Alþingi lög nr. 96/2009 um heimild til fjármálaráðherra til að veita ábyrgð á skuldbindingum Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta vegna Icesave-reikninga Landsbankans í Hollandi og Bretlandi. Heimildinni fylgdu fyrirvarar, þeir helstir að umsamin skilyrði frá 14. nóv. 2008, svonefnd Brussel-skilyrði um tillit til sérstakra aðstæðna á Íslandi giltu um samninginn, að eignir ríkisins nytu friðhelgi samkvæmt þjóðarétti og að árlegar greiðslur til Bretlands yrðu í mesta lagi 4% af uppsöfnuðum hagvexti frá 2008 en 2% til Hollands.

September

Hinn 3. september birti Fitch Ratings lánsþæfismat fyrir Ísland. Einkunnir eru óbreyttar frá október 2008, A- fyrir innlendar lántökur, BBB- fyrir erlendar langtímalántökur og F3 fyrir erlendar skammtímalántökur. Horfur eru áfram taldar neikvæðar. Innlenda einkunnin er hærrí en sú erlenda vegna þess að innlendir skuldabréfamarkaður er álitinn tiltölulega styrkur.

Hinn 4. september tilkynnti fjármálaráðuneytið að íslensk stjórnvöld og skilanefnd Kaupþings hefðu undirritað samning um uppgjör vegna eigna sem færðar voru úr Kaupþingi yfir í Nýja Kaupþing í október 2008. Er hann í samræmi við samkomulag sem kynnt var 20. júlí 2009. Eins og tilkynnt var þann 14. ágúst, veitti ríkissjóður Nýja Kaupþingi eigið fé í formi ríkisskuldabréfa upp á 72 milljarða króna sem samsvarar u.þ.b. 12% eiginfjárlutfalli. Samningurinn

fól í sér, líkt og tilkynnt var þann 20. júlí, að skilanevnd Kaupþings, að undangengnu samráði við kröfuhafa, eignaðist 87% hlutafjár í Nýja Kaupþingi. Þar með yrði hlutur íslenska ríkisins 13% og stór hluti eiginfjárframlags þess gengi til baka. Nýti kröfuhafar sér ekki þennan kost nú mun íslenska ríkið áfram verða eigandi bankans en kröfuhafar munu þó hafa kauprétt á allt að 90% hlutafjár í bankanum á árunum 2011 til 2015 á kjörum sem tryggja ríkinu eðlilegt endurgjald fyrir fjárfestingu sína í bankanum.

Hinn 13. september tilkynnti fjármálaráðuneytið að íslensk stjórnvöld og skilanevnd Glitnis hefðu undirritað samning um uppgjör vegna eigna sem færðar voru úr Glitni yfir í Íslandsbanka í október 2008 og í samræmi við samkomulag sem kynnt var 20. júlí 2009. Eins og tilkynnt var þann 14. ágúst 2009 veitti ríkissjóður Íslandsbanka eigið fé í formi ríkisskuldabréfa að fjárhæð 65 ma.kr. sem samsvarar u.þ.b. 12% eiginfjárhlutfalli. Samningurinn fóll í sér að skilanevnd Glitnis, að undangengnu samráði við kröfuhafa, hefði kost á því að eignast 95% hlutafjár í Íslandsbanka. Þar með yrði hlutur íslenska ríkisins 5% og stór hluti eiginfjárframlags þess gengi til baka, en ríkið mun þó áfram veita bankanum stuðning með eignarhlut sínum og 25 ma.kr. í formi víkjandi láns. Nýti kröfuhafar sér ekki þennan kost mun íslenska ríkið áfram verða eigandi bankans. Greiðsla vegna yfirfærðra eigna verður þá í formi skuldabréfs sem Íslandsbanki gefur út. Að auki munu kröfuhafar fá forkaupsrétt að allt að 90% hlutafjár í bankanum á árunum 2011 til 2015 á kjörum sem tryggja ríkinu eðlilegt endurgjald fyrir fjárfestingu sína í bankanum.

Hinn 24. september ákvað peningastefnunefnd að veðlánavextir yrðu óbreyttir 12% og að vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana yrðu óbreyttir 9,5%. Vextir daglána voru lækkaðir um 1,5 prósentur í 14,5%. Nefndin ákvað einnig að efnt verði til útboða innstæðubréfa til 28 daga með 9,5% lágmarksvöxtum og 10% hámarksvöxtum. Fyrsta útboðið var haldið 30. september.

Október

Hinn 1. október veitti Héraðsdómur Vesturlands Sparisjóði Mýrasýslu heimild til að leita nauðasamninga.

Hinn 1. október veitti Fjármálaeftirlitið Íslandsbanka hf. og SAT eignarhaldsfélagi hf. heimild til að fara með virkan eignarhlut í SA tryggingum hf. Hluthafar SA trygginga hf. eru tveir, Íslandsbanki hf. með 9,3% hlutafjár og SAT eignarhaldsfélag hf. með jafngildi 90,7% hlutafjár. SAT eignarhaldsfélag hf. er að fullu í eigu Glitnis banka hf. SA tryggingar yfirtóku tryggingarekstur Sjóvár-Almennra 21. september.

Hinn 4. október var undirritaður samningur um lántöku ríkissjóðs í Póllandi sem nam 630 milljónum pólskra zlota eða um 200 milljónum Bandaríkjadala. Lánið er til 12 ára, afborgunarlaust fyrstu fimm árin en greiðist upp á árunum 2015-22. Vextir eru 2% ofan á vexti samsvarandi pólskra ríkisskuldabréfa.

Hinn 12. október undirrituðu íslensk stjórnvöld, skilanevnd Landsbanka Íslands hf. og Landsbankinn (NBI hf.) samkomulag um uppgjör á eignum og skuldum gamla Landsbankans.

Hinn 15. október tilkynntu fjármálaráðuneytið, Íslandsbanki og skilanevnd Glitnis að skilanevndin, fyrir hönd kröfuhafa, hafi ákveðið að nýta sér ákvæði í samningi við íslenska ríkið og eignast 95% hlutafjár í Íslandsbanka.

Hinn 18. október lauk samningaviðræðum um Icesave, þeim sem hófust eftir að Alþingi samþykkti hinn 28. ágúst 2009 ríkisábyrgð á skuldbindingum Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta með fyrirvörum.

Hinn 22. október skiluðu íslensk stjórnvöld til framkvæmdastjórnar ESB svörum við 2600 spurninga lista sem lagður var fram vegna aðildarumsóknar Íslands.

Hinn 27. október tók Bankasýsla ríkisins við eigandahlutverki í viðskiptabönkunum þremur, en lúkning samninga verður áfram á hendi fjármálaráðherra. Bankasýsla ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 88/2009 og er ætlað að fara með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Bankasýslan skal hafa lokið störfum eigi síðar en 5 árum eftir að hún var sett á fót.

Hinn 28. október samþykkti framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) fyrstu endurskoðun á efnahagsáætlun íslenskra stjórnvalda. Með því varð heimilt að afgreiða næsta hluta lána AGS til Íslands að fjárhæð 167,5 milljónir

Bandaríkjadala (21 ma.kr.). Í kjölfarið gátu íslensk stjórnvöld dregið á norrænu viðbótarlánin að fjárhæð 300 milljónir evra. Að ósk íslenskra stjórnvalda, vegna tafa á áætluninni, var einnig samþykkt að framlengja lánafyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um sex mánuði eða til 31. maí 2011. Verða útgreiðslur lánsins lagaðar að þeirri breytingu.

Hinn 28. október ákváðu Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins að nýta ekki uppsagnarákvæði kjarasamninga á almennum markaði. Kjarasamningar gilda því til loka nóvember árið 2010 með umsömdum launabreytingum 1. nóvember 2009 og 1. júní 2010.

Hinn 31. október skrifaði félagsmálaráðherra undir samning við helstu lánastofnanir um sjálfvirka greiðslujöfnun og þriggja ára hámarks lengingu verðtryggðra fasteignalána. Lög þessa efnis höfðu verið samþykkt af Alþingi hinn 23. október. Auk þess var samið um að þessi úrræði stæðu einnig til boða vegna gengistryggðra fasteignalána og verðeða gengistryggðra bílálána að ósk skuldara, væru lánin í skilum.

Viðmiðunartími greiðslujöfnunar verðtryggðra lána er janúar 2008, en 2. maí 2008 fyrir gengistryggð lán. Lántökudagur gildir þó ef lán var tekið eftir þessar dagsetningar.

Hinn 31. október tilkynnti Seðlabanki Íslands um fyrsta skrefið í afnámi gjaldeyrishafta. Heimilað var innstreymi erlends gjaldeyris til nýfjárfestingar og útstreymi gjaldeyris sem kann að leiða af því í framtíðinni. Fjárfestar mega því án takmarkana skipta aftur í erlendan gjaldeyri söluandvirði eigna sem þeir fjárfesta í eftir 1. nóvember 2009. Auk þessa voru gerðar ýmsar tæknilegar breytingar á gjaldeyrishöftunum til að draga úr undanskotum og liðka framkvæmdina.

Nóvember

Hinn 5. nóvember ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að lækka vexti á viðskiptareikningum innlánsstofnana um 0,5 prósentur í 9%. Hámarksfjárhæð í vikulegum útboðum innstæðubréfa til 28 daga var aukin úr 25 ma.kr. í 30 ma.kr., með 9,5% lágmarksvöxtum og 10,25% hámarksvöxtum. Í því fólst 0,25 prósentna hækkun hámarksvaxta. Vextir á lánum gegn veði til sjö daga voru lækkaðir úr 12% í 11% og daglánavextir úr 14,5% í 13%.

Hinn 6. nóvember samþykkti Alþingi breytingar á lögum um nauðungarsölu nr. 90/1991, sem fresta ákvörðun um lokasölu á íbúðarhúsnæði fram yfir 28. febrúar 2010 að uppfylltum skilyrðum laganna og að ósk skuldara.

Hinn 11. nóvember lækkaði matsfyrirtækið Moody's lánshæfiseinkunnir Ríkissjóðs Íslands fyrir langtímaskuldbindingar í erlendri og innlendri mynt úr Baa1 í Baa3 og skammtímaeinkunnir í P-3 úr P-2. Horfunum fyrir allar einkunnir var breytt úr neikvæðum í stöðugar.

Desember

Hinn 1. desember ákvað skilanefnd Kaupþings að höfðu samráði við kröfuhafa og að teknu tilliti til ráðgjafar sérfræðinga að Kaupþing og þar með kröfuhafar myndu eignast 87% hlutfjár í Arion banka. 13% hlutfjár verða áfram í eigu ríkisins. Við fjármögnun bankans skuldbatt ríkið sig til að leggja bankanum til 72 ma.kr. í eigið fé. Í samkomulaginu felst að skilanefnd Kaupþings leggur fram 66 ma.kr. í stað ríkisins.

Hinn 4. desember greindi Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) frá bráðabirgðaniðurstöðu vegna kvörtunar hóps almennra kröfuhafa á hendur gömlu bönkunum vegna neyðarlaganna nr. 125/2008. Bráðabirgðaniðurstaðan var að ákvæði laganna, einkum varðandi forgang sem innstæðum var veittur og ráðstafanir íslenskra stjórnvalda á grundvelli laganna, samræmist EES-samningnum og öðrum lagalegum skilyrðum. ESA benti á að önnur úrræði hafi ekki verið til að sporna við algjöru hruni efnahagslífsins á Íslandi.

Hinn 10. desember ákvað peningastefnunefnd Seðlabankans að lækka vexti á viðskiptareikningum innlánsstofnana um 0,5 prósentur í 8,5%. Bankinn mun áfram bjóða út innstæðubréf til 28 daga með 9,75% hámarksvöxtum en þeir voru áður 10,25%. Vextir á sjö daga veðlánnum voru lækkaðir úr 11% í 10% og daglánavextir úr 12,5% í 11,5%.

Dagana 1. til 14. desember heimsótti sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins Ísland. Sendinefndin var undir forystu Mark Flanagans.

Hinn 15. desember samþykkti Alþingi fjárukalög fyrir árið 2009. Tekjur ríkissjóðs hækka um 14,8 ma.kr. frá fjárlögum, einkum vegna vaxtatekna og þrátt fyrir að tekjur af fyrirhugaðri sölu á sendiráðseignum séu lækkaðar um 5

ma.kr. Útgjöld ríkissjóðs hækka um 13 ma.kr., einkum vegna atvinnuleysistrygginga, vaxtabóta og búvörugreiðslna, en útgjöld lífeyrisbóta og fjárfestingarútgjöld lækka.

Hinn 15. desember uppfærði félagsmálaráðherra leiðbeinandi grunnfjárhæðir fyrir fjárhagsaðstoð sveitarfélaga frá og með ársbyrjun 2010 um 8,63%. Breytingin var í hlutfalli við hækkun neysluverðs eins og kveðið er á um í samningi ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Hinn 16. desember var greint frá því að skilanevnd og kröfuhafar Landsbankans hafi ákveðið að kaupa 19% hlutfjár í nýja bankanum NBI. Íslenska ríkið leggur fram 81% hlutfjár í Landsbankanum eða 122 ma.kr. af 150. Nýi bankinn gefur út 260 ma.kr. gengistryggt skuldabréf til 10 ára til kröfuhafa. Það er lágmarksmat yfirtekinna igna umfram skuldir. Ef endurheimtur verða meiri, gefur bankinn út rekari skuldabréf í skiptum fyrir hlutabréf kröfuhafa.

Hinn 16. desember samþykkti Alþingi með lögum nr. 116/2009 að oma til móts við athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, vegna triða er varða innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 005/60/EB með lögum nr. 64/2006 og snerta m.a. áreiðanleika pplýsinga og gildissvið laga um aðgerðir gegn peningabætti og jármögnun hryðjuverka.

Hinn 17. desember samþykkti Alþingi með lögum nr. 126/2009 að nleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB frá 11. júlí 007 um nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa í skráðum hlutafélögum og lögum um einkahlutafélag. Helsta breytingin er sú að lágmarksfrestur til boðunar hluthafafunda, í félögum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði, er lengdur úr einni í þrjár vikur. Aðrar breytingar lúta m.a. að því að auka réttindi og áhrif hluthafa og skapa jafnræði með hluthöfum, hvort heldur innlendum eða erlendum, varðandi þátttöku í hluthafafundum og atkvæðagreiðslu í umræddum félögum.

Hinn 18. desember samþykkti Alþingi lög nr. 134/2009 um breytingar á löggjöf um atvinnuleysistryggingar. Viðurlög og eftirfylgjutæki Vinnuálastofnunar voru styrkt, heimildir til greiðslu bóta vegna skerts starfshlutfalls voru framlengdar til júníloka 2010 en sett var þak á slíkar greiðslur. Þá var tekið fyrir aðild námsmanna að hinu almenna bótakerfi, en réttur þeirra til að sækja um að námi loknu var aukinn. Hinn 18. desember samþykkti Alþingi lög nr. 120/2009 um breytingar á ýmiss konar tryggingabótum, einkum til að styrkja afkomu ríkissjóðs. Hinn 19. desember samþykkti Alþingi lög nr. 129/2009 um umhverfis- og auðlindaskatt sem leggst á jarðefnaeldsneyti annars vegar og raforku og heitt vatn hins vegar.

Hinn 19. desember samþykkti Alþingi með lögum nr. 125/2009 að lengja frest samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki til að höfða riftunarmál vegna gerninga fjármálafyrirtækja sem eru í slitameðferð í 24 mánuði í stað 6 mánaða. Breytingin var gerð til að tryggja jafnræði kröfuhafa í ljósi umfangs margra fjármálafyrirtækja, m.a. þeirra sem eru í slitameðferð.

Hinn 21. desember samþykkti Alþingi lög nr. 137/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Fyrirtæki sem RANNÍS samþykkir geta dregið 15% af rannsókn- og þróunarkostnaði allt að 50 m.kr. frá skattskyldum tekjum á hverju rekstrarári, en þó 75 m.kr. ef þjónusta er keypt af öðru samþykktu fyrirtæki. Einstaklingar mega draga hlutabréfa-kaup samþykktum fyrirtækjum frá skattskyldum tekjum allt að 300 þús. kr. á ári.

Hinn 21. desember samþykkti Alþingi lög nr. 130/2009 um ráðstafanir í skattamálum. Helstu breytingar eru: i) Oliugjald og bensíngjald hækka um 2,50 kr. og 1,65 kr. á lítra. ii) Bifreiðagjald, áfengisgjald og tóbaksgjöld hækka um 10%. iii) Efra þrep virðisaukaskatts hækkar úr 24,5% í 25,5%. iv) Margvíslegar hækkanir verða á gjaldtöku fyrir leyfi og þjónustu. v) Heimild til að taka út séreignarlífeyrissparnað er framlengd til 1. apríl 2011 og hámarksúttekt hækkuð úr 1 m.kr. í 2,5 m.kr.

Hinn 21. desember samþykkti Alþingi lög nr. 128/2009 um tekjuöflun ríkisins. Veigamestu þættir þeirra eru að i) Persónuafsláttur hækkar um 4,7% í 530.466 kr. á ári en viðmiðun við neysluverð fellur niður. ii) Neðsta skattþrepið er óbreytt, 24,1%, og hækka því skattleysismörk um sama hlutfall, í 1.485 þús.kr. á ári. Tekjur milli 2,4 og 7,8 m.kr. á ári bera 27% skatt og hærri tekjur 33% skatt. Staðgreiðsluhlutfall miðast við mánaðarlegar tekjur. iii) Samsköttun sambylisfólks er afnumin með þeirri undantekningu að ef annar aðilinn hefur tekjur yfir 7,8 m.kr. á ári en hinn undir, má flytja allt að helming tekna umfram 7,8 m.kr. yfir á hinn tekjulægri, þó þannig að ekki verði meira en 2,7 m.kr. í 27% þrepi hjá viðtakanda. Þrepamörkin fylgja launavísitölu. iv) Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga hækkar úr 15% í

18%, en undanþegin eru 30% af leigutekjum af íbúð og vaxtatekjur einstaklings að 100 þús.kr. á ári. v) Tekjuskattur lögaðila hækkar úr 15% í 18%. vi) Sjómannaafsláttur stendur í stað árið 2010, en á síðan að lækka í áföngum og falla niður 1. janúar 2014. vii) Tryggingagjald hækkar um 1,6% af stofni í 8,65%.

Hinn 21. desember var fyrsti hluti láns frá Norðurlöndunum greiddur til Íslands í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Um er að ræða 300 milljónir evra. Uppsöfnuð lánsfjárheimild er því orðin 444 milljónir evra. Þar sem ekki var þörf á frekari lántöku að sinni, flytjast 144 milljónir evra til næsta tímabils, þ.e. fram yfir aðra endurskoðun efnahagsáætlunarinnar af hálfu AGS.

Hinn 22. desember samþykkti Alþingi fjárlög fyrir árið 2010. Tekjur eru áætlaðar 462 ma.kr. og hækka um 11% miðað við áætlaðar tekjur 2009, gjöld 561 ma.kr. og lækka um 3% miðað við áætlun 2009 og tekjujöfnuður verður neikvæður um 99 ma.kr.

Hinn 22. desember samþykkti Alþingi lög nr. 138/2009 um heimild fjármálaráðherra til að staðfesta samninga við skilanefndir Kaupþings, Glitnis og Landsbankans um yfirtöku þeirra á hlutum í Arion banka, Íslandsbanka og NBI.

Hinn 23. desember staðfesti matsfyrirtækið Fitch Ratings lánshæfiseinkunnir Ríkissjóðs Íslands og tók þær af gátlista. Langtímaeinkunnir í erlendum og innlendum gjaldmiðli eru BBB- og A-. Einkunnin fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendri mynt er F3 og landseinkunn BBB-. Horfur eru áfram neikvæðar.

Hinn 29. desember 2009 samþykkti Alþingi með lögum nr. 146/2009 að gera breytingar á lögum um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða sem miða fyrst og fremst að því að búa í haginn fyrir framlagningu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið og skýra hvað gerist í kjölfarið. Í því sambandi er frestur nefndarinnar til að skila skýrslu færður til janúarloka 2010, sett eru inn í lög in fyrirmæli um meðferð Alþingis á skýrslunni, bætt er við ákvæði um varðveislu og aðgang að þeim viðamiklu rafrænu gagnagrunnum sem orðið hafa til í vinnu rannsóknarnefndarinnar, og að lokum er þeim einstaklingum sem unnið hafa að rannsókninni tryggð ákveðin friðhelgi gegn hugsanlegum málssóknum út af starfi þeirra í þágu rannsóknarinnar.

Hinn 30. desember samþykkti Alþingi lög nr. 1/2010 (Icesave), um heimild til handa fjármálaráðherra til að ábyrgjast lán Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf.

Hinn 31. desember staðfesti matsfyrirtækið Standard & Poor's lánshæfismat Ríkissjóðs Íslands og breytti horfunum úr neikvæðum í stöðugar eftir samþykkt Icesave-frumvarpsins. Einkunnirnar fyrir langtímaskuldbindingar í erlendri mynt eru BBB- en fyrir innlenda mynt BBB+. Skammtímaskuldbindingar í erlendri mynt fá einkunnina A-3 og innlendra mynt A-2.

Annáll efnahags- og peningamála 2010

Janúar

Hinn 5. janúar neitaði forseti Íslands að undirrita lög um breytingar á heimild fjármálaráðherra til að veita ríkisábyrgð á lántökum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta vegna innstæðna á Icesave-reikningum. Með því vísaði forseti málinu í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þremur dögum seinna samþykkti Alþingi lög um að atkvæðagreiðslan skyldi fara fram hið fyrsta og ekki seinna en 6. mars.

Hinn 5. janúar birti matsfyrirtækið Standard og Poor's tilkynningu um óbreytt lánshæfismat, en taldi hættu á einangrun á lánsfjármörkuðum og harkalegum þrýstingi erlendis frá vegna Icesave-málsins.

Hinn 5. janúar greindi matsfyrirtækið Fitch Ratings frá lækun lánshæfismats Íslands í innlendum og erlendum gjaldmiðli. Langtímaeinkunnir Íslands í erlendum og innlendum gjaldmiðli eru nú BB+ og BBB+ og skammtímaeinkunn í erlendum gjaldmiðli er B. Landseinkunn lækkar úr BBB- í BB+.

Hinn 6. janúar birti matsfyrirtækið Moody's tilkynningu þar sem sagði að lánshæfiseinkunn ríkissjóðs yrði að svo stöddu óbreytt, þrátt fyrir synjun forseta Íslands á Icesave-ábyrgðarlögum. Talin var hætta á óróleika í innlendum stjórnámum og þrýstingi frá útlöndum vegna Icesave-málsins. Hvort sem væri gæti spillt lánshæfismati Íslands.

Hinn 7. janúar veitti fjármálaeftirlitið ISB Holding ehf. leyfi til að fara með virkan eignarhlut í Íslandsbanka fyrir hönd Glitnis banka hf. Leyfið var veitt í kjölfar samnings Glitnis og íslenska fjármálaráðuneytisins, hinn 13. september 2009, þess efnis að Glitnir gæti eignast 95% hlut í Íslandsbanka að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Hinn 8. janúar tilkynnti japanska matsfyrirtækið R&I Rating að lánshæfiseinkunn ríkissjóðs yrði áfram undir eftirliti vegna hugsanlegrar lækkunar. Matsfyrirtækið staðfesti fyrri einkunn ríkissjóðs hjá fyrirtækinu, BBB-.

Hinn 11. janúar veitti fjármálaeftirlitið Kaupskilum ehf. leyfi til að fara með virkan eignarhlut í Arion banka hf. fyrir hönd Kaupþings banka hf. Leyfið var veitt í kjölfar samnings Kaupþings og íslenska fjármálaráðuneytisins, hinn 3. september 2009, þess efnis að Kaupþing gæti eignast 87% hlut í Arion banka að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Hinn 22. janúar veitti fjármálaeftirlitið Landskilum ehf. leyfi til að fara með virkan eignarhlut í NBI hf. fyrir hönd Landsbanka Íslands hf. Leyfið var veitt í kjölfar samnings Landsbanka Íslands hf. og íslenska fjármálaráðuneytisins, 15. desember 2009, m.a. þess efnis að Landsbanki Íslands hf. gæti eignast 18,7% hlut í NBI hf. að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Hinn 27. janúar ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að lækka vexti bankans um 0,5 prósentur. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana lækkuðu í 8,0%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum í 9,25%, vextir á lánnum gegn veði til sjö daga í 9,5% og daglánavextir í 11,0%.

Hinn 29. janúar heimilaði sjávarútvegsráðherra veiðar á 130.000 tonnum af loðnu á vetrarvertíð. Koma 97.100 tonn í hlut íslenskra skipa.

Febrúar

Hinn 1. febrúar tilkynnti matsfyrirtækið Standard and Poor's óbreytta lánshæfiseinkunn ríkissjóðs, en að matið yrði áfram á athugunarlista vegna óvissu um erlenda lánsfjármögnun, afnám gjaldeyrishafta og stöðuna í Icesave-málinu.

Hinn 8. febrúar skipaði ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála fjárhaldsstjórn fyrir Álfanes að tillögu eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.

Hinn 17. febrúar var tilkynnt að fjármálaeftirlitið hefði sett á stofn þriggja manna ráðgjafarnefnd um mat á hæfi stjórnarmanna í eftirlitsskyldum fjármálafyrirtækjum.

Hinn 24. febrúar gaf framkvæmdastjórn Evrópusambandsins út álit um aðildarumsókn Íslands að ESB. Niðurstaða hennar var að Ísland fullnægði öllum skilyrðum sem umsóknarríki og var lagt til að hafnar yrðu aðildarviðræður við Ísland.

Hinn 25. febrúar samþykkti Alþingi breytingu (389. mál á 138. þingi) á lögum um nauðungarsölu þannig að fram til 1. ágúst 2010 geti skuldari samkvæmt umsókn fengið frestun á sölu eigin íbúðarhúsnæðis um allt að þrjú mánuði. Breytingin gekk í gildi samdægurs. Áður var í lögum ákvæði um frestun á nauðungarsölu íbúðarhúsnæðis fram yfir 28. febrúar.

Hinn 26. febrúar lýsti matsfyrirtækið Moody's áhyggjum af þeim þrýstingi sem þráteflið í Icesave-málinu setti til lækkunar á Baa3 lánsþæfiseinkunn Íslands. Engar breytingar voru tilkynntar á lánsþæfismati.

Mars

Hinn 4. mars samþykkti Alþingi breytingar á hlutafélagalögum (71. mál á 138. þingi). Með breytingunni er hlutverk stjórnarformanna takmarkað þannig að staða starfandi stjórnarformanna má heita úr sögunni. Þá eru fest í lög afdráttarlaus ákvæði um kynjajöfnuð í félagsstjórnunum.

Hinn 4. mars staðfesti Fjármálaeftirlitið sameiginlegar reglur fjármálafyrirtækja um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja, eins og því var falið með lögum nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins.

Hinn 5. mars tilkynnti fjármálaeftirlitið að gengið hefði verið frá upplýsingaskiptasamningum við Fjármálaeftirlitið á Bresku Jómfrúareyjum og Verðbréfaeftirlit Alberta-fylkis í Kanada.

Hinn 6. mars fór fram þjóðaratkvæðagreiðsla um heimild til ríkisábyrgðar vegna Icesave-reikninganna. Var ábyrgðarheimildinni hafnað með um 98% gilda atkvæða. Gengu því eldri lög um ábyrgðarheimild með fyrirvörum, nr. 136/2009, aftur í gildi.

Hinn 10. mars veitti Fjármálaeftirlitið Arev verðbréfafyrirtæki hf. auknar starfsheimildir sem verðbréfafyrirtæki og var starfsleyfi félagsins endurútféð með tilliti til þess.

Hinn 17. mars ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að lækka vexti bankans um 0,5 prósentur. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana lækkuðu í 7,5%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum í 8,75%, vextir á lánum gegn veði til sjö daga í 9,0% og daglánvextir í 10,5%.

Hinn 22. mars samþykkti Alþingi (483. mál á 138. þingi) lög sem banna verkfall flugvirkja, sem hófst á miðnætti kvöldið áður. Gildistími kjarasamnings sem rann út 31. október 2009 var framlengdur út nóvember 2010.

Hinn 23. mars úrskurðaði nefnd um erlenda fjárfestingu að ekki væri ástæða til að gera athugasemdir við fjárfestingu Magma Energy Sweden AB í HS Orku hf. Úrskurður nefndarinnar telst endanlegur.

Hinn 25. mars samþykkti Alþingi breytingu (386. mál á 138. þingi) á lögum um tekjuskatt, sem heimilar ríkisskattstjóra að krefjast kyrrsetningar eigna hjá aðilum sem grunaðir eru um stórfelld brot á framtalsreglum eða ef talin er veruleg hætt á að stórfelld vanhöld verði á skattskilum.

Hinn 29. mars veitti Fjármálaeftirlitið Arctica Finance hf. starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki, samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Samhliða fékk Arctica Eignarhaldsfélag ehf. heimild til að eiga og fara með yfir 50% eignarhlut í Arctica Finance.

Hinn 30. mars staðfesti matsfyrirtækið Standard & Poor's lánsþæfiseinkunnir Ríkissjóðs Íslands fyrir erlendar langtíma- og skammtímaskuldbindingar BBB-/A-3. Lánsþæfiseinkunnir fyrir innlendar langtíma- og skammtímaskuldbindingar voru lækkaðar í BBB/A-3 úr BBB+/A-2. Lánsþæfiseinkunnirnar voru teknar af gátlista, þar sem þær hafa verið með neikvæðum horfum frá 5. janúar 2010. Horfur eru áfram neikvæðar.

Apríl

Hinn 12. apríl kom út skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna árið 2008. Skýrslan var birt í prentuðu formi og á vef Alþingis.

Hinn 13. apríl veitti Fjármálaeftirlitið Alfa verðbréfum hf. starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki, samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Hinn 14. apríl hófst eldgos í Eyjafjallajökli eftir að minna gos hafði staðið frá 20. mars á Fimmvörðuhálsi norðan við jökulinn. Gosið í jöklinum olli miklum truflunum á flugi innanlands og í Evrópu og dró verulega úr ferðamannastraumi til Íslands fram eftir sumri. Um miðjan maí var eldgosinu að mestu lokið.

Hinn 16. apríl samþykkti framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins aðra endurskoðun efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda. Að ósk íslenskra stjórnvalda var samþykkt að framlengja lánaþingreiðslu sjóðsins um þrjá mánuði, til loka ágúst 2011, vegna þeirra tafa sem höfðu orðið á endurskoðun áætlunarinnar. Með samþykkt framkvæmdastjórnarinnar varð þriðji áfangi lánaþingreiðslunnar til reiðu, að upphæð 105 milljónir SDR. Sú upphæð er jafnvirði 160 milljóna Bandaríkjadala eða um 20 ma.kr. Einnig varð heimil lánaþingreiðsla frá Norðurlöndunum og Póllandi að fjárhæð um 85 ma.kr.

Hinn 22. apríl fóru stjórnir Byrs Sparisjóðs og Sparisjóðsins í Keflavík fram á að Fjármálaeftirlitið tæki yfir starfsemi sparisjóðanna í kjölfar þess að samningaviðræðum við kröfuhafa þeirra lauk án árangurs. Í ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda sparisjóðanna kemur fram að eignir og innlán Byrs Sparisjóðs hafi verið fluttar til nýs viðskiptabanka, Byrs hf., og eignir og innlán Sparisjóðsins í Keflavík hafi verið fluttar til nýs sparisjóðs, SpKef Sparisjóðs. Bæði fjármálaþingir eru að fullu í eigu ríkisins.

Hinn 23. apríl samþykkti Alþingi lög nr. 31/2010 um breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti sem fólust í því að frestir til að rifta ráðstöfunum þrotamanna skyldu miðast við fjögur ár fyrir frestdag til að tryggja að hægt verði að ganga frá þeim málum sem upp koma í kjölfar bankahrunsins án þess að hætta sé á að hagsmunir spillist vegna álags og tímaskorts.

Hinn 23. apríl breytti matsþingir Moody's horfum á lánshæfismati Ríkissjóðs Íslands úr neikvæðum í stöðugar. Einkunn Íslands var eftir sem áður Baa3 á innlendum og erlendum langtímaskuldbindingum og P-3 á skammtímaskuldbindingum. Breytingin átti rætur sínar að rekja til bættrar erlendra lausafjárstöðu ríkissjóðs í kjölfar annarrar endurskoðunar efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Hinn 23. apríl veitti Fjármálaeftirlitið KEA svf. heimild til að fara með virkan eignarhlut í Sparisjóði Höfðhverfinga.

Hinn 30. apríl gerði Seðlabanki Íslands breytingar á reglum um gjaldeyrismál. Reglurnar voru gerðar skýrari, hámarksfjárhæð heimildar til kaupa á erlendum gjaldeyri vegna ferðalaga var lækkuð og breyting gerð á sérstökum undanþágum til að taka af allan vafa um ólögsmæti aflandsviðskipta.

Maí

Hinn 5. maí ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að lækka vexti bankans um 0,5 prósentur. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana lækkuðu í 7,0%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum í 8,25%, vextir á lánum gegn veði til sjö daga í 8,5% og daglánavextir í 10,0%.

Hinn 19. maí undirrituðu Seðlabanki Íslands (SÍ), Seðlabanki Lúxemborgar (BCL) og skiptastjóri Landsbankans í Lúxemborg samkomulag um kaup SÍ á 98% útistandandi skuldabréfa Avens B.V. Skuldabréfin voru í eigu Landsbankans í Lúxemborg en veðsett BCL í tengslum við lausafjárþingreiðslu á árinu 2008. Fékk SÍ full yfirráð yfir eignum Avens, sem var stærsti einstaki eigandi krónueigna utan Íslands með um 120 ma.kr. eða um fjórðung allra krónueigna erlendra aðila á þeim tíma sem viðskiptin voru gerð.

Hinn 26. maí sendi eftirlitsstofnun EFTA (ESA) frá sér formlega athugasemd (e. letter of formal notice) þar sem fram kemur það álit stofnunarinnar að íslenskum stjórnvöldum hafi borið skylda til þess að setja upp innstæðutryggingar sem tryggja innstæður að því lágmarki sem tilskipun um innlánaþinggingakerfi nr. 94/19/EB kveður á um, eða rúmlega 20.000 evrur.

Hinn 28. maí samdi Seðlabanki Íslands fyrir hönd Ríkissjóðs Íslands um kaup á rösklega 2% hlut af útgefnum evruskuldbréfum Avens B.V. Með viðskiptunum varð ríkissjóður eigandi að öllum útgefnum skuldabréfum félagsins í evrum, en áður hafði hann tryggt sér 98% af útistandandi skuldabréfum félagsins, við undirskrift samnings í Lúxemborg 19. maí.

Hinn 30. maí seldi ríkissjóður 26 lífeyrissjóðum íbúðabréf að nafnverði 90 ma.kr. sem ríkissjóður hafði eignast við hrunið og með kaupum frá Seðlabankanum í Lúxemborg. Lífeyrissjóðirnir keyptu bréfin miðað við 7,2% ávöxtun og fjármögnuðu kaupin með sölu á erlendum eignum. Við sölnuna lækkaði hrein skuld ríkisins í erlendri mynt sem hafði aukist vegna fjármögnunar áðurnefndra samninga í Lúxemborg. Jafnframt jókst gjaldeyrisforði Seðlabankans um 82 ma.kr.

Júní

Hinn 1. júní samþykkti Alþingi lög nr. 49/2010 um breytingu á lögum um stimpilgjald og lögum um aukatekjur ríkissjóðs þar sem tímabundið er heimilud undanþága frá greiðslu stimpilgjalds við endurfjármögnun bílalána auk þess sem rýmkuð var undanþága frá greiðslu þinglýsingargjalda vegna endurfjármögnunar fasteignaveðskuldabréfa og bílalána einstaklinga.

Hinn 9. júní var undirritaður tvíhliða gjaldmiðlaskiptasamningur milli Seðlabanka Kína og Seðlabanka Íslands. Fjárhæð samningsins er 66 ma.kr. eða 3,5 milljarðar kínverskra júan. Samningurinn gildir í þrjú ár og er hægt að framlengja hann að gefnu samþykki beggja aðila.

Hinn 9. júní var aðildarumsókn Fjármálaeftirlitsins að Alþjóðasambandi verðbréfaeftirlita (IOSCO) samþykkt. Með aðildinni getur Fjármálaeftirlitið skipst á upplýsingum um verðbréfavíðskipti við flestar þjóðir heims innan ramma gildandi laga.

Hinn 10. júní samþykkti Alþingi lög nr. 60/2010 um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti sem miða að því að bæta réttarstöðu skuldara, m.a. svo að þeir geti dvalið áfram í íbúðarhúsnæði um nokkurn tíma við gjaldþrotaskipti eða eftir nauðungarsölu. Einnig var bætt við ákvæðum um að ef eign er seld nauðungarsölu á eðlilegu markaðsverði, reiknist mismunur skuldaránnum til góða.

Hinn 10. júní samþykkti Alþingi lög nr. 70/2010 um breytingar á atvinnuleysistryggingum og húsaleigubótum þar sem m.a. réttur til hlutfallslegra bóta á móti skertu starfshlutfalli framlengist til loka ársins 2010, tekjur úr séreignarsjóðum skerði ekki atvinnuleysisbætur (afturvirkir frá 1. mars 2009) og að við framkvæmd laganna skuli tekið tillit til alþjóðlegra skuldbindinga. Breyting á lögum um húsaleigubætur felur í sér að tekjur úr séreignarlífeyrissjóði skerði ekki bætur.

Hinn 10. júní tóku ný lög um váttryggingastarfsemi gildi, nr. 56/2010, og leystu af hólmi eldri lög nr. 60/1994. Lögin gilda um frumtryggingastarfsemi á sviði skaðatrygginga og persónutrygginga auk hvers konar endurtrygginga en eftirlit með þeim er sem fyrr í höndum Fjármálaeftirlitsins.

Hinn 11. júní samþykkti Alþingi lög nr. 67/2010 um heimild fjármálfyrirtækis til að veita veðréttindi í tengslum við uppgjör vegna ráðstöfunar Fjármálaeftirlitsins á eignum og skuldum vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði. Var það gert til að auðvelda uppgjör milli gömlu og nýju bankanna.

Hinn 12. júní samþykkti Alþingi lög nr. 75/2010 um breytingu á lögum um fjármálfyrirtæki. Breytingarnar fela í sér hertar reglur og aukið eftirlit og má þar m.a. nefna auknar eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins, skyldu til þess að halda sérstaka skrá um stærri lántakendur, þrengri og skýrari skilyrði fyrir því að fjármálfyrirtæki eigi eigin hluti, bann við lánveitingum með veði í eigin hlutabréfum eða stofnfjárbréfum, þröngar skorður við lánveitingum til tiltekinna aðila sem tengdir eru fyrirtækinu, þrengri reglur um stórar áhættuskuldbindingar og reglur um hvernig megi standa að hvatakerfum, kaupaukakerfum og starfslokasamningum.

Hinn 14. júní samþykkti Alþingi lög nr. 78/2010 um breytingu á lögum um gjaldeyrisráðgjafi og tollalögum, þar sem Seðlabanka Íslands var alfarið falin meðferð rannsóknar og álagning sekta í tengslum við eftirlit með lögum og reglum um gjaldeyrisráðgjafi.

Hinn 15. júní samþykkti Alþingi lög nr. 95/2010 um breytingar á lögum um aðför og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. þar sem meðal annars nauðasamningur er gerður að virkara úrræði fyrir skuldara og skilyrði eru rýmkuð fyrir því að knýja fram árangurslaust fjárnám og gjaldþrotaskipti.

Hinn 15. júní samþykkti Alþingi lög nr. 99/2010 um ívilnanir vegna nýfjárfestingar á Íslandi en markmið þeirra laga er að örva og efla fjárfestingu í atvinnurekstri á Íslandi, með því að tilgreina með gegnsæjum hætti í lögum hvaða heimildir stjórnvöld og sveitarfélög hafa til að veita skilgreindar ívilnanir til fjárfestingarverkefna, svo að horfið verði frá því fyrirkomulagi sem tíðkast hefur að gera sértæka fjárfestingarsamninga vegna einstakra verkefna á grundvelli sérstakra heimildarlaga frá Alþingi.

Hinn 16. júní samþykkti Alþingi lög nr. 92/2010 um breytingu á lögum um tekjuskatt og ívilnun vegna endurbóta og viðhalds. Við álagningu 2011 og 2012 má draga frá tekjum 50% af þeirri fjárhæð sem greidd er vegna vinnu án virðisaukaskatts sem unnin er á árunum 2010 og 2011, að hámarki 200.000 kr. hjá einstaklingi og 300.000 kr. hjá hjónum og samsköttuðum, vegna viðhalds og endurbóta á íbúðar- og frístundahúsnæði til eigin nota.

Hinn 16. júní gengu dómur í Hæstarétti Íslands í svokölluðum gengistryggingarmálum, þar sem tekist var á um lögmati sk. gengistryggðs bílasamnings. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að umræddur samningur væri í raun láns-samningur, en ekki bílasamningur, og að lánið sem um ræddi væri lán í íslenskum krónum en ekki erlendri mynt, en einnig að það væri andstætt ákvæðum vaxtalaga að gengistryggja höfuðstól lánsins. Dómurinn var fordæmisgefandi varðandi túlkun sk. gengistryggðra bílasamninga, en þó var þeirri spurningunni enn ósvarað hvernig fara ætti með uppgjör þeirra að teknu tilliti til vaxta.

Hinn 22. júní leysti Ríkissjóður Íslands til sín skuldabréf í evrum með gjalddaga 2011 og 2012 í kjölfar opins útboðs. Kaupin námu alls 160 milljónum evra af fyrra bréfinu og 32 milljónum evra af því síðara, að nafnvirði. Einnig var ákveðið að draga á tvíhliða lán sem samið var um við Danmörku, Finnland, Noreg, Pólland og Svíþjóð í tengslum við efnahagsáætlun íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Heildarfjárhæðin nemur jafnvirði 639 milljóna evra og bætist við gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands.

Hinn 23. júní ákvað peningastefnunefnd Seðlabankans að lækka vexti bankans um 0,5 prósentur. Vextir á viðskipta-reikningum innlánsstofnana lækkuðu í 6,5%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum í 7,75%, vextir á lánum gegn veði til sjö daga í 8,0% og daglánavextir í 9,5%.

Hinn 24. júní samþykkti Alþingi lög nr. 100/2010 um stofnun sérstaks embættis umboðsmanns skuldara, sem hefur það hlutverk að veita einstaklingum endurgjaldslausu aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín, og leita leiða til úrlausnar þeim. Umboðsmanni skuldara er ætlað að hafa milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottna, fara með framkvæmd greiðsluáðlögunar, taka við erindum skuldara, gæta hagsmuna þeirra og bregðast við ef gengið er á réttindi þeirra. Einnig á hann að veita alhliða ráðgjöf og fræðslu um fjármál heimilanna.

Hinn 24. júní samþykkti Alþingi lög nr. 101/2010 um greiðsluáðlögun einstaklinga, en markmið þeirra laga er að gera einstaklingum í verulegum greiðsluferfiðleikum kleift að endurskipuleggja fjármál sín og koma á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu þannig að raunhæft sé að skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar um fyrirsjáanlega framtíð.

Hinn 24. júní samþykkti Alþingi lög nr. 102/2010 um breytingu á lögum um tímabundna greiðsluáðlögun fasteigna-veðkrafna á íbúðarhúsnæði, þar sem úrræði laga um tímabundna greiðsluáðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði eru fest í sessi, þannig að ekki verði lengur um tímabundið úrræði að ræða.

Hinn 24. júní samþykkti Alþingi lög nr. 103/2010 um tímabundið úrræði einstaklinga sem eiga tvær fasteignir til heimilisnota, en samkvæmt lögnum getur einstaklingur sem greiðir fasteignaveðkröfur af tveimur fasteignum, vegna kaupa á fasteign sem ætluð var til að halda heimili í, óskað eftir því að ráðstafa annarri eigninni til veðhafa. Löggin gilda frá 1. ágúst 2010 til ársloka 2011.

Hinn 24. júní samþykkti Alþingi lög nr. 104/2010 um tímabundna breytingu á lögum um tekjuskatt, varðandi skatta-lega meðferð á eftirgjöf skulda, bæði varðandi lögaðila og aðila í sjálfstæðum atvinnurekstri og svo einstaklinga, vegna þess óvenjulega ástands sem uppi er, svo að tímabundið verði, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, heimilt að telja einungis ákveðið hlutfall þeirrar fjárhæðar sem gefin er eftir til skattskyldra tekna.

Hinn 30. júní sendu Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið fjármálaafyrirtækjum tilmæli í tilefni af dómum Hæstaréttar Íslands í sk. gengistryggingarmálum. Var það gert á grundvelli þeirrar óvissu sem skapast hafði á meðan ekki hefði

verið skorið úr um umfang og lánakjör þeirra samninga sem dómarnir næðu yfir. Var óvissan talin grafa undan festu í viðskiptum á fjármálamarkaði og fjármálastöðugleika í heild. Með tilmælunum var því m.a. beint til fjármálaefyrirtækjanna að miða við þá vexti sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum eða verðtryggðum útlánunum í stað erlends vaxtaviðmiðs.

Júlí

Hinn 6. júlí undirrituðu forsætisráðherra, fjármálaráðherra, efnahags- og viðskiptaráðherra, seðlabankastjóri og forstjóri Fjármálaeftirlitsins samkomulag um skipun nefndar um fjármálastöðugleika. Að grunni til byggjast samkomulagið og starf nefndarinnar á fyrra samkomulagi ráðuneytanna og stofnananna frá árinu 2006 um samráð varðandi fjármálastöðugleika og viðbúnað. Í nefndinni sitja fulltrúar efnahags- og viðskiptaráðuneytis, forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands. Fulltrúi efnahags- og viðskiptaráðuneytis er formaður nefndarinnar og stýrir starfi hennar.

Hinn 7. júlí kynnti ríkisstjórnin áttak til að auka atvinnu. Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnu við íbúðar- og sumarhús yrði hækkuð úr 60% í 100%. Einstaklingum yrði veittur frádráttur allt að 200 þ.kr. og hjónum allt að 300 þ.kr. frá tekjuskattsstofni vegna viðhalds.

Hinn 7. júlí sendi umboðsmaður Alþingis samhljóða fyrirspurnarbréf til bæði Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins, í tilefni útgáfu þeirra síðarnefndu á tilmælum þann 30. júní í kjölfar dóma Hæstaréttar Íslands í sk. gengistryggingarmálum. Voru í bréfinu settar fram ítarlegar spurningar í nokkrum liðum og gefinn frestur til 16. júlí til svara. Eftir að hafa fengið frestinn framlengdan um viku svaraði Seðlabanki Íslands umboðsmanni hinn 23. júlí, og Fjármálaeftirlitið svaraði fyrir sitt leyti sama dag.

Hinn 12. júlí var birt skýrsla sérfræðinga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um breytingar á skattkerfinu. Skýrslan var unnin fyrir fjármálaráðuneytið, sem vildi fá leiðbeiningar um hugsanlegar endurbætur m.t.t. hagvaxtar og hagkvæmni, auk þess sem mæta þyrfti aukinni tekjuþörf sem næmi 1-2% af VLF til meðallangs tíma. Í skýrslunni eru settar fram tillögur um tekjuaukningu. Þær byggjast að mestu á tekjuöflun með tekjuskatti einstaklinga og virðisaukaskatti, en þó einnig á hækkan tekjuskatts fyrirtækja, fjármagnstekjuskatts og skatta á eldsneyti.

Hinn 13. júlí varð Fjármálaeftirlitið við beiðni Avant hf. um að skipa félaginu bráðabirgðastjórn á grundvelli 100. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálaefyrirtæki, sbr. 4. gr. laga nr. 44/2009.

Hinn 16. júlí var tilkynnt um heildaraflamark fisktegunda á fiskveiðiarinu sem byrjaði 1. september 2010. Leyfilegur þorskaflí var aukinn um 10 þúsund tonn í samræmi við ráðgjöf, en ýsu- og ufsaheimildir dregnar saman, þó minna en ráðlagt var. Veiði á úthafsækju var gefin frjáls.

Hinn 30. júlí breytti matsfyrirtækið Moody's horfum á lánshæfiseinkunn ríkissjóðs fyrir erlendar og innlendar skuldbindingar úr stöðugum í neikvæðar. Matinu var breytt í kjölfar niðurstöðu Hæstaréttar um ólögmæti gengistryggðra bílalána.

Ágúst

Hinn 16. ágúst samþykkti Fjármálaeftirlitið umsókn Eignasafns Seðlabanka Íslands (ESÍ ehf.) um heimild félagsins til að fara með virkan eignarhlut í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Eignasafn Seðlabanka Íslands er að fullu í eigu Seðlabanka Íslands. Aðrir hluthafar Sjóvár-Almennra trygginga hf. eru Íslandsbanki hf. með 9,3% hlutfjár og SAT eignarhaldsfélag hf. með 17,67% hlutfjár.

Hinn 17. ágúst gekk í gildi samkomulag um samvinnu Norðurlandanna og Eystrasaltsríkja yfir landamæri til að tryggja fjármálastöðugleika og samhæfa viðbrögð við fjármálaáfalli sem snertir fleiri en eitt ríki. Samkomulagið er ekki lagalega bindandi en á grundvelli þess verður unnt að efla samvinnu og samhæfa viðbrögð, meðal annars með betri upplýsingagjöf milli stofnana.

Hinn 18. ágúst ákvað peningastefnunefnd Seðlabankans að lækka vexti bankans um 1 prósentu. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana lækkuðu í 5,5%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum í 6,75%, vextir á lánum gegn veði til sjö daga í 7,0% og daglánavextir í 8,5%.

Hinn 31. ágúst hóf Seðlabankinn að kaupa gjaldeyri af viðskiptavökum á millibankamarkaði með gjaldeyri. Tilgangur kaupanna var að auka þann hluta gjaldeyrisforða Seðlabankans sem ekki er fenginn að láni. Seðlabankinn ákvað að kaupa 500 þúsund evrur af hverjum viðskiptavaka einu sinni í viku, á þriðjudögum.

Hinn 31. ágúst afturkallaði Fjármálaeftirlitið starfsleyfi SPRON Verðbréfa og Rekstrarfélags SPRON hf. en í báðum tilvikum höfðu fyrirtækin afsalað sér leyfi sínu.

September

Hinn 14. september sendi Fjármálaeftirlitið dreifibréf til lánastofnana um meðferð rekstrar-, einka- og fjármögnunarleigusamninga. Í dreifibréfinu var eftirfarandi beint til lánastofnana: „Á meðan ekki hefur endanlega verið skorið úr um hvort rekstrar-, einka- og fjármögnunarleigusamningar falli undir gildissvið VI. kafla vaxtalaga og hvort þeir innihaldi óskuldbindandi gengistryggingarákvæði, skal meðferð slíkra eignaleigusamninga vera með sama hætti og umræddra kaupleigusamninga viðkomandi lánastofnana. Með öðrum orðum, að meðferð þeirra verði í samræmi við tilmæli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands frá 30. júní sl.“

Hinn 16. september gekk dómur í Hæstarétti Íslands þar sem tekist var á um meðferð eftirstöðva af sk. gengistryggingum bílasamningi sem féll undir fordæmi dómanna frá 16. júní. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að við útreikning eftirstöðva yrði ekki miðað við umsamda vexti af erlendum gjaldmiðlum, þar eð forsendur fyrir því hefðu brostið með því að gengistryggingarþáttur slíkra samninga hefði verið dæmdur ólöglegur. Þess í stað ætti að miða við lægstu auglýsta vexti Seðlabanka Íslands af nýjum óverðtrygðum útlánnum. Dómurinn var fordæmisgefandi varðandi meðferð eftirstöðva sk. gengistrygginga bílasamninga.

Hinn 17. september var birt skýrsla sérstakrar nefndar forsætisráðherra, þar sem lýst var því álit að engir augljósir lagalegir annmarkar væru á samningum um kaup Magma Energy Sweden á hlutum í HS orku. Aðrir tækir kostir á lagatúlkun um samband kaupandans við móðurfélag sitt gætu þó leitt til annarrar niðurstöðu.

Hinn 19. september seldi Seðlabankinn 99,89% hlut sinn í danska bankanum FIH, sem Seðlabankinn tók að veði fyrir þrautavaráláni til Kaupþings í október 2008 að upphæð 500 milljónir evra. Söluverðið er samtals 5 milljarðar danskra króna (sem nemur 103 ma.kr. eða 670 milljónum evra). Kaupin eru tengd afkomu FIH til ársins 2014.

Hinn 20. september gaf matsfyrirtækið Moody's út álit í kjölfar dóms Hæstaréttar hinn 16. september um gengisbundin lán. Taldi matsfyrirtækið dóminn draga úr óvissu en ekki hafa áhrif á láns hæfismat Ríkissjóðs Íslands.

Hinn 20. september veitti Fjármálaeftirlitið ALM Fjármálaráðgjöf hf. starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki, skv. 5. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Hinn 21. september veitti Fjármálaeftirlitið Annex ehf. heimild til að fara með virkan eignarhlut allt að 50 prósentum í ARM Verðbréfum hf., sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Hinn 22. september ákvað peningastefnufnd Seðlabankans að lækka vexti um 0,75 prósentur. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana lækkuðu í 4,75%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum í 6,0%, vextir á lánnum gegn veði til sjö daga í 6,25% og daglánavextir í 7,75%.

Hinn 23. september veitti Fjármálaeftirlitið Virðingu hf. auknar starfsheimildir sem verðbréfafyrirtæki og var starfsleyfi félagsins endurútféið með tilliti til þess.

Hinn 29. september samþykkti framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þriðju endurskoðun efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda og sjóðsins. Endurskoðanirnar eru alls sjö. Með samþykkt framkvæmdastjórnarinnar varð fjórði áfangi lánaþyrngreiðslunnar til reiðu, að upphæð 105 milljónir SDR. Sú upphæð er jafnvirði 162 milljóna Bandaríkjadala eða tæplega 19 ma.kr. Við samþykkt stjórnar AGS er einnig gert ráð fyrir lánaþyrngreiðslu frá Norðurlöndum að fjárhæð 444 milljónir evra og Póllandi að fjárhæð 71 milljón Bandaríkjadala.

Október

Hinn 5. október var skýrsla eftirlitsnefndar um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins kynnt í ríkisstjórn og fyrir formönnum stjórnarandstöðuflokka. Markmið laga um sértæka skulda-

aðlögun er að hraða endurreisn íslensks efnahagslífs og koma jafnvægi á skuldir heimila og fyrirtækja. Nefndin mat árangur af starfi fjármálafyrirtækjanna við skuldaaðlögun heimila og fyrirtækja og kom með ábendingar í skýrslunni um hvað mætti betur fara.

Hinn 14. október samþykkti Alþingi lög nr. 128/2010, um breytingu á lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, vegna mikils álags á hið nýstofnaða embætti umboðsmanns skuldara. Var breytingunni ætlað að létta á stöðu skuldara með þeim hætti, að þeim aðilum sem lagt hefðu inn umsókn um greiðsluaðlögun til umboðsmanns skuldara yrði veittur frestur á greiðslum þegar við móttöku umsóknar, en ekki við samþykkt umsóknar.

Hinn 14. október undirrituðu fjármálaráðuneytið, slitastjórn Byrs sparisjóðs og stjórn Byrs hf. samkomulag um uppgjör og eignarhald Byrs hf. með yfirtöku slitastjórnar Byrs sparisjóðs. Hlutur ríkisins í Byr hf. verður 5,2%. Hlutur Byrs sparisjóðs, 94,8%, verður í vörslu og umsjón fjármálaráðuneytisins þar til að slitastjórnin kallar eftir honum, líklega innan tveggja ára. Með þessu er Byr hf. fullfjármagnað og uppfyllir eiginfjár- og lausafjárkvaðir Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands. Ríkissjóður veitir Byr hf. allt að 5 ma.kr. víkjandi lán á markaðskjörum til 10 ára, sem þó er ráðgert að greiða upp á 5 árum. Kröfu Byrs sparisjóðs á Byr hf. verður breytt í hlutafé.

Hinn 15. október veitti Fjármálaeftirlitið Arion banka hf. heimild til að eiga og fara með virkan eignarhlut í Valitor hf. Arion banki hf. óskaði eftir heimild til að auka virkan eignarhlut sinn í Valitor hf. óbeint í gegnum hlutdeild sína í Valitor Holding hf., sbr. 40. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið telur Arion banka hæfan til að eiga og fara með eignarhlutinn m.a. með tilliti til heilbrigðs og trausts rekstrar Valitor. Fjármálaeftirlitið veitti þann 12. október sl. Arion banka heimild til að fara með yfir 50% eignarhlut í Valitor.

Hinn 15. október gaf sjávarútvegsráðuneytið út 15 þúsund tonna aflaheimild til veiða á íslenskri sumargotssíld á fiskveiðiárinu 2010/2011.

Hinn 15. október kynnti nefnd um erlenda fjárfestingu þriðju skýrslu sína um lögmæti fjárfestingar Magma Energy Sweden í dótturfélögum HS Orku. Telur nefndin að ekki séu frekari ástæður til athugasemda vegna kaupanna og vísar þar til tveggja fyrri álita, þar sem meirihluti nefndarinnar taldi kaup Magma á HS Orku standast lög.

Hinn 18. október tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði hinn 1. október afturkallað starfsleyfi ALMC hf. (áður Straums-Burðaráss fjárfestingabanka) sem viðskiptabanka, þar sem fyrirtækið var tekið til slita skv. XII. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. sömu laga.

Hinn 20. október samþykkti Alþingi lög nr. 129/2010, um breytingu á lögum um nauðungarsölu nr. 90/1991. Þar sem skammt var síðan umboðsmaður skuldara hafði tekið til starfa og nokkurn tíma myndi taka að leysa úr þeim málum sem þar biðu úrlausnar, var lögum um nauðungarsölu breytt og sá frestur sem gerðarþoli hefði til að óska eftir því við sýslumann að fresta í allt að þrjá mánuði töku ákvörðunar um framhald uppboðs á eign, lengdur til 31. mars 2011.

Hinn 21. október var ákveðið á fundi strandríkja að heildarafli úr norsk-íslenska síldarstofninum verði 988 þúsund tonn árið 2011. Heildarafli af kolmunna var ákveðinn 44 þúsund tonn. Er hlutur Íslands 143 þúsund tonn af síld og 6500 tonn af kolmunna.

Nóvember

Hinn 1. nóvember tilkynnti Seðlabankinn að endurskoðun á reglum um gjaldeyrismál nr. 370/2010 væri lokið. Taldi Seðlabankinn ekki þörf á breytingum og héldust gildandi reglur því óbreyttar.

Hinn 3. nóvember ákvað peningastefnunefnd Seðlabankans að lækka vexti bankans um 0,75 prósentur. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana lækkuðu í 4,0%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum í 5,25%, vextir á lánum gegn veði til sjö daga í 5,5% og daglánavextir í 7,0%.

Hinn 3. nóvember sendi Már Guðmundsson seðlabankastjóri frá sér sérstaka yfirlýsingu sem gefin var út í því skyni að útskýra stefnuramma og áform varðandi afnám gjaldeyrishaftanna. Í yfirlýsingunni fór seðlabankastjóri yfir stöðu haftanna og útskýrði hvaða skilyrði þyrftu að vera fyrir hendi svo að mögulegt yrði að afnema þau.

Hinn 3. nóvember hækkaði sjávarútvegsráðuneytið hámarksafla af íslenskrum sumargotssíld úr 15 þúsund tonnum í 40 þúsund tonn.

Hinn 14. nóvember lauk tveggja vikna heimsókn sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til Íslands undir forystu Julie Kozack. Sendinefndin ræddi við íslensk stjórnvöld um fjórðu endurskoðun efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Sendinefndin átti fundi með stjórnvöldum, þingmönnum, háskólasamfélaginu, fulltrúum einkageirans og aðilum vinnumarkaðarins.

Hinn 16. nóvember samþykkti Alþingi lög nr. 132/2010, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, varðandi ákvæði um slitameðferð og gjaldprotaskipti hinna föllnu viðskiptabanka. Var breytingin gerð í kjölfar ábendinga af hálfu skilanefnda og slitastjórna hinna föllnu viðskiptabanka vegna dóma sem kveðnir voru upp af áfrýjunardómstóli í Frakklandi 4. nóvember 2010. Af dómunum mátti draga þá ályktun að fyrir hendi kynni að vera ákveðin réttaróvissa er lyti að upphafi slitameðferðar fjármálafyrirtækja eftir almennum reglum. Þar sem verulegir hagsmunir væru í húfi þótti nauðsynlegt að eyða öllum vafa um aðkomu dómstóla að slitameðferðinni og tryggja að enginn vafi gæti leikið á því að formskilyrðum tilskipunar 2001/24/EB, um endurskipulagningu og slit lánastofnana, væri fullnægt.

Hinn 19. nóvember gaf sjávarútvegsráðuneytið út loðnukvóta fyrir vetrarvertíð 23.11.2010 - 30.4.2011, alls 200 þúsund tonn.

Hinn 25. nóvember féll í Hæstarétti Íslands dómur nr. 274/2010 vegna laga um ábyrgðarmenn nr. 32/2009. Í málinu voru tveir ábyrgðarmenn krafðir um skuld sem héraðsdómur hafði létt af aðalskuldara með nauðasamningi til greiðsluáðlögunar. Hæstiréttur staðfesti dóm undirréttar um að réttur kröfuhafans á hendur sjálfskuldarábyrgðarmönnum skuldabréfsins nyti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar og að þau réttindi yrðu ekki skert án bóta með afturvirkri íþyngjandi löggjöf. Ákvæði laga um ábyrgðarmenn stæðist því ekki stjórnarskrá.

Hinn 30. nóvember samþykkti Alþingi lög nr. 135/2010, um breytingu á lögum um greiðsluáðlögun einstaklinga nr. 101/2010 og fleiri lögum, með það að markmiði að sniða ýmsa annmarka af lögum um greiðsluáðlögun, skýra ákvæði og tryggja virkni greiðsluáðlögunar og samræmda framkvæmd hennar.

Desember

Hinn 1. desember tilkynnti Framtakssjóður Íslands að athugun Samkeppniseftirlitsins og áreiðanleikakönnun vegna kaupa sjóðsins á eignarhaldsfélaginu Vestia af Landsbankanum væri lokið. Verðmat breyttist nokkuð í ferlinu og Landsbankinn heldur eftir meiru af eignum félagsins en gert var ráð fyrir við kaupin 20. ágúst. Því er kaupverðið 15,5 ma.kr. í stað þeirra 19,5 ma.kr. sem gert var ráð fyrir í ágúst.

Hinn 3. desember kynnti ríkisstjórnin samkomulag við lánastofnanir og lífeyrissjóði um aðgerðir vegna skulda- og greiðsluvanda heimilanna. Lántakendum í greiðsluvanda með yfirveðsettar eignir býðst að fá eftirstöðvar skulda færðar niður að 110% af verðmæti eignar. Upphafleg greiðslubyrði þarf þó að vera yfir 20% af tekjuskattstofni að viðbættum fjármagnstekjum. Lækkun veðskulda gæti orðið allt að 4 m.kr. hjá einstaklingi og 7 m.kr. hjá hjónum/sambýlisfólki eða einstæðum foreldrum. Mun ítarlegra mat á eignum og greiðslugetu þarf að koma til ef um meiri niðurfærslu er að ræða, að hámarki 15 m.kr. hjá einstaklingi og 30 m.kr. hjá hjónum/sambýlisfólki og einstæðum foreldrum. Breytingar voru jafnframt gerðar á sértækri skuldaáðlögun til að úrræði myndi nýtast fleiri heimilum. Rúmlega 2 ma.kr. yrði varið til að viðhalda sérstakri hækkun vaxtabóta sem var við lýði 2009-2010. Nýtt tímabundið úrræði yrði síðan mótað til að greiða niður vaxtakostnað vegna íbúðarhúsnæðis. Lánveitendur munu einnig kappkosta að ná til allra heimila sem eru í vanskilum og bjóða þeim viðhlitandi lausnir fyrir 1. maí 2011. Í tengslum við samkomulagið um skuldavandann lýsti ríkisstjórnin því yfir að dregið yrði úr tengingum milli bóta lífeyrissjóða og almannatrygginga og að frítekjumark ellilífeyrisþega yrði hækkað í áföngum á árunum 2013-2015.

Hinn 7. desember samþykkti Alþingi fjárukalög fyrir 2010. Áætlaðar tekjur ársins 2010 hækka um 16 ma.kr., einkum vegna meiri eignasölu, en áætluð gjöld lækka um 0,9 ma.kr., þar sem 24 ma.kr. hækkun vegna yfirtekinna bankaskulda vegur upp 24 ma.kr. lækkun vaxtagjalda.

Hinn 8. desember ákvað peningastefnunefnd Seðlabankans að lækka vexti bankans og þrengja vaxtagang Seðlabankans um 1 prósentu. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana lækkuðu um 0,5 prósentur í 3,5%. Hámarks-vextir á 28 daga innstæðubréfum og á lánum gegn veði til sjö daga lækkuðu um 1,0 prósentu í 4,25% og 4,5%. Þá lækkuðu daglánavextir um 1,5 prósentur í 5,5%. Í yfirlýsingu nefndarinnar kom fram að markmið breytinganna væri að draga úr sveiflum í skammtímavöxtum og færa einnar nætur vexti á markaði nær miðju vaxtagangsins.

Hinn 9. desember kynnti samninganefnd Íslands í Icesave-málinu niðurstöður viðræðna við samninganefndir Bretlands og Hollands og lagði fram drög að nýjum samningi. Í drögunum felast 2,64% meðalvextir til 2016 í stað 5,5% í fyrri samningi, sveigjanlegur endurgreiðslutími ef eftirstöðvar árið 2016 reynast hærri en vænst er og árlegt greiðsluhámark, 1,3% af landsframléiðslu eða 5% af tekjum ríkisins, hvort heldur er lægra. Hinn 15. desember lagði ríkisstjórnin fram frumvarp til laga um heimild til að samþykkja samninginn.

Hinn 15. desember samþykkti Alþingi lög nr. 141/2010, um breytingu á lögum um verðbréfavíðskipti, sem breikkar undanþágur frá yfirtökuskyldu þegar fyrirtæki er sett á markað eða það setur fjármálagjörninga á markað.

Hinn 15. desember skrifuðu efnahags- og viðskiptaráðuneytið, Félag atvinnurekenda, fjármálaráðuneytið, Samtök atvinnulífsins, Samtök fjármálafyrirtækja og Viðskiptaráð Íslands undir samkomulag um áætlun um að flyta skuldauppgjöri lítilla og meðalstórra fyrirtækja við fjármálafyrirtæki. Tekur það til fyrirtækja þar sem áframhaldandi rekstur er að mati fjármálafyrirtækis líklegastur til að tryggja best hagsmuni kröfuhafa, starfsmanna og eigenda. Miðað verður við að heildarskuldsetning fyrirtækja að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu fari ekki fram úr endurmetnu eigna- eða rekstrarvirði þeirra, hvort sem er herra, að viðbættu virði annarra trygginga fyrir skuldum viðkomandi fyrirtækis. Sett verða mánaðarleg markmið um fjölda afgreiddra tilboða fyrir tímabilið frá janúar til maí 2011. Ríkisvaldið mun greiða fyrir samkomulaginu með því að lengja greiðslufresti í opinberri innheimtu og auka heimildir til niðurfellingar opinberra krafna sem víst þykir að ekki innheimtist. Samkomulagið var kynnt undir nafninu "Beina brautin."

Hinn 16. desember samþykkti Alþingi fjárlög fyrir 2011. Tekjur eru áætlaðar 473 ma.kr., gjöld 510 ma.kr. og halli 37 ma.kr. Afgangur fyrir vaxtatekjur og -gjöld er áætlaður 15 ma.kr. Áætlað er að tekjur lækki um 1% frá auknum fjárlögum 2010 vegna minni söluhagnaðar og framsals tekjustofna til sveitarfélaga. Þó er talið að skatttekjur hækki um 3% þótt afsal tekna til sveitarfélaga vegna málefna fatlaðra valdi 2,4% lækkun. Útgjöld eiga að lækka um 9%, en þar af stafa 1,6% af flutningi málefna fatlaðra.

Hinn 16. desember staðfesti Eftirlitsstofnun EFTA áður útgefna bráðabirgðaniðurstöðu þess efnis að ákvæði laga nr. 125/2008, svonefndra neyðarlaga, stæðust kröfur EES-samningsins og önnur lagaleg skilyrði. Þar með voru talin ákvæði um forgang innstæðna umfram almennar kröfur og ráðstafanir íslenskra stjórnvalda á grundvelli laganna. Stofnunin taldi að ekki hefðu verið nein önnur úrræði sjáanleg en þau sem gripið var til og hefðu getað komið í veg fyrir algert hrun efnahagslífsins á Íslandi.

Hinn 16. desember tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði veitt fyrirtækinu T Plús hf. á Akureyri starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki samkvæmt 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Hinn 17. desember ályktaði Alþingi að á vegum þess skuli fara fram sjálfstæð og óháð rannsókn á starfsemi Íbúðalánasjóðs á árunum 2004 til 2010.

Hinn 17. desember samþykkti Alþingi lög nr. 142/2010, um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti, sem miðuðu að því að gera þeim einstaklingum sem teknir hafa verið til gjaldþrotaskipta, en bera áfram ábyrgð á skuldum sem ekki hafa fengist greiddar við gjaldþrotaskiptin, auðveldara að koma fjármálum sínum á réttan kjöl. Fólust breytingarnar í því að stytta fyrningarfrest á þeim kröfum, eða þeim hluta þeirra, sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskipti, svo að fyrningartími allra krafna sem lýst er í þrotabú verði sá sami, án tillits til þess um hvers konar kröfu er að ræða, eða tvö ár.

Hinn 17. desember samþykkti Alþingi lög nr. 144/2010, um breytingu á lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, sem takmarkar ábyrgð eigenda í kjölfar ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA um að ótakmörkuð eigendaábyrgð sé ekki í samræmi við ákvæði EES-samningsins um opinbera styrki.

Hinn 17. desember samþykkti Alþingi lög nr. 152/2010 um að sveitarfélögin í landinu taki við faglegri og fjárhagslegri ábyrgð á framkvæmd þjónustu við fatlað fólk og að þessi ábyrgð flytjist frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011 gegn auknum útsvarstekjum.

Hinn 17. desember gaf sjávarútvegsráðherra út 147 þúsund tonna makrílkvóta til íslenskra skipa á árinu 2011 sem er 17 þúsund tonna hækkun frá fyrra ári.

Hinn 18. desember samþykkti Alþingi lög nr. 150/2010, um hækkunir á eftirlitsgjöldum fjármálastofnana til Fjármálaeftirlitsins um sem nemur 40% milli 2010 og 2011.

Hinn 18. desember samþykkti Alþingi lög nr. 151/2010, um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuldara. Með lagabreytingunni var stefnt að því að draga úr þeirri óvissu sem skapaðist í kjölfar dóma Hæstaréttar Íslands um gengistryggð lán, varðandi lögmæti fjölda samninga á víðtæku sviði skammtíma- og langtímafjármögnunar, í þeim tilgangi að stuðla að því að sambærileg mál fengju sambærilega niðurstöðu, auk þess að tryggja réttaröryggi við uppgjör lána með óskuldbindandi gengisviðmiðun.

Hinn 18. desember samþykkti Alþingi lög nr. 153/2010, um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar. Bótaréttur þeirra sem misstu vinnu eftir lok apríl 2008 var lengdur úr þremur árum í fjögur og heimild til að greiða bætur í hlutfalli við lækkað starfshlutfall framlengd um sex mánuði til 30. júní 2011. Bætur eru þó aðeins greiddar ef skerðing starfshlutfalls er a.m.k. 30%. Skerðingarmörk voru áður 20%.

Hinn 18. desember samþykkti Alþingi lög nr. 155/2010, um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, 0,041% af stofni sem nemur heildarskuldum.

Hinn 18. desember samþykkti Alþingi lög nr. 156/2010, sem breyta álagningu vörugjalds af innfluttum ökutækjum, bifreiðagjalds og olíugjalds, þannig að álagning eykst með kolefnislosun.

Hinn 18. desember samþykkti Alþingi lög nr. 163/2010, um breytingar á lögum um virðisaukaskatt, sem auðvelda skattayfirvöldum eftirlit og framfylgni, skerpa ákvæði um frádrátt vegna útfluttrar, rafrænnar þjónustu, m.a. þjónustu gagnavera, afnema endurgreiðslur vegna húshitunar en framlengja heimildir til sérstakra endurgreiðslna vegna hópferðabifreiða og vinnu við íbúðabyggingar til ársloka 2011.

Hinn 18. desember samþykkti Alþingi lög nr. 164/2010 um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Helstu atriði laganna eru i) hækkun á fjármagnstekjuskatti úr 18% í 20%, ii) hækkun á tekjuskatti fyrirtækja úr 18% í 20%, iii) hækkun á auðlegðarskatti úr 1,25% í 1,5% ásamt lækkingu skattleysismarka um 16,7%, iv) hækkun erfðafjárskatts úr 5% í 10%, v) hækkun tóbaksgjalds um 7% auk sérstakrar en takmarkaðrar gjaldtöku af tóbaki í fríhöfn við komu, vi) 50% hækkun kolefnisgjalds með því að hækka viðmiðanir úr 50% í 75% af verði losunarheimilda á uppboðum ESB, vii) rýmkun heildarheimilda til að taka út séreignarsparnað fyrir 1. apríl 2011 úr 2,5 m.kr. í 5 m.kr. á mann. Alls er gert ráð fyrir að breytingarnar skili ríkissjóði 11 ma.kr. á árinu 2011.

Hinn 18. desember samþykkti Alþingi lög nr. 165/2010 um breytingar á ýmsum skattalögum. Helstar voru i) flutningur útsvarstekna til sveitarfélaga vegna flutnings á málefnum fatlaðra, ii) heimild til fyrirtækja til að dreifa skattstofni vegna eftirgefina skulda á árin 2010-2014 og greiða það sem þá stendur út af á fimm árum, iii) rýmkun á heimildum til að fresta eða fella niður skattaskuldir rekstraraðila, iv) niðurfelling á hlutabréfaafslætti af tekjuskatti einstaklinga í ljósi athugasemda frá EFTA samhliða auknum frádráttarheimildum til nýsköpunarfyrirtækja, v) breytingar á lagamma um skattarannsóknir til að flýta fyrir afgreiðslu mála.

Hinn 22. desember samþykkti Alþingi lög nr. 141/2010, um breytingu á lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, varðandi tilboðsskyldu vegna yfirráða í félagi við skráningu þess í kauphöll. Var breytingin gerð vegna athugasemda um að ákvæði laganna fyrir breytinguna væri til þess fallið að skaða verðbréfamarkaðinn og að veruleg hætta væri á því að félög tækju hlutabréf sín úr víðskiptum hér á landi.

Hinn 22. desember birti fjármálaráðuneytið skattahlutföll í staðgreiðslu á árinu 2011. Meðalútsvarshlutfall sveitarfélaga verður 14,41%, 66 af 76 sveitarfélögum leggja á hámarksútsvar og tvö sveitarfélög leggja á lágmarksútsvar.

Staðgreiðsluhlutfall tekjuskatts og útsvars verður í þremur þrepum; 37,31%, 40,21% og 46,21%. Mánaðarleg tekjuviðmiðunarmörk þrepa verða 209.400 kr. í fyrsta þrepi, 471.150 kr. í öðru þrepi og 680.550 kr. í þriðja þrepi. Persónuafsláttur hvers einstaklings verður óbreyttur eða 44.205 kr. á mánuði og skattleysismörk 123.417 kr. að teknu tilliti til 4% lögbundinnar iðgjaldsgreiðslu launþega í lífeyrissjóð. Lágmarks- og hámarkshlutfall útsvars hjá sveitarfélögum hækka um 1,20% vegna flutnings málefna fatlaðra til sveitarfélaga og tekjuskattshlutföll ríkisins lækka á móti í hverju þrepi um samsvarandi hlutfall. Skattleysismörk og mörk milli skattþrepa hækka í hlutfalli við tólf mánaða hækkun launavísitölu, nú um 4,7%.

Hinn 30. desember tilkynnti Seðlabanki Íslands að hann hefði lokið samningum um skuldir fimm sparisjóða sem uppfylltu ekki skilyrði um lágmark eigin fjár í kjölfar bankahrunsins. Þeir sparisjóðir sem um ræðir eru: Sparisjóður Bolungarvíkur, Sparisjóður Norðfjarðar, Sparisjóður Svarfdæla, Sparisjóður Vestmannaeyja og Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis. Auk þess hafa Sparisjóður Suður-Þingeyinga og Sparisjóður Höfðhverfinga greitt skuldir sínar við Seðlabankann. Við endurskipulagninguna eignaðist Seðlabankinn stóran hluta stofnfjár í sparisjóðunum en stofnfjárhlutirnir hafa verið framseldir til Bankasýslu ríkisins sem fer með eignarhaldið fyrir hönd ríkisins.

Undir lok ársins keypti Seðlabankinn gjaldeyri sem nam um 24,6 ma.kr. (jafnvirði 160 milljóna evra). Einnig samdi hann um framvirk gjaldeyrisviðskipti sem námu um 47,9 ma.kr. (jafnvirði 312 milljóna evra). Í heild munu þessi viðskipti auka gjaldeyrisforða Seðlabankans á samningstímanum um 72,5 ma.kr. (jafnvirði 472 milljóna evra). Aðgerðirnar fólu í sér að misvægi milli erlendra eigna og skulda í efnahagsreikningum ýmissa innlendra fjármálafyrirtækja var leiðrétt. Auk þess stuðla þær að auknum stöðugleika fjármálakerfisins og auka þann hluta gjaldeyrisforðans sem er ekki fenginn að láni.

Annáll efnahags- og peningamála 2011

Annáll efnahags- og peningamála 2011

Janúar 2011

Hinn 1. janúar hækkuðu tekju- og eignamörk sem miðað er við í reglum um félagslegar íbúðir um 2,46% og viðmiðunarmörk eigna gagnvart húsaleigubótum hækkuðu um sama hlutfall. Er það í samræmi við hækkun neysluverðs frá ársbyrjun 2010 fram að ársbyrjun 2011.

Hinn 4. janúar gaf velferðarráðherra út tilmæli til sveitarstjórna um að þær hækkuðu fjárhagsaðstoð til einstaklinga þannig að hún yrði jöfn atvinnuleysisbótum.

Hinn 5. janúar var kynnt samkomulag milli ríkisstjórnarinnar og Landssamtaka lífeyrissjóða um að i) almennar hækkunar lífeyrisgreiðslna innan ársins 2011 myndu ekki leiða til lækkunar á greiðslum ríkisins vegna tekjutengingar; ii) lífeyrissjóðirnir myndu á sama tímabili ekki beita tekjuviðmiðun til að lækka greiðslur þótt nýir örorkumatsúrskurðir yrðu felldir; iii) frítekjumark ellilífeyrisþega myndi hækka í þremur áföngum á árunum 2013-2015 þannig að það hefði þá hækkað til jafns við hækkun frítekjumarks öryrkja.

Hinn 6. janúar var greint frá því að Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið hefðu gert með sér nýjan samstarfssamning. Markmið samningsins er að stuðla að heilbrigðu, virku og öruggu fjármálakerfi í landinu, þar með talið greiðslu- og uppgjörskerfum. Meðal nýmæla eru reglulegir fundir yfirmanna og helstu sérfræðinga beggja stofnana að minnsta kosti tvisvar á ári til að meta kerfislega áhættu í fjármálakerfinu, svo sem þjóðhagslega áhættuþætti, áhættu í starfsemi fjármálafyrirtækja, samspil áhættuþátta, stöðu greiðslukerfa, þörf á breytingum á lögum og reglum og endurbætur á viðlagaáætlunum.

Hinn 7. janúar samþykkti ríkisstjórnin að framlengja hvatningarátakið „Allir vinna“ sem stjórnvöld höfðu staðið að í samvinnu við Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og fleiri. Heimild til endurgreiðslu alls virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði verður framlengd til ársloka 2011 og stendur jafn lengi og heimild til frádráttar frá tekjuskatti.

Hinn 10. janúar samþykkti framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fjórðu endurskoðun efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda. Með samþykkt framkvæmdastjórnarinnar varð fimmti áfangi lánaufyrirgreiðslunnar til reiðu, að upphæð 105 milljónir SDR sem er jafnvirði tæplega 19 ma.kr. Einnig eru heimildir til að draga frekar á lán frá Norðurlöndunum og Póllandi.

Hinn 28. janúar komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að Eignarhaldsfélag NBI ehf. sé hæft til að fara með virkan eignarhlut sem nemur svo stórum hluta að Landsvaki hf. og SP-Fjármögnun hf. verða talin dótturfyrirtæki þess.

Hinn 28. janúar var tilkynnt að Samkeppniseftirlitið hefði samþykkt sölu Seðlabankans á hlut í Reiknistofu bankanna jafnhliða yfirtöku bankans á Fjölgreiðslumiðlun hf., sem heitir hér eftir Greiðsluveitan. Fyrir breytinguna rak Fjölgreiðslumiðlun jöfnunarkerfi og sameiginlega greiðslurás fyrir greiðslukortaviðskipti. Framvegis mun hún einnig reka stórgreiðslukerfi, SWIFT-Alliance-kerfi vegna greiðslna milli landa, innheimtakerfi fyrir rafrænar kröfur og greiðslu-seðla og kerfi sem sinnir birtingu rafrænna skjala í heimabönkum (birtingarkerfi). Í samþykki sínu vísar Samkeppniseftirlitið til úrskurðar síns um brot kortafyrirtækja árið 2008 og setur skilyrði um hegðun Greiðsluveitunnar á markaði.

Hinn 31. janúar komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að NBI hf. væri hæft til að eiga og fara með allt að 33% virkan eignarhlut í Borgun hf.

Hinn 31. janúar tilkynnti Seðlabankinn um lítils háttar breytingu á kynningum á ákvörðunum peningastefnufndar. Frá og með ákvörðun nefndarinnar þann 2. febrúar yrði yfirlýsing nefndarinnar, þar sem vaxtaákvörðunin er kynnt og rökstudd, birt klukkan 9:00 á kynningardeggi í stað kl. 11:00 eins og hefði verið fram að þeim tíma. Tilgangur breytingarinnar var fyrst og fremst sá að gefa markaðsaðilum meira ráðrúm til að meta ákvörðun peningastefnufndar áður en markaðir eru opnaðir. Þessi tilhögun gefur því fjölmiðlum, sérfræðingum og öðrum færi á að kynna sér yfirlýsingu nefndarinnar fyrir fundinn.

Febrúar 2011

Hinn 2. febrúar ákvað peningastefnufnd Seðlabanka Íslands að lækka vexti bankans um 0,25 prósentur. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana lækkuðu í 3,25%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum lækkuðu í 4,0%, vextir á lánum gegn veði til sjö daga lækkuðu í 4,25% og daglánavextir lækkuðu í 5,25%.

Hinn 2. febrúar samþykkti Alþingi lög nr. 9/2011, um breytingu á lögum um umgengni við nytjastofna sjávar. Breytingin veitir sjávarútvegsráðherra heimild til að beita dagsektum til að bæta skil á aflaskýrslum.

Hinn 2. febrúar kynnti fjármálaráðherra stefnu ríkisins í lánamálum fyrir árin 2011-2014 og áætlanir um lántökur. Áætlunin er miðuð við að heildarskuldir ríkissjóðs lækki úr 83% af VLF í lok 2010 niður fyrir 70% í árslok 2014, en að hreinar skuldir lækki á sama tíma úr 43% af VLF niður fyrir 35%. Stefnt skal að því að árlegar endurgreiðslur innlendra ríkisskuldabréfa verði lægri en 6% af VLF, innstæður á innlánsreikningum ríkissjóðs nemi á hverjum tíma a.m.k. 80 ma.kr. og að af skuldum ríkissjóðs verði 60-80% innlendar og óverðtryggðar, 20-40% verðtryggðar og 0-20% erlendar.

Hinn 3. febrúar samþykkti Alþingi lög nr. 12/2011, um fjölgun dómara. Dómurum við Hæstarétt verður fjölgað tímabundið um þrjá og héraðsdómurum um fimm sökum álags í kjölfar efnahagsfallanna.

Hinn 7. febrúar kynnti velferðarráðherra skýrslu sérfræðingahóps um neysluviðmið fyrir heimili á Íslandi. Þrenns konar neysluviðmið voru kynnt: i) dæmigert viðmið sem lýsir hóflegri neyslu, þ.e. miðgildi útgjalda íslenskra heimila, ii) skammtímaviðmið sem er byggt á sömu forsendum nema gert er ráð fyrir að fólk geti dregið úr neyslu og frestað útgjaldaliðum tímabundið og iii) grunnviðmið sem gefur vísbendingu um hvað fólk þarf að lágmarki til að framfleyta sér.

Hinn 16. febrúar samþykkti Alþingi lög nr. 13/2011, svonefnd Icesave-lög, sem heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins vegna bóta sem þau greiddu vegna svonefndra Icesave-innstæðna.

Hinn 18. febrúar tilkynnti landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið að loðnukvóti ársins hefði verið aukinn í 390 þúsund tonn. Upphaflegur kvóti var 200 þúsund tonn.

Hinn 20. febrúar neitaði forseti Íslands að undirrita lög nr. 13/2011, um staðfestingu samninga um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins, svonefnd Icesave-lög. Með því vísaði forsetinn málinu í þjóðaratkvæðagreiðslu og var síðar ákveðið að halda hana 9. apríl.

Hinn 23. febrúar afturkallaði Fjármálaeftirlitið starfsleyfi (gamla) Byrs sparisjóðs, Frjálsa fjárfestingarbankans hf. og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. þar sem kveðinn hefði verið upp úrskurður um slit þessara fyrirtækja skv. XII. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Hinn 23. febrúar gaf matsfyrirtækið Moody's frá sér sérstakt álit um niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave-samninginn. Í álitinu kom fram að yrði niðurstaða atkvæðagreiðslunnar sú að samningurinn yrði samþykktur væri líklegt að horfum á lánsþæfiseinkunn Ríkissjóðs Íslands yrði breytt úr neikvæðum horfum í stöðugar. Á hinn bóginn, ef niðurstaða atkvæðagreiðslunnar yrði sú að samningnum yrði hafnað væri líklegt að lánsþæfiseinkunn ríkissjóðs lækkaði í spákaupmennskuflokk.

Hinn 23. febrúar samþykkti Alþingi lög nr. 14/2011 til að styrkja samkeppnislög nr. 44/2005 m.a. með því að heimila Samkeppniseftirlitinu að grípa til aðgerða gegn aðstæðum eða háttsemi sem kemur í veg fyrir, takmarkar eða hefur skaðleg áhrif á samkeppni almenningi til tjóns. Þá er Samkeppniseftirlitinu nú heimilt að höfða mál fyrir dómstólum til ógildingar úrskurði áfrýjunarnefndar.

Hinn 25. febrúar komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að Eignarhaldsfélag NBI ehf. væri hæft til að fara með svo stóran, virkan eignarhlut í Rose Invest hf., sem er rekstrarfélag verðbréfasjóða, að Rose Invest verði talið dótturfyrirtæki eignarhaldsfélagsins.

Mars 2011

Hinn 1. mars samþykkti Alþingi breytingar á raforkulögum. Á meðal breytinganna er rýmkun á skilyrðum til að tengjast dreifikerfi. Þá er kveðið svo á að Landsnet skuli vera í beinni eigu ríkis og/eða sveitarfélaga frá og með 1. janúar 2015. Ennfremur er kveðið á um fyrirkomulag gjaldskráa sem ætlað er að sjá til þess að þær standi undir meðalkostnaði við rekstur auk arðsemi sem samsvari fjármagnskostnaði og sköttum. Þá er áskilið að leyfi þurfi til að reka markað með orku til dreifingar.

Hinn 3. mars samþykkti Alþingi að gera breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, til að koma til móts við tilmæli ESA og tryggja að ríkisábyrgðir vegna Landsvirkjunar séu í samræmi við ríkisstyrkjareglur EES-samningsins. Í þeirri breytingu felst að ríkisábyrgðin sé ekki ótakmörkuð, þ.e. að lög nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., geti átt við um fyrirtækið, hún nái eingöngu til lánaskuldbindinga og að fyrir ábyrgðina sé greitt hæfilegt ríkisábyrgðargjald.

Hinn 3. mars samþykkti Alþingi breytingu á lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir. Breytingin kveður svo á að í stað hins almenna ríkisábyrgðargjalds (0,25%) skv. 2. mgr. 6. gr. þeirra laga skuli Landsvirkjun, og aðrir þeir aðilar sem tilgreindir eru í 1. mgr. 6. gr. laga um ríkisábyrgðir, greiða ríkisábyrgðargjald sem svarar að fullu til þeirrar ívilnunar sem fyrirtækið nýtur, á grunni ríkisábyrgðar, í formi hagstæðari lánskjara umfram þau kjör sem almennt bjóðast á markaði án ríkisábyrgðar. Með lögum nr. 144/2010, um breytingu á lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, með síðari breytingum, samþykkti Alþingi sams konar breytingar að því er eigendaábyrgð á lánaskuldbindingum Orkuveitu Reykjavíkur varðar.

Hinn 5. mars samdi fjármálaráðherra við Landsbanka Íslands um yfirtöku Landsbankans á SpKef sparisjóði. Var það gert í samráði við Bankasýslu ríkisins og með samþykki Fjármálaeftirlitsins. Hinn 5. febrúar var eigið fé SpKef metið neikvætt um 11 ma.kr. og alls vantaði 19,4 ma.kr. til að sjóðurinn uppfyllti kröfur FME um eiginfjárlágmark. Auk þess hafði sjóðurinn glímt við lausafjáranda. Með samningnum við Landsbankann takmarkast útgjöld ríkissjóðs við kostnað við að tryggja innstæður. Eiginfjárbörf umfram það var metin 8,2 ma.kr.

Hinn 16. mars ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að halda vöxtum bankans óbreyttum. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana voru því áfram 3,25%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum 4,0%, vextir á lánum gegn veði til sjö daga 4,25% og daglánavextir 5,25%.

Hinn 16. mars heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að staðfesta ýmsar ákvarðanir EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum EES-samnings nr. IX (um reikningsskilastaðla, þskj. 1056, og rafræna greiðslumiðlun, þskj. 1057), XIII (um sjótryggingar, þskj. 1058), XIX (um neytendavernd, þskj. 1055), XX (um umhverfismál, þskj. 1054) og XXII (um félagarétt, þskj. 1060).

Hinn 16. mars samþykkti Alþingi lög nr. 24/2011, um breytingar á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Við öll þessi lög var bætt ákvæði sem heimilar kyrrsetningu eigna ef hætta er talin á að skattaðilar geti komið sér undan greiðslum opinberra gjalda með því að flytja eða færa eignir úr sinni vörslu í hendur öðrum. Sambærileg heimild var sett í lög um tekjuskatt á árinu 2010.

Hinn 17. mars náðist samkomulag helstu veiðipjóða annarra en Rússa um veiðar úr úthafskarfastofninum á Reykjanesi eftir margra ára viðræður. Stefnt er að því að veiðar verði samkvæmt ráðgjöf og að hlutur Íslendinga verði 31%.

Hinn 22. mars gaf forsætisráðherra út siðareglur fyrir ráðherra ríkisstjórnarinnar. Í reglunum er meðal annars fjallað um hagsmunatengsl og hagsmunaárekstra, fjármál og launagreiðslur, háttsemi og framgöngu, samskipti ráðherra við starfslið ráðuneytis og upplýsingagjöf til almennings.

Hinn 22. mars heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að staðfesta tvær breytingar EES-nefndarinnar um breytingar á viðauka EES-samnings nr. XX (um umhverfismál, þskj. 1090 og 1091).

Hinn 25. mars var greint frá því að ráðgjafarnefnd Fjármálaeftirlitsins um hæfi stjórnarmanna hefði nú metið 47 stjórnarmenn fjármálafyrirtækja og váttryggingafélaga, þar af átta úr stjórnnum eignarhaldsfélaga. Niðurstaðan var sú að þekking, skilningur og viðhorf stjórnarmannanna varðandi helstu efni sem tengjast verksviði þeirra var fullnægjandi í 35 tilvikum en ófullnægjandi í 12 tilvikum.

Hinn 25. mars birti Seðlabanki Íslands skýrslu um áætlun um afnám gjaldeyrishafta. Í skýrslunni er fjallað um reynslu af fyrri áætlun Seðlabankans og framvindu skilyrða sem þarf að uppfylla til þess að hægt sé að losa um höftin. Auk þess er tveimur megináföngum áætlunarinnar lýst ásamt einstökum skrefum fyrri áfangans. Niðurstaða skýrslunnar er sú að forsendur þess að byrja að losa varlega um nokkra þætti haftanna eru fyrir hendi, en meiri háttar skref verða hins vegar vart tekin fyrir en ríkissjóður hefur með lántöku sýnt fram á getu til þess að endurfjármagna erlend lán.

Hinn 28. mars samþykkti Alþingi að bæta ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 44/1998, um húsnæðismál, sem heimilaði Íbúðalánasjóði að ákveðnum skilyrðum uppfylltum að færa fasteignaveðlán einstaklinga niður í 110% af verðmæti íbúðarhúsnæðis. Lagabreytingin er í samræmi við samkomulag ríkisstjórnarinnar við lánastofnanir og lífeyrissjóði frá 3. desember 2010. Kostnaður við niðurfærslu Íbúðalánasjóðs vegna þessara aðgerða er áætlaður 21,8 ma.kr.

Apríl 2011

Hinn 8. apríl afturkallaði Fjármálaeftirlitið starfsleyfi Askar Capital hf., Sparisjóðabanka Íslands hf. og VBS fjárfestingarbanka hf.

Hinn 9. apríl var haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um lög nr. 13/2011 sem heimiluðu fjármálaráðherra að ábyrgjast endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta á kostnaði Breta og Hollendinga á lágmarkstryggingu innstæðna í útibúum Landsbankans í Bretlandi og Hollandi og greiða eftirstöðvar og vexti af þeim skuldbindingum. Forseti Íslands hafði vísað málinu í þjóðaratkvæðagreiðslu hinn 20. febrúar. Kjörsókn var 75% og var heimildin felld með 59,77% gilda atkvæða gegn 40,23%.

Hinn 11. apríl samþykkti Fjármálaeftirlitið yfirfærslu á tilgreindum rekstrarhluta EA fjárfestingarfélags hf. (áður MP banka hf.) til MP banka hf. (áður nb.is-sparisjóður hf.) og veitti hinum nýja banka starfsleyfi sem viðskiptabanki. Á sama tíma féll niður starfsleyfi félagsins sem sparisjóður. Þá komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að Titan fjárfestingarfélag ehf. væri hæft til að fara með virkan eignarhlut, allt að 20%, í hinum nýja MP banka hf.

Hinn 13. apríl setti matsfyrirtækið Standard & Poor's lánshæfiseinkunnir Ríkissjóðs Íslands á athugunarlista með neikvæðum horfum.

Hinn 15. apríl bauðst Seðlabankinn, fyrir hönd ríkissjóðs, til að kaupa á nafnverði erlend skuldabréf ríkissjóðs sem falla eiga í gjalddaga árin 2011 og 2012. Um var að ræða tvo skuldabréfaflokka sem upphaflega voru að upphæð 1.250 milljónir evra. Aðgerðin var þáttur í lausafjár- og skuldastýringu ríkissjóðs en einnig í gjaldeyrisforðastýringu Seðlabanka Íslands. Tilboðið stóð til 5. maí 2011.

Hinn 20. apríl lagði Samkeppniseftirlitið dagsektir á Seðlabanka Íslands til að knýja fram afhendingu á upplýsingum um útlán einstakra banka og sparisjóða sem Seðlabankinn taldi sig hafa tekið við í trúnaði. Skyldu sektirnar nema 1,5 m.kr. á dag uns gögnin yrðu reidd af hendi. Sektirnar voru láttnar falla niður eftir að viðkomandi lánastofnanir heimiluðu Seðlabankanum að afhenda umbeðin gögn.

Hinn 20. apríl staðfesti matsfyrirtækið Moody's Baa3 lánshæfiseinkunn Ríkissjóðs Íslands með neikvæðum horfum fyrir innlendar og erlendar langtímaskuldbindingar í framhaldi af því að Icesave-samkomulaginu var hafnað í þjóðar-atkvæðagreiðslu hinn 9. apríl. Fyrirtækið hafði áður gefið til kynna að höfnun samkomulagsins myndi að líkindum leiða til lækkunar lánshæfismats. Í tilkynningu Moody's 21. apríl sagði að góðar horfur um greiðslur úr þrotabúi gamla Landsbankans, frammistaða Íslands í samstarfinu við AGS og stuðningur Norðurlandanna í kjölfar atkvæðagreiðslunnar hafi gert það að verkum að lánshæfismatið stóð óbreytt.

Hinn 20. apríl ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að halda vöxtum bankans óbreyttum. Vextir á viðskiptareikningum fjármálafyrirtækja voru því áfram 3,25%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum 4,0%, vextir á lánum gegn veði til sjö daga 4,25% og daglánavevxtir 5,25%.

Maí 2011

Hinn 2. maí afhentu íslensk stjórnvöld Eftirlitsstofnun EFTA bréf efnahags- og viðskiptaráðherra þar sem því var hafnað að Íslendingar hefðu brotið innstæðutryggingartilskipun Evrópusambandsins og þess krafist að málið yrði látið niður falla. Bent var á að þrotabúi Landsbankans myndi standa undir þorra innstæðukrafna, útgreiðslur hæfust brátt og aðgerðir Breta og Hollendinga hefðu tafið fyrir uppgjöri.

Hinn 5. maí var skrifað undir kjarasamninga landssambanda og stærstu félaga Alþýðusambands Íslands við Samtök atvinnulífsins. Meginatriði samninganna eru: Almenn prósentuhækkun launa yfir ákveðnum mánaðarlaunum, krónutöluhækkun kauptaxta sem eru undir þeim mörkum, hækkun lágmarkstekna og uppbætur vegna tafa á samningsgerð. Svipaðir samningar voru síðan gerðir bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði. Samningarnir gilda til 31. janúar 2014 ef forsendur ganga eftir. Samningar hefðu losnað 1. febrúar 2012 ef ýmis samningstengd loforð hefðu ekki verið lögfest fyrir 22. júní sl. Forsendur sem þurfa að vera uppfylltar við endurskoðun samningsins árið 2012 eru þær að kaupmáttur launa hafi aukist á tímabilinu desember 2010 til desember 2011, verðlag hafi verið stöðugt og gengi krónunnar hafi styrkst marktækt frá gildistöku samningsins til ársloka 2011. Við seinni endurskoðun á árinu 2013 þarf kaupmáttur að hafa aukist á tímabilinu desember 2011 til desember 2012, tólf mánaða verðbólga að verða undir 2,5% í desember 2012 og þá þarf gengisvísitala krónunnar að vera innan við gildið 190. Samkvæmt samningunum skulu laun yfir 282.353 kr. á mánuði hækka um 4,25% 1. júní 2011, laun yfir 314.286 kr. hækka um 3,5% 1. febrúar 2012 og laun yfir 338.462 kr. hækka um 3,25% 1. febrúar 2013. Kaupmáttur undir þessum mörkum hækka um 12 þ.kr. 1. júní 2011 og 11 þ.kr. 1. febrúar, bæði árin 2012 og 2013. Lágmarkstekjur fyrir fullt starf skulu nema a.m.k. 204 þ.kr. á mánuði í lok samningstímans, sem er 23,6% hækkun. Kostnaður atvinnurekenda eykst lítið vegna hækkunar lágmarkstekna enda fáir með þau kjör. Eingreiðslur vegna samningstafa nema 75 þ.kr., 50 þ.kr. greiddar út við samþykkt samningsins og 25 þ.kr. í tengslum við orlofs- og desemberuppbætur 2011. Áætlað er að brúttókostnaður þeirra launagreiðenda sem kjarasamningurinn tekur beint til verði um 13% á samningstímanum eða um 4,3% að meðaltali á ári. Nettókostnaður atvinnurekenda verður þó minni þar sem tryggingargjald mun lækka með lækkandi atvinnuleysi samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Við undirritun kjarasamninga lýsti ríkisstjórnin yfir að persónuafsláttur yrði verðtryggður, bætur almanna- og atvinnuleysistrygginga hækkaðar í takt við laun, tekjutenging barna- og vaxtabóta endurskoðuð og tryggingargjald lækkað í takt við lækkun útgjalda vegna atvinnuleysis. Heitið var rýmkun á skattaumhverfi fyrirtækja, umbótum í viðskiptaháttum og bættri stöðu starfsmanna við gjaldprot. Stjórnvöld lýstu yfir að það væri markmið þeirra og aðila vinnumarkaðarins að fjárfestingarhlutfall fari stighækkandi og verði ekki lægra en 20% í lok samningstímans en það jafngildir því að fjárfesting verði ekki lægri en 350 ma.kr. á ári. Lofað var átaki til að koma atvinnulausum í nám með veitingu 2 ma.kr. úr atvinnuleysisbótum yfir í námsúrræði. Ríkisstjórnin hét því að vinna að samræmingu lífeyrisréttinda án þess að skerða áunninn rétt opinberra starfsmanna og skyldi stefnt að því að málið kæmi til kasta Alþingis fyrir þinglok. Loks var lofað að sýna hagsmunaaðilum tillögur um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða áður en þær yrðu lagðar fram.

Hinn 6. maí tilkynnti Seðlabankinn að samþykkt hefði verið að kaupa á nafnverði erlend skuldabréf ríkissjóðs fyrir um 346 milljónir evra (jafnvirði um 57 ma.kr.). Gjald dagar bréfanna eru á árunum 2011 og 2012. Viðskiptin voru niðurstaða útboðs meðal fjárfesta á skuldabréfum ríkissjóðs sem tilkynnt var um 15. apríl. Um var að ræða tvo skuldabréfaflokka, samtals að upphæð 1.250 milljónir evra (samtals 204 ma.kr.) að nafnverði. Fyrir kaupin voru samtals um 800 milljónir evra (130 ma.kr.) útistandandi.

Hinn 16. maí breytti matsfyrirtækið Fitch horfum á lánshæfiseinkunn Ríkissjóðs Íslands úr neikvæðum í stöðugar.

Hinn 17. maí staðfesti matsfyrirtækið Standard & Poor's óbreytta lánshæfiseinkunn fyrir skuldbindingar Ríkissjóðs Íslands í erlendum gjaldmiðlum. Lánshæfiseinkunn langtímaskuldbindinga í innlendum gjaldmiðli var lækkuð í BBB-.

Hinn 23. maí bauðst Seðlabankinn til að kaupa íslenskar krónur gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri. Útboðið var liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum samkvæmt áætlun Seðlabankans um losun gjaldeyrishafta frá 25. mars 2011. Bauðst Seðlabankinn til að kaupa 15 ma.kr. gegn greiðslu í evrum. Markmið þessara fyrstu aðgerða í fyrri áfanga áætlunarinnar um losun gjaldeyrishafta var að stuðla að því að fjárfestar gætu selt krónueignir sínar með skipulögðum hætti, kysu þeir það.

Júní 2011

Hinn 3. júní samþykkti framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fimmtu endurskoðun efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Jafnframt var samþykkt að sameina tvær síðustu endurskoðanirnar í eina. Með samþykkt framkvæmdastjórnarinnar varð sjötti áfangi lánafyrirgreiðslu sjóðsins til reiðu, að upphæð 140 milljónir SDR sem er jafnvirði tæplega 26 ma.kr.

Hinn 7. júní fór fram útboð á íslenskum krónum gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri sem tilkynnt var um 23. maí. Tilhögun útboðsins var sú að öll samþykkt tilboð miðuðust við það gengi sem þau voru lögð inn á. Alls bárust tilboð að upphæð 61,13 ma.kr. og var tekið tilboðum fyrir 13,4 ma.kr. Meðalverð samþykktra tilboða var 218,89 kr. fyrir evru en lágmarksverð tilboða var 215 kr.

Hinn 9. júní gekk ríkissjóður frá samningum um útgáfu skuldabréfa að upphæð 1 milljarður Bandaríkjadala eða um 114 ma.kr. Bréfin bera fasta vexti og eru gefin út til fimm ára á ávöxtunarkröfunni 4,993%. Kjörin jafngilda 3,20% álagi á vexti á millibankamarkaði. Fjárfestar sýndu útgáfunni mikinn áhuga og nam eftirspurn um 2 milljörðum Bandaríkjadala.

Hinn 10. júní 2011 samþykkti Alþingi lög nr. 64/2011, um breytingu á lögum nr. 65/2007, um losun gróðurhúsa-lofttegunda. Breytingin bindur í lög viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir.

Hinn 10. júní samþykkti Alþingi lög nr. 78/2011, um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálfyrirtæki. Breytingarnar styrkja ráðstöfunarrétt kröfuhafa og slitastjórna á eignum, rétt kröfuhafa í öðru ríki gagnvart riftun, setja hæfniskröfur fyrir setu í slitastjórn, staðfesta eftirlitsrétt Fjármálaeftirlitsins gagnvart slitastjórnnum og skilaneftindum og kveða á um skyldu þeirra til að kynna kröfuhöfum allar umtalsverðar ráðstafanir.

Hinn 10. júní samþykkti Alþingi ályktun nr. 42/139 um að skipuð skyldi nefnd til að rannsaka fall sparissjóðanna.

Hinn 11. júní samþykkti Alþingi lög nr. 70/2011, um breytingar á stjórn fiskveiða. Lögin auka heimildir til strandveiða og úthluta viðbótarafli í nokkrum tegundum gegn gjaldi. Frádráttur vegna byggðakvóta og strandveiða leggst framvegis að hluta á allar veiðiheimildir fremur en heimildir í viðkomandi fisktegund og í strandveiðum er þrengt að fjölskipaútgærdum. Byggðakvóti er aukinn, veiðigjald hækkað úr 9,5% í 13% af reiknaðri framlegð og 15% af því renna til sveitarfélaga.

Hinn 11. júní samþykkti Alþingi lög nr. 73/2011, sem lögfestu atriði í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga í maí.

Hinn 11. júní samþykkti Alþingi lög nr. 81/2011, sem framlengdu tímabundna heimild Seðlabanka Íslands til að takmarka eða stöðva tiltekna flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra til 30. september 2011.

Hinn 14. júní tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði samþykkt samruna Avant hf. og SP fjármögnunar hf. við Landsbankann hf. undir nafni Landsbankans.

Hinn 15. júní ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að halda vöxtum bankans óbreyttum. Vextir á viðskiptareikningum fjármálafyrirtækja voru því áfram 3,25%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum 4,0%, vextir á lánum gegn veði til sjö daga 4,25% og daglánvextir 5,25%.

Hinn 16. júní bauðst Seðlabankinn til að kaupa evrur gegn greiðslu í ríkisverðbréfum. Útboðið var liður í losun gjald-eyrishaftra. Markmið aðgerðanna var að endurheimta þann gjaldeyri sem Seðlabankinn nýtti til kaupa á aflandskrón-um í fyrra útboði og selja krónur aðilum sem tilbúnir voru til að eiga þær í a.m.k. fimm ár. Bauðst Seðlabankinn til að kaupa 64 milljónir evra gegn greiðslu í ríkisbréfaflokknum RIKS 30 0701.

Hinn 23. júní greindi Þjóðskrá Íslands frá endurskoðun fasteignamats sem gildir við álagningu gjalda á árinu 2012. Heildarmat fasteigna á landinu hækkar um 6,8% og verður um 4.400 ma.kr. Heildarmat á íbúðarhúsnæði hækkar um 9%.

Hinn 24. júní tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði afturkallað starfsleyfi Sparisjóðsins í Keflavík vegna úrskurðar um slit sparisjóðsins.

Hinn 28. júní fór fram gjaldeyrisútboð sem tilkynnt var um 16. júní. Alls bárust tilboð að upphæð 71,8 milljónir evra og var tilboðum tekið að upphæð 61,74 milljónir evra. Útboðsverðið var ákveðið með þeim hætti að öll samþykkt tilboð voru boðin aðalmiðlurum á sama verði (e. single price) sem var ákvarðað 210,00 kr. fyrir hverja evru. Sem greiðslu fyrir gjaldeyri fengu kaupendur afhent ríkisverðbréf í flokknum RIKS 30 0701.

Júlí 2011

Hinn 4. júlí tilkynnti Fjármálaeftirlitið að stjórn þess hefði samþykkt reglur um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja eins og mælt var fyrir um með breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki. Árlegur kaupauki má ekki vera hærri en 25% af árslaunum án kaupauka og fresta skal greiðslu hluta kaupaukans um a.m.k. 3 ár. Bann er lagt við kaupauka án árangurstengingar.

Hinn 5. júlí kynnti sjávarútvegsráðherra ákvörðun sína um heildarafla á fiskveiðiárinu 2011/2012. Heimilaður þorsk-afli er aukinn um 17 þúsund tonn, ýsuafli minnkaður um 5 þúsund tonn, karfaheimildir auknar um 12 þúsund tonn og heimildir alls um 32,5 þúsund tonn í þeim tegundum sem úthlutað var.

Hinn 6. júlí bauðst Seðlabankinn til að kaupa íslenskar krónur gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri. Var útboðið liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum. Bauðst bankinn til að kaupa 15 ma.kr. gegn greiðslu í evrum.

Hinn 12. júlí tilkynnti Seðlabankinn niðurstöðu útboðs á gjaldeyri gegn greiðslu í íslenskum krónum sem kynnt var 6. júlí. Alls bárust tilboð að upphæð 52,2 ma.kr. og var tilboðum tekið fyrir 14,9 ma.kr. Lágmarksverð samþykktra tilboða var 215,00 kr. fyrir evru en meðalverð samþykktra tilboða var 216,33 kr. fyrir evru. Tilboðum sem voru yfir lágmarksverði var tekið að fullu en tilboð sem voru jafnhá lágmarksverði voru samþykkt hlutfallslega miðað við hlutfallið 44,0%.

Hinn 13. júlí var tilkynnt um samkomulag Byrs og Íslandsbanka um að bankinn leggi Byr til nýtt hlutafé og kaupi jafn-framt hlut slitastjórnar Byrs og fjármálaráðuneytisins í sparisjóðnum. Fyrirtækin munu síðan sameinast undir merkjum Íslandsbanka að fengnu samþykki Samkeppniseftirlitsins og FME.

Hinn 14. júlí tilkynnti umboðsmaður Alþingis Seðlabanka Íslands að Hagsmunasamtök heimilanna (HH) teldu að reglur bankans nr. 492/2001, um verðtryggingu, skorti lagastoð. Samkvæmt 13. gr. vaxtalaga, nr. 38/2001, bæri að

verðbæta greiðslur af lánum en ekki höfuðstól eins og reglurnar kvæðu á um. Því teldu HH innheimtu fjármálastofnana á verðtryggðum kröfum óheimila. Í svarbréfi 30. ágúst benti Seðlabankinn á að reglurnar væru settar samkvæmt fyrirmælum í lögnum og að í framkvæmd væru greiðslur ætíð hinar sömu hvort sem farið væri eftir orðalagi laga eða reglna. Því gæti ekki verið um brot á lögmætisreglunni að ræða.

Hinn 15. júlí gaf sjávarútvegsráðherra út reglugerð samkvæmt nýsettum lögum og hækkaði veiðigjald á ígildi þorskkíls um 6,44 krónur í 9,46 krónur. Áætlaðar tekjur ríkissjóðs af gjaldinu hækka úr 2,7 ma.kr. á ári í 4,5 ma.kr. Stafar hækkunin bæði af auknum aflaheimildum og hækkun veiðigjaldsins.

Hinn 21. júlí tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði afturkallað starfsleyfi Glitnis banka hf. og Kaupþings banka hf.

Hinn 26. júlí kom út ríkisreikningur fyrir árið 2010. Gjöld ríkissjóðs umfram tekjur námu 123 ma.kr. samanborið við 139 ma.kr. árið 2009. Tekjur án vaxta hækkuðu um 13½% vegna hækkunar skatttekna. Gjöld hækkuðu um 4% milli ára og fóru 7½% fram úr fjárlögum. Ef litið er fram hjá vöxtum, lífeyrisskuldbindingu, töpuðum kröfum og öðru sem tengist efnahagsáfallinu 2008, lækkuðu gjöld um 3% að nafnvirði og nær 8% að raunvirði og stóðust fjárlög á þann mælikvarða.

Hinn 28. júlí var tilkynnt að Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. hefði gengið frá sölu á 52,4% hlut í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. í samræmi við kaupsamning frá 18. janúar 2011. Kaupandi er SF1 slhf., félag í umsjón Stefnis hf. Viðskiptin hafa hlotið samþykki Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins.

Ágúst 2011

Hinn 2. ágúst bauðst Seðlabanki Íslands til að kaupa alls 72 milljónir evra gegn greiðslu í ríkisverðbréfum. Útboðið var liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum, samanber áætlun Seðlabankans um losun gjaldeyrishafta frá 25. mars 2011. Markmið aðgerðanna var að endurheimta þann gjaldeyri sem Seðlabankinn nýtti til kaupa á krónum í fyrra útboði og selja krónur aðilum sem voru tilbúnir til að eiga þær í a.m.k. fimm ár.

Hinn 4. ágúst var greint frá því að EFTA-dómstóllinn hefði úrskurðað að íslenskum stjórnvöldum væri óheimilt að áskilja að starfsmenn, sem sendir eru tímabundið til Íslands, skuli njóta réttinda sem áskilin eru Íslendingum á íslenskum vinnumarkaði, ef réttindin eru umfram það sem greint er í tilskipun Evrópusambandsins um lágmarksvernd þessara starfsmanna.

Hinn 16. ágúst greindi Seðlabanki Íslands frá niðurstöðum gjaldeyrisútboðs sem lagt var fram 2. ágúst með útboðsfjárhæð 72 milljónir evra. Alls bárust tilboð að upphæð 3,4 milljónir evra. Öllum tilboðum var tekið að fullu. Útboðsverðið var ákveðið með þeim hætti að öll samþykkt tilboð voru boðin aðalmiðlurum á sama verði, sem var ákvarðað 210,00 kr. fyrir hverja evru. Sem greiðslu fyrir gjaldeyrinn fengu kaupendur afhent verðtryggð ríkisverðbréf.

Hinn 17. ágúst ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að hækka vexti bankans um 0,25 prósentur. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana voru hækkaðir í 3,5%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum í 4,25%, vextir á lánum gegn veði til sjö daga í 4,5% og daglánavextir í 5,5%.

Hinn 26. ágúst samþykkti framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sjöttu og síðustu endurskoðun efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Með samþykkt framkvæmdastjórnarinnar varð lokaáfangi lánaþyrirgreiðslu sjóðsins til Íslands til reiðu, að upphæð 280 milljónir SDR sem er jafnvirði 51 ma.kr. Alls nam lánaþyrirgreiðsla sjóðsins 1,4 milljörðum SDR eða 257 ma.kr. Að auki lánuðu Norðurlöndin og Pólland um 150 ma.kr. í tengslum við efnahagsáætlunina og veittu lántökurétt sem nam samtals um 160 ma.kr.

Hinn 31. ágúst var tilkynnt að samið hefði verið um að MP banki kaupi fyrirtækjaráðgjöf Sögu Fjárfestingarbanka.

Hinn 31. ágúst veitti Fjármálaeftirlitið Straumi IB hf. starfsleyfi sem lánaþyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálaþyrirtæki.

September 2011

Hinn 1. september kynnti Arion banki óverðtryggð íbúðalán til 25 eða 40 ára. Lánin bera 6,45% vexti upp að 60% veðhlutfalli og eru þeir fastir fyrstu fimm árin. Viðbótarlán upp að 80% veðhlutfalli bera 7,55% vexti. Vextir verða endurskoðaðir eftir fimm ár í takt við markaðsvexti. Viðskiptavinir geta þá haldið áfram, skipt um lánsform eða greitt lánið án sérstaks uppgreiðslugjalds. Aðrar bankastofnanir fylgdu fljótlega í kjölfarið og buðu hliðstæð, óverðtryggð lán.

Hinn 2. september samþykkti Alþingi lög nr. 103/2011, um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Framlengt var til ársloka 2011 ákvæði um að lengja greiðslutímabil tekjutengdra bóta í hlutfalli við rétt til slíkra bóta miðað við fullt starf á móti nýttum bótarétti og kveðið svo á að aðili sem tekur við fyrirtæki taki yfir skyldur gagnvart starfsmönnum samkvæmt gildandi samningum. Breytingarnar tengdust aðkomu ríkisstjórnarinnar að kjarasamningum í maí.

Hinn 8. september gaf sjávarútvegsráðherra út 181 þúsund tonna upphafsheimildir fyrir loðnuveiðiskip á komandi vertíð.

Hinn 16. september samþykkti Alþingi lög nr. 119/2011, um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (eigið fé, stóra áhættu, verðbréfun o.fl.). Megintilgangurinn með lögnum er að innleiða í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar nr. 2009/111/EB, en einnig að gera smávægilegar breytingar á öðrum ákvæðum laganna, svo sem 4. mgr. 52. gr., um hæfi til að sitja í stjórn fjármálafyrirtækja.

Hinn 17. september samþykkti Alþingi lög nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu sem festa í lög evrópsku greiðsluþjónustutílskipunina nr. 2007/64/EB og setja heildstæð lög um greiðsluþjónustu. Markmið tilskipunarinnar er að skapa heildstætt, samræmt og nútímalegt regluverk um greiðsluþjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í lögnum eru m.a. ítarleg ákvæði um réttindi og skyldur notenda og veitenda greiðsluþjónustu.

Hinn 17. september samþykkti Alþingi lög nr. 122/2011, um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Skerpt var á hæfniskröfum framkvæmdastjóra og stjórnarmanna og heimildir til að taka út séreignarsparnað rýmkaðar.

Hinn 17. september samþykkti Alþingi lög nr. 123/2011, um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Lífeyrissjóðir fá heimild til að eiga og reka íbúðarhúsnæði, stofna félög um rekstur íbúðarhúsnæðis eða semja við einkaaðila um slíkan rekstur.

Hinn 17. september samþykkti Alþingi lög nr. 127/2011, um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, tollalögum og seðlabankalögum, og festi í lög reglur um gjaldeyrishöft sem Seðlabankinn hefur sett. Gert er ráð fyrir að höftin gildi til ársloka 2013 og gildistími tengdra ákvæða í tollalögum og seðlabankalögum er framlengdur til sama tíma.

Hinn 17. september samþykkti Alþingi lög nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Fagfjárfestasjóðir eru með því felldir undir eldri lög sem ná þar með til allra sameiginlegra fjárfestingarsjóða. Lögin innleiða auk þess ákvæði tilskipunar 2007/16/EB um breytingar á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS). Aðrar helstu breytingar eru þrenging fjárfestingarheimilda, hert skilyrði fyrir rekstri sjóða og aukin upplýsingaskylda gagnvart viðskiptavinum.

Hinn 17. september samþykkti Alþingi lög nr. 134/2011, um breytingar á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum. Með lögnum er íbúðalánasjóði heimilað að bjóða óverðtryggð lán en í fyrri ákvæðum var kveðið svo á að ÍLS-verðbréf skyldu vera verðtryggð samkvæmt vísitölu neysluverðs. Breytingin kveður einnig á um að vextir af verðtryggðum ÍLS-verðbréfum skuli vera fastir allan lánstímann en að vextir af óverðtryggðum ÍLS-verðbréfum geti verið breytilegir.

Hinn 17. september samþykkti Alþingi sveitarstjórnarlög, nr. 138/2011. Helstu nýjungar í fjármálum sveitarfélaga eru þær að skil fjárhagsáætlana og ársreikninga verða fyrir en nú er og frávik frá fjárhagsáætlun krefjast viðauka við áætlunina. Samanlögð útgjöld sveitarsjóðs og stofnana mega ekki vera meiri en reglulegar tekjur á hverjum þremur árum og samanlagðar skuldir og skuldbindingar mega ekki fara fram úr 150% af reglulegum tekjum. Sveitarfélög fá tíu ár til að laga sig að lögunum.

Hinn 21. september ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að halda vöxtum bankans óbreyttum. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana voru því áfram 3,5%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum 4,25%, vextir á lánum gegn veði til sjö daga 4,5% og daglánavextir 5,5%.

Hinn 26. september úrskurðaði Fjármálaeftirlitið að Íslandsbanki hf. væri hæfur til að fara með svo stóran (virkan) hlut í BYR hf. að BYR verði talið dótturfyrirtæki bankans.

Hinn 28. september tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði afturkallað innheimtuleyfi SPRON Factoring hf. og starfsleyfi Vaxta hf. - verðbréfamiðlunar, sem og starfsleyfi Landsbanka Íslands hf. (gamla Landsbankans) að hluta, þar sem kveðinn hefði verið upp úrskurður um slit bankans.

Október 2011

Hinn 4. október tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði veitt Íslandsbanka hf. leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa.

Hinn 5. desember fékk Arion banki hf. sams konar leyfi.

Hinn 11. október náðist samkomulag á fundi strandríkja um veiðar úr kolmunnastofninum á árinu 2012. Heildarafli verður 391 þúsund tonn, sem er talsverð aukning milli ára, og afli íslenskra skipa 63.477 tonn.

Hinn 14. október sömdu viðkomandi strandríki um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2012. Heildarafli verður 833 þúsund tonn árið 2012 og afli íslenskra skipa 123 þúsund tonn.

Hinn 20. október samþykkti Alþingi lög nr. 146/2011. Með þeim var XII. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, breytt í þeim tilgangi að lögleiða sérstakt varnarþingsákvæði um riftunarmál vegna fjármálafyrirtækja sem tekin hafa verið til slita hér á landi og framlengdur frestur til að höfða riftunarmál vegna gerninga fjármálafyrirtækja.

Hinn 20. október tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði afturkallað starfsleyfi Saga Fjárfestingarbanka hf. sem lána-fyrirtæki þar sem fyrirtækið fullnægði ekki skilyrðum laga um eigið fé. Afturköllunin miðast við 3. október.

Hinn 28. október dæmdi Hæstiréttur í ellefu málum sem kærð höfðu verið frá héraðsdómi og fjölluðu um hvort tilteknar kröfur á gömlu bankana skyldu teljast innstæður og hvort þær skyldu teljast forgangskröfur með tilvísun til neyðarlaganna, nr. 125/2008. Forgangur innstæðukrafna var í dómunum talinn standast. Birti forsætisráðuneytið af því tilefni yfirlýsingu um að ákvæði neyðarlaganna um forgang innstæðukrafna á gömlu bankana héldu gildi samkvæmt dómunum.

Nóvember 2011

Hinn 1. nóvember var tilkynnt um kaup MP banka á Júpiter rekstrarfélagi hf. Júpiter sérhæfir sig í stýringu fjármuna og starfrækir fjóra verðbréfasjóði og einn fagfjárfestastjóð.

Hinn 2. nóvember ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að hækka vexti bankans um 0,25 prósentur. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana voru hækkaðir í 3,75%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum í 4,5%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga í 4,75% og vextir af daglánum í 5,75%.

Hinn 7. nóvember tilkynnti sjávarútvegsráðuneytið ákvörðun ráðherra um að hækka heildaraflamark í íslenskri sumargotssild á árinu 2011-2012 um 40 þúsund tonn.

Hinn 10. nóvember komust stjórnir Auðar Capital hf. og Tinda verðbréfa hf. að samkomulagi um að sameina starfsemi fyrirtækjanna undir merkjum Auðar Capital. Tindar verðbréf voru með starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem verðbréfafyrirtæki og buðu viðskiptavinum sínum upp á verðbréfamiðlun og fyrirtækjaráðgjöf, en Auður Capital hafði ekki boðið upp á verðbréfamiðlun fyrir sameiningu.

Hinn 11. nóvember undirritaði fjármálaráðherra samning við Reykjanesbæ um kaup ríkisins á landi og orkuauðlindum í eigu Reykjanesbæjar, með fyrirvara um samþykki Alþingis. Heimild var veitt fyrir kaupunum á fjárukalögum 17. nóvember.

Hinn 15. og 16. nóvember birti matsfyrirtækið Moody's yfirlýsingu um lánsþæfiseinkunnir Ríkissjóðs Íslands. Engin breyting var gerð á lánsþæfiseinkunnum ríkissjóðs, Baa3 fyrir langtímaskuldbindingar og P-3 fyrir skammtímaskuldbindingar.

Hinn 17. nóvember samþykkti Alþingi fjárukalög fyrir 2011. Tekjuáætlun hækkaði um 8 ma.kr. og útgjaldaheimildir um 17,4 ma.kr., mest vegna tilfærsla og kostnaðarhækkana í ríkisrekstri, en vaxtagjöld lækka með lækkandi vaxta-stigi. Á fjárukalögum var einnig heimild til að selja hlut ríkisins í Byr hf. (nýja Byr).

Hinn 18. nóvember kynnti Seðlabanki Íslands nýtt skref í losun gjaldeyrishafta undir heitinu „Fjárfestingarleiðin“. Fjárfestingarleiðin er liður í áætlun Seðlabankans frá 25. mars 2011 um losun hafta og felur í sér að fjárfestar sem hyggjast fjárfesta á Íslandi fyrir erlendan gjaldeyri geta keypt íslenskar krónur fyrir hluta gjaldeyrissins í útboði Seðlabanka Íslands. Skilyrt er að viðkomandi fjárfestir kaupi að minnsta kosti sömu fjárhæð króna í venjulegum viðskiptum við fjármálastofnanir og að fjárfesting hans sé bundin til langs tíma hér á landi.

Hinn 23. nóvember staðfesti matsfyrirtækið Standard & Poor's óbreytta lánsþæfiseinkunn BBB-/A-3 fyrir langtíma- og skammtímaskuldbindingar Ríkissjóðs Íslands í erlendum og innlendum gjaldmiðli. Horfum var breytt úr neikvæðum í stöðugar. Lánsþæfiseinkunnir ríkissjóðs, BBB-/A-3, voru staðfestar.

Hinn 25. nóvember var tilkynnt um sölu ríkisins á Byr hf. til Íslandsbanka með samþykki Fjármálaeftirlitsins, Samkeppniseftirlitsins og Eftirlitsstofnunar EFTA. Kaupverðið nam 740 m.kr. fyrir 11,8% hlut.

Desember 2011

Hinn 7. desember samþykkti Alþingi fjárlög fyrir árið 2012. Heildartekjur á fjárlögum 2012 eru áætlaðar 523 ma.kr. og hækka um 9% frá fjárukalögum 2011, heildargjöld eru áætluð 544 ma.kr. og hækka um 3% og halli er áætlaður 35 ma.kr. samanborið við 57 ma.kr. samkvæmt fjárukalögum 2011.

Hinn 7. desember ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að halda vöxtum bankans óbreyttum. Vextir á viðskiptareikningum fjármála-fyrirtækja voru því áfram 3,75%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum 4,5%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga 4,75% og daglánavextir 5,75%.

Hinn 14. desember staðfesti EFTA-dómstóllinn að gjaldeyrishöft, líkt og þau sem gilda hér á landi, samrýmast EES-samningnum. Um var að ræða ráðgefandi álit sem Héraðsdómur Reykjavíkur óskaði eftir og sneri að dómsmáli sem var til umfjöllunar fyrir dómnum.

Hinn 14. desember tilkynnti eftirlitsstofnun EFTA að ákveðið hefði verið að vísa til EFTA-dómstólsins máli vegna meintra brota Íslands á tilskipun um innstæðutryggingar, hinu svonefnda Icesave-máli.

Hinn 17. desember samþykkti Alþingi lög nr. 156/2011, sem breyta lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða með því að a) framlengja um eitt ár heimild lífeyrissjóða til að hafa allt að 15% mun á milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga vegna lífeyris án þess að breyta samþykktum sjóðanna, b) skylda lífeyrissjóði til að greiða í starfsendurmenntunarsjóð, c) leggja 0,0814% skatt á eignir lífeyrissjóða vegna viðbótarhúsnæðisbóta 2011-2012 og d) fresta auk þess framkvæmd banns við stjórnarsetu í mörgum lífeyrissjóðum samtímis.

Hinn 17. desember samþykkti Alþingi lög nr. 164/2011, um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Ákveðið var m.a. að lækka tryggingargjöld um 0,91% af stofni frá ársbyrjun 2012, hlutur fæðingarorlofsjóðs var hækkaður úr 1,08% í 1,28% af stofni almenns tryggingargjalds og greiðslur í Ábyrgðarsjóð launa hækkuðu um 0,05% af sama stofni. Persónuafsláttur var hækkaður um 5,2%, mörkin milli 1. og 2. skattþreps um 15% og mörk milli 2. og 3. þreps um 8,4%. Skatthlutföll ríkisins breyttust ekki en meðalútsvar og staðgreiðsluhlutföll hækkuðu um 0,03% af stofni. Sóknargjöld hækkuðu um 0,5%, álagning auðlegðarskatts var framlengd um tvö ár og frádráttur frá skattstofni vegna iðgjalda til að afla viðbótarlífeyrisréttinda lækkaður úr 4% í 2% af tekjum á árunum 2012-2014. Þá voru eldsneytis- og áfengisgjöld hækkuð sem og kolefnisskattur. Sérstök skattlagning fjármálafyrirtækja var framlengd út 2013 sem og ýmsar ívilnanir vegna fjárhagsáfalla.

Hinn 17. desember samþykkti Alþingi lög nr. 165/2011, um fjársýsluskatt. Með lögnum er tekinn upp sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki og þá aðila sem stunda váttryggingarstarfsemi. Heildarlaunagreiðslur þessara aðila verða skattstofn og skatthlutfallið 5,45%. Lögin eru liður í sérstökum tekjuöflunaraðgerðum fjárlaga fyrir árið 2012, en tekjur af þessum nýja skatti eru taldar verða 2,25 ma.kr. á árinu 2012. Samhliða var lagður 6% sérstakur tekjuskattur á hagnað þessara fyrirtækja umfram 1 ma.kr.

Hinn 17. desember 2011 samþykkti Alþingi lög nr. 175/2011, um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, raforkulögum, nr. 65/2003, og lögum nr. 19/2011, um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum. Breytingin á lögum um Landsvirkjun er til þess fallin að eyða öllum vafa um það hvaða fjárhagslegar skuldbindingar eigi að njóta eigendaábyrgðar. Sambærileg breyting var gerð á lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Þá var 8. gr. raforkulaga breytt á þann veg að í stað þess að kveðið sé á um að flutningsfyrirtæki raforku skuli vera í beinni eigu íslenska ríkisins og/eða sveitarfélaga skuli það vera í meirihlutaeigu þeirra og/eða fyrirtækja sem eru í þeirra eigu.

Hinn 17. desember samþykkti Alþingi lög nr. 178/2011, um breytingar á ýmsum lögum um almannatryggingar. M.a. voru bætur almannatrygginga almennt hækkaðar um 3,5% frá ársbyrjun 2012 og bóatímabil þeirra sem urðu atvinnulausir eftir lok febrúar 2008 framlengt um ár til ársloka 2012.

Hinn 17. desember framlengdi Alþingi um eitt ár meginákvæði laga nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Gilda þau nú til ársloka 2012.

Hinn 21. desember auglýsti fjármálaráðuneytið lykilstærðir staðgreiðslu á árinu 2012. Meðalútsvar verður 14,44% og hækkar um 0,03% milli ára. Hlutföll í staðgreiðslu hækka um þessi 0,03% og verða 37,34% á tekjur að 230 þús. kr./mán., síðan 40,24% á tekjur á bilinu 230-704 þús. kr./mán., og loks 46,24% á tekjur umfram það. Skattleysis-mörk verða 130 þús. kr./mán. og hækka um 5,2%, neðri mörk 2. skattþreps verða 230 þús. kr./mán. og hækka um 9,8%, en neðri mörk 3. þreps verða 704 þús. kr./mán. og hækka um 3,5%.

Hinn 31. desember féllu úr gildi bráðabirgðaákvæði í lögum um atvinnuleysistryggingar sem heimiluðu greiðslu bóta á móti skertu starfshlutfalli. Sömuleiðis féll niður samsvarandi ívilnun fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Annáll efnahags- og peningamála 2012

Janúar 2012

Hinn 3. janúar 2012 var greint frá því að Ríkissjóður Íslands og Seðlabanki Íslands hefðu ákveðið að draga að fullu á lánaheimildir frá Norðurlöndunum. Samið var um lánin í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda sem studd var af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og lauk á sl. ári. Ákvörðunin var tekin í ljósi ástandsins á alþjóðlegum lánamörkuðum. Alls námu norrænu lánaheimildirnar 1.775 milljónum evra eða tæplega 300 ma.kr. á núverandi gengi og áttu samkvæmt samningum að renna út um áramótin. Lántakan nú var um 140 ma.kr.

Hinn 9. janúar 2012 tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði lagt dagsektir á lífeyrissjóðinn Stapa sem næmu 200 þús. kr. á dag, vegna galla á aðgengi eftirlitsins að fjármálaupplýsingum sjóðsins.

Hinn 10. janúar 2012 samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna Tinda Verðbréfa hf. við Auði Capital hf. á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki undir nafni síðarnefnda fyrirtækisins.

Hinn 12. janúar 2012 bauðst Seðlabanki Íslands til að kaupa evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi eða gegn greiðslu í ríkisverðbréfum í flokknum RIKS 30 0701. Samanlagt bauðst Seðlabankinn til að kaupa allt að 100 milljónum evra í útboðunum tveimur. Markmið aðgerðanna var að selja krónur fyrir gjaldeyri aðilum sem ákveðið hafa að fjárfesta í íslensku atvinnulífi eða í skuldabréfum ríkissjóðs sem verða í vörslu þeirra í minnst 5 ár. Aðilar fengu frest 2 til að skila tilboðum til 15. febrúar 2012.

Hinn 20. janúar 2012 tilkynntu samninganefndir aðildarsamtaka Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins að forsendunefnd samtakanna hefði komist að þeirri niðurstöðu að segja ekki upp kjarasamningnum sem undirritaður var hinn 5. maí 2011, þrátt fyrir að aðilar teldu að efndir á fyrirheitum í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hefðu ekki gengið eftir. Að mati samningsaðila höfðu aðrar forsendur sem komu til skoðunar við þessa endurskoðun gengið eftir, en þær voru að á árinu 2011 færi kaupmáttur vaxandi, verðlag yrði stöðugt og gengi krónunnar styrktist marktækt.

Hinn 23. janúar 2012 var greint frá ákvörðun stjórnar Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf. um að fella niður kröfur á stofnfjárhafa í Sparisjóði Svarfdæla. Umræddar kröfur voru lán til rúmlega 100 aðila sem veitt voru af Saga Fjárfestingarbanka í árslok 2007 í tengslum við stofnfjárukningu í Sparisjóði Svarfdæla.

Hinn 25. janúar 2012 úrskurðaði Fjármálaeftirlitið að Íslensk verðbréf hf. væru hæf til að fara með virkan eignarhlut í T Plús hf. sem nemur allt að 50%, samkvæmt ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki.

Hinn 26. janúar 2012 samþykkti Alþingi lög nr. 5/2012, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að samþykkja hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á stofnskrá sjóðsins. Með lögnum er ríkisstjórninni heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands úr 117,6 milljónum SDR í 321,8 milljónir SDR og skal Seðlabanki Íslands leggja fram það fé sem þarf til hækkunar kvótans. Þá er ríkisstjórninni heimilt fyrir Íslands hönd að samþykkja breytingar á stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem varða fyrirkomulag á framkvæmdastjórn hans og voru samþykktar af sjóðráði sjóðsins 15. desember 2010.

Hinn 26. janúar 2012 úrskurðaði Hæstiréttur að íslenska ríkinu bæri ekki skylda til að bæta tjón þeirra sem áttu hlut í peningamarkaðssjóðum Landsbankans við bankahrunið 2008.

Febrúar 2012

Hinn 1. febrúar 2012 samþykkti Alþingi lög nr. 8/2012, um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einka-hlutafélög (einföldun samruna- og skiptingarreglna o.fl.). Lögin fela aðallega í sér innleiðingu á tilskipun 2009/109/EB sem breytir fjórum tilskipunum á sviði félagaréttar. Aðalmarkmiðið með tilskipuninni er að draga úr stjórnsýslu-byrðum í hlutafélögum en á þeim hvíla ýmsar upplýsingaskyldur. Dregið er úr þeim skyldum við vissar aðstæður að því er snertir gerð skýrslna og skjala og birtingu þeirra. Heimild til að nýta m.a. vef félaga er víkkuð.

Hinn 8. febrúar 2012 ákvað peningastefnunefnd Seðlabankans að halda vöxtum bankans óbreyttum. Daglánavextir voru því áfram 5,75%, vextir af veðlánum til sjö daga 4,75%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum 4,5% og innlánsvextir 3,75%.

Hinn 9. febrúar 2012 tilkynnti Seðlabankinn að skiptigengi vegna kaupa bankans á erlendum gjaldeyri í tengslum við sölu ríkisverðbréfa í flokki RIKS 30 0701 skyldi byggjast á útboðsverðinu og föstu verði ríkisverðbréfanna, sem var 115,675833 kr. pr. einingu af ríkisverðbréfinu með áföllnum vöxtum og verðbótum (e. dirty price) miðað við uppgjörsdag 17. febrúar 2012 (krafa 2,50%). Formúlan er eftirfarandi: Skiptigengi = útboðsverð/(verð ríkisverðbréfs/100).

Hinn 9. febrúar 2012 samþykkti Fjármálaeftirlitið yfirfærslu fyrirtækjaráðgjafar Saga Capital hf. til MP banka hf.

Hinn 10. febrúar 2012 greindi Fjármálaráðuneytið frá því að tekist hefði samkomulag við Landssamtök lífeyrissjóða um hlutdeild lífeyrissjóðanna í fjármögnun sérstakra vaxtabóta, sem kveðið var á um í viljayfirlýsingu stjórnvalda, fjármálaframtækja og lífeyrissjóða frá 3. desember 2010.

Hinn 15. febrúar 2012 fóru fram útboð sem eru liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum, samanber áætlun Seðlabankans um losun gjaldeyrishafta frá 25. mars 2011. Alls bárust 77 tilboð að fjárhæð 173,6 milljónir evra og var tilboðum að fjárhæð 141,3 milljónir evra tekið. Öllum samþykktum tilboðum var tekið á sama verði, sem var ákvarðað 240 kr. fyrir hverja evru. Sem greiðslu fyrir gjaldeyrinn í ríkisverðbréfaleiðinni fengu fjárfestar afhent verðtryggð ríkisverðbréf RIKS 30 0701. Samtals voru seld bréf í flokknum fyrir 17,1 ma.kr. að nafnvirði. Sem greiðslu fyrir gjaldeyrinn í fjárfestingarleiðinni fengu fjárfestar íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi. Samtals voru keyptar evrur að andvirði 14,2 ma.kr. í útboðinu.

Hinn 15. febrúar 2012 var kveðinn upp dómur í Hæstarétti um að Frjálsa Fjárfestingarbankanum væri óheimilt að krefjast aukinna vaxta, skv. 4. grein laga um vexti og verðtryggingu, fyrir vaxtatímabil sem lauk áður en dómur milli sömu málsaðila féll um ölogmæti gengistryggðra lána í krónum, hinn 14. febrúar 2011, að því tilskildu að fullnaðarkvittun lægi fyrir um fullar greiðslur samkvæmt lánssamningi. Samkeppniseftirlitið heimilaði í framhaldinu að fjármálastofnanir ynnu saman að úrlausn og endurútreikningi sambærilegra lána.

Hinn 16. febrúar 2012 birti Fjármálaeftirlitið yfirlýsingu um að dómur Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 varðandi endurútreikning á gengistryggðum lánnum ógnaði ekki fjármálastöðugleika.

Hinn 17. febrúar 2012 hækkaði alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch lánshæfiseinkunn Ríkissjóðs Íslands fyrir langtímaskuldbindingar í erlendum gjaldmiðli úr BB+ í BBB-. Lánshæfiseinkunn fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendum gjaldmiðli var einnig hækkuð úr B í F3. Horfum var haldið stöðugum.

Mars 2012

Hinn 2. mars 2012 lauk heimsókn sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hér á landi. Mat nefndarinnar á efnahagshorfum er að útlit sé fyrir ágætan efnahagsbata. Til meðallangs tíma muni uppspretta hagvaxtar færast frá innlendra eftirspurn (einkum fjárfestingu) yfir í erlenda eftirspurn (með auknum útflutningi). Þrátt fyrir það séu ýmis ljón í veginum sem eigi sér bæði erlendar og innlendar orsakir.

Hinn 5. mars 2012 skipaði efnahags- og viðskiptaráðherra dr. Katrínu Ólafsdóttur fulltrúa í peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands. Katrín tók sæti Anne Sibert í nefndinni.

Hinn 5. mars 2012 féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli Saga Capital hf. gegn Fjármálaeftirlitinu. Málið höfðaði Saga Capital til að fá ógilta með dómi ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að afturkalla starfsleyfi félagsins sem lánafyrirtæki. Niðurstaða dómsins var að sýkna Fjármálaeftirlitið af kröfum Saga Capital og stendur því ákvörðun þess óhögguð.

Hinn 6. mars 2012 seldi Seðlabanki Íslands 12 milljónir evra á millibankamarkaði með gjaldeyri. Óvenju mikið gjaldreyrisúttreymi hafði verið vikurnar áður og taldi Seðlabankinn það ástand tímabundið. Undanþágur frá gjaldeyrislögum, sem bankinn veitti, höfðu í för með sér umtalsverð gjaldeyriskaup á markaði. Aðgerðin var í samræmi við þá stefnu Seðlabankans að eiga viðskipti á gjaldeyrismarkaði þegar þörf krefur í því skyni að draga úr gengissveiflum.

Hinn 7. mars 2012 birti Fjármálaráðuneytið bráðabirgðatölur um afkomu ríkissjóðs á árinu 2011. Samkvæmt þeim námu innheimtar tekjur 468 ma.kr. og hækkuðu um 1½% milli ára í krónum talið. Gjöld án lokauppgjörslíða námu 526 ma.kr. og lækkuðu um 1%. Gjöld umfram tekjur námu 57 ma.kr. á þann mælikvarða, en voru 69 ma.kr. á árinu 2010.

Hinn 13. mars 2012 samþykkti Alþingi lög nr. 17/2012, um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, með síðari breytingum. Breytingarnar gengu í gildi sama dag og voru þrjúþættar. Í fyrsta lagi fólu lögin í sér að undanþága vegna greiðslna á kröfum úr þrotabúi og greiðslu samningskrafna samkvæmt nauðasamningi, sbr. lög nr. 21/1991, í innlendum gjaldeyri, þegar greiðsla á sér stað af reikningi í eigu greiðanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, var felld úr gildi. Tilgangur breytingarinnar var að veita Seðlabanka Íslands ákveðið varúðartæki til að koma í veg fyrir að útgreiðslur innlendra þrotabúa valdi óstöðugleika í greiðslujöfnuði eða grafi undan áætlun um losun gjaldeyrishafta. Í öðru lagi var um að ræða breytingu á 13. gr. j. í lögum um gjaldeyrismál. Fól breytingin í sér að ekki er lengur heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri fyrir andvirði verðbóta af höfuðstól skuldabréfa auk þess sem óheimilt er að kaupa erlendan gjaldeyri vegna afborgana af höfuðstól skuldabréfa. Í þriðja lagi var um að ræða breytingu sem fellir úr gildi undanþágu sem skilaneindir og slitastjórnir gömlu bankanna hafa haft frá banni laganna um fjármagnshreyfingar á milli landa í erlendum gjaldeyri.

Hinn 13. mars 2012 staðfesti áfrýjunarnefnd samkeppnismála ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að heimila samruna Íslandsbanka og Byrs sparisjóðs með tilliti til ákvæða samkeppnislaga um fyrirtæki á fallanda fæti.

Hinn 14. mars 2012 bauðst Seðlabanki Íslands til að kaupa evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi eða gegn greiðslu í ríkisverðbréfum í flokknum RIKS 33 0321. Jafnframt kallaði Seðlabankinn eftir tilboðum frá aðilum sem vildu selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Útboðin þrjú voru liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum, samanber áætlun Seðlabankans um losun gjaldeyrishafta frá 25. mars 2011 og einnig skilmála Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisviðskipti samkvæmt fjárfestingarleið að losun gjaldeyrishafta, frá 18. nóvember 2011, með síðari breytingum. Tilboðum átti að skila fyrir 28. mars 2012.

Hinn 15. mars 2012 var greint frá því að Ríkissjóður Íslands og Seðlabanki Íslands hefðu greitt fyrirfram af lánum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) og Norðurlöndunum. Samtals nam fyrirframgreiðslan 289 milljónum SDR, jafnvirði um 55,6 ma.kr. til AGS og 366 milljónum evra, jafnvirði um 60,5 ma.kr., til Norðurlandanna og nemur um 20% af þeim lánum sem tekin voru hjá þessum aðilum. Aðgerðin miðaði að því að greiða niður lán til skemmri tíma og draga þannig úr kostnaði við gjaldeyrisforðann.

Hinn 19. mars 2012 samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna Alfa verðbréfa hf. við MP banka hf. undir nafni síðarnefnda fyrirtækisins á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki.

Hinn 21. mars 2012 ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að hækka vexti bankans um 0,25 prósentur. Daglánavextir voru hækkaðir í 6,0%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga í 5,0%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum í 4,75% og innlánsvextir í 4,0%.

Hinn 22. mars 2012 samþykkti Fjármálaeftirlitið yfirfærslu á rekstri tíu verðbréfasjóða, þriggja fjárfestingarsjóða og átta fagfjárfestasjóða frá Landsvaka hf. til Landsbréfa hf. og gildir yfirfærslan frá 31. mars.

Hinn 28. mars 2012 fór fram útboð Seðlabanka Íslands um kaup á evrum fyrir krónuskuldbindingar og á íslenskum krónum fyrir gjaldeyri. Í tilboð bankans um að kaupa evrur bærust alls 79 tilboð að fjárhæð 92,9 milljónir evra og var tilboðum að fjárhæð 22,5 milljónir evra tekið. Öllum samþykktum tilboðum var tekið á sama verði, sem var ákvarðað 239 kr. fyrir hverja evru. Sem greiðslu fyrir gjaldeyrinn í ríkisverðbréfaleiðinni fengu fjárfestar afhent verðtryggð ríkisverðbréf RIKS 33 0321. Samtals voru seld bréf í flokknum fyrir 416,7 m.kr. að nafnvirði. Sem greiðslu fyrir gjaldeyrinn í fjárfestingarleiðinni fengu fjárfestar íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi. Í tilboði bankans um að kaupa krónur fyrir gjaldeyri voru samtals keyptar evrur að andvirði 4,9 ma.kr. og var lágmarksverð 235 kr. fyrir evru.

Hinn 30. mars 2012 samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna Íslandsbanka hf. og Kreditkorta hf. Íslandsbanki hf. tekur við öllum réttindum og skyldum Kreditkorta hf. og verða félögin sameinuð undir nafni Íslandsbanka hf.

Apríl 2012

Hinn 6. apríl 2012 fór fram reglubundin umræða um stöðu og horfur í íslensku efnahagslífi (e. 2012 Article IV Consultation) í framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Jafnframt fór fram umræða um skýrslu sjóðsins vegna eftirfylgni við efnahagsáætlun íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem lauk í ágúst 2011.

Hinn 13. apríl 2012 gaf Fjármálaeftirlitið út minnisblað vegna dóms Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 um gildi fullnaðarkvittana. Í minnisblaðinu eru dregnar saman niðurstöður stofnunarinnar um hugsanleg áhrif dómsins á bókfært virði gengislána í útlánasöfnum lánastofnana. Mat Fjármálaeftirlitsins var að áhrif dóms Hæstaréttar ógnuðu ekki fjármálastöðugleika en jafnframt var áréttað að öll óvissa vegna uppgjörs gengislána væri slæm fyrir fjármálakerfið og mikilvægt að henni yrði eytt.

Hinn 16. apríl 2012 tilkynnti Fjármálaeftirlitið um reglur um kaupaukakerfi váttryggingarfélaga, sem eru keimlíkar reglum um kaupauka í fjármálafyrirtækjum frá 30. júní 2011. Reglurnar tóku gildi við birtingu 27. mars. Kaupauki starfsmanns má ekki nema hærri fjárhæð en 25% af árslaunum viðkomandi án kaupauka. Ennfremur skal fresta greiðslu hluta af kaupauka um 3 ár að lágmarki, þannig að unnt sé að taka tillit til sveiflna í viðskiptalífínu og hagkerfinu sem geta haft áhrif á árangur. Einnig mæla reglurnar fyrir um lækkun, afturköllun eða endurgreiðslu kaupauka þegar mælikvarða um árangur í starfi er ekki náð.

Hinn 19. apríl 2012 bárust efnahags- og viðskiptaráðuneytinu formlegar athugasemdir (e. Letter of Formal Notice) frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) þar sem ESA tilkynnir þá niðurstöðu að allsherjarbann við gengistryggingu lána sem veitt eru í íslenskum krónum, líkt og kveðið er á um í lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, gangi gegn 40. gr. EES-samningsins.

Hinn 30. apríl 2012 tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði afturkallað staðfestingu á verðbréfasjóðnum Stefnir – Lausafjár sjóður, sem starfræktur er af Stefni hf. Verðbréfasjóðurinn fékk staðfestingu Fjármálaeftirlitsins þann 27. janúar 2011 en hefur nú hætt starfsemi. Fjármálaeftirlitið hefur staðfest nýjan fjárfestingarsjóð í rekstri félagsins undir sama nafni.

Maí 2012

Hinn 3. maí 2012 gekk Ríkissjóður Íslands frá samningum um útgáfu skuldabréfa að fjárhæð 1 milljarður Bandaríkjadala, sem jafngildir um 124 ma.kr. Skuldabréfin bera fasta vexti og eru gefin út til 10 ára á ávöxtunarkröfunni 6,0%. Eftirspurn eftir bréfunum nam um 4 milljörðum Bandaríkjadala.

Hinn 4. maí 2012 veitti Fjármálaeftirlitið Negotium starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki.

Hinn 4. maí 2012 tilkynnti Íslandsbanki að búið væri að stækka tvo flokka sértryggðra skuldabréfa sem áður höfðu verið teknir til viðskipta í kauphöllinni. Annars vegar var 7 ára útgáfan ISLA CBI 19 stækkuð um 635 m.kr. á ávöxtunarkröfunni 2,90% og hins vegar var 12 ára útgáfa ISLA CBI 24 stækkuð um 850 m.kr. á ávöxtunarkröfunni 3,48%. Alls hefur Íslandsbanki gefið út sértryggð skuldabréf að fjárhæð 8.815 m.kr. frá fyrstu útgáfu í desember 2011.

Hinn 9. maí 2012 keypti Seðlabanki Íslands evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi gegn greiðslu í ríkisverðbréfum í floknum RIKS 33 0321. Jafnframt hafði Seðlabankinn kallað eftir tilboðum frá aðilum sem vildu selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Útboðin voru liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum. Niðurstaða útboðs um kaup á evrum var sú að alls tók Seðlabankinn tilboðum að fjárhæð 38,6 milljónir evra. Öll samþykkt tilboð voru tekin á sama verði (e. single price), sem var ákvarðað 238,8 kr. fyrir hverja evru. Niðurstaða útboðs um kaup á krónum fyrir evrur var sú að tilboðum að fjárhæð 9,1 ma.kr. var tekið. Öll samþykkt tilboð voru tekin á sama verði, sem var ákvarðað 239 kr. fyrir hverja evru.

Hinn 11. maí 2012 samþykkti Alþingi þingsályktun nr. 20/140, um að heimila ríkisstjórninni að staðfesta samning við Noreg, Færeyjar, Rússland og Evrópusambandið um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2012 og gagnkvæmar veiðheimildir í fiskveiðilögsögum. Með samningnum fá Íslendingar að veiða 120 þús. tonn úr stofninum á árinu.

Hinn 11. maí 2012 tilkynnti Arion banki að fyrsta útboði bankans á sértryggðum, óverðtryggðum skuldabréfum væri lokið. Alls voru seld skuldabréf til fagfjárfesta fyrir 1,22 ma.kr. að nafnvirði í skuldabréfaflokknum Arion CB 15.

Hinn 16. maí 2012 heimilaði Fjármálaeftirlitið kaup Landsbankans hf. á öllum rekstri og eignum Sparisjóðs Svarfdæla.

Hinn 16. maí 2012 ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að hækka vexti bankans um 0,5 prósentur. Daglánavextir voru hækkaðir í 6,5%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga í 5,5%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum í 5,25% og innlánsvextir í 4,5%.

Júní 2012

Hinn 8. júní 2012 var tilkynnt um úrskurð nefndar sem sett var á laggirnar til að skera úr um endurgjald ríkisins til Landsbankans hf. vegna yfirtöku Landsbankans hf. á innstæðum og eignum SpKef sparisjóðs. Niðurstaða nefndarinnar var að ríkið þyrfti að greiða Landsbankanum hf. 19 ma.kr.

Hinn 13. júní 2012 ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að hækka vexti bankans um 0,25 prósentur. Daglánavextir voru hækkaðir í 6,75%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga í 5,75%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum í 5,5% og innlánsvextir í 4,75%.

Hinn 15. júní 2012 var tilkynnt að Landsbankinn hf. og gamli Landsbanki Íslands hf. hefðu samið um að Landsbankinn hf. fyrirframgreiddi fjórðung af höfuðstól svokallaðra A-skuldabréfa sem gefin voru út árið 2010 vegna mismunar á virði yfirtekinna eigna og skulda frá Landsbanka Íslands hf. Fyrirframgreiðslan er að jafnvirði rúmlega 73 ma.kr. í evrum, Bandaríkjadöllum og pundum.

Hinn 18. júní 2012 var tilkynnt að Ríkissjóður Íslands og Seðlabanki Íslands hygðust greiða samtals 171 ma.kr. af lánum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) og Norðurlöndunum sem tekin voru í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda og AGS. Um er að ræða fyrirframgreiðslu að fjárhæð 319 milljónir SDR, jafnvirði um 62 ma.kr., til AGS og 674 milljónir evra, jafnvirði um 109 ma.kr., til Norðurlandanna.

Hinn 18. júní 2012 samþykkti Alþingi lög nr. 78/2012, um breytingu á innheimtulögum, nánar tiltekið reglum um vörslusviptingu af hálfu innheimtuaðila. Framvegis þarf innheimtuaðili að afla skriflegs samþykkis skuldara í van-skilum áður en lausafé er tekið úr vörslu hans. Annars verður innheimtuaðili að afla heimildar samkvæmt lögum um aðför, nr. 90/1989.

Hinn 18. júní 2012 samþykkti Alþingi lög nr. 84/2012, um breytingu á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum. Megintilgangur laganna er að koma til móts við tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA um að íslensk stjórnvöld grípi til nauðsynlegra ráðstafana til að lánaþyrirkomulag Íbúðalánasjóðs verði í betra samræmi við ríkisaðstoðarreglur EES-samningsins, þ.e. að sjóðurinn njóti ekki ríkisábyrgðar í formi eigendaábyrgðar, vaxtaniður-greiðslna, undanþágu frá arðsemiskröfu og greiðslu tekjuskatts. Með lögnum verður því m.a. félagslegt hlutverk sjóðsins styrkt og felld niður heimild sjóðsins til að veita fyrirtækjum, þar á meðal byggingarverktökum, lán. Þannig verður aðeins heimilt að veita einstaklingum lán til endurbóta, byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði. Þá fara lán frá sjóðnum ekki yfir 80% af matsverði íbúðar í stað 90% áður, og hámarksfjárhæð ÍLS-verðbréfa getur ekki verið lægri en 40% af fasteignamat íbúðarhúsnæðis, sem þýðir að Íbúðalánasjóði verður óheimilt að lána til kaupa á fasteign með fasteignamat hærra en 50 m.kr. Þá er í lögnum gerð sú grundvallarbreyting á starfsemi Íbúðalánasjóðs, sem er tímabundin, að eitt af hlutverkum hans verður að eiga og reka leigufélag með eignir sem sjóðurinn hefur eignast með fullnustuaðgerðum.

Hinn 19. júní 2012 samþykkti Alþingi lög nr. 69/2012, um breytingar á lögum um virðisaukaskatt. Meðal breytinga eru heimild til að endurgreiða sveitarfélögum virðisaukaskatt vegna búnaðar vegna bruna- og mengunarvarna og heimild til að endurgreiða virðisaukaskatt af vetnis-, raf- og tvinnbifreiðum upp að tilteknu marki.

Hinn 19. júní 2012 samþykkti Alþingi lög nr. 74/2012, um veiðigjöld. Nýju lögin kveða á um almennt veiðigjald, sem verður 9,50 kr. á úthlutað þorskígildiskíló, og sérstakt veiðigjald, sem er 65% af stofni sem tekur mið af verðmæti afla og/eða afurða að frádregnum i) rekstrarkostnaði öðrum en fjármagnskostnaði og ii) reiknaðri árgreiðslu

vegna vaxta og afskrifta, sem miðuð skal við 8% ávöxtun. Hið almenna veiðigjald kemur til lækkunar á því sérstaka. Samhliða voru samþykkt lög nr. 75/2012 sem breyttu hinum almennu lögum um fiskveiðistjórnun til samræmis við veiðigjaldslögin og framlengdu bráðabirgðaákvæði í fiskveiðistjórnunarlögum.

Hinn 19. júní 2012 samþykkti Alþingi lög nr. 77/2012, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum. Markmið laganna er að styrkja rekstrargrundvöll sparisjóðakerfisins sem átt hefur undir högg að sækja á undanförunum árum. Til að auðvelda sparisjóðunum að ráða bót á þörf þeirra fyrir aukið eigið fé er heimilað að reka sjóðina í formi hlutafélags. Hugtakið sparisjóður verður þar af leiðandi ekki lengur bundið við sérstaka tegund sjálfseignarstofnunar heldur verður það samheiti yfir tiltekna gerð fjármálafyrirtækja sem ýmist verða reknar í formi sjálfseignarstofnunar eða hlutafélags, en beri um leið að takmarka starfsemi sína fyrst og fremst við hefðbundna viðskiptabankastarfsemi og verja a.m.k. 5% hagnaðar liðins árs til samfélagslegra verkefna á starfssvæði sínu. Þá eru möguleikar til samruna sparisjóða sem eru sjálfseignarstofnanir auknir. Ennfremur hafa sparisjóðir með stofnfé eða hlutafé að lágmarki 5 milljónir evra heimildir til viðskipta með verðbréf. Loks er bráðabirgðaákvæði VI í lögum um fjármálafyrirtæki, um inngripsheimildir Fjármálaeftirlitsins, framlengt til loka ársins 2013, á meðan framtiðarskipan þessara mála hefur ekki verið ákveðin á vettvangi Evrópusambandsins.

Hinn 19. júní 2012 samþykkti Alþingi lög nr. 79/2012, um breytingu á lögum um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, með síðari breytingum. Með lögum voru bráðabirgðaákvæði þau sem sett höfðu verið með lögum nr. 15/2011 og nr. 55/2011 og giltu aðeins um iðgjöld vegna ársins 2011, felld á varanlegan hátt inn í meginmál laganna um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta. Helstu breytingar sem fram koma í lagaákvæðinu og voru ekki í bráðabirgðaákvæði II eru þær að almenna iðgjaldið lækkar úr 0,3% í 0,225% og að stjórn tryggingarsjóðsins fær nú heimild til að veita frest til greiðslu iðgjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Hinn 20. júní 2012 var starfsleyfi EA fjárfestingarfélags ehf. fellt niður af Fjármálaeftirlitinu en félagið var tekið til slitameðferðar með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur þann 1. júní sl.

Hinn 20. júní 2012 keypti Seðlabanki Íslands evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi gegn greiðslu í ríkisverðbréfum í floknum RIKS 33 0321. Jafnframt hafði Seðlabankinn kallað eftir tilboðum frá aðilum sem vildu selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Útboðin voru liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum. Niðurstaða útboðs um kaup á evrum var sú að alls tók Seðlabankinn tilboðum að fjárhæð 23,7 milljónir evra. Öll samþykkt tilboð voru tekin á sama verði (e. single price), sem var ákvarðað 245 kr. fyrir hverja evru. Niðurstaða útboðs um kaup á krónum fyrir evrur var sú að tilboðum að fjárhæð 7,5 ma.kr. var tekið. Öll samþykkt tilboð voru tekin á sama verði, sem var ákvarðað 246 kr. fyrir hverja evru.

Hinn 21. júní 2012 staðfesti Hæstiréttur úrskurð héraðsdóms í máli Saga Capital gegn Fjármálaeftirlitinu, sem hafði afturkallað starfsleyfi Saga Capital. Í kjölfarið hafði Saga Capital verið tekið til slita með úrskurði héraðsdóms. Saga Capital kærði úrskurð héraðsdóms til Hæstaréttar, sem staðfesti hinn kærða úrskurð með vísan til þeirrar meginreglu að málskot til dómstóla fresti ekki réttaráhrifum stjórnvaldsákvörðunar.

Hinn 29. júní 2012 samþykkti Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) ríkisaðstoð sem veitt var í tengslum við endurskipulagningu og endurreisn Íslandsbanka. Samkvæmt ákvörðun ESA fólu ráðstafanir stjórnvalda sem tengjast stofnun og endurskipulagningu bankans í sér ríkisaðstoð sem samrýmist reglum EES-samningsins, en ríkissjóður lagði bankanum til eiginfjárframlag í formi hlutafjár og víkjandi láns, auk þess sem bankanum var veitt lausafjárfyrirgreiðsla.

Júlí 2012

Hinn 2. júlí 2012 hófust viðskipti með bréf fasteignafélagsins Reginn hf. í Kauphöll Íslands, NASDAQ OMX Iceland. Um var að ræða aðra nýskráningu fyrirtækis á markað eftir efnahagsáfallið haustið 2008.

Hinn 13. júlí 2012 tilkynnti sjávarútvegsráðherra um aflakvóta fiskveiðiársins 2012-2013. Þorsheimildir voru auknar um 18 þúsund tonn frá fyrra ári, ýsuheimildir lækkaðar um 9 þúsund tonn en aðrar botnfiskheimildir auknar um samtals 1400 tonn frá kvótaákvörðun fyrir fiskveiðiárið 2011-2012.

Hinn 20. júlí 2012 var greint frá því að evrópski seðlabankinn (ECB) hefði endurheimt að fullu fjóra milljarða evra sem voru lánaðir dótturfélögum Glitnis, Kaupþings og Landsbankans í Lúxemborg gegn veði í október 2008 sem hluti af reglulegri fyrirgreiðslu ECB á evrusvæðinu. Náíð samstarf var um lausn málsins milli Seðlabanka Íslands og Seðlabanka Lúxemborgar meðal annars um að koma í veg fyrir að veðsettar eignir yrðu seldar við afar slæm skilyrði.

Hinn 30. júlí 2012 tilkynnti Seðlabanki Íslands að ákveðið hefði verið að auka regluleg gjaldeyriskaup bankans af viðskiptavökum á gjaldeyrismarkaði um ótiltekinn tíma frá og með 31. júlí 2012. Frá septembermánuði árið 2010 hafði bankinn keypt vikulega hálf milljón evra af hverjum viðskiptavaka á millibankamarkaði með gjaldeyri. Eftir breytinguna keypti bankinn vikulega 1 milljón evra af hverjum viðskiptavaka.

Ágúst 2012

Hinn 20. ágúst 2012 veitti Fjármálaeftirlitið Straumi fjárfestingarbanka hf. auknar starfsheimildir sem lánafyrirtæki.

Hinn 22. ágúst 2012 ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að halda vöxtum bankans óbreyttum. Daglánavextir voru því áfram 6,75%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga 5,75%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum 5,5% og innlánsvextir 4,75%.

Hinn 29. ágúst 2012 keypti Seðlabanki Íslands evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi gegn greiðslu í ríkisverðbréfum í flokknum RIKS 33 0321. Jafnframt hafði Seðlabankinn kallað eftir tilboðum frá aðilum sem vildu selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Útboðin voru liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum. Niðurstaða útboðs um kaup á evrum var sú að alls tók Seðlabankinn tilboðum að fjárhæð 18,6 milljónir evra. Öll samþykkt tilboð voru tekin á sama verði (e. single price), sem var ákvarðað 235 kr. fyrir hverja evru. Niðurstaða útboðs um kaup á krónum fyrir evrur var sú að tilboðum að fjárhæð 3,8 ma.kr. var tekið. Öll samþykkt tilboð voru tekin á sama verði, sem var ákvarðað 236 kr. fyrir hverja evru.

Hinn 30. ágúst 2012 var samþykkt á ríkisstjórnarfundum að fela starfshópi að leggja mat á stöðu og horfur um efnahag Íbúðalánasjóðs. Skyldi tilnefnt í hann af hálfu fjármálaráðuneytisins, forsætisráðuneytisins, velferðarráðuneytisins og atvinnuvegaráðuneytisins og samráð haft við sjóðinn og stjórn hans.

September 2012

Hinn 1. september 2012 voru efnahags- og viðskiptaráðuneytið, iðnaðarráðuneytið og landbúnaðar- og sjávarútvegarráðuneytið sameinuð í nýtt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Hinn 7. september 2012 var tilkynnt að Sparisjóður Svarfdæla og Landsbankinn hf. hefðu náð samkomulagi um að fallið yrði frá kaupum Landsbankans á rekstri og eignum sparisjóðsins þar sem Tryggingarsjóður sparisjóðanna hefði fallist á að leggja Sparisjóði Svarfdæla til nýtt stofnfé og veita víkjandi lán til að sparisjóðurinn uppfyllti skilyrði Fjármálaeftirlitsins um 16% eiginfjárhlutfall.

Hinn 11. september 2012 veitti Fjármálaeftirlitið Landsbréfum hf. auknar starfsheimildir sem rekstrarfélag verðbréfasjóða.

Hinn 14. september 2012 samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna Sparisjóðs Ólafsfjarðar við Arion banka hf. Arion banki tekur við öllum réttindum og skyldum Sparisjóðs Ólafsfjarðar og verða félögin sameinuð undir nafni Arion banka hf.

Hinn 28. september 2012 lauk heimsókn sendinefndar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum vegna eftirfylgni við efnahagsáætlun íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Október 2012

Hinn 1. október 2012 tóku í gildi breyttar lausafjárreglur en þeim lánastofnunum sem þess óskuðu var gefinn kostur á að innleiða nýja flokkun reglnanna í áföngum fram til loka desember 2012. Reglunum var breytt á þann veg að innstæður fjármálafyrirtækja í slitameðferð yrðu flokkaðar sem skuldir við lánastofnanir.

Hinn 3. október 2012 ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að halda vöxtum bankans óbreyttum. Daglánavextir voru því áfram 6,75%, vextir af lánum gegn veði í sjö daga 5,75%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum 5,50% og innlánsvextir 4,75%.

Hinn 3. október 2012 keypti Seðlabanki Íslands evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi eða gegn greiðslu í ríkisverðbréfum í flokknum RIKS 33 0321. Jafnframt hafði Seðlabankinn kallað eftir tilboðum frá aðilum sem vildu selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Útboðin voru liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum. Niðurstaða útboðs um kaup á evrum var sú að alls tók Seðlabankinn tilboðum að fjárhæð 20,1 milljón evra á verðinu 235 kr. fyrir hverja evru. Niðurstaða útboðs um kaup á krónum fyrir evrur var sú að tilboðum að fjárhæð 4,9 ma.kr. var tekið á verðinu 235 krónur fyrir hverja evru. Öllum samþykktum tilboðum var tekið á sama verði.

Hinn 5. október 2012 staðfesti Moody's lánshæfismat Íbúðalánasjóðs, Baa3. Horfur voru taldar neikvæðar.

Hinn 8. október 2012 ógilti Samkeppniseftirlitið samruna tveggja fyrirtækja í lyfja- og lækningavörugæiranum með þeim rökum að samruninn myndi draga úr samkeppni.

Hinn 17. október 2012 staðfesti Standard & Poor's óbreyttar lánshæfiseinkunnir BBB-/A-3 fyrir langtíma- og skammtímaskuldbindingar Ríkissjóðs Íslands í erlendum og innlendum gjaldmiðli. Horfurnar voru áfram stöðugar.

Hinn 17. október 2012 birti Fjármálaeftirlitið niðurstöður vettvangsathugunar sem Fjármálaeftirlitið framkvæmdi vegna útgáfu sértryggðra skuldabréfa Íslandsbanka hf. Niðurstaðan var að bankinn uppfyllti þær kröfur sem til útgáfunnar væru gerðar, en æskilegt væri að bankinn yki sjálfvirkni í upplýsingakerfum sínum og einfaldaði með því utanumhald sitt og útreikninga álagsprófa.

Hinn 17. október 2012 tóku gildi nýjar reglur Fjármálaeftirlitsins um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna í váttryggingafélögum annars vegar og fjármálfyrirtækjum hins vegar. Hinar nýju reglur fela einkum í sér að skerpt er á þeim sjónarmiðum og viðmiðum sem Fjármálaeftirlitið leggur til grundvallar við mat á fjárhagslegu sjálfstæði framkvæmdastjóra og stjórnarmanna viðeigandi fjármálastofnana.

Hinn 18. október 2012 kvað Hæstiréttur upp dóm nr. 464/2012 í máli Borgarbyggðar gegn Arion banka hf. og komst að þeirri niðurstöðu að Arion banka hf. væri óheimilt að innheimta afturvirka vexti af lánsamningi skv. 3. og 4. grein laga nr. 38/2006, um vexti og verðtryggingu, í stað lægri vaxta með LIBOR-viðmiðun sem áskildir voru í samningnum, enda teldist fullnaðarkvittun fyrir þeim vaxtagreiðslum liggja fyrir. Með dómnum var staðfest að sömu grundvallarreglur ættu við um gengistryggð krónulán lögaðila og rétturinn hafði áður dæmt einstaklingum.

Hinn 18. október 2012 gaf Fjármálaeftirlitið út niðurstöður athugunar varðandi fjárfestavernd, þ.e. flokkun viðskiptavina og verklag Straums fjárfestingabanka hf. henni tengt. Taldist verklag bankans við flokkun viðskiptamanna almennt í samræmi við ákvæði laga, en athugasemdir væru gerðar við einstök atriði.

Hinn 18. október 2012 kvað Hæstiréttur upp dóm í máli nr. 233/2011 sem fjallaði um eignarnámsbætur sem Landsvirkjun skyldi greiða fyrir vatnsréttindi sem framseld voru til Landsvirkjunar vegna Kárahnjúkavirkjunar. Samið hafði verið um að eigendur réttindanna skyldu njóta réttarstöðu eins og um eignarnám hefði verið að ræða. Rétturinn vísaði í forsendur ákvörðunar bóta vegna Blönduvirkjunar þar sem metinn skaði landeigenda var lagður til grundvallar en ekki ávinningur virkjunaraðila. Var endurgjaldið ákveðið 1,4% af stofnkostnaði virkjunarinnar eða 1.540 m.kr., en í greinargerð Landsvirkjunar kom fram að kröfur landeigenda hefðu numið 96 ma.kr.

Hinn 19. október 2012 gaf Fjármálaeftirlitið út fréttatilkynningu vegna nýlegra dóma Hæstaréttar í gengismálum. Að mati Fjármálaeftirlitsins minnkaði dómur Hæstaréttar í máli nr. 464/2012, sem féll hinn 18. október, enn frekar þá réttaróvissu sem upp hefði komið í kjölfar dóms Hæstaréttar nr. 600/2011 frá 15. febrúar 2012 (um heimildir til að innheimta hærri vexti vegna liðinna gjalddaga, þegar fullgildar kvittanir lægju fyrir), svo sem hvaða viðmiðunardag skyldi nota, í hvaða tilfellum gæti talist vera um aðstöðumun að ræða og hvort horfa bæri á einstakar greiðslur eða heildargreiðslur við endurreikning. Taldi Fjármálaeftirlitið að niðurstaða dómsins varðandi þessi álitafæni væri í samræmi við aðferðafræði þess við mat á hugsanlegum áhrifum dóms Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 miðað við þær

kröfur sem hafðar voru uppi í málinu. Dómurinn hefði því ekki áhrif til hækkunar á mati Fjármálaeftirlitsins á kostnaði fjármálastofnana af afskriftum lána sem dæmd yrðu ólögleg að hluta eða öllu leyti. Dómurinn gæti hins vegar haft áhrif til lækkunar ef endanleg aðferðafræði við endurreikning yrði í samræmi við niðurstöðu hans.

Nóvember 2012

Hinn 6. nóvember 2012 birti Fjármálaeftirlitið niðurstöður úr skoðun á útlánasafni Arion banka hf. Skoðunin beindist að virðismati lána á öðrum ársfjórðungi ársins 2011 og fylgdi eftir umfangsmikilli yfirferð og skýrslugjöf fyrr á árinu 2012. Meginniðurstaða athugunarinnar var að ekki væru vísbendingar um að bókfært virði útlánasafns bankans væri ofmetið. Fjármálaeftirlitið setti hins vegar fram ábendingar og gerði athugasemdir við verklag bankans við virðismat, upplýsingamiðlun innan bankans, skjalagerð, gagnaöflun og skráningu upplýsinga.

Hinn 7. nóvember 2012 keypti Seðlabanki Íslands evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi eða gegn greiðslu í ríkisverðbréfum í flokknum RIKS 33 0321. Jafnframt hafði Seðlabankinn kallað eftir tilboðum frá aðilum sem vildu selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Útboðin voru liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum. Niðurstaða útboðs um kaup á evrum var sú að alls tók Seðlabankinn tilboðum að fjárhæð 19,7 milljónir evra. Öllum samþykktum tilboðum var tekið á sama verði (e. single price), sem var ákvarðað 235 kr. fyrir hverja evru. Niðurstaða útboðs um kaup á krónum fyrir evrur var sú að tilboðum að fjárhæð 4,7 ma.kr. var tekið. Öllum samþykktum tilboðum var tekið á sama verði, sem var ákvarðað 236 kr. fyrir hverja evru.

Hinn 7. nóvember 2012 var samþykkt á Alþingi þingsályktun nr. 2/141 um að stofna skyldi þriggja manna rannsóknarnefnd til að rannsaka einkavæðingu og sölu hlutabréfa í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. og tengd málefni á árunum 1998–2003. Með skipan og störf nefndarinnar skyldi fara samkvæmt lögum um rannsóknarnefndir nr. 68/2011.

Hinn 8. nóvember 2012 í máli nr. 277/2012 staðfesti Hæstiréttur ógildingu Samkeppniseftirlitsins á samruna fyrirtækis í hænсна- og svínarækt og tveggja annarra svínabúa. Tók rétturinn undir rök héraðsdóms um að með samrunanum yrði staða fyrirtækisins ráðandi á markaðnum fyrir svínaslátrun og kaupendastaða hans á fóðurmarkaði einnig mjög sterk. Jafnframt hefði fyrirtækinu ekki tekist að sýna fram á að engin skaðvænleg samkeppnisáhrif yrðu af samrunanum eða að uppfyllt væru skilyrði til að samþykkja samruna svínabúanna á grundvelli sjónarmiða um fyrirtæki á fallandi fæti.

Hinn 9. nóvember 2012 birti Fjármálaeftirlitið niðurstöður athugunar varðandi fjárfestavernd hjá Arion banka, þ.e. flokkun viðskiptavina og verklag henni tengt. Athugunin var gerð til að fylgja eftir skoðun fyrr á árinu og athugasemdum og tilmælum í kjölfar hennar. Fjármálaeftirlitið taldi að bankinn hefði brugðist á einn eða annan hátt við öllum þeim athugasemdum og ábendingum sem gerðar voru.

Hinn 12. nóvember 2012 fór fram reglubundin umræða í framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um skýrslu vegna eftirfylgni við efnahagsáætlun íslenskra stjórnvalda og AGS, sem lauk í ágúst 2011.

Hinn 14. nóvember 2012 ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að hækka vexti bankans um 0,25 prósentur. Daglánavextir voru hækkaðir í 7,0%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga í 6,0%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubrúfum í 5,75% og innlánsvextir í 5,0%.

Hinn 15. nóvember 2012 birti Fjármálaeftirlitið niðurstöður athugana á framkvæmd lokaðs útboðs á hlutabréfum Eimskipafélags Íslands hf. hjá Straumi fjárfestingabanka hf. og Íslandsbanka hf. sem fram fór dagana 23. til 25. október 2012. Athugunin beindist eingöngu að framkvæmd hins lokaða útboðs og var gerð vegna ábendinga sem Fjármálaeftirlitinu höfðu borist. Fjármálaeftirlitið lauk athuguninni án þess að finna dæmi þess að viðskipti hafi verið framkvæmd á grundvelli innherjaupplýsinga. Almenn, opið útboð á hlutabréfum Eimskipafélags Íslands hf. fór síðan fram dagana 30. október til 2. nóvember 2012. Hinn 16. nóvember hófust viðskipti með hlutabréf Eimskipafélags Íslands hf. á aðalmarkaði Kauphallarinnar NASDAQ OMX Iceland.

Hinn 19. nóvember 2012 gaf Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn út skýrslu í kjölfar umræðna í framkvæmdastjórn sjóðsins 12. nóvember og heimsóknar sendinefndar sjóðsins til Íslands í september. Lýsti stjórnin ánægju með árangur Íslendinga á sviði efnahagsmála eftir hrúnið 2008, endurnýjaðan aðgang Íslands að erlendum lánamarkaði og fyrirfram-

greiðslu hluta af lánum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Norðurlandanna. Stjórnin lýsti stuðningi við árangurstengda áætlun um afnám gjaldeyrishafta. Lögð var áhersla á að halla ríkissjóðs yrði eytt á tilsettum tíma, hvatt til aukins peningalegs aðhalds til að ná verðból gumarkmiðinu og mælt með styrkingu eigin fjár fjármálastofnana.

Hinn 19. nóvember 2012 voru samþykkt á Alþingi fjárukalög fyrir 2012. Tekjuáætlun ársins var hækkuð um 6,3 ma.kr. með sköttum, arðstekjum og veiðigjöldum, þótt áætluð eignasala lækkaði um 7 ma.kr. Útgjaldaáætlun var hækkuð um 11,4 ma.kr., mest vegna útgjalda í atvinnuvega-, innanríkis-, velferðar- og fjármálaráðuneytum.

Hinn 21. nóvember 2012 birti Fjármálaeftirlitið úttekt á starfsháttum Dróma hf. í kjölfar opinberrar umræðu um starfshætti félagsins og ábendinga sem Fjármálaeftirlitinu höfðu borist. Farið var yfir 8 atriði í starfsemi Dróma og gerðar athugasemdir við tvennt: a) hóf í kröfum um birtingu upplýsinga um fjárhag einstakra viðskiptavina og b) afskipti af samningum milli aðila þegar skipt er um skuldara kröfu.

Hinn 22. nóvember 2012 stöðvaði NASDAQ OMX hf. viðskipti með skuldabréf útgefin af Íbúðalánasjóði eftir að viðtal við forstjóra sjóðsins birtist í Viðskiptablaðinu. Samdægurs var aftur opnað fyrir viðskipti með öll skuldabréf Íbúðalánasjóðs.

Hinn 23. nóvember 2012 staðfesti matsfyrirtækið Moody's láns hæfiseinkunnina Baa3/P-3 fyrir langtíma- og skammtímaskuldbindingar Ríkissjóðs Íslands. Horfur voru taldar neikvæðar.

Hinn 23. nóvember 2012 birti Fjármálaeftirlitið niðurstöður athugunar á uppgjörsumhverfinu á Íslandi og uppgjörskerfi Verðbréfasráningar Íslands hf. Athugunin var gerð í samvinnu við Seðlabanka Íslands. Í athuguninni var skoðað hvort uppgjörsumhverfið á Íslandi og verðbréfauppgjörskerfi Verðbréfasráningar uppfyllti skilyrði tilmæla Evrópska Seðlabankans og samtaka evrópskra verðbréfaeftirlita, CESR, frá árinu 2009. Af 13 liðum sem skoðaðir voru af alls 19 í tilmælunum töldust 5 uppfylltir, 3 uppfylltir að mestu og 5 að hluta til. Hinir 6 voru ekki skoðaðir vegna tæknilegra aðstæðna eða vegna þess að þeir þóttu ekki eiga við í íslensku fjármálaumhverfi. Settar voru fram ábendingar um það sem talið var áfátt.

Hinn 26. nóvember 2012 birti Fjármálaeftirlitið gagnsæistilkynningu vegna athugunar á starfsháttum Lýsingar. Fjármálaeftirlitinu barst ábending frá viðskiptavini Lýsingar hf. sem sagði að sér hefði verið neitað um svör við tilteknum fyrirspurnum er lutu m.a. að endurútreikningi erlends láns er viðskiptavinurinn hafði tekið hjá félaginu og geymslu-reikning sem félagið hafði stofnað vegna hugsanlegrar ofgreiðslu lánsins. Í kjölfarið óskaði Fjármálaeftirlitið eftir sjónarmiðum Lýsingar vegna málsins.

Hinn 27. nóvember 2012 stöðvaði NASDAQ OMX hf. viðskipti með skuldabréf útgefin af Íbúðalánasjóði eftir að formaður velferðarnefndar Alþingis sagði við Bloomberg-fréttastofuna að breyta þyrfti skilmálum á skuldabréfum Íbúðalánasjóðs. Samdægurs var aftur opnað fyrir viðskipti með öll skuldabréf Íbúðalánasjóðs en tiltekin skuldabréf voru færð á athugunarlista Kauphallarinnar.

Hinn 27. nóvember 2012 ákvað ríkisstjórnin á fundi að afla heimilda í fjárlögum næsta árs til að auka stofnfé Íbúðalánasjóðs um allt að 13 ma.kr. til að styrkja eiginfjárlutfall hans. Ákveðið var að endurskoða innheimtuferla, styrkja áhættustýringu og færa fullnustueignir sjóðsins í sérstakt félag í eigu ríkisins sem annist umsýslu þeirra.

Hinn 29. nóvember 2012 birti Fjármálaeftirlitið gagnsæistilkynningu vegna athugunar á starfsháttum Arion banka hf. í tengslum við samskipti bankans við B.M. Vallá hf. Fjármálaeftirlitinu barst ábending vegna starfshátta Nýja Kaupþings banka hf. (nú Arion banki hf.) í tengslum við endurskipulagningu og síðar gjaldþrot B.M.Vallár hf. Niðurstaða FME var að ekki væri tilefni til athugasemda við starfshætti bankans í tengslum við tilraunir til endurskipulagningar og síðar gjaldþrot B. M. Vallár hf.

Desember 2012

Hinn 6. desember 2012 vék Fjármálaeftirlitið stjórnarmanni í lífeyrissjóði frá, tveimur mánuðum eftir að FME hafði tilkynnt honum að hann teldist ekki uppfylla lögbundnar kröfur til stjórnarmanna og yrði að láta af störfum innan tveggja vikna.

Hinn 7. desember 2012 voru nýjar reglur um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja nr. 1050/2012 birtar á vef Stjórnartíðinda. Samhliða birtingunni gaf Fjármálaeftirlitið út leiðbeinandi tilmæli um framkvæmd reglnanna.

Hinn 8. desember 2012 lauk í Doha í Katar 18. aðildarríkjaþingi loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Ástralía ásamt 36 Evrópuríkjum tóku á sig skuldbindingar á tímabilinu 2013-2020. Samtals eru þessi ríki með um 15% af losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum. Íslendingar tóku á sig sameiginlega skuldbindingu með ríkjum Evrópusambandsins og Króatíu um að draga úr losun um 20% til 2020, miðað við 1990.

Hinn 12. desember 2012 ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að halda vöxtum bankans óbreyttum. Daglánavextir voru því áfram 7,00%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga 6,00%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubrífum 5,75% og innlánsvextir 5,00%.

Hinn 18. desember 2012 keypti Seðlabanki Íslands evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi eða gegn greiðslu í ríkisverðbréfum í floknum RIKS 33 0321. Jafnframt hafði Seðlabankinn kallað eftir tilboðum frá aðilum sem vildu selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Útboðin voru liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum. Niðurstaða útboðs um kaup á evrum var sú að alls tók Seðlabankinn tilboðum að fjárhæð 30,9 milljónir evra. Öllum samþykktum tilboðum var tekið á sama verði (e. single price), sem var ákvarðað 233 kr. fyrir hverja evru. Niðurstaða útboðs um kaup á krónum fyrir evrur var sú að tilboðum að fjárhæð 6,8 ma.kr. var tekið. Öllum samþykktum tilboðum var tekið á sama verði, sem var ákvarðað 233 kr. fyrir hverja evru.

Hinn 18. desember 2012 hófust viðskipti með hlutabréf Fjarskipta hf., sem reka Vodafone á Íslandi, á aðalmarkaði Kauphallarinnar NASDAQ OMX Iceland.

Hinn 19. desember 2012 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 159/2012, um breytingu á lögum um öryggi fyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum, nr. 90/1999. Með lögunum eru innleiddar í íslenskan rétt að mestu breytingar á tilskipun 98/26/EB frá 19. maí 1998, um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/44/EB frá 6. maí 2009. Með lögunum var skilgreiningu nokkurra hugtaka breytt og ný hugtök skilgreind. Heimilt varð að viðurkenna fleiri kerfi en áður og eru greiðslufyrirmæli vernduð allan sólarhringinn þar sem viðskiptadagurinn er skilgreindur sem 24 klukkustundir. Þá kveða löggin á um ramma rekstrarsamhæfðra kerfa (tvö eða fleiri kerfi sem vinna saman) þar sem ábyrgð kerfisstjóra er skýrð. Reglur slíks kerfis skulu kveða á um hvenær fyrirmæli teljast komin til kerfisins. Leitast skal við að hafa samræmdar reglur en ekki er gengið svo langt að gera skylt að rekstrarsamhæfð kerfi falli undir samræmdar reglur.

Hinn 20. desember 2012 voru samþykkt á Alþingi fjárlög ársins 2013. Tekjuáætlun laganna hljóðaði upp á 579 ma.kr. eða 31,2% af landsframleiðslu samkvæmt spá og hækkaði um 9,5%. Gjaldaheimildir námu 583 ma.kr. eða 31,4% af landsframleiðslu m.v. spá og hækkaði um 4,4%. Halli samkvæmt fjárlögum var áætlaður 3,7 ma.kr. eða 0,2% af landsframleiðslu samanborið við 1,7% samkvæmt áætlun fjárlaganna 2012. Afgangur án vaxta 2013 var áætlaður 60 ma.kr. eða 3,2% af landsframleiðslu. Veitt var 13 ma.kr. eiginfjárlag til Íbúðalánasjóðs til að koma hlutfalli eigin fjár í 3% af efnahag.

Hinn 21. desember 2012 tilkynnti fjármálaráðuneytið að íslenska ríkið hefði greitt upp lánið sem Færeyingar veittu Íslendingum í kjölfar efnahagshrunsins 2008.

Hinn 21. desember 2012 voru gefnar út og birtar reglur nr. 1171/2012, um breytingu á reglum nr. 950/2010, um gjaldeyrisjöfnuð. Meginbreytingin var að heimild Seðlabankans til að veita fjármálastofnunum undanþágu frá almennum reglum um gjaldeyrisjöfnuð vegna brýnnar nauðsynjar var framlengd um eitt ár, til 1. janúar 2014.

Hinn 21. desember 2012 var greint frá því að um áramótin myndi persónuafsláttur hækka um 4,2% samkvæmt hækkun neysluverðs, eins og greinir í lögum um tekjuskatt. Samkvæmt þekktum áætlunum sveitarfélaga myndi meðalútsvar lækka úr 14,44% á árinu 2012 í 14,42%. Því myndu skattleysismörk í staðgreiðslu hækka um 4,3% milli 2012 og 2013 og verða 135.330 kr. á mánuði að teknu tilliti til frádráttar vegna lífeyrisiðgjalda. Skattþrep yrðu 22,9% af fyrstu 2.897.702 kr., 25,8% af næstu 5.976.406 kr. og 31,8% af tekjum umfram 8.874.108 kr. á ári. Prepamörk hækkuðu samkvæmt launavísitölu eða um 5% milli ára.

Hinn 22. desember 2012 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 141/2012, um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012. Megintilgangur laganna er að setja lagastoð fyrir innleiðingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1193/2011.

Hinn 22. desember 2012 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 142/2012, um breytingu á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð o.fl., nr. 54/2006. Með lagabreytingunni var Atvinnuleysistryggingasjóði veitt heimild til að veita styrki vegna starfs- eða námstengdra vinnumarkaðsúrræða og atvinnutengdrar starfsendurhæfingar samkvæmt útfærslu í reglugerð. Markmiðið var að hafa í boði á árinu 2013 styrki og úrræði fyrir allt að 3700 manns. Útgjöld vegna úrræðanna voru áætluð rúmir 2 ma.kr. á árinu 2013 en sparnaður af samsvarandi styttingu bótatímabils tæpir 4 ma.kr. Þar sem talið var að einhvern tíma tæki að finna og bjóða þeim vinnu sem misstu bótarétt var kveðið á um það í bráðabirgðaákvæði að þeir sem höfðu verið á bótum í 36-42 mánuði ættu rétt á óbreyttum greiðslum í allt að sex mánuði til viðbótar, þó þannig að samanlagður bóta- og styrktími yrði ekki lengri en 42 mánuðir og styrkur félli niður ef tilboði um úrræði væri ekki tekið. Skilyrðum laganna fyrir að teljast tryggður innan Atvinnuleysistryggingakerfisins var einnig breytt þannig að viðkomandi þarf nú að hafa náð 18 ára aldri í stað 16 ára áður. Einnig var lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, nr. 51/1995 (greiðslur í vinnuhléum), breytt þannig að greiðslutími var stytur og greiðslur vegna lífeyrissjóðsiðgjalda og tryggingagjalda afnumdar. Sparnaður vegna þessara breytinga var talinn um 100 m.kr. á ári miðað við aðstæður 2012.

Hinn 22. desember 2012 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 143/2012, um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000. Breytingin miðaði að því að færa reglur um greiðslur í fæðingarorlofi í áföngum til þess horfs sem þær voru áður en gripið var til sparnaðaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008. Hámarksgreiðsla til foreldris í fæðingarorlofi hækkaði úr 300 þúsund krónum í 350 þúsund krónur á mánuði og miðaðist við 80% af tekjum upp að því marki. Einnig var fæðingarorlof lengt úr 9 í 12 mánuði í áföngum til ársins 2016 auk þess sem breytingar voru gerðar á fæðingarstyrkjum til foreldra utan vinnumarkaðar. Áætlað var að kostnaður af breytingunum yrði 0,5 ma.kr. á árinu 2013 en myndi hækka í 3,5 ma.kr. árið 2016.

Hinn 22. desember 2012 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 146/2012, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem áætlað var í fjárlagafrumvarpi að myndu skila ríkissjóði 8,4 ma.kr. með nýrri tekjuöflun og 2,8 ma.kr. með framlengingu á tíma-bundinni tekjuöflun. Á móti skyldi verja 4,5 ma.kr. í auknar barna- og vaxtabætur.

Hinn 22. desember 2012 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 155/2012, um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármála-fyrirtækjum. Um er að ræða þá eignarhluti sem komust í eigu ríkisins í kjölfar falls íslenska fjármálakerfisins haustið 2008, þ.e. eignarhluti í Arion banka hf. og Íslandsbanka hf., í Landsbankanum hf. umfram 70% hlut ríkisins af heildarhlutafé bankans, og eignarhluti í sparisjóðum. Ákveðið var að setja almenn lög um þetta efni í stað þess að setja sérstaka lagaheimild á fjárlögum fyrir sölu á hverjum og einum eignarhlut. Lögin fela ekki í sér ákvörðun um sölu einstakra eignarhluta heldur innihalda þau einungis heimild til sölu umræddra eignarhluta ásamt reglum um hvernig að sölufelri skuli staðið þegar skilyrði skapast fyrir sölu eignarhluta.

Hinn 22. desember 2012 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 158/2012, um breytingu á lögum um rannsóknarnefndir, nr. 68/2011. Breytingarnar miða m.a. að því að styrkja frekar undirbúning að skipun rannsóknarnefnda, einkum með því að tryggja réttindi þeirra sem skipaðir eru í slíkar nefndir, þ.á m. starfsréttindi og skaðleysi af málsóknum. Einnig er kveðið skýrar á um greiðslu kostnaðar við afhendingu gagna til rannsóknarnefnda.

Hinn 22. desember 2012 voru samþykktar á Alþingi þrjár þingsályktanir um útvíkkun á viðaukum við EES-samninginn: Þingsályktun nr. 6/141 sem breytir bókun nr. 31 við samninginn og innleiðir tilskipun Evrópuþingsins og ráðherraráðsins nr. 2008/114/EB frá 8. desember 2008 um að greina og tilnefna grunnviði í Evrópu og meta þörf á vernd þeirra; Þingsályktun nr. 7/141 sem fellir inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðherraráðsins nr. 2011/7/ESB frá 16. febrúar 2011 um átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum og breytir XII. viðauka samningsins á samsvarandi hátt; Þingsályktun nr. 8/141 sem fellir inn í EES-samningin tilskipun Evrópuþingsins og ráðherraráðsins nr. 2008/104/EB frá 19. nóvember 2008 um vinnu á vegum starfsmannaleigna og umbætur á aðstæðum og kjörum starfsfólks þeirra, sem felur í sér takmarkanir á heimildum til að amast við starfsemi slíkra leigna.

Hinn 22. desember 2012 voru samþykktar á Alþingi þingsályktanir nr. 9, 10 og 11/141 um staðfestingu á breytingum á viðaukum við EES-samninginn. Sú fyrsta fellir inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1007/2011 frá 27. september 2011 um kröfur um tæknilega staðla, prófanir og vottun á textíltrefjum og vörum. Hin næsta fellir inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2010/73/ESB frá 24. nóvember 2010 um útboðslýsingar verðbréfa. Þriðja ályktunin fjallar um upptöku tveggja reglugerða (583/2010/EB og 584/2010/EB) og tveggja tilskipana (2010/43/ESB og 2010/44/ESB) í EES-samninginn, sem allar breyta framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2009/65/EB. Breytingarnar snúa að i) lykilupplýsingum fyrir fjárfesta, ii) stöðluðum tilkynningum og staðfestingum verðbréfasjóða, rafrænum tilkynningum og upplýsingaskiptum milli lögbærra yfirvalda, sannprófunum og rannsóknum, iii) samspili vörslufyrirtækja og rekstrarfélaga og iv) skipulagi og samrunaferli sjóða og aðferðum við tilkynningar.

Hinn 22. desember 2012 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 156/2012, um breytingu á lögum um vörugjald og tollalögum. Breytingar voru gerðar á álagningu vörugjalds og tolla sem juku álögur á sykurvörur og eiga að afla ríkissjóði 0,8 ma.kr. á ári.

Hinn 27. desember 2012 lauk starfi fjárhaldsstjórnar fyrir sveitarfélagið Álftanes. Fjárhaldsstjórnin var skipuð í febrúar 2009 eftir ábendingu eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Sveitarfélagið sameinaðist Garðabæ í árslok 2012.

Annáll efnahags- og peningamála 2013

Janúar 2013

Hinn 1. janúar 2013 hækkuðu bætur Almannatrygginga um 3,9%.

Hinn 4. janúar 2013 tilkynnti Seðlabanki Íslands að ákveðið hefði verið að gera hlé á reglulegum gjaldeyriskaupum bankans af viðskiptavökum á gjaldeyrismarkaði. Viðskiptin höfðu verið vikuleg og staðið yfir frá september 2010. Á tímabilinu hafði Seðlabankinn keypt gjaldeyri að jafnvirði u.þ.b. 20 ma.kr. en selt gjaldeyri á móti að jafnvirði 3 ma.kr. í inngripum. Gert var hlé á kaupum Seðlabankans þar sem bankinn taldi gengislækkunina á síðustu vikum ársins 2012 hafa verið óæskilega mikla, sérstaklega í ljósi þess að hún tengdist að verulegu leyti tímabundnum þáttum vegna áramótastöðu fjármálafyrirtækja. Eftir sem áður taldi bankinn nauðsynlegt að hefja gjaldeyriskaup á millibankamarkaði á ný þegar aðstæður leyfðu.

Hinn 4. janúar 2013 var greint frá því að fyrstu tvö sérleyfin til rannsókna og vinnslu kolvetnis (olíu og gass) á Drekasvæðinu hefðu verið gefin út. Norska ríkisolíufélagið Petoro var 25% hluthafi í báðum leyfunum. Félög í eigu íslenskra eigenda áttu smærri hluti.

Hinn 7. janúar 2013 birti Fjármálaeftirlitið niðurstöður athugunar á lífeyrissjóðnum Stöfum. M.a. voru gerðar athugasemdir og kröfur um úrbætur vegna ófullnægjandi ut anumhalds um eign sjóðsins í óskráðum verðbréfum, ónógrar gátar með veðhlutföllum við lánveitingar, flokkun verðbréfa, frávik frá lánareglum, ófullnægjandi frágangs á viðtöku viðbótarlífeyris og lausafjánhættu í séreignarsjóðum. Mæltist eftirlitið til þess að innra eftirlit sjóðsins gerði grein fyrir því fyrir 1. apríl 2013 að úrbætur hefðu verið gerðar. Sjóðurinn svaraði sumum athugasemdanna 10. janúar en tók undir aðrar.

Hinn 8. janúar 2013 voru nýjar reglur um viðbótareiginfjárliði birtar í Stjórnartíðindum. Samkvæmt 10. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ákveða í reglum að aðrir liðir en þeir sem greindir eru í 5.-7. mgr. ákvæðisins teljist með eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis. Á grundvelli þessa ákvæðis voru eldri reglur um viðbótareiginfjárliði, nr. 156/2005, settar og tóku þær gildi hinn 26. janúar 2005.

Hinn 11. janúar 2013 gaf Fjármálaeftirlitið út leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2013, um áhættustýringu (eftirlitskerfi) samtryggingadeilda lífeyrissjóða, sem koma í stað eldri tilmæla. Einnig voru gefin út leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2013, um áhættustýringu (eftirlitskerfi) vörsluaðila séreignarsparnaðar, sem eru ný.

Hinn 14. janúar 2013 samþykkti Alþingi þingsályktun nr. 13/141, um vernd og orkunýtingu landsvæða, svonefnda rammaáætlun. Áætlunin skiptir þekktum virkjanakostum landsins í orkunýtingarflokka, eftir því i) hvort þá má nýta til orkuvinnslu, ii) hvort ástæða er til að kanna frekar friðunargildi áður en virkjun er heimiluð eða iii) ástæða sé til að friðlýsa viðkomandi svæði.

Hinn 18. janúar 2013 samþykkti Fjármálaeftirlitið yfirfærslu einstaks rekstrarhluta Auðar Capital hf. til Íslandsbanka hf. Um er að ræða yfirfærslu á séreignarsparnaði Auðar Capital, Framtíðarauði. Tilkynnt var um samþykktina hinn 5. febrúar 2013.

Hinn 23. janúar 2013 var tilkynnt að samkomulag hefði náðst meðal hlutaðeigandi strandríkja um veiðar úr kolmunnastofninum 2013 og hlutur Íslands yrði 104 þús. tonn en heildarkvóti 643 þús. tonn. Íslendingar, Norðmenn, Rússar og ESB sömdu um 619 þús. tonna heildarafla úr síldarstofninum og byggja á samningi frá 2007, en Færeyingar voru ósáttir við sinn hlut. Engu að síður kemur reiknaður hlutur þeirra til frádráttar úthlutun til hinna aðilanna.

Hinn 28. janúar 2013 sýknaði EFTA-dómstóllinn Ísland af kröfum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um að Ísland yrði lýst brotlegt við EES-samninginn fyrir að brjóta gegn tilskipun um innstæðutryggingar eða mismuna innstæðueigendum. Dómurinn taldi að tilskipun um innstæðutryggingar fæli ekki í sér skyldur á hendur ríkjum að fjármagna innstæðutryggingasjóði – beint eða óbeint – og festi því í sessi þá meginreglu að það séu bankakerfin sjálf sem verði að standa undir fjármögnun þeirra. Af þeim sökum bar ríkinu ekki skylda til að sjá til þess að fjármagn væri til staðar í sjóðnum

við þær aðstæður sem hér sköpuðust haustið 2008. Dómurinn tók tillit til þess að íslenski tryggingasjóðurinn tók ekki þátt í flutningi innstæðna til nýja Landsbankans. Af þeim sökum fólst engin mismunun gagnvart tilskipuninni í þeim aðgerðum sem gripið var til. Dómurinn hafnaði einnig kröfu ESA sem byggðist á almenntri jafnræðisreglu EES-samningsins á þeirri forsendu að með henni gerði ESA kröfu um að innstæðueigendur erlendis fengju annars konar meðferð en innstæðueigendur innanlands við endurskipulagningu bankakerfisins. Loks tók EFTA-dómstóllinn fram að þótt kröfugerð ESA hefði verið sett fram á annan hátt að samningsríkin á EES-svæðinu nytu mikils svigrúms þegar teknar væru grundvallarákvarðanir um efnahagsstefnu þegar kerfishrun ætti sér stað. Með dóminum er lokið samskiptum við ESA í Icesave-málinu.

Hinn 29. janúar 2013 birti matsfyrirtækið Moody's álit þar sem ákvörðun EFTA-dómstólsins var sögð hagstæðasta mögulega niðurstaðan fyrir Ísland, þar sem hún eyddi mikilli laga- og fjárhagslegri óvissu fyrir stjórnvöld.

Hinn 31. janúar 2013 lauk Íslandsbanki útboði á einum útistandandi flokki sértryggðra skuldabréfa sem skráður er á NASDAQ OMX Iceland. Óverðtryggða 3 ára útgáfan ISLA CB 15 var stækkuð um 500 m.kr. á ávöxtunarkröfunni 6,5%. Heildarstærð ISLA CB 15 flokksins eftir útgáfuna er 1.740 m.kr. Íslandsbanki hefur gefið út fjóra flokka sértryggðra skuldabréfa samtals að upphæð 13,9 ma.kr. frá fyrstu útgáfu bankans á slíkum bréfum í desember 2011.

Hinn 31. janúar 2013 í máli nr. 437/2013 ómerkti Hæstiréttur dóm héraðsdóms þar sem sektarúrskurði sem áfrýjunarnefnd samkeppnismála felldi gagnvart þremur olíufélögum í janúar 2005 vegna viðvarandi verðsamráðs á árunum 1993-2001 var felldur úr gildi. Sektirnar námu alls 1,5 ma.kr. þegar úrskurðirnir féllu, sem samsvaraði 2,5 ma.kr. í janúar 2013.

Febrúar 2013

Hinn 1. febrúar 2013 tilkynnti Fjármálaeftirlitið um breytingar á reglum um viðbótarliði eiginfjárgrunns, sem eftirlitið getur sett. Kveikjan að breytingunni var Evróputilskipun nr. 2009/111/EC, sem fjallar m.a. um tiltekna eiginfjárliði.

Hinn 2. febrúar 2013 gaf atvinnuvegaráðherra út einhliða makrílkvóta fyrir íslenska flotann á árinu 2013, alls 123 þús. tonn. Kvótinn var lækkaður um 15% milli ára í samræmi við samdrátt hjá öðrum veiðipjóðum sem hafa gefið út kvóta án samkomulags við Ísland.

Hinn 5. febrúar 2013 fóru fram útboð þar sem Seðlabankinn bauðst til að kaupa evrur í skiptum fyrir krónur, annars vegar til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi og hins vegar gegn greiðslu í ríkisverðbréfum. Einnig kallaði Seðlabankinn eftir tilboðum frá aðilum sem vildu selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Niðurstaða útboða um kaup á evrum var sú að tilboðum að fjárhæð 25,2 milljónir evra var tekið. Útboðsverðið var ákvarðað 230 kr. fyrir hverja evru. Niðurstaða útboðs um kaup á krónum fyrir evrur var sú að tilboðum að fjárhæð 5,7 ma.kr. var tekið. Útboðsverðið var ákvarðað 231 kr. fyrir hverja evru. Í hverju útboði var öllum samþykktum tilboðum tekið á sama verði.

Hinn 6. febrúar 2013 ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að halda vöxtum bankans óbreyttum. Daglánavextir voru 7,00%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga voru 6,00%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum 5,75% og innlánsvextir 5,00%.

Hinn 7. febrúar 2013 breytti matsfyrirtækið Moody's horfum á Baa3 lánshæfiseinkunn Ríkissjóðs Íslands úr neikvæðum í stöðugar. Lánshæfiseinkunnir Ríkissjóðs Íslands Baa3/P-3 fyrir langtíma- og skammtímaskuldbindingar voru óbreyttar. Moody's rökstuddi ákvörðun sína um að breyta horfunum í stöðugar með því að dregið hefði úr þeirri áhættu sem fylgdi úrskurði EFTA-dómstólsins í janúar og talið væri að úrskurðurinn legðist á sveif með öðrum jákvæðum þáttum í þróuninni á Íslandi síðastliðna 12 mánuði.

Hinn 7. febrúar 2013 tilkynnti Seðlabanki Íslands ákvörðun um að fjárhæðir yrðu lækkaðar í næstu gjaldeyrisútboðum. Lágmarksfjárhæð til þátttöku í útboðshluta fjárfestingarleiðarinnar var lækkuð úr 50.000 evrum í 25.000 evrur. Lágmarksfjárhæð til þátttöku í ríkisverðbréfaeiðinni var lækkuð úr 100.000 evrum í 10.000 evrur. Breytingin átti að gefa fleiri fjárfestum tækifæri til að nýta sér útboðsleiðirnar.

Hinn 11. febrúar 2013 tilkynnti Atvinnuvegaráðherra að heildarloðnukvóti á vertíðinni 2012-2013 hefði verið hækkaður í 570 þúsund tonn að ráði Hafrannsóknarstofnunar.

Hinn 14. febrúar 2013 hækkaði matsfyrirtækið Fitch Ratings lánsþæfiseinkunn Ríkissjóðs Íslands fyrir langtímaskuldbindingar í erlendum gjaldmiðlum í BBB úr BBB- og staðfesti lánsþæfismatið BBB+ fyrir langtímaskuldbindingar í innlendum gjaldmiðli. Matsfyrirtækið staðfesti lánsþæfismatið F3 fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendum gjaldmiðlum og hækkaði landsþakið (e. Country Ceiling) í BBB úr BBB-. Horfur fyrir lánsþæfismat á langtímaskuldbindingar voru metnar stöðugar.

Hinn 14. febrúar 2013 hélt Fjármálaeftirlitið blaðamannafund í tilefni þess að stofnunin hefur lokið rannsóknum á málum tengdum bankahruninu. Á fundinum var meðal annars farið yfir fjölda mála sem rannsókn var lokið á (205), hve mörg mál hefðu verið færð til embættis sérstaks saksóknara (669), hve mörgum verið vísað þangað (37) og hve mörgum verið lokið án frekari aðgerða (98).

Hinn 14. febrúar 2013 samþykkti Fjármálaeftirlitið beiðni MP banka hf. um aukið starfsleyfi til að stunda fjármögnunarleigu.

Hinn 19. febrúar 2013 gerði Seðlabanki Íslands framvirk gjaldeyrisviðskipti með það að markmiði að draga úr gjaldryrismisvægi í bankakerfinu og létta þrýstingi af krónunni á komandi mánuðum. Samningurinn fól í sér að Seðlabankinn afhenti evrur gegn krónum að jafnvirði 6 milljarða króna. Markmið samningsins var að draga úr þörf á inngripum.

Hinn 20. febrúar 2013 voru á Alþingi samþykkt lög nr. 12/2013, um breytingu á lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði, nr. 128/2011. Markmiðið með breytingunni var að innleiða efni tilskipunar 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS). Lögin fela í sér innleiðingu á efnisbreytingum tilskipunar 2009/65/EB eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2010. Lögunum er ætlað að einfalda tilkynningarferli við markaðssetningu verðbréfasjóða utan heimalands, heimila rekstrarfélögum að stjórna sjóðum með staðfestu og staðfestingu í öðru aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og veita betri rétt til handa hlutdeildarskírteinis höfum vegna samruna verðbréfasjóða. Þá innihalda lögin ákvæði um svokallaða höfuð- og fylgissjóði. Enn fremur verður verðbréfasjóðum skylt að gefa út lykilorðsýsingar í stað útdráttar úr útboðslýsingu.

Hinn 21. febrúar 2013 voru á Alþingi samþykkt lög nr. 11/2013, um breytingu á lögum um bókhald, nr. 145/1994. Breytingarnar leiðir einkum af lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur, sem tóku gildi 1. janúar 2009. Með breytingunum er ætlunin að einfalda og skýra þær kröfur sem gerðar eru til bókhalds og reikningsskila félaga.

Hinn 21. febrúar 2013 samþykkti Alþingi lög nr. 14/2013, um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006. Með setningu laganna er ætlunin að gera skýrari þær kröfur sem gerðar eru til reikningsskila fyrir félög með takmarkaða ábyrgð. Mikilvægt er að ársreikningar séu skýrir og gefi sem gleggsta mynd af stöðu viðkomandi félags.

Hinn 21. febrúar 2013 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 17/2013, um útgáfu og meðferð rafeyris. Með lögunum voru innleidd í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja og varfærnisefntilrit með þeim, er breytir tilskipunum 2005/60/EB og 2006/48/EB og nemur úr gildi eldri tilskipun um sama efni, þ.e. tilskipun 2000/46/EB, eða svokallað E-Money Directive II eða EMDII. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2010 dags. 10. nóvember 2010. Með lögunum verður til ný tegund fjármálastofnana á Íslandi, þ.e. svokölluð rafeyrisfyrirtæki, en þær stofnanir munu hafa heimild til útgáfu rafeyris og getur starfsleyfi þeirra auk þess heimilað veitingu greiðsluþjónustu í skilningi laga nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu. Með tilkomu rafeyrisfyrirtækja má gera ráð fyrir aukinni samkeppni hvað varðar útgáfu rafeyris á Íslandi, enda munu kröfur til þessara nýju stofnana vera minna íþyngjandi en til fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Hinn 21. febrúar 2013 var Sigríður Benediksdóttir framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabanka Íslands skipuð í nýstofnað kerfisáhætturáð Danmerkur. Það er Annette Vilhelmsen atvinnu- og nýsköpunarráðherra Danmerkur sem skipar kerfisáhætturáðið, en það er skipað 10 einstaklingum, þ.e. fulltrúum Seðlabanka Danmerkur,

Fjármálaeftirlits Danmerkur, ráðuneyta á sviði efnahags-, atvinnu- og fjármála og óháðum sérfræðingum. Sigríður er skipuð í ráðið sem slíkur. Seðlabankastjóri Danmerkur er formaður ráðsins. Hlutverk kerfisáhætturáðs Danmerkur er að greina og hafa eftirlit með fjárhagslegum áhættuþáttum í Danmörku, vara við hættu á því að kerfisáhætta sé að myndast, koma með tillögur til ríkisstjórnar um lagabreytingar á sviði fjármála sem geta dregið úr því að kerfisáhætta myndist og gefa skýrslu til Kerfisáhætturáðs Evrópu (ESRB).

Hinn 22. febrúar 2013 gekk Arion banki frá skuldabréfaútboði í norskum krónum með milligöngu Pareto Öhman. Alls voru seld skuldabréf um 60 fjárfestum í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Bretlandi, meginlandi Evrópu og Asíu fyrir 500 milljónir norskra króna eða um 11,2 milljarða íslenskra króna. Var að sögn umframeftirspurn eftir bréfunum. Var þetta fyrsta erlenda fjármögnun bankans og fyrsta erlenda skuldabréfaútgáfa íslensks fjármálafyrirtækis frá árinu 2007. Stefnt er að því að taka skuldabréfin til viðskipta í kauphöll Noregs. Þau bera fljótandi vexti, 5,00% ofan á NIBOR, og eru til þriggja ára, með lokagjalddaga árið 2016.

Hinn 25. febrúar 2013 komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að Arion banki uppfyllti skilyrði fyrir að standa að útgáfu sértryggðra skuldabréfa. Þó var varað við að Arion banki tæki inn í tryggingasafnið skuldabréf ef veðsetningarhlutfall er yfir 80%.

Hinn 25. febrúar 2013 endurgreiddi Íslandsbanki 20.000 skilvísium viðskiptavinum sínum 30% af þeim vöxtum sem þeir greiddu af húsnæðislánum og öllum almennum skuldabréfalánum hjá bankanum á síðasta ári. Undanskilin voru þau húsnæðislán sem verða endurreiknuð í samræmi við dóma Hæstaréttar um fullnaðarkvittanir. Heildarupphæð endurgreiðslunnar er um 2,5 ma.kr. en hámarksendurgreiðsla getur numið hálfri milljón á hvern viðskiptavin.

Mars 2013

Hinn 1. mars 2013 setti Fjármálaeftirlitið nýjar reglur um framkvæmd á hæfismati framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða annars vegar og framkvæmd hæfismats forstjóra og stjórnarmanna Íbúðalánasjóðs hins vegar.

Hinn 7. mars 2013 lauk Íslandsbanki útboði vegna stækkunar á tveimur flokkum sértryggðra skuldabréfa sem tekin voru til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland í mars 2012. Annar vegar var ISLA CBI 19-flokkurinn stækkaður um 830 m.kr. á ávöxtunarkröfunni 2,35% og hins vegar var ISLA CBI 24-flokkurinn stækkaður um 740 m.kr. á ávöxtunarkröfunni 2,72%. Heildarstærð ISLA CBI 19-útgáfunnar er nú orðin 4,3 ma.kr. og heildarstærð ISLA CBI 24-útgáfunnar orðin ISK 5,45 ma.kr. Alls hefur Íslandsbanki gefið út sértryggð skuldabréf að upphæð ISK 15,49 ma.kr. frá fyrstu útgáfu bankans á slíkum bréfum í desember 2011.

Hinn 9. mars 2013 voru samþykkt á Alþing lög nr. 16/2013, um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992. Með breytingunni voru ýmis tímabundin ákvæði um takmarkanir á gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingum milli landa gerð ótímabundin. Þá var Seðlabanka Íslands veitt heimild til að setja reglur um undanþágur frá slíkum takmörkunum þó með þeim fyrirvara að undanþágur yfir tiltekinni fjárhæð sem geta haft umtalsverð áhrif á skuldastöðu þjóðarbúsins og eignarhald viðskiptabanka skuli aðeins veittar að höfðu samráði við fjármála- og efnahagsráðherra og ráðherra sem fer með málefni fjármálamarkaðar og að undangenginni kynningu ráðherra fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. Sama gildir um undanþágur sem nema 25 ma.kr. á einu ári og varða fjármálafyrirtæki, lögaðila sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið við yfirráðum yfir með því að skipa honum skilanevnd eða bráðabirgðastjórn eða lögaðila sem héraðsdómari hefur skipað slitastjórn samkvæmt lögum nr. 161/2002. Í ákvæði til bráðabirgða var bætt inn fyrir mælum um að ráðherra efnahagsmála skuli á sex mánaða fresti birta opinberlega greinargerð um framgang áætlunar um losun takmarkana á fjármagnshreyfingum milli landa og gjaldeyrisviðskiptum þar til að slíkum takmörkunum verður endanlega aflétt.

Hinn 12. mars 2013 varaði Fjármálaeftirlitið íslenska fjárfesta við svokölluðum CFD- (Contract for Difference) afleiðusamningum. Með slíkum samningum er í raun verið að veðja á verðbreytingar undirliggjandi vara eða eigna.

Hinn 13. mars 2013 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 24/2013, um breytingu á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Voru skattfríðindi gagnavera felld á brott, en heimildir rýmkaðar til að endurgreiða erlendum fyrirtækjum virðisaukaskatt af innfluttum vörum.

Hinn 13. mars 2013 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 21/2013, um breytingu á tollalögum o.fl. Með þeim verða gjald dagar tolla og vörugjalda tveir í hverjum mánuði. Með því er helmingi gjaldskyldu á reglulegum gjalddögum frestað til næsta mánaðar. Þessi tilhögun var lögfest tímabundið í mars 2012, en hafði þá verið í gildi með einum eða öðrum hætti frá hausti 2008 til að bregðast tímabundið við greiðsluferfiðleikum fyrirtækja.

Hinn 13. mars 2013 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 22/2013, um breytingu á lögum um vörugjald og á tollalögum, sem sett voru til að lagfæra ágalla á lögum nr. 156/2012, um sama efni.

Hinn 13. mars 2013 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 25/2013, um breytingu á lögum um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, nr. 99/2010. Með breytingunum var kveðið á um afnám heimildar til að veita stofnfjárfærni, en á grundvelli laga nr. 99/2010 höfðu stjórnvöld einungis gert fjóra fjárfestingarsamninga við félög frá gildistöku laganna 3. júlí 2010. Þeir voru án stofnfjárfærni þar eð ekki var heimild á fjárlögum til að veita slíka stærki. Í staðinn var í lögnum kveðið á um auknar skattaívilnanir og undanþágur frá gjöldum sem falla til í upphafi fjárfestingarverkefnis. Lög nr. 99/2010 voru áfram tímabundin og skyldu falla niður í árslok 2013.

Hinn 14. mars 2013 í máli nr. 355/2012 staðfesti Hæstiréttur sektarúrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur og Samkeppniseftirlitsins vegna samkeppnisbrota Lyfja og Heilsu hf., sem með markaðsráðandi stöðu og undirboðum reyndi að koma í veg fyrir að nýr samkeppnisaðili haslaði sér völl í lyfsölu á Akranesi.

Hinn 15. mars 2013 samþykkti Alþingi þingsályktun nr. 20/141, um að heimila ríkisstjórninni að undirrita nýjan norrænan samning um aðgang borgara eins ríkis að almanntryggingum hinna. Samningurinn á sér langa sögu. EES-samningurinn tekur nú til ýmissa atriða sem hinn norræni samningur tryggði áður, en norræni samningurinn gengur enn lengra á ýmsum sviðum.

Hinn 15. mars 2013 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 26/2013, um breytingu á lögum um Ábyrgðarsjóð launa, nr. 88/2003. Lagabreytingunni var ætlað að koma til móts við athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA varðandi innleiðingu á 9. gr. og 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 2008/94/EB, um vernd til handa launafólki verði atvinnurekandi gjaldþrota hér á landi. Athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA lutu annars vegar að því hvernig fara skyldi með kröfur launafólks við gjaldþrot atvinnurekanda sem hefði haft viðvarandi starfsemi í fleiri en einu aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, og hins vegar að því að í lögum nr. 88/2003 væri ekki sérstaklega kveðið á um miðlun upplýsinga til lögbærra stofnana sem ábyrgðust greiðslur launakrafna launafólks við gjaldþrot atvinnurekanda í öðrum aðildarríkjum að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eins og tilskipunin gerir ráð fyrir.

Hinn 18. mars 2013 voru á Alþingi samþykkt lög nr. 33/2013, ný heildarlög um neytendalán. Með lögnum var innleidd í íslenskan rétt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/45/EB um lánasamninga fyrir neytendur. Lögin fjalla um lánsamninga sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytendur, en lánveiting telst vera í atvinnuskyni hvort sem um er að ræða aðal- eða aukastarfsemi. Með lögnum eykst upplýsingaskylda lánveitenda nokkuð, en til lengri tíma litið er mögulegt að með tilkomu aukinnar upplýsingagjafar lánveitenda og ítarlegra greiðslu- og lánshæfismati muni framtíðarlántakar greiða vexti og kostnað af lánveitingunni í meira samræmi við þá áhættu sem samfara henni er. Með setningu laganna er ætlunin að bæta réttarstöðu neytenda sem gera óhagstæða lánsamninga.

Hinn 18. mars 2013 staðfesti áfrýjunarnefnd samkeppnismála úrskurð samkeppniseftirlitsins frá 19. nóvember 2012 um að ekki væru forsendur til að samkeppnisyfirvöld mæltu fyrir um aðskilnað veiða og vinnslu, eins og Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda höfðu farið fram á. Þó var því beint til atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að dregið yrði úr þeim samkeppnisvandamálum sem lagaumhverfi sjávarútvegs á Íslandi hefur í för með sér.

Hinn 19. mars 2013 fóru fram útboð þar sem Seðlabankinn bauðst til að kaupa evrur í skiptum fyrir krónur, annars vegar til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi og hins vegar gegn greiðslu í ríkisverðbréfum. Einnig kallaði Seðlabankinn eftir tilboðum frá aðilum sem vildu selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Niðurstaða útboða um kaup Seðlabankans á evrum var sú að tilboðum að fjárhæð 37,3 milljónir evra var tekið. Útboðsverðið var ákvarðað 225 kr. fyrir hverja evru. Niðurstaða útboðs um kaup bankans á krónum fyrir evrur var sú að tilboðum að fjárhæð 8,2 ma.kr. var tekið. Útboðsverðið var ákvarðað 226 kr. fyrir hverja evru. Í hverju útboði var öllum samþykktum tilboðum tekið á sama verði.

Hinn 20. mars 2013 ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að halda vöxtum bankans óbreyttum. Daglánavextir voru áfram 7,00%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga 6,00%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum 5,75% og innlánsvextir 5,00%.

Hinn 20. mars 2013 úrskurðaði EFTA-dómstóllinn að óheimilt væri að binda rétt einstaklings til atvinnuleysisbóta við virka starfsleit í landinu þar sem hann á bótarétt. Dómurinn er talinn geta haft fordæmisgildi á Íslandi, þótt hann félli í máli Svía sem sótti um atvinnuleysisbætur til Noregs.

Hinn 21. mars 2013 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 34/2013, um breytingu á lögum um starfsmannaleigur nr. 139/2005. Með þeim var innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2008/104/EB. Meginatriði laganna eru i) að starfsmenn starfsmannaleigna skuli að lágmarki njóta sömu kjara og þeir hefðu notið í beinni þjónustu notendafyrirtækisins; ii) að starfsmenn starfsmannaleigna skuli upplýstir um störf sem losna í notendafyrirtæki og njóta sömu tækifæra til ráðningar og aðrir umsækjendur; iii) að starfsmannaleigum er gert að stuðla að starfsmenntun og þjálfun.

Hinn 21. mars 2013 staðfesti áfrýjunarnefnd samkeppnismála 45 m.kr. sekt sem Samkeppniseftirlitið lagði á Sorpu bs. í desember 2012 vegna misnotkunar fyrirtækisins á markaðsráðandi stöðu. Hafði Sorpa bs. veitt sveitarfélögum sem áttu aðild að fyrirtækinu afslætti sem stóðu ekki öðrum viðskiptavinum til boða.

Hinn 26. mars 2013 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 58/2013, um breytingu á lögum um opinber innkaup, nr. 84/2007. Með lögunum var innleidd tilskipun 2007/66/EB sem miðar að því að auka skilvirkni í meðferð kærumála vegna gerðar opinberra samninga. Auk þess eru í lögunum ákvæði til að styrkja réttarvörslu við opinber innkaup.

Hinn 26. mars 2013 voru á Alþingi samþykkt lög nr. 35/2013, um breytingu á lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992. Breytingarnar miðuðu aðallega að því að rýmka takmarkanir á einstökum tegundum fjármagnshreyfinga á grundvelli laga nr. 87/1992 og reglna Seðlabanka Íslands, sem höfðu verið hert í kjölfar áfallanna 2008. Jafnframt var kveðið svo á að framkvæmd eftirlits með gjaldeyrisviðskiptum vegna greiðslna vaxta, verðbóta, arðs og samningsbundinna afborgana yrði hert og almenn heimild Seðlabanka Íslands til upplýsingaröflunar í þágu eftirlits rýmkuð til samræmis við heimild bankans til að afla upplýsinga í þágu rannsókna, auk þess sem fjárhæðir stjórnvaldssekta voru hækkaðar.

Hinn 26. mars 2013 var greint frá því að stjórnir Sparisjóðs Svarfdæla og Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis hefðu samþykkt að sameina rekstur þessara tveggja sparisjóða og gerð hefði verið samrunaáætlun fyrir sjóðina sem áformað væri að leggja fyrir á stofnfjárhafafundi í tengslum við aðalfundi þeirra vorið 2013.

Hinn 27. mars 2013 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 49/2013, um breytingu á lögum um endurskoðendur nr. 79/2008, og lög nr. 50/2013, um breytingu á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004. Breytingarnar leiddi af EES-samningnum og lutu aðallega að aðgæsluskyldu endurskoðenda og fasteignasala í samræmi við lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Jafnframt samþykkti Alþingi lög nr. 51/2013, um breytingu á hlutafélagalögum, nr. 2/1995, þar sem lögfest var að rökstuðningur skuli fylgja ef hluthafi krefst þess að mál verði tekið fyrir á aðalfundi.

Hinn 27. mars 2013 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 39/2013, um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, þess efnis að vextir af skráðum erlendum skuldabréfum viðskiptabanka og orkufyrirtækja skuli undanþegnir tekjuskatti af vaxtatekjum eigendanna.

Hinn 27. mars 2013 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 43/2013, um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003. Með breytingunni var skuldurum með lánsveð sem tóku lán árin 2004-2008 áskildar, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sérstakar vaxtabætur.

Hinn 27. mars 2013 voru á Alþingi samþykkt lög nr. 45/2013 um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987. Breytingarnar voru gerðar í kjölfar athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA, og snúa helst að samruna fyrirtækja yfir landamæri, skattlagningu á lágskattsvæðum og skattskyldu starfsmannaleigna.

Hinn 27. mars 2013 voru á Alþingi samþykkt lög nr. 47/2013, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998. Með lögunum voru innleiddar að

fullu tilteknar tilskipanir Evrópusambandsins. Breytingarnar varða meðal annars eiginfjárkröfur vegna veltubókar og endurverðbréfunar, eftirlit með starfskjarastefnu, stóra áhættu, eigið fé, fyrirkomulag eftirlits og áhættustýringu. Þá voru gerðar efnislegar lagfæringar vegna innleiðingar á tilskipun 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga (MIFID), sem áður hafði verið innleidd. Samhliða framangreindum breytingum voru gerðar breytingar á tveimur ákvæðum laga nr. 87/1998.

Hinn 27. mars 2013 voru á Alþingi samþykkt lög nr. 48/2013, um breytingu á lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007. Með lögnum var innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/73/ESB sem breytti tilskipun 2003/71/EB um lýsingar sem birta skal við almennt útboð verðbréfa og tóku verðbréfa til víðskipta og tilskipun 2004/109/EB um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan verðbréfamarkað. Helstu breytingar sem gerðar voru í lögnum varða þröskuld á heildarfjárhæð útboða sem falla undir lýsingarákvæðin, skilgreiningu á hæfum fjárfesti, undanþágur frá gerð lýsinga, innihalds- og formkröfur fyrir samantekt sem fylgir lýsingu, innihalds- og formskilyrði fyrir grunnlýsingar og endanlega skilmála, stjórnsýsluskilyrði við útgáfu lýsinga og kröfur í tengslum við meðferð og miðlun innherjaupplýsinga. Jafnframt var gildissvið undanþágna frá útgáfu lýsinga rýmkað sem leiðir til ívilnunar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki á mælikvarða fjármálamarkaðar Evrópska efnahagssvæðisins. Gerð og útgáfa lýsingar er æði kostnaðarsöm og líklegt er að efnisbreytingar laganna muni draga úr slíkum kostnaði fyrir fyrirtæki, sem að óbreyttu nytu ekki undanþágu. Þá munu löggin auka fjárfestavernd.

Hinn 28. mars 2013 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 52/2013, um heimild til samninga um kísilver í landi Bakka í Norðurþingi. Með lögnum var ráðherra veitt heimild til að gera fjárfestingarsamning við eiganda og rekstrarfélag fyrirhugaðrar kísilmálmverksmiðju við Bakka við Húsavík. Í lögnum er gert ráð fyrir ýmsum skattalegum ívilnunum umfram það sem gert er ráð fyrir í lögum um ívilnanir vegna nýfjárfestingar, sem felast meðal annars í lægri tekju-skatti, undanþágu frá tryggingagjöldum og stimpilgjöldum, hærri afslætti vegna fasteignagjalda og að allt að 14 ára tímabili ívilnunar. Auk þess er gert ráð fyrir að ríkissjóður taki þátt í kostnaði við undirbúning á iðnaðarlóð félagsins í landi Bakka og greiði þjálfunarstyrk vegna starfsfólks. Sama dag voru samþykkt á Alþingi lög nr. 41/2013, um uppbyggingu innviða vegna atvinnustarfsemi í landi Bakka. Þar er gert ráð fyrir að Vegagerðin sjái um vegtengingar fyrir allt að 1,8 ma.kr. og Hafnarsjóður Húsavíkurhafnar fái allt að 0,8 ma.kr. vijkjandi lán til hafnarframkvæmda.

Hinn 28. mars 2013 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 42/2013, um breytingu á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987. Tilgangur breytinganna var að auka aðhald og sporna gegn svartri atvinnustarfsemi. Virðisaukaskattslögum var breytt á þann veg að aðilar eru fjarlægðir af virðisaukaskattskrá ef þeir hafa sætt áætlunum vegna virðisaukaskatts í tvö gjaldtímabil í stað tveggja ára áður. Staðgreiðslulögum var breytt á þann veg að ríkisskattstjóri getur látið stöðva atvinnurekstur launagreiðanda sem hefur ekki sinnt skyldum sínum um staðgreiðslu á launum eða tilkynnt um upphaf starfsemi. Þessu úrræði skal þó einungis beitt eftir ítrekuð tilmæli um úrbætur.

Apríl 2013

Hinn 11. apríl 2013 varð breyting á eignarhaldi Landsbankans. Íslenska ríkið tók þá við 18,67% hlut sem var í eigu Landskila hf. fyrir hönd slitastjórnar LBI hf. Viðskiptin voru í samræmi við samkomulag aðila frá desember 2009. Með þeim verður hlutur íslenska ríkisins í Landsbankanum 98%, en bankinn fer sjálfur með 2% hlut.

Hinn 12. apríl 2013 sendi Fjármálaeftirlitið í annað sinn tilmæli til lánastofnana, slitastjórna fjármála fyrirtækja og dótturfélaga þeirra varðandi endurreikning á lánnum tengdum gengi erlendra gjaldmiðla. Þar var því beint til lánastofnana að þær sendu lántakendum sem þær teldu vera með lögleg erlend lán rökstuðning um á hvaða forsendum niðurstaðan um að lán þeirra séu lögleg væri byggð. Vísað skyldi til dómafordæma og með hvaða hætti hlutaðeigandi lán heyrðu undir hlutaðeigandi fordæmi. Einnig var mælt til þess að í bréfinu væru upplýsingar um þau úrræði sem viðskiptavinir gætu gripið til ef þeir sættu sig ekki við niðurstöðu lánastofnunarinnar.

Hinn 12. apríl 2013 tilkynnti Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) þá niðurstöðu sína að ráðstöfun Landsbankans að endurgreiða skilvísium viðskiptavinum sínum vexti sumarið 2011 hafi ekki falið í sér ríkisaðstoð. ESA kemst að þeirri niðurstöðu að viðskiptalegar forsendur hafi legið til grundvallar ákvörðun Landsbankans og ekki hafi verið um afskipti eða fyrirsmæli af hálfu ríkisins að ræða.

Hinn 12. apríl 2013 skipaði fjármála- og efnahagsráðherra Arnór Sighvatsson á ný í starf aðstoðarseðlabankastjóra. Skipunin gildir til fimm ára frá og með 1. júlí 2013.

Hinn 16. apríl 2013 lauk almennu útboði á hlutabréfum í Vátryggingafélagi Íslands hf. (VÍS). Óskuðu tæplega 5.000 fjárfestar eftir að kaupa hlutabréf fyrir samtals 150 ma.kr. og ákvað eignarhaldsfélagið Klakki ehf. (áður Exista hf.) í ljósi eftirspurnar að nýta heimild sína til stækkunar útboðsins og nam því endanleg stærð þess 70% af útgefnum hlutum í VÍS. Söluandvirði útboðsins var 14,3 ma.kr.

Hinn 22. apríl 2013 féll dómur Hæstaréttar í máli nr. 206/2013. Kærður var úrskurður héraðsdóms þar sem vísað var frá dómi kröfu tveggja aðila um að úrskurðað yrði að tiltekin rannsóknaraðgerð gjaldeyriseftirlits Seðlabankans væri ólögumæt og að lokað yrði fyrir aðgang að gögnum á haldlagðri tölvu og öllum afritum eytt. Þar sem Hæstiréttur hafði þegar komist að þeirri niðurstöðu að gjaldeyriseftirliti Seðlabankans hefði verið heimilt að grípa til aðgerða til að öðlast aðgang að upplýsingum á haldlagðri fartölvu og að lögumæti afritunar þeirra yrði ekki borið undir dóm var þeim kröfandi vísað frá héraðsdómi sem og síðari kröfandi þar sem Seðlabankinn hafði ekki lengur í vörslu sinni tölvu þá né gögn sem krafan laut að.

Hinn 23. apríl 2013 var gefin út sameiginleg viljayfirlýsing ríkisstjórnarinnar og Landssamtaka lífeyrissjóða um að stefnt yrði að hliðstæðri lausn fyrir þá sem fengu lífeyrissjóðslán með lánsveði til íbúðarkaupa og öðrum lánveitendum stóð til boða samkvæmt hinni svokölluðu 110% leið, sem bankar, sparisjóðir og Íbúðalánasjóður höfðu áður gengist undir. Þannig yrðu eftirstöðvar húsnæðislána með lánsveð, sem tekin voru fyrir 1. janúar 2009, færðar niður að 110% af verðmæti fasteignar lántaka að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Hinn 24. apríl 2013 lauk hlutafjárútboði í Tryggingamiðstöðinni hf. (TM). Í útboðinu buðu Stoðir (áður FL Group) 28,7% hlut í TM til sölu. Söluandvirðið nam 4,4 milljörðum króna á útboðsgengi. Enginn hluthafa TM mun eiga yfir 10% eignarhlut.

Hinn 24. apríl 2013 féll dómur í Hæstarétti í máli nr. 695/2012. Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms um sýknu Seðlabanka Íslands af kröfum seðlabankastjóra, er lutu að því að ákvörðun Kjararáðs um lækkun launa seðlabankastjóra frá því sem bankaráð hafði áður ákveðið, yrði felld úr gildi. Hafði Kjararáð tekið ákvörðun sína á grundvelli laga er sett höfðu verið eftir að bankaráð tók sína ákvörðun.

Hinn 30. apríl 2013 fóru fram útboð þar sem Seðlabankinn bauðst til að kaupa evrur í skiptum fyrir krónur, annars vegar til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi og hins vegar gegn greiðslu í ríkisverðbréfum. Einnig kallaði Seðlabankinn eftir tilboðum frá aðilum sem vildu selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Niðurstaða útboða um kaup á evrum var sú að tilboðum að fjárhæð 28,9 milljónir evra var tekið. Útboðsverðið var ákvarðað 210 kr. fyrir hverja evru. Niðurstaða útboðs um kaup á krónum fyrir evrur var sú að tilboðum að fjárhæð 6,0 ma.kr. var tekið. Útboðsverðið var ákvarðað 210 kr. fyrir hverja evru. Í hverju útboði var öllum samþykktum tilboðum tekið á sama verði.

Maí 2013

Hinn 15. maí 2013 ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að halda vöxtum óbreyttum. Daglánavextir voru 7,00%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga voru 6,00%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum 5,75% og innlánsvextir 5,00%.

Hinn 15. maí 2013 tilkynnti peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að hún hefði á aukafundi sínum hinn 16. apríl ákveðið að auka virkni Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði með það að markmiði að draga úr gengissveiflum, en samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands skal nefndin taka ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans. Viðskipti á gjaldeyrismarkaði sem hafa það að markmiði að hafa áhrif á gengi krónunnar eru eitt þessara stjórnþækja. Aukin notkun gjaldeyrisingripa er einnig í samræmi við tillögur Seðlabankans um endurbætur rammans um verðbólguþæki.

Hinn 16. maí 2013 féll dómur í Hæstarétti í máli 596/2012. Þýski bankinn Deka Bank Deutsche Girozentrale, sem hafði lánað Glitni banka umtalsverðar fjárhæðir á fyrri hluta árs 2008, höfðu aði skaðabótamál á hendur íslenska ríkinu. Taldi bankinn að íslenska ríkið bæri skaðabótaábyrgð á því fjártjóni sem hann myndi fyrir sjáanlega verða fyrir

vegna greiðslubrots Glitnis, en þýski bankinn hafði lýst kröfu í bú Glitnis. Reisti bankinn kröfu sína einkum á því, að fjártjón hans væri að rekja til saknæmrar og ólögðmætrar háttsemi af hálfu stjórnvalda og löggjafans sem íslenska ríkið bæri ábyrgð á og ýmist fælust í beinum athöfnum eða aðgerðarleysi ríkisins fyrir, við og eftir fall bankanna haustið 2008. Hæstiréttur hafnaði því að viðbrögð ríkisstjórnarinnar og Seðlabanka Íslands við tilmælum Glitnis í lok september 2008, um að veita bankanum lán til þrautavara þegar hann stóð frammi fyrir því að erfitt yrði að standa í skilum með lán á gjalddaga um miðjan október sama ár, hefðu falið í sér saknæma og ólögðmætra háttsemi sem íslenska ríkið bæri ábyrgð á. Að mati dómsins benti flest til þess að á fyrrgreindu tímamarki hefði svo verið komið fyrir Glitni að önnur viðbrögð við erindi hans hefðu ekki skipt sköpum fyrir líkur hans til að standa af sér erfiðleikana. Var íslenska ríkið því sýknað af skaðabótakröfu bankans.

Hinn 24. maí 2013 tilkynnti Arion banki að bankinn byði nú viðskiptavinum tvær nýjar tegundir óverðtryggðra íbúðalána til fasteignakaupa eða endurfjármögnunar. Annars vegar óverðtryggð íbúðalán byggð á stýrivöxtum Seðlabanka Íslands að viðbættu 0,95% álagi. Kjör íbúðalána hafa ekki áður verið tengd vöxtum Seðlabankans með svo beinum hætti. Hins vegar óverðtryggð íbúðalán með föstum vöxtum til þriggja ára.

Hinn 24. maí 2013 tók ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks við stjórnartaumum að afloknum kosningum. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, tók við embætti forsætisráðherra og Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, við embætti fjármála- og efnahagsráðherra.

Júní 2013

Hinn 10. júní 2013 samþykkti stjórn Fjármálaeftirlitsins nýjar reglur um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálaframtækjum, nr. 625/2013.

Hinn 11. júní 2013 voru opnuð tilboð í gjaldeyrisútboði sem Seðlabankinn hafði auglýst 7. maí. Tilboðum var tekið í 44,1 millj. evra af 47,1 sem buðust og var verðið 210 krónur á evru. Einnig bauðst Seðlabankinn til að kaupa krónur fyrir evrur. Voru 22 ma.kr. boðnir og tilboðum tekið í 9,9 ma.kr. á verðinu 221 kr. á evru. Í hverju útboði fyrir sig var öllum tilboðum tekið á sama verði.

Hinn 12. júní 2013 ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að halda vöxtum óbreyttum. Daglánavextir voru 7,00%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga voru 6,00%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum 5,75% og innlánsvextir 5,00%.

Hinn 12. júní 2013 ákvað stjórn Fjármálaeftirlitsins að sekta Icelandair Group hf. vegna brota gegn 126. og 127. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, með því að tilkynna ekki innan tilskilinna tímamarka um viðskipti fruminnherja með hlutabréf félagsins og birta ekki upplýsingar um viðskipti stjórnenda.

Hinn 25. júní 2013 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 79/2013, um breytingu á lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum, nr. 164/2012. Með lögnum var horfið frá því sem áður hafði verið ákveðið um að annars vegar hækka virðisaukaskatt á gistingu, og hins vegar að breyta virðisaukaskattskyldu vegna útleigu hótél- og gistihæbergja og annarrar gistingu.

Hinn 25. júní 2013 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 80/2013, um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Með breytingunni var lögfest að mál sem lutu að lögmati þess að binda fjárskuldbindingu við gengi erlendra gjaldmiðla eða vísitölu eða að uppgjöri slíkra skuldbindinga skyldu hljóta flýtimeðferð.

Hinn 25. júní 2013 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 81/2013, um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Með breytingunni voru tilgreind ákvæði til bráðabirgða framlengd um eitt ár. Umrædd bráðabirgðaákvæði lutu m.a. að fresti eigenda fiskiskipa til að ráðstafa krókaafhlutdeild þannig að hún rúmaðist innan settra marka varðandi eignarhald, heimild ráðherra til að binda meðferð aflaheimilda ákveðnum skilyrðum eða ákveða að óheimilt sé að framselja eða ráðstafa með öðrum hætti aflaheimildum úr einstökum sveitarfélögum eða byggðarlögum og úthlutun ráðherra til sérstakrar ráðstöfunar á sumargotssíld og strandveiðiheimildum.

Hinn 28. júní 2013 var síðustu seðlageymslu Seðlabanka Íslands utan Reykjavíkur lokað.

Hinn 28. júní 2013 var samþykkt á Alþingi þingsályktun nr. 1/142, um að fela ríkisstjórninni að fylgja eftir aðgerðaráætlun í 10 liðum vegna skuldavanda íslenskra heimila. Þar á meðal var mælt fyrir um skipun sérfræðingahóps til að ná fram lækkun á höfuðstól verðtryggðra lána, skipun verkefnastjórnar til að móta framtíðarskipan húsnæðismála, skipun hóps til að undirbúa afnám verðtryggingar af neytendalánum og framlagningu frumvarps um afnám stimpilgjalda af húsnæðis kaupum einstaklinga.

Júlí 2013

Hinn 2. júlí 2013 voru skuldabréf Arion banka hf. í norskum krónum tekin til viðskipta í Kauphöllinni í Osló. Heildarútgáfa skuldabréfaflokksins var 500 milljónir norskra króna að nafnvirði, bréfin bera breytilega vexti 5,00% ofan á NIBOR og eru til þriggja ára með lokagjalddaga árið 2016.

Hinn 4. júlí 2013 samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna Sparisjóðs Svarfdæla við Sparisjóð Norðurlands ses. (áður Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis) á grundvelli 1. mgr. 106. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálfyrirtæki. Sparisjóður Norðurlands tekur við öllum réttindum og skyldum Sparisjóðs Svarfdæla og verða sjóðirnir sameinaðir undir nafni Sparisjóðs Norðurlands.

Hinn 4. júlí 2013 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 86/2013, sem drógu úr skerðingu frítekjumarka ellilífeyrisþega sem lögbundin var vegna efnahagsáfallanna 2008. Með nýju lögum urðu þær breytingar meðal annars að skerðing ellilífeyris vegna atvinnutekna hefist við tæplega 110 þ. kr. á ári í stað 40 þ. kr. áður og hætt er að reikna tekjur úr lífeyrissjóði til frádráttar vegna ellilífeyris og tekjutryggingar.

Hinn 5. júlí 2013 voru samþykkt á Alþingi stjórnskipunarlög nr. 91/2013, um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Með breytingunni voru staðfest lög fyrra þings um að fram til 30. apríl 2017 mætti breyta stjórnarskránni þannig að ef Alþingi samþykkir frumvarp til laga um breytingu á stjórnarskrá með minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða skuli breytingin borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar.

Hinn 5. júlí 2013 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 84/2013, um breytingu á lögum um veiðigjöld, nr. 74/2012. Með lögum var horfið frá því að áður sett efnisákvæði laga um veiðigjöld, varðandi ákvörðun reiknaðrar rentu á þorski-gildiskíló eftir veiðiflokkum og álagningu sérstaks veiðigjalds kæmu til framkvæmda.

Hinn 5. júlí 2013 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 92/2013, um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 38/2001. Ákvæði laganna um að bankinn skuli stuðla að fjármálastöðugleika voru styrkt, auk þess sem skerpt var á heimildum bankans til að setja lánastofnunum reglur um laust fé og lágmark stöðugar fjármögnunar. Skilgreint var skýrar en áður, hvaða eignir og skuldir falli undir gjaldeyrisjöfnuð, og skerpt var á heimildum Seðlabankans til þess að afla upplýsinga og beita dagsektum.

Hinn 5. júlí 2013 var kynnt ákvörðun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um heildarafla tiltekinna fisktegunda á fiskveiðiarinu 2013/2014. Náði ákvörðunin til flestra tegunda nema loðnu og makríls. Aflamark í þorski hækkaði um 9,7% frá fyrra ári, um 5,6% í ysu, 14% í ufsa og 36% í síld, en lækkaði í grálúðu, langlúru, steinbít og skötusel. Heildartonnafjöldi óx um 12%.

Hinn 9. júlí 2013 birti íslenska matsfyrirtækið Reitun uppfært lánshæfismat á Arion banka og sértryggðum skuldabréfum bankans. Lánshæfismat Reitunar á Arion banka er B+ með jákvæðum horfum. Horfur hafa breyst úr stöðugum í jákvæðar. Lánshæfismat Reitunar á sértryggðum skuldabréfum Arion banka er A með stöðugum horfum. Að mati Reitunar hefur Arion banki sterka lausafjár- og eiginfjárstöðu og því góðan viðnámsprótt gagnvart áföllum. Auk þess eru tryggingar sértryggðu bréfanna góðar og væntar endurheimtur því miklar.

Hinn 15. júlí 2013 birtust í B-deild Stjórnartíðinda reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 670/2013, um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Í reglunum, sem taka bæði til innri og ytri starfsemi fjármálfyrirtækja, er kveðið á um meginreglur, sem almennt teljast til eðlilegra og heilbrigðra viðskiptahátta í starfsemi fjármálfyrirtækja. Reglunum til fyllingar mun Fjármálaeftirlitið gefa út leiðbeinandi tilmæli með stoð í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Reglurnar kveða m.a. á um öflugt innra eftirlit og út á við er lögð áhersla á skýra og tilhlýðilega veitingu réttra upplýsinga til viðskiptamanna.

Hinn 17. júlí 2013 voru á hluthafafundi í Landsbankanum hf. staðfestar úthlutunarreglur um afhendingu hlutabréfa til starfsmanna. Til úthlutunar koma hlutabréf, sem áður voru í eigu LBI hf., og er afhendingin í samræmi við samning Landsbankans, LBI hf. og íslenska ríkisins frá 15. desember 2009. Eignarhlutur rúmlega 1.400 núverandi og fyrrverandi starfsmanna í Landsbankanum hf. verður innan við 1%. Starfsmenn undirgangast ströng skilyrði um sölu hlutabréfanna og er óheimilt að selja þau fyrr en eftir þrjú ár frá afhendingu. Hluta má þó selja fyrr, verði bréf bankans skráð á markað.

Hinn 17. júlí 2013 var birtur ríkisreikningur fyrir árið 2012. Reikningurinn sýndi 526 ma.kr. tekjur, 565 ma.kr. gjöld og 36 ma.kr. halla. Án vaxta var 18 ma.kr. afgangur. Tekjur hækkuðu um 12,5% milli ára en gjöld um 5,4%.

Hinn 22. júlí 2013 kvað EFTA-dómstóllinn upp dóm í máli E- 9/12 sem íslenska ríkið höfðaði 2012 til að hnekkja úrskurði Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) þess efnis að skattahagræði af hendi sveitarfélags og sala íslenska ríkisins á fasteignum á fyrrum varnarsvæðinu á Keflavíkurlflugvelli til fyrirtækisins Verne ehf. árið 2008 hefðu falið í sér opinberan styrk í bága við ákvæði EES-samningsins. Dómstóllinn tók undir það álit ESA að söluferli Þróunarfélags Keflavíkurlflugvallar ehf. hefði ekki verið nægilega opið og gagnsætt til þess að fullyrða mætti að aðilar á markaði hefðu á fullnægjandi hátt getað kynnt sér umræddar fasteignir og boðið í þær og að eðlilegt hefði verið hjá ESA að miða við fasteignamat í ákvörðun sinni um hvort í sölunni fælist ríkisaðstoð við kaupandann. Kaupandinn skyldi því endurgreiða mismun kaupverðsins og verðsins sem ESA taldi eðlilegt.

Hinn 24. júlí 2013 lauk ríkisskattstjóri álagningu opinberra gjalda á einstaklinga. Tekjuskatts- og útsvarsstofn vegna tekna árið 2012 nam 932 ma.kr. og hækkaði um 6,4% frá fyrra ári. Álagður almennur tekjuskattur einstaklinga nam 104,3 ma.kr. og hækkaði um 7,0%, álagt útsvar nam 139,2 ma.kr. og hækkaði um 6,7% og álagður fjármagnstekjuskattur nam 11,7 ma.kr. og hækkaði um 13,9% milli ára.

Hinn 26. júlí breytti matsfyrirtækið Standard & Poor's horfum fyrir lánshæfi Ríkissjóðs Íslands úr stöðugum í neikvæðar vegna þeirrar áhættu sem fylgir áformum stjórnvalda um niðurfellingu skulda heimilanna. Jafnframt staðfesti matsfyrirtækið óbreyttar lánshæfiseinkunnir fyrir skuldbindingar Ríkissjóðs Íslands, þ.e. BBB- fyrir erlendar skuldbindingar og A-3 fyrir innlendar skuldbindingar.

Ágúst 2013

Hinn 1. ágúst 2013 fór fram reglubundin umræða um stöðu og horfur í íslensku efnahagslífi (e. 2013 Article IV Consultation) í framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Jafnframt fór fram umræða um þriðju eftirfylgniskýrslu sjóðsins vegna efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem lauk í ágúst 2011. Sendinefnd á vegum sjóðsins hafði heimsótt Ísland frá 4. júní til 14. júní í tengslum við undirbúning á úttektinni. Niðurstöður voru birtar hinn 7. ágúst.

Hinn 16. ágúst 2013 birti ríkisstjórn Íslands yfirlýsingu vegna hótana ESB í garð Íslendinga og Færeyinga vegna veiða við Ísland. Bent var á mikla hagsmuni Íslendinga af slíkum veiðum, sjálfbæra fiskveiðistjórn Íslendinga og skuldbindingar ESB samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og EES-samningnum. Hótanir ESB samræmdust ekki þeim skyldum.

Hinn 21. ágúst 2013 ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að halda vöxtum bankans óbreyttum. Daglánavextir voru 7,00%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga voru 6,00%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum 5,75% og innlánsvextir 5,00%.

Hinn 23. ágúst 2013 tilkynnti fjármála- og efnahagsráðherra að skipað hefði verið sérstakt ráðgjafaráð um efnahagsmál og opinber fjármál. Hlutverk ráðsins er að veita ráðherra ráðgjöf og aðstoð við verkefni á sviði efnahagsmála og fjármála hins opinbera og liðsinna ráðherra og ráðuneyti hans við stefnumörkun á þeim sviðum.

September 2013

Hinn 2. september 2013 eignaðist Landsbankinn 99,9% hlutfjár í verktakafyrirtækinu Ístaki. Ístak var áður dótturfélag danska verktakafyrirtækisins E. Phil & Søn A/S, sem var lýst gjaldþrota 26. ágúst 2013.

Hinn 3. september 2013 fóru fram útböð þar sem Seðlabankinn bauðst til að kaupa evrur í skiptum fyrir krónur, annars vegar til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi og hins vegar gegn greiðslu í ríkisverðbréfum. Einnig kallaði Seðlabankinn eftir tilboðum frá aðilum sem vildu selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Niðurstaða útboða um kaup á evrum var sú að tilboðum að fjárhæð 19,4 milljónir evra var tekið. Útböðsverðið var ákvarðað 210 kr. fyrir hverja evru. Niðurstaða útboðs um kaup á krónum fyrir evrur var sú að tilboðum að fjárhæð 4,4 ma.kr. var tekið. Útböðsverðið var ákvarðað 224 kr. fyrir hverja evru. Í hverju útböði var öllum samþykktum tilboðum tekið á sama verði.

Hinn 13. september 2013 sendi Seðlabankinn greinargerð til ríkisstjórnarinnar í samræmi við sameiginlega yfirlýsingu ríkisstjórnar og Seðlabanka Íslands frá 27. mars 2001, vegna þess að 12 mánaða verðbólga fór 0,3 prósentur yfir efri frávíksmörk verðbólgu markmiðs í ágúst 2013. Hækkunina í ágúst 2013 mátti að hluta rekja til lækkunar í ágúst 2012 vegna styrkingar krónunnar, að hluta til hækkunar innlendrar þjónustu og að hluta til húsnæðisliðar vísitölunnar. Bankinn taldi ekki ástæðu til að gera umtalsverðar breytingar á peningastefnunni, enda hefði frávikið verið fyrir séð við síðustu vaxtaákvörðun.

Hinn 17. september 2013 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 104/2013, um breytingu á lögum um Hagstofu Íslands o.fl., nr. 163/2007. Með lögunum voru tekin af öll tvímæli um að Hagstofunni sé heimilt í þágu hagskýrslugerðar að óska eftir upplýsingum af fjárhagslegum toga frá fyrirtækjum og einstaklingum í atvinnurekstri um viðskipti þeirra við þriðja aðila. Var lagasmíðin liður í aðgerðum nýrrar ríkisstjórnar til að greiða fyrir úrlausn í skuldamálum heimilanna.

Hinn 18. september 2013 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 106/2013, um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda o.fl., nr. 129/1997. Meðal annars var ákvæðum um innri endurskoðun breytt, lífeyrissjóðum heimilað að skilyrða greiðslu örorkulífeyris auk þess sem ýmsar fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða voru rýmkaðar og/eða fram- lengdar.

Hinn 19. september 2013 tilkynnti Fjármálaeftirlitið að samþykkt hefði verið afsal starfsleyfa Arion banka hf., Íslandsbanka hf., og Landsbankans hf. til rekstrar markaðstorgs fjármálagerna. Með samþykkinu féll niður heimild bankanna til að stunda umrædda starfsemi á grundvelli g-liðar 6. tl. 1. mgr. 3. gr. og h-liðar 1. tl. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Hinn 24. september 2013 kvað Hæstiréttur upp dóm í máli nr. 553/2013. Í málinu var deilt um þá ákvörðun slitastjórnar Landsbanka Íslands hf. að reikna virði tveggja greiðslna, sem inntar voru af hendi í erlendum gjaldmiðlum, upp í forgangskröfur til íslenskra króna eftir skráðu sölugengi viðkomandi gjaldmiðils hjá Seðlabanka Íslands þann dag sem Landsbankinn var tekinn til slita í stað greiðsludags, 22. apríl 2009, en þann dag var Landsbankinn tekinn til slita. Komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu, að rétt hefði verið að úthluta greiðslunum í íslenskum krónum og að við þann umreikning hefði átt að miða við skráð sölugengi Seðlabanka Íslands á íslenski krónu gagnvart hlutaðeigandi erlendum gjaldmiðlum á þeim degi þegar greiðslurnar voru inntar af hendi.

Hinn 27. september 2013 birti Seðlabanki Íslands gengisskráningu íslensku krónunnar á árunum 1961 til og með árinu 1980 á heimasíðu bankans.

Hinn 30. september 2013 birti Seðlabankinn svar sem hann sendi slitastjórn Glitnis hf. vegna tillagna Glitnis þann 27. ágúst 2013 varðandi ferli til að ljúka slitameðferð búsins og beiðni frá 28. nóvember 2012 um undanþágu frá lögum um gjaldeyrismál til að ljúka slitameðferð. Í svari sínu benti Seðlabankinn á að það væri skilyrði fyrir undanþágum að þær raski ekki að mati bankans stöðugleika í gengis- og peningamálum. Til að leggja mat á þetta skilyrði þurfi að liggja fyrir mat á áhrifum undanþágunnar. Vinnu við matið hefði miðað vel áfram í samstarfi við Glitni, en því væri ekki lokið. Yfirgnæfandi erlent eignarhald og krónueignir Glitnis yllu vandamálum við að útfæra slitaferlið og lausn þeirra væri skilyrði fyrir undanþágum.

Hinn 30. september 2013 var tilkynnt að Seðlabanki Íslands og Seðlabanki Kína hefðu endurnýjað gjaldmiðlaskipta- samning sín á milli. Upphaflegi skiptasamningurinn var undirritaður 9. júní 2010 og var tilgangur hans að efla tví- hliða viðskipti landanna og styðja við beina fjárfestingu, ásamt því að efla fjármála- tengsl. Fjárhæð samningsins

var 66 ma.kr. króna eða 3,5 milljarðar kínverskra júana. Samningurinn er til þriggja ára en mögulegt verður að endurnýja hann að þeim tíma liðnum.

Október 2013

Hinn 2. október 2013 ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að halda vöxtum bankans óbreyttum. Daglánavextir voru 7,00%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga voru 6,00%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum 5,75% og innlánsvextir 5,00%.

Hinn 10. október 2013 voru sértryggð skuldabréf Landsbankans hf. tekin til viðskipta í Nasdaq OMX Iceland. Þetta er fyrsta skráning á verðbréfum sem útgefin eru af Landsbankanum.

Hinn 11. október 2013 staðfesti matsfyrirtækið Fitch Ratings óbreytt láns hæfi fyrir Ríkissjóð Íslands. Láns hæfiseinkunn fyrir erlendar langtímaskuldbindingar var áfram BBB og BBB+ fyrir innlendar skuldbindingar. Einnig voru staðfestar láns hæfiseinkunnin F3 fyrir erlendar skammtímaskuldbindingar og landseinkunnin (e. Country ceiling rating) BBB. Horfur voru taldar stöðugar.

Hinn 15. október 2013 fóru fram útboð þar sem Seðlabankinn bauðst til að kaupa evrur í skiptum fyrir krónur, annars vegar til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi og hins vegar gegn greiðslu í ríkisverðbréfum. Einnig kallaði Seðlabankinn eftir tilboðum frá aðilum sem vildu selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Niðurstaða útboða um kaup á evrum var sú að tilboðum að fjárhæð 21,4 milljónir evra var tekið. Útboðsverðið var ákvarðað 210 kr. fyrir hverja evru. Niðurstaða útboðs um kaup á krónum fyrir evrur var sú að tilboðum að fjárhæð 4,9 ma.kr. var tekið. Útboðsverðið var ákvarðað 227 kr. fyrir hverja evru. Í hverju útboði var öllum samþykktum tilboðum tekið á sama verði.

Hinn 23. október 2013 komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að Sænes ehf. væri hæft til að fara með virkan eignarhlut sem nemur 20% í Sparisjóði Höfðhverfinga.

Hinn 24. október 2013 setti Seðlabankinn í umferð tíu þúsund króna seðil, tileinkaðan Jónasi Hallgrímssyni og ljóðum hans. Meginlitur seðilsins er blár og aðalhönnuður er Kristín Þorkelsdóttir.

Hinn 24. október 2013 lauk Arion banki við útboð á sértryggðum skuldabréfum í flokknum Arion CBI 19. Í heild bærust tilboð upp á 1.940 m.kr. og tekið var tilboðum fyrir 1.500 m.kr. á ávöxtunarkröfunni 2,50%.

Hinn 30. október 2013 var starfsleyfi Landsvaka ehf. sem rekstrarfélags verðbréfasjóða afturkallað á grundvelli afsals stjórnar félagsins á starfsleyfinu 30. maí sl. og þess að félagið hafði hætt starfsemi í meira en sex mánuði samfelld.

Nóvember 2013

Hinn 6. nóvember 2013 tilkynnti Seðlabanki Íslands að hluti af þeim framvirku viðskiptum sem bankinn átti við fjármálastofnanir í lok árs 2010 hefði verið gerður upp. Framvirku viðskiptin námu alls 47,9 ma.kr. en uppgjör dagsins nam jafnvirði 20,2 ma.kr..

Hinn 6. nóvember 2013 ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að halda vöxtum bankans óbreyttum. Daglánavextir voru áfram 7,00%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga voru 6,00%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum 5,75% og innlánsvextir 5,00%.

Hinn 8. nóvember 2013 ákvað Fjármálaeftirlitið að stöðva tímabundið viðskipti með skuldabréfaflokk FAST-1 fasteignafélags með auðkenni FST-1 12 1 sem tekinn hafði verið til viðskipta á Nasdaq OMX Iceland hf. Var það mat Fjármálaeftirlitsins að skuldabréfaflokkurinn uppfyllti ekki þær kröfur sem gerðar eru til töku til viðskipta. Viðskipti með skuldabréfaflokkinn voru aftur heimiluð 14. nóvember.

Hinn 22. nóvember 2013 tilkynnti landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið að ákveðið hefði verið að heimila síldveiðar innan brúar í Kolgrafafirði á Snæfellsnesi án fyrirfram fenginna leyfa. Mikill síldardauði hafði þá orðið innan við brúna, líkt og árið áður.

Desember 2013

Hinn 1. desember 2013 tóku gildi nýjar og styrktar lausafjárreglur Seðlabankans fyrir fjármálastofnanir, settar í ljósi reynslunnar af hrúni viðskiptabankanna. Meðal breytinga má nefna að kröfur um laust fé ná til samstæðu, skorður eru settar við því að fullnægja lausafjárkvöðum með lánalínum, sem reyndust óáreiðanlegar í hrúninu, og reglur eru settar um laust fé í erlendum gjaldmiðlum. Reglurnar eru byggðar á staðli Basel-nefndarinnar um bankaeftirlit, en eru þó lagaðar að íslenskum aðstæðum, m.a. vegna öryggisþarfa sem tengjast slitum á búum gömlu bankanna.

Hinn 2. desember 2013 veitti Fjármálaeftirlitið Inkasso ehf. innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulögum, nr. 95/2008.

Hinn 3. desember 2013 fóru fram útboð þar sem Seðlabankinn bauðst til að kaupa evrur í skiptum fyrir krónur, annars vegar til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi og hins vegar gegn greiðslu í ríkisverðbréfum. Einnig kallaði Seðlabankinn eftir tilboðum frá aðilum sem vildu selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Niðurstaða útboða um kaup á evrum var sú að tilboðum að fjárhæð 39,8 milljónir evra var tekið. Útboðsverðið var ákvarðað 210 kr. fyrir hverja evru. Niðurstaða útboðs um kaup á krónum fyrir evrur var sú að tilboðum að fjárhæð 8,7 ma.kr. var tekið. Útboðsverðið var ákvarðað 216 kr. fyrir hverja evru. Í hverju útboði var öllum samþykktum tilboðum tekið á sama verði.

Hinn 3. desember 2013 samþykkti Alþingi lög nr. 125/2013, um breytingu á lögum um neytendastofu og talsmann neytenda nr. 63/2005. Með lögnum var embætti talsmanns neytenda lagt niður og verkefni þess falin neytendastofu.

Hinn 3. desember 2013 greindi utanríkisráðuneytið frá því að skrifstofa stækkunarmála framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB) hefði ákveðið að hætta með tveggja mánaða fyrirvara öllum IPA-verkefnum (aðstoðarverkefnum í aðdraganda aðildar) sem hafin voru á Íslandi meðan virkar aðildarviðræður stóðu yfir.

Hinn 4. desember 2013 samþykkti Alþingi þingsályktanir nr. 1, 2, 3 og 4/143, um innleiðingu á nokkrum tilskipunum ESB sem EES-nefndin hefur fellt undir EES-samninginn: Um aukinn rétt neytenda vegna hússölu og fjarsölu (tilsk. 2011/83/ESB), um skyldu til að setja upp bensínufugleypa á nýjar bensíndælur (tilskipun 2009/126/EB), um styrkingu hugverkaréttinda (tilskipun 2011/77/ESB) og um samræmingu reglna um opinber innkaup (tilskipun 2009/81/EB).

Hinn 6. desember 2013 lauk Íslandsbanki sínu fyrsta erlenda skuldabréfaútboði að upphæð 500 m. sænskra króna eða sem nemur 9,1 ma.kr. Vextir skuldabréfanna eru 400 punktum fyrir ofan sænska millibankavexti (STIBOR). Bréfin eru til 4 ára. Umsjónaraðili útboðsins var Pareto Securities AB í Stokkhólmi.

Hinn 6. desember 2013 birti matsfyrirtækið Fitch Ratings tilkynningu um að tillögur ríkisstjórnarinnar um að minnka skuldir heimilanna með lækkun húsnæðislána og skattaívilnun vegna séreignalífeyrissparnaðar virtust vera í samræmi við yfirlýsingar stjórnvalda um aðhaldssemi í ríkisfjármálum. Hins vegar nefndi Fitch að önnur umferð skuldaafskrifta gæti skaðað viðhorf fjárfesta gagnvart íslensku viðskiptaumhverfi og að afnám fjármagnshafta gæti orðið torveldara ef líkur væru á að erlendir kröfuhafar bæru mestan kostnað af slíkum aðgerðum.

Hinn 9. desember 2013 lauk almennu hlutabréfaútboði N1 hf. og var mikil umframeftirspurn. Framtakssjóður Íslands og Íslandsbanki seldu samanlagt 28% í félaginu, 280 milljónir hluta og var heildarsöluandvirði þeirra 4.770 m.kr.

Hinn 11. desember 2013 ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að halda vöxtum bankans óbreyttum. Daglánavextir voru 7,00%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga voru 6,00%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum 5,75% og innlánsvextir 5,00%. Dráttarvextir voru sömuleiðis óbreyttir.

Hinn 11. desember 2013 lauk Landsbankinn sölu á óverðtryggðum flokki sértryggðra skuldabréfa, LBANK CB 16, sem skráður er á Nasdaq OMX Iceland. Útgáfan var stækkuð um 700 m.kr. á ávöxtunarkröfunni 6,30%. Áður hafði Landsbankinn gefið út 1.220 m.kr. í sama flokki og nemur því heildarstærð flokksins 1.920 m.kr.

Hinn 12. desember 2013 kvað Hæstiréttur upp dóm í málinu nr. 430/2013. Í málinu krafði félag viðskiptabanka um endurgreiðslu fjár sem félagið taldi sig hafa ofgreitt á grundvelli samnings um fjármögnun kaupa á dráttarvél. Var þar um að ræða lánsamning með ólögumtengingu lánsfjárhæðarinnar við gengi erlendra gjaldmiðla. Deildu

aðilar um fjárhæð þess sem félagið endurkrafði bankann um, en bankinn taldi sér heimilt að krefja félagið um vexti Seðlabanka Íslands samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 á lánstímanum, í stað samningsvaxta, til samræmis við lög nr. 151/2010. Hæstiréttur taldi hins vegar að í ljósi atvika málsins yrði að líta svo á, að lög nr. 151/2010 sem breyttu lögum nr. 38/2001 gætu ekki hróflað svo að íþyngjandi væri með afturvirkum hætti við réttarreglum um efni skuldbindinga og greiðslu skulda frá því sem gildi þegar til þeirra var stofnað og af þeim greitt. Var endurgreiðslukrafa félagsins því tekin til greina.

Hinn 13. desember 2013 tilkynnti utanríkisráðuneytið að gerðir hefðu verið loftferðasamningar við Afganistan, Banglades, Botsvana, Gambíu, Grænhöfðæeyjar, Holland vegna Kúrasaó, Kenía, Malí, Tansaníu og Tógó. Samningur við Kambódíu var undirritaður í lok apríl 2014.

Hinn 16. desember 2013 tilkynnti Eignasafn Seðlabanka Íslands að það hygðist selja verðtryggð og sértryggð skuldabréf að fjárhæð um 100 ma.kr. Seðlabankinn eignaðist bréfin upp í veðskuldir þegar bankarnir féllu 2008.

Hinn 16. desember 2013 birti matsfyrirtækið Moody's álit sitt á skuldaleiðréttingartillögum sérfræðingahóps ríkisstjórnarinnar. Talið var að skuldatillögurnar myndu hafa óveruleg áhrif á ríkisfjármál þar eð þær yrðu fjármagnaðar með skattahækkunum á fjármálastofnanir. Aftur á móti var því spáð að ríkisstjórnin myndi tapa nokkrum skatttekjum á móti og gæti einnig þurft að setja til hliðar viðbótarframlög til ÍLS.

Hinn 18. desember 2013 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 127/2013, um breytingu á lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983. Með lögnum var sameining Landsvirkjunar og Þeistareykja ehf., dótturfélags Landsvirkjunar, heimiluð.

Hinn 19. desember 2013 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 138/2013, ný heildstæð lög um stimpilgjald. Samkvæmt lögnum verða eingöngu skjöl, sem varða eignayfirfærslu fasteigna hér á landi og skipa sem skrásett eru hérlendis, stimpilskyld. Skjöl vegna lána, hlutabréfa o.fl. verða stimpilfrjáls. Stimpilgjald verður 0,8% af skjölum sem varða réttindi einstaklinga og 1,6% ef í hlut á lögaðili. Í frumvarpinu var talið að heildartekjur af stimpilgjaldi yrðu óbreyttar, um 4,3 ma.kr. á ári, miðað við að þær lækkanir sem gerðar voru í kjölfar efnahagsáfalla 2008 héldust óbreyttar.

Hinn 19. desember 2013 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 136/2013, ný heildstæð lög um Orkuveitu Reykjavíkur, sem gerðu fyrirtækinu kleift að aðgreina samkeppnis- og sérleyfisþætti í rekstri sínum.

Hinn 19. desember 2013 voru samþykkt á Alþingi fjárukalög fyrir 2013. Tekjuáætlun fjárlaga var lækkuð um 3,4%, nokkurn veginn að jöfnu vegna minni skatttekna, minni vaxta- og rekstrartekna og minni eignasölu. Áætluð vaxtagjöld lækkuðu um 10,2 ma.kr. en aðrar fjárveitingar hækkuðu um 6,7 ma.kr., svo að gjaldaáætlun lækkaði um 0,6% alls. Áætlaður tekjujöfnuður versnaði um 16 ma.kr. frá fjárlögum í -19,7 en frumjöfnuður án vaxta versnaði um 24,2 ma.kr. í 36,1 ma.kr.

Hinn 20. desember 2013 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 140/2013, um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014. Aðgerðirnar fólust einkum í breytingum á tekjuskatti einstaklinga, virðisaukaskatti, launatengdum gjöldum og sköttum á fjármálafyrirtæki. Tekjuskattshlutinn var síðan endurskoðaður hinn 21. desember 2013 með lögum nr. 146/2013. Niðurstaðan af breytingunum var að álagningarhlutfall tekjuskatts í fyrsta þrepi lækkaði úr 22,9% í 22,86%, hlutfall í öðru þrepi var lækkað úr 25,8% í 25,3%, en í þriðja þrepi var hlutfallið óbreytt, 31,8%. Tekjumörk 1. og 2. þreps voru hækkuð úr 2,90 í 3,48 m.kr. á ári og mörk milli 2. og 3. þreps úr 8,87 í 9,41 m.kr. á ári í hlutfalli við hækkun launavísitölu en persónuafsláttur var hækkaður um 4,2% í 50.498 kr. á mánuði í hlutfalli við neyslaverð, hvort tveggja samkvæmt eldri lögum. Samkvæmt þekktum ákvörðunum sveitarfélaga var talið að meðalútsvar 2014 yrði 14,44% í stað 14,42% árið áður. Skattleysismörk hækkuðu því um 4,2%. Virðisaukaskattur af barnableium var lækkaður úr 25,5 í 7%, frádráttur vegna vinnu á byggingarstað og fleiri frádrættir voru framlengdir um eitt ár. Tryggingagjald var lækkað um 0,1% af skattstofni, hlutur atvinnuleysistrygginga um 0,7% af stofni, en almennt tryggingagjald, sem rennur til Tryggingastofnunar, var hækkað á móti um 0,65%. Hámark á hlut fæðingarorlofssjóðs í almenna gjaldinu var lækkað úr 1,28% af gjaldstofni í 0,65%. Gjald í ábyrðarsjóð launa var lækkað úr 0,25% af gjaldstofni í 0,05%. Fjársýsluskattur á laun greidd af fjármálafyrirtækjum var lækkað úr 6,75 í 5,5% af greiddum launum og sérstakur skattur á skuldir fjármálafyrirtækja var lækkaður úr 0,41% í 0,376%. Þá voru gjöld fyrir vegabréf hækkuð um 25-50%.

Hinn 21. desember 2013 voru samþykkt á Alþingi fjárlög fyrir 2014 með 613 ma.kr. tekjum, 612 ma.kr. gjöldum og 1 ma.kr. afgangi. Tekjur í hlutfalli við VLF áttu að hækka um 2% (af VLF) frá áætlun ársins 2013, eingöngu vegna stórauðinnar skatttheimtu af fjármálastofnunum vegna skuldalækkunarinnar. Hlutfall gjalda af landsframleiðslu átti að lækka um 0,4% frá áætlun 2013, þar sem 0,7% lækkun rekstrargjalda og 0,6% lækkun tilfærsluhlutfalls í hlutfalli við landsframleiðslu vægju þyngra en aukning fjármagnstilfærslna um 1% vegna áætlaðra skuldalækkana. Gert var ráð fyrir að heildarjöfnuður batnaði úr -1,4% í 0,05% af VLF og jöfnuður án vaxta úr 1,8% af VLF í 3,0%, hvort tveggja miðað við áætlun 2013.

Hinn 21. desember 2013 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 142/2013, um breytingu á lögum um tekjuskatt nr. 90/2003. Í breytingunum fólust m.a. i) skattskylda tekna af afleiðusamningum, ii) skattfrelsi lögbundinna og afmarkaðra vatns - og fráveitna, iii) afnám skyldu til að reikna helming hárra arðgreiðslna með reiknuðum launum, iv) ívilnandi ákvæði um skattalega meðferð samruna yfir landamæri (samkvæmt ábendingum eftirlitsstofnunar EFTA.), v) ákvæði um leiðréttingar á tekjum til skatts, ef um óeðlilega verðlagningu milli skyldra aðila héraðs og erlendis er að ræða samkvæmt viðmiðunum OECD.

Hinn 21. desember 2013 var skrifað undir kjarasamninga landssambanda og stærstu félaga Alþýðusambands Íslands við Samtök atvinnulífsins. Samningurinn átti að gilda til 31. desember 2014. Samkvæmt honum skyldu laun hækka frá 1. janúar 2014 um 2,8% eða að lágmarki 8 þ.kr. á mánuði. Kauptaxtar undir 230 þ.kr. skyldu hækka sérstaklega um 1.750 kr. og lágmarkstekjur fyrir fullt starf skyldu hækka úr 204 þ. kr. í 214 þ.kr. á mánuði. Úrslit í atkvæðagreiðslum um samningana lágu fyrir í lok janúar og voru samningar jöfnum höndum samþykktir og felldir. Hinn 20. febrúar lagði ríkissáttasemjari fram sáttatillögu sem fól í sér til viðbótar því sem samið hafði verið um í desember 2013, hækkun orlofsuppbótar um 10.800 kr. og desemberuppbótar um 21.500 kr. Einnig skyldi greiða 14.500 kr. eingreiðslu vegna janúarmánaðar 2014. Samningstíminn var einnig lengdur til 1. mars 2015 og var áætlað að hækkun orlofs- og desemberuppbóta samsvaraði því að laun hækkuðu um 2% í þá tvo mánuði sem bættust við samninginn. Þau félög sem höfðu fellt samninginn skrifuðu í kjölfarið undir sáttatillöguna og var henni síðan bætt við samninga þeirra félaga sem höfðu samþykkt samninga í janúar. Áætlað var að kostnaður launagreiðenda sem kjarasamningarnir tóku til væri um 3,4% á samningstímanum. Samið var á svipuðum nótum við flest félög ríkisstarfsmanna, en kjarasamningar þeirra giltu lengur eða til 30. apríl 2015, nema samningar við BHM sem giltu til 28. febrúar 2015.

Hinn 23. desember 2013 tilkynnti Seðlabanki Íslands að hluti af þeim framvirku viðskiptum sem Seðlabankinn átti við fjármálastofnanir í lok árs 2010 hefði verið gerður upp. Framvirku viðskiptin námu alls 47,9 ma.kr. en uppgjör dagsins nam jafnvirði 9,1 ma.kr. Að meðtöldu uppgjöri frá hinum 6. nóvember var alls búið að gera upp jafnvirði 29,3 ma.kr. af viðskiptunum.

Hinn 23. desember 2013 greiddi Landsbankinn hf. að eigin frumkvæði fyrirfram inn á skuld sína við gamla Landsbankann, LBI hf. Greiðslan var innt af hendi í erlendum gjaldmiðli og jafngilti um 50 ma.kr. Greiðslan gengur inn á höfuðstól skuldarinnar og lækkar hlutfallslega greiðslubyrði bankans vegna þessarar skuldar sem á að koma til greiðslu á árunum 2014 til 2018.

Hinn 30. desember 2013 tilkynnti Seðlabankinn að samið hefði verið um framlengingu á skuldabréfi sem ríkissjóður gaf út í lok árs 2008 til að styrkja eigið fé Seðlabankans í kjölfar falls bankanna. Þegar bréfið var framlengt voru eftirstöðvar þess rúmur 171 ma.kr. og var það á gjalddaga 1. janúar 2014.

Hinn 30. desember 2013 birti Seðlabankinn að samningar hefðu náðst milli Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ), Hildu ehf. sem er dótturfélag ESÍ, Dróma hf. og Arion banka hf. um yfirtöku ESÍ/Hildu á ákveðnum eignum og skuldum Dróma og uppgjöri á kröfu Arion banka á Dróma vegna flutninga á innstæðum frá SPRON til Arion banka í mars 2010.

Annáll efnahags- og peningamála 2014

Janúar 2014

Hinn 4. janúar 2014 tilkynnti Seðlabanki Íslands að ákveðið hefði verið að gera hlé á reglulegum gjaldeyriskaupum bankans af viðskiptavökum á gjaldeyrismarkaði.

Hinn 7. janúar 2014 sendi Seðlabankinn greinargerð til ríkisstjórnarinnar í samræmi við sameiginlega yfirlýsingu ríkisstjórnar og Seðlabanka Íslands frá 27. mars 2001, vegna þess að 12 mánaða verðbólga fór 0,2 prósentur yfir efri frávíksmörk verðbólguþröngu í desember 2013. Meginástæða frávíksins var húsnæðiskostnaður og í minna mæli þjónusta. Ekki þótti ástæða til sérstakra viðbragða, enda frávíkið fyrirséð. Með nýjum kjarasamningum þótti líklegt að verðbólga lækkaði hratt á næstunni, en síðan hægar í átt að markmiði.

Hinn 10. janúar 2014 gaf alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið Standard & Poor's (S&P) Arion banka lánshæfismatið BB+ með stöðugum horfum. Mat S&P byggist á traustri stöðu Arion banka á innlendum markaði.

Hinn 15. janúar 2014 samþykkti Alþingi þingsályktun nr. 9/143, um að staðfesta skyldi reglugerð ESB nr. 924/2009 sem er ætlað að koma á öruggri, notendavænni og áreiðanlegri greiðsluþjónustu í evrum milli landa, sem líkastri því sem gerist innanlands á hverjum stað. Einnig var staðfest reglugerð 260/2012 sem leitast við að samræma kröfur um millifærslur fjármuna og beingreiðslur í evrum.

Hinn 17. janúar 2014 samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna Auðar Capital hf. og Virðingar hf. á grundvelli 1. mgr. 160. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Virðing hf. tekur við öllum réttindum og skyldum Auðar Capital hf. og verða félögin sameinuð undir nafni Virðingar hf. Samhliða samþykkti Fjármálaeftirlitið skiptingu Auðar Capital í AC Eignarhald hf. annars vegar og Auði Capital hf. hins vegar og skiptingu Virðingar í VI hf. annars vegar og Virðingu hf. hins vegar. Með umræddum skiptingum fluttust tilteknar eignir ótengdar rekstri fjármálafyrirtækja frá verðbréfafyrirtækjum til AC Eignarhalds hf. og VI hf.

Hinn 20. janúar 2014 gaf hið alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtæki Standard & Poor's (S&P) Landsbankanum lánshæfiseinkunnina BB+ og taldi horfur stöðugar. Í lánshæfismati S&P kemur fram að matsfyrirtækið álíti að Landsbankinn búi að umtalsverðu svigrúmi í lausa- og eiginfjárstöðu ef til erfiðleika kemur í efnahagslífinu. Mat S&P á stöðugum horfum Landsbankans endurspeglar þær væntingar matsfyrirtækisins að bankinn muni endurskipuleggja skuldbréfin sem gefin voru út til LBI og eru á gjalddaga 2014-2018 og að eiginfjárgrunnur Landsbankans muni halda áfram að styrkjast.

Hinn 21. janúar 2014 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 10/2014, um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Með lögnum var það gert valkvætt fyrir sveitarfélög, í allt að tíu ár frá gildistöku sveitarstjórnarlaga þann 1. janúar 2012, að undanskilja eignarhluti í veitu- og orkufyrirtækjum í útreikningi á afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga sem eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga notast við í störfum sínum. Með því gefst sveitarfélögum svigrúm við mælingu á fjárhagslegri aðlögun þeirra, í þeim tilvikum þegar það er þeim hagfellt, að taka með í reikninginn stöðu veitu- og orkufyrirtækis, þ.e. ef þau eru fjárhagslega stöndug.

Hinn 22. janúar 2014 gaf Fjármálaeftirlitið út nýjar reglur nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum. Reglurnar leysa af hólmi eldri reglur um sama efni. Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um váttryggingastarfsemi hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með því að fjármálasamsteypur fari að ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki og laga um váttryggingastarfsemi.

Hinn 23. janúar 2014 var greint frá niðurstöðum sérfræðingahóps um afnám verðtryggingar á nýjum neytendalánnum. Helstu tillögur hópsins voru að takmarka lánstíma verðtryggðra jafngreiðslulána við 25 ár að hámarki en 10 ár að lágmarki, takmarka möguleika á veðsetningu vegna verðtryggðra íbúðalána og styrkja hvata til óverðtryggðra lánveitinga og lántöku.

Hinn 24. janúar 2014 breytti matsfyrirtækið Standard & Poor's horfum fyrir lánshæfi Ríkissjóðs Íslands úr neikvæðum í stöðugar. Jafnframt kom fram að lánshæfiseinkunnirnar BBB-/A-3 fyrir erlendar og innlendar skuldbindingar væru

óbreyttar. Fram kom í álit matsfyrirtækisins að gert væri ráð fyrir að áætlaðar skuldaleiðréttingaraðgerðir yrðu fjármagnaðar með skattahækkunum, þ.e. bankaskatti, frekar en hallarekstri.

Hinn 29. janúar 2014 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 9/2014, um fjárhagsaðstoð vegna gjaldþrotaskipta. Samkvæmt lögnum geta einstaklingar í verulegum fjárhagserfiðleikum sótt um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta til umboðsmanns skuldara. Til að úrræðið standi til boða þarf hlutaðeigandi ásamt því að vera í verulegum greiðsluörðugleikum að hafa leitað annarra greiðsluvandaúrræða án árangurs eða þá að umboðsmaður skuldara metur það svo að önnur greiðsluvandaúrræði muni ekki gagnast við lausn greiðsluvanda viðkomandi.

Febrúar 2014

Hinn 4. febrúar 2014 fóru fram útboð þar sem Seðlabankinn bauðst til að kaupa evrur í skiptum fyrir krónur, annars vegar til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi og hins vegar gegn greiðslu í ríkisverðbréfum. Einnig kallaði Seðlabankinn eftir tilboðum frá aðilum sem vildu selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Niðurstaða útboða um kaup á evrum var sú að tilboðum að fjárhæð 46,8 milljónir evra var tekið. Útboðsverðið var ákvarðað 209 kr. fyrir hverja evru. Niðurstaða útboðs um kaup á krónum fyrir evrur var sú að tilboðum að fjárhæð 9,9 ma.kr. var tekið. Útboðsverðið var ákvarðað 210 kr. fyrir hverja evru. Í hverju útboði var öllum samþykktum tilboðum tekið á sama verði.

Hinn 5. febrúar 2014 ákvað lánshæfisfyrirtækið Reitun að breyta einkunnaskala sínum í átt til þess sem þekkist á alþjóðlegum markaði þar sem besta einkunn er AAA.

Hinn 7. febrúar 2014 staðfesti matsfyrirtækið Fitch Ratings lánshæfiseinkunnir Ríkissjóðs Íslands, þ.e. BBB fyrir skuldbindingar í erlendum gjaldmiðlum og BBB+ fyrir skuldbindingar í innlendum gjaldmiðli. Horfur fyrir lánshæfi Ríkissjóðs Íslands voru metnar stöðugar. Landsþakið (e. Country ceiling) var staðfest sem BBB og jafnframt var staðfest lánshæfiseinkunnin F3 fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendum gjaldmiðlum.

Hinn 12. febrúar 2014 ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að halda vöxtum bankans óbreyttum. Daglánavextir voru 7,00%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga voru 6,00%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum 5,75% og innlánsvextir 5,00%.

Hinn 12. febrúar 2014 afturkallaði Fjármálaeftirlitið starfsleyfi íslenska tryggingafyrirtækisins European Risk Insurance Company (ERIC), en það var íslenskt váttryggingafélag sem stundað hafði starfsemi erlendis. Skipaði Fjármálaeftirlitið fyrirtækinu skilastjórn samkvæmt lögum nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi.

Hinn 12. febrúar 2014 mótmælti fjármálaráðuneytið fyrirhugaðri gjaldtöku landeigenda við Geysi af ferðamönnum sem um svæðið fara. Var vísað til þess að íslenska ríkið ætti landið sem hverirnir væru á og fjórðung lands í næsta umhverfi í sameign með landeigendum. Gjaldtaka hófst engu að síður 15. mars, en hinn 14. apríl var sett lögban á hana að kröfu ríkisins.

Hinn 17. febrúar 2014 sendi matsfyrirtækið Moody's frá sér álit þar sem fram kom að lögsókn yfirvalda í Bretlandi og Hollandi fyrir hönd innstæðutryggingarsjóða þeirra á hendur Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta á Íslandi hefði engin áhrif á lánshæfiseinkunn Ríkissjóðs Íslands, sem er Baa3 fyrir skuldbindingar í erlendum gjaldmiðlum með stöðugum horfum. Þá var vísað í úrskurð EFTA-dómstólsins frá 2013 um að engin greiðsluskylda vegna Icesave-reikninga hvíldi á ríkissjóði.

Hinn 25. febrúar 2014 lagði utanríkisráðherra fram tillögu til þingsályktunar um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu. Tillagan varð ekki útrædd á vörþingi.

Hinn 26. febrúar 2014 heimilaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra Landsneti, á grundvelli 23. gr. raforkulaga, að framkvæma eignarnám í tilteknum jörðum á Suðurnesjum vegna lagningar Suðurnesjalínu 2.

Mars 2014

Hinn 12. mars 2014 sömdu Evrópusambandið, Noregur og Færeyjar um skiptingu veiðiheimilda á makríl. Ísland stendur utan þessa samkomulags. Samkomulag þessara þriggja ríkja er til næstu fimm ára og tóku þau sér samtals

1.047.000 tonna afla á árinu 2014 eða nær 18% umfram heildarráðgjöf ICES. Þar af tóku ESB og Noregur til samans 890.000 tonn sem var allur ráðlagður heildarafli á árinu 2014 .

Hinn 13. mars 2014 kvað Hæstiréttur upp dóm í máli SPB hf. gegn Fjármálaeftirlitinu nr. 161/2014 og staðfesti úrskurð héraðsdóms þar sem kröfu Fjármálaeftirlitsins við slit SPB hf. var skipað í réttindaröð samkvæmt 2. tölul. 110. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Kröfunni hafði Fjármálaeftirlitið lýst vegna eftirlitsgjalds fyrir árið 2012, sem Fjármálaeftirlitið lagði á SBP hf. samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, en um var að ræða fastagjald óháð álagningarstofnum. Í dómi Hæstaréttar var vísað til þess að gjaldtökuheimild Fjármálaeftirlitsins væri fullgild heimild til skattlagningar samkvæmt 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrárinnar og því ekki lagalega nauðsyn til þess að samræmi væri milli gjaldsins og kostnaðar við eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

Hinn 18. mars 2014 fóru fram útboð, sem tilkynnt var um 5. febrúar, þar sem Seðlabankinn bauðst til að kaupa evrur í skiptum fyrir krónur, annars vegar til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi og hins vegar gegn greiðslu í ríkisverðbréfum. Einnig kallaði Seðlabankinn eftir tilboðum frá aðilum sem vildu selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Niðurstaðan var sú að öllum tilboðum var hafnað.

Hinn 19. mars 2014 ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að halda vöxtum bankans óbreyttum. Daglánavextir voru 7,00%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga voru 6,00%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum 5,75% og innlánsvextir 5,00%.

Hinn 19. mars 2014 sendu Fjármálaeftirlitið, Seðlabanki Íslands, Neytendastofa, fjármála- og efnahagsráðuneytið og innanríkisráðuneytið út aðvörun til almennings og fyrirtækja vegna notkunar sýndarfjár. Var bent á að gildandi lög á Íslandi vernda neytendur ekki fyrir tapi á sýndarfé, krafa eiganda á útgefanda er óljós, og verðgildi og aðgengi að sýndarfé er ótryggt.

Hinn 26. mars 2014 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 27/2014, um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi, nr. 56/2010, og váttryggingamiðlun, nr. 32/2005. Með breytingunni voru gerðar úrbætur á innleiðingu tveggja tilskipana annars vegar tilskipun 2001/17/EB um endurskipulagningu og slit váttryggingafélaga og hins vegar tilskipun 2002/92/EB um miðlun váttrygginga, sem hafði verið ábótavant. Með lögnum eru m.a. heimildir til endurtrygginga rýmkaðar, gagnsæiskröfur auknar og hert á ákvæðum um stjórnasetu, virka eignarhluti og upplýsingaskyldu. Sama dag samþykkti þingið lög nr. 28/2014, sem felldu lög um verðbréfavíðskipti og lög um kauphallir betur að svonefndri MIFID-tilskipun ESB 2004/39/EB. MIFID er skammstöfun á „Markets in Financial Instruments Directive“.

Hinn 28. mars 2014 var greint frá því að verkefnisstjórn 3. áfanga áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlunar) legði til að Hvammsvirkjun í neðri hluta Þjórsár yrði flutt úr biðflokki rammaáætlunar í orkunýtingarflokk. Málið hafði ekki verið afgreitt af Alþingi í árslok 2014.

Hinn 28. mars 2014 var tilkynnt um samkomulag strandríkja um veiðar á kolmunna árið 2014. Veiddar yrðu alls 1,2 milljón lestir en endurskoðun á aflareglu var frestað til hausts. Hlutur Íslands úr heildarveiðinni er 194.722 lestir.

Apríl 2014

Hinn 4. apríl 2014 undirrituðu fjármálaráðherra og Kennarasamband Íslands f.h. framhaldsskólakennara samkomulag um breytingar á gildandi kjarasamningum og framlengingu þeirra til loka október 2016 með afturvirkum hækkunum til 1. mars 2014. Samningurinn var gerður eftir að verkfall framhaldsskólakennara hafði staðið frá 16. mars. Samanlagðar almennar launahækkanir samkvæmt samningnum námu um 7%, en hækkanir tengdar breytingum á vinnufyrirkomulagi tæplega 18%. Laun gætu þó hækkað meira þar sem í samningnum er ákvæði sem tiltekur að semji viðmiðunarhópar um meiri almennar hækkanir en eru í samningnum muni sú hækkun, sem umfram er, bætast við launahækkanir samkvæmt samningnum. Fyrir lok febrúar 2015 skal þó fara fram atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna K.Í. um upptöku nýs vinnumats. Felli meirihluti félagsmanna upptöku þess, fellur samningurinn úr gildi og ekki verður af þeim hækkunum sem ekki hafa þá komið til framkvæmda. Samningurinn var samþykktur í allsherjaratkvæðagreiðslu 22. apríl. Á næstu vikum sömdu grunnskólakennarar, leikskólakennarar og skólástjórnenndur á sviðuðum nótum. Undir jól sömdu svo tónlistarskólakennarar eftir mánaðar verkfall.

Hinn 9. apríl 2014 undirritaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra fjárfestingarsamning við United Silicon hf. vegna fyrirhugaðs kísilvers félagsins í Helguvík á Reykjanesi. Um er að ræða nýfjárfestingarverkefni sem hljóðar upp á 74 millj. evra eða tæplega 12 milljarða íslenskra króna. Samningurinn felur í sér skattaávilnanir, þ.e. tekjuskattur verður 15% í stað 20% og 50% og afsláttur verður veittur af almennu tryggingargjaldi, hvort tveggja í 10 ár frá því að gjaldskylda myndast en að hámarki í 13 ár frá því að samningurinn tekur gildi. Að auki veitir Reykjanesbær ákveðnar ávilnanir til jafnlangs tíma.

Hinn 22. apríl 2014 var greint frá ákvörðun atvinnuvegaráðherra um heildarafla íslenskra skipa á makríl á árinu 2014. Hann skyldi nema 147.721 tonni eða um 16,6% af ráðgjöf Alþjóða hafrannsóknaráðsins. Þetta samrýmdist þeirri kröfu sem Ísland hafði uppi í samningaviðræðum um skiptinu makrílkvótans.

Hinn 30. apríl 2014 fékk Íslandsbanki lánsþæfismatið BB+ með stöðugum horfum frá Standard & Poor's. Er það einu þrepi frá íslenska ríkinu.

Maí 2014

Hinn 6. maí 2014 kynnti verkefnastjórn um framtíð húsnæðismála tillögur sínar fyrir ríkisstjórn. Í kjölfarið voru tillögurnar kynntar opinberlega. Af þessu tilefni ákvað Fjármálaeftirlitið að stöðva tímabundið viðskipti með alla skuldabréfaflokka Íbúðalánasjóðs sem teknir höfðu verið til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq OMX Iceland. Var ákvörðunin tekin til að vernda jafnræði fjárfesta. Viðskipti voru aftur heimiluð með alla skuldabréfaflokkana 7. maí 2014 þar sem tillögurnar lágu þá fyrir.

Hinn 6. maí 2014 ákvað Fjármálaeftirlitið að stöðva tímabundið viðskipti með ETF-sjóðinn Landsbréf-LREAL sem rekinn er af Landsbréfum hf. í ljósi eignasamsetningar sjóðsins í dagslok 5. maí 2014 og stöðvunar viðskipta með skuldabréf Íbúðalánasjóðs. Var ákvörðunin tekin til að vernda jafnræði fjárfesta. Viðskipti með sjóðinn voru aftur heimiluð 7. maí 2014 þar sem Íbúðalánasjóður hafði birt opinberlega tilkynningu um tillögur verkefnisstjórnar um framtíð húsnæðismála.

Hinn 6. maí 2014 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 33/2014, um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi, nr. 56/2010, nánar tiltekið um slit váttryggingafélaga. Breytingunni var ætlað að bæta úr vanköntum á starfsemi skilastjórna váttryggingafélaga og auka samræmi við EES-reglur.

Hinn 7. maí 2014 gaf Íslandsbanki út skuldabréf að upphæð 100 m. evra. Þetta er fyrsta erlenda útgáfa hins nýja Íslandsbanka í evrum. Skuldabréfið er til tveggja ára og ber 3% fasta vexti. Skuldabréfið er gefið út undir GMTN-útgáfuramma Íslandsbanka sem gefur bankanum færi á að gefa út skuldabréf í mismunandi gjaldmiðlum á föstum og fljótandi vöxtum. Skuldabréfin voru skráð í Kauphöllinni á Írlandi þann 16. maí 2014.

Hinn 8. maí 2014 komust Landsbankinn hf. og slitastjórn LBI hf. að samkomulagi um breytingar á uppgjörsskilmálum sem samið var um í desember 2009. Af hálfu slitastjórnar LBI hf. var gerður fyrirvari um að tiltekna undanþágur fengjust í samræmi við lög um gjaldeyrismál. Lokagreiðsla verður innt af hendi í október 2026 í stað október 2018. Endurgreiðslur verða á tveggja ára fresti og dreifast nokkuð jafnt. Landsbankinn hefur einnig heimild til að greiða skuldina að hluta eða að fullu upp án kostnaðar hvenær sem er á tímabilinu. Vaxtakjör verða óbreytt til október 2018 en eftir það fer vaxtaálagið stighækkandi.

Hinn 8. maí 2014 úrskurðaði Eftirlitsstofnun EFTA að breytingar sem gerðar voru á íslenskum lögum um virðisaukaskatt og vörðuðu viðskiptavini gagnavera fælu í sér ólögmetna ríkisaðstoð. Þessar breytingar fólust annars vegar í því að virðisaukaskattur var ekki lagður á blandaða þjónustu gagnavera við erlenda kaupendur og hins vegar í því að innflutningur á netþjónum og tengdum búnaði var undanþeginn virðisaukaskatti þegar eigendur þeirra höfðu hvorki búsetu né fasta starfsstöð á Íslandi.

Hinn 14. maí 2014 voru opnuð tilboð í gjaldeyrisútbóði sem Seðlabankinn hafði auglýst hinn 31. mars 2014. Tilboð bárust um að selja 52,3 milljónir evra fyrir krónur og var tekið tilboðum að fjárhæð 34,5 milljónir evra á genginu 190 krónur á evru. 2,5 ma. evra voru gegn greiðslu í ríkisskuldabréfum en 49,8 ma.kr. voru til langtímafjárfestingar innanlands. Einnig bauðst Seðlabankinn til að kaupa krónur fyrir evrur. Boðnir voru fram 8,5 ma.kr. og var tekið tilboðum að fjárhæð 6,4 ma.kr. á genginu 196 kr. á evru. Í hvoru útbóði var öllum samþykktum tilboðum tekið á sama verði.

Hinn 14. maí 2014 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 50/2014, ný heildarlög um framkvæmdarvald og stjórnarsýslu ríkisins í héraði. Með lögnum var sýslumannsembættum í landinu fækkað úr tuttugu og fjórum í níu. Samhliða setningu laganna voru samþykkt lög um breytt skipulag lögregluumdæma í landinu.

Hinn 14. maí 2014 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu nr. 27/143, um að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna við Kosta Ríka, Panama, Kólumbíu og Bosníu-Hersegóvínu, ásamt tengdum samningum um landbúnaðarvörur við Kólumbíu og Bosníu-Hersegóvínu.

Hinn 15. maí 2014 uppfærði Reitur lánshæfismat á Arion banka hf. úr i.BBB1 með jákvæðum horfum í i.A3 með stöðugum horfum. Lánshæfismat sértryggðra skuldabréfa bankans er óbreytt frá fyrra ári, i.AA2 með stöðugum horfum.

Hinn 16. maí 2014 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 35/2014, um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána. Með lögnum var kveðið á um skipan og fyrirkomulag leiðréttingar á höfuðstól verðtryggðra fasteignaveðlána heimila á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2009. Lögin voru hluti af aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um höfuðstóls-lækkun húsnæðislána. Hámarksfjárhæð niðurfærslu á heimili var ákveðin 4 m.kr. en til frádráttar komu fyrri opinber úrræði sem lántakandi hefði þegar notið. Fyrirkomulagið gerði ráð fyrir að lækkun væri að frumkvæði lántaka og að sækja þyrfti um hana hjá ríkisskattstjóra á tímabilinu 15. maí til 1. september 2014.

Hinn 16. maí 2014 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 38/2014, um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Með breytingunni var ákveðið að fyrningarfrestur uppgjörskrafa, vegna ólögmætrar verðtryggingar láns-samninga með gengisvísitölu skyldi vera átta ár reiknað frá 16. júní 2010.

Hinn 16. maí 2014 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 40/2014, um ráðstöfun séreignarsparnaðar til húsnæðissparnaðar og greiðslu húsnæðislána. Með lögnum, sem voru hluti af aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um höfuðstóls-lækkun húsnæðislána, var annars vegar heimilað að ráðstafa séreignarsparnaði til greiðslu veðlána, sem tekin voru vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota, og hins vegar að ráðstafa iðgjöldum sem safnast höfðu upp á tilteknu tímabili (húsnæðissparnaður) til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Í báðum tilvikum var um að ræða tímabundin skatt-frjáls úrræði.

Hinn 16. maí 2014 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 46/2014, um gjaldskrárlækkanir o.fl. Með lögnum var kveðið á um almenna lækkun á sköttum og gjaldskrár miðað við forsendur fjárlaga. Samkvæmt lögnum skyldu viðkomandi gjöld hækka um 2% milli ára í stað 3%, eins og samþykkt hafði verið vegna afgreiðslu fjárlaga 2014. Markmiðið var að uppfylla fyrirheit ríkisstjórnarinnar um að draga úr verðlagshækkunum, sem verkalýðshreyfingunni hafði verið lofað við undirritun kjarasamninga í desember 2013. Þau gjöld sem um ræðir voru bensíngjald, olíugjald, kílómetra-gjald, gjald af áfengi og tóbaki, kolefnisgjald, raforkuskattur og stimpilgjald.

Hinn 16. maí 2014 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 47/2014, um breytingu á lögum um veiðigjöld nr. 74/2012. Með lögnum var gerð breyting á veiðigjöldum þannig að þau skyldi ákveða sem fasta krónutölu á afla úr sjó eftir tegundum á fiskveiðiárinu 2014/2015. Tegundagjöldin voru ákveðin samkvæmt svonefndum afkomustuðlum viðkomandi nytjastofna, og gerð var breyting á ákvæði um frítekjumark og um tímabundna lækkun veiðigjalda vegna kvótakaupa.

Hinn 16. maí 2014 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 53/2014 um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003. Með lögnum var gerð sú breyting á ákvæðum tekjuskattslaga að takmörkuð skattskylda Seðlabanka Íslands vegna vaxtatekna tæki jafnframt til vaxta sem féllu til vegna milligöngu bankans um lánsfjármögnun ríkissjóðs. Var breytingin gerð vegna þess, að erlend greiðslumiðlunarfyrtæki höfðu í einhverjum tilvikum hafnað skráningu og miðlun með skuldabréfaútgáfu ríkissjóðs og borið því við að það skapaði flækjur að framangreint ákvæði tæki ekki til útgáfu Seðlabankans fyrir hönd ríkissjóðs, þó að undanþágur fengjust vegna tvísköttunarsamninga. Breytingunni var ætlað að auka til muna möguleika ríkissjóðs á að nýta tækifæri til útgáfu skuldabréfa á erlendum mörkuðum, þegar hagstæðar aðstæður skapast, og með því lækka vaxtakostnað ríkisins.

Hinn 16. maí 2014 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 57/2014, um breytingu á lögum um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991. Með lögnum var dregið úr tilkynningarskyldu vegna erlendra fjárfestingar og nefnd

um erlenda fjárfestingu lögð niður. Tílefni lagasetningarinnar var meðal annars rökstutt álit ESA, dags. 12. febrúar 2014, þar sem talið var að tilkynningarskylda laga nr. 34/1991 bryti gegn ákvæðum EES-samningsins, þar sem hún væri of víðtæk og óþarflega íþyngjandi.

Hinn 16. maí 2014 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 66/2014, um fjármálastöðugleikaráð. Með lögnum var settur á stofn formlegur vettvangur stjórnvalda, sem hefur yfirsýn yfir stöðu og þróun fjármálamarkaðar, sem skiptist annars vegar í fjármálastöðugleikaráð, þar sem sitja fjármála- og efnahagsráðherra, seðlabankastjóri og forstjóri Fjármálaeftirlitsins, og hins vegar sérfræðinganevnd (kerfisáhættunefnd) sem undirbýr umfjöllun fjármálastöðugleikaráðs. Með setningu laganna var brugðist við einni þeirra meginveilna sem í ljós komu í kjölfar fjármálakreppunnar, þ.e. skorti á tengslum heildar- og eindaeftirlits á fjármálamörkuðum, sem leiddi til þess að enginn einn aðili hafði heildaryfirsýn yfir stöðu fjármálakerfisins.

Hinn 16. maí 2014 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 52/2014, um breytingu á lögum um loftslagsmál nr. 70/2012. Breytingin framlengdi aðlögunarfresti flugrekenda vegna viðskiptakerfa með losunarheimildir og fól ráðherra að setja reglugerð sem innleiddi breytingar á reglugerð ESB um alþjóðlega losun frá flugi. Breytingarnar eiga að gilda frá og með árinu 2020.

Hinn 16. maí 2014 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 67/2014, um breytingu á lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992. Gerðar voru tvær breytingar á lögnum. Annars vegar var hugtakið arður skilgreint og hins vegar voru ákvæði um refsingar lögðila styrkt.

Hinn 16. maí 2014 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 78/2014, um greiðslur yfir landamæri í evrum. Með lögnum voru innleidd í íslenskan rétt ákvæði tveggja reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins sem fjalla um greiðslur yfir landamæri í evrum. Samning og samþykkt reglugerðanna var hluti af heildarendurskoðun Evrópusambandsins á reglum sínum á sviði rafrænnar greiðslumiðlunar en grunnsað þeirrar endurskoðunar var tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um greiðsluþjónustu á innri markaðnum (e. Payment Services Directive eða PSD). Markmið reglugerðanna er að veita borgurum og fyrirtækjum samræmda, örugga, notendavæna og áreiðanlega greiðsluþjónustu í evrum á samkeppnishæfu verði innan EES, jafnframt því að tryggja að gjöld vegna greiðslna í evrum yfir landamæri ríkja innan EES séu hliðstæð því sem gerist vegna greiðslna í evrum innanlands.

Hinn 21. maí 2014 ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að halda vöxtum bankans óbreyttum. Daglánavextir voru 7,00%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga voru 6,00%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum 5,75% og innlánsvextir 5,00%.

Hinn 21. maí 2014 kynnti peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands breytingar á stjórnþækjum peningastefnunnar. Markmið breytinganna var að auka virkni lausafjárstyringar bankans og stuðla eftir því sem mögulegt væri að meiri hagkvæmni út frá efnahag hans. Frekari breytingar voru sagðar mögulegar síðar.

Hinn 23. maí 2014 kvað Hæstiréttur upp dóm í máli nr. 287/2014, máli Eignasafns Seðlabanka Íslands hf. (ESÍ) gegn Sparisjóðabankanum (SPB) hf. Kærður var úrskurður héraðsdóms þar sem leyst var úr ágreiningi um kröfu ESÍ hf. við slit SPB hf. Krafa ESÍ hf. var til komin vegna þess að ESÍ hf., Nýja Kaupþing banki (N) og Byr sparisjóður (B) yfirtóku tilteknar skuldbindingar SPB hf. með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 17. apríl 2009. ESÍ hf. taldi raunvirði eignanna, sem áttu að mæta áðurgreindum skuldbindingum, hafa verið lægra en bókfært virði þeirra og þær því ekki jafnverðmætar hinum yfirteknu skuldbindingum. Félagið hefði þannig verið vanhaldið í lögskiptunum. Í hinum kærða úrskurði, sem staðfestur var með vísan til forsendna hans í Hæstarétti, kom fram að ESÍ hf. hefði fært fullnægjandi sönnur á að munur hefði verið á verðmæti þeirra skuldbindinga sem ESÍ hf. tók að sér að greiða fyrir SPB hf. og raunvirði þeirra eigna sem SPB hf. afhenti félaginu sem gagngjald. Bæri SPB að greiða ESÍ hf. umræddan mismun. Þá var talið að SPB hf. bæri enn fremur að greiða ESÍ hf. það sem upp á vantaði í uppgjöri SPB við N og B, en ESÍ hf. hafði tekið að sér að greiða þann mismun. Var því fallist á að ESÍ hf. ætti fjárkröfur á hendur SPB hf. og var kröfu félagsins skipað í réttindaröð samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991. Í dómi Hæstaréttar var niðurstaða hins kærða úrskurðar staðfest og tekið fram í því sambandi að ekki yrði talið að breytt kröfugerð ESÍ hf. í héraði hefði falið í sér nýjar málsástæður.

Hinn 30. maí 2014 undirritaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra fjárfestingarsamning við Thorsil ehf. vegna fyrirhugaðrar kísilverksmiðju félagsins í Helguvík á Reykjanesi. Var gert ráð fyrir að verksmiðjan yrði komin í fullan rekstur í byrjun árs 2017.

Á vormánuðum 2014 var nokkuð um kjaradeilur milli starfsmanna og atvinnurekenda í samgöngugeiranum sem flestum lauk án átaka. Alþingi samþykkti þó lög hinn 5. mars 2014 á yfirvinnubann sjómanna á Vestmannaeyjaferjunni Herjólfri sem frestuðu aðgerðum sjómanna fram til 15. september. Skrifað var undir samning milli aðila í byrjun september. Hinn 15. maí voru sett lög á aðgerðir flugmanna hjá Icelandair. Skyldi deilan útkljáð með gerðardómi ef samningar næðust ekki 15. júlí eða fyrr. Samningar náðust 22. maí. Hinn 18. júní var Alþingi kvatt saman mánuði eftir venjulega þingfrestun til að fjalla um bann við aðgerðum flugvirkja, sem höfðu boðað verkfall gegn Icelandair að morgni hins 19. júní en áður lagt niður vinnu einn dag. Skyldi deilan fara fyrir gerðardóm ef ekki næðust samningar fyrir 1. júlí. Flugvirkjar drógu verkallsboðunina til baka og samningar tókust 4. júlí.

Júní 2014

Hinn 5. júní 2014 seldi Landsbankinn hf. 9,9% eignarhlut í Framtakssjóði Íslands (FSÍ) slhf. og allan eignarhlut sinn í IEI slhf. eða sem nemur 27,6%. Í árslok 2013 var FSÍ skipt upp í tvö félög, FSÍ slhf. og IEI slhf. Heildarsöluandvirðið var rúmlega 7 ma.kr. og voru kaupendur í hópi núverandi hluthafa FSÍ og IEI.

Hinn 10. júní 2014 var greint frá því að samið hefði verið um að ríkið tæki yfir nær allar lífeyrisskuldbindingar ellefu hjúkrunarheimila vegna starfsmanna þeirra í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga eða sem nemur tæplega 6 ma.kr.

Hinn 11. júní 2014 tilkynnti Seðlabankinn ákvörðun um að hefja regluleg gjaldeyriskaup að nýju. Var ákveðið að bankinn keypti 3 milljónir evra af viðskiptavökum á gjaldeyrismarkaði í viku hverri.

Hinn 11. júní 2014 ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að halda vöxtum bankans óbreyttum. Daglánavextir voru 7,00%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga voru 6,00%, vextir á 7 daga bundnum innlánnum 5,75% og vextir á viðskiptareikningum 5,00%.

Hinn 15. júní 2014 staðfesti matsfyrirtækið Moody's óbreytt láns hæfi fyrir Ríkissjóð Íslands. Láns hæfiseinkunnir Ríkissjóðs Íslands Baa3/P-3 fyrir langtíma- og skammtímaskuldbindingar héldust óbreyttar með stöðugum horfum.

Hinn 17. júní 2014 tilkynnti Seðlabankinn um breytingar á gjaldeyrisreglum, sem tækju gildi hinn 19. júní. Athugun bankans hefði leitt í ljós að ýmsar tegundir samninga erlendra tryggingafélaga, sem boðnir væru til kaups hér á landi, fælu í sér sparnað eða söfnun erlendis, sem væri óheimilt samkvæmt lögum um gjaldeyrismál frá nóvember 2008. Seðlabankinn hefði hins vegar beðið með aðgerðir uns ljóst væri að önnur stjórnvöld og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn væru sama sinnis. Reglubreytingarnar nú væru ætlaðar til að draga úr óhagræðinu af síðbúinni framfylgd Seðlabankans á lögunum frá 2008.

Hinn 24. júní 2014 fóru fram útboð þar sem Seðlabankinn bauðst til að kaupa evrur í skiptum fyrir krónur, annars vegar til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi og hins vegar gegn greiðslu í ríkisverðbréfum. Einnig kallaði Seðlabankinn eftir tilboðum frá aðilum sem vildu selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Niðurstaða útboða um kaup á evrum var sú að tilboðum að fjárhæð 35,9 milljónir evra var tekið. Útboðsverðið var ákvarðað 186 kr. fyrir hverja evru. Niðurstaða útboðs um kaup á krónum fyrir evrur var sú að tilboðum að fjárhæð 6,7 ma.kr. var tekið. Útboðsverðið var ákvarðað 186 kr. fyrir hverja evru. Í hvoru útboði var öllum samþykktum tilboðum tekið á sama verði.

Hinn 24. júní 2014 veitti Fjármálaeftirlitið Orkuveitu Reykjavíkur innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulögum, nr. 95/2008. Innheimtuleyfið tekur til frum- og milliinnheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra og innheimtu eigin peningakrafna sem aðili hefur keypt í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni.

Hinn 30. júní 2014 samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna Sparisjóðs Bolungarvíkur við Sparisjóð Norðurlands ses. Sparisjóður Norðurlands tekur við öllum réttindum og skyldum Sparisjóðs Bolungarvíkur og verða sjóðirnir sameinaðir undir nafni Sparisjóðs Norðurlands.

Júlí 2014

Hinn 1. júlí 2014 var opnað fyrir að iðgjöld viðbótarlífeyrissparnaðar verði nýtt skattfrjálst næstu þrjú árin til að greiða niður húsnæðislán eða til húsnæðissparnaðar. Skattfrelsið takmarkast við 4% framlag launþega og 2% framlag launagreiðanda, að hámarki 500 þ.kr. á ári hjá einstaklingum og 750 þús. kr. hjá samsköttuðum einstaklingum.

Hinn 7. júlí 2014 fór fram umræða í framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um fjórðu eftirfylgniskýrslu vegna efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda og sjóðsins sem lauk í ágúst 2011. Sendinefnd á vegum sjóðsins heimsótti Ísland dagana 13. til 23. maí. Í álitum framkvæmdastjórnarinnar kemur fram að bati haldi áfram, en arfleifð kreppunnar væri til trafala. Viðleitni stjórnvalda til að vikja henni til hliðar og losa um fjármagnshöftin hefðu í för með sér talsverða áhættu. Þörf væri á alhliða stuðningi við þjóðhags- og fjármálalegan stöðugleika sem byggður væri á vænlegum horfum í utanríkisviðskiptum og öflugum varasjóðum.

Hinn 8. júlí 2014 gekk Ríkissjóður Íslands frá samningum um útgáfu skuldabréfa að fjárhæð 750 milljónir evra, sem jafngilti um 116 ma.kr. Var þetta fyrsta opinbera útgáfa ríkissjóðs í Evrópu síðan 2006. Skuldabréfin bera 2,5% fasta vexti og voru gefin út til 6 ára á ávöxtunarkröfunni 2,56%. Umsjón útgáfunnar var í höndum Citibank, Barclays, Deutsche Bank og J.P. Morgan.

Hinn 9. júlí 2014 var tilkynnt að samið hefði verið við lögmannastofuna Cleary Gottlieb Steen & Hamilton LLP og ráðgjafafyrirtækið White Oak Advisory LLP um ráðgjöf við losun fjármagnshafna. Vinnu lögmannastofunnar myndi stýra Lee Buchheit, sem vann fyrir íslenska ríkið í Icesave-deilunni. Þá myndi Anne Krueger, fyrrum aðstoðarframkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og fjárfestingarbankinn JP Morgan liðsinna íslenskum stjórnvöldum.

Hinn 11. júlí 2014 tilkynnti Seðlabankinn að ákveðið hefði verið að auka reglubundin vikuleg gjaldeyriskaup úr þremur milljónum evra í sex milljónir evra.

Hinn 16. júlí 2014 ákvað Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) að láta lokið rannsókn sinni á málefnum Íbúðalánasjóðs eftir að íslensk stjórnvöld féllust á að gera veigamiklar breytingar á starfsemi sjóðsins til að tryggja að starfsemin samræmist ríkisstyrkjareglum EES-samningsins. Eftir þær breytingar verður starfsemi Íbúðalánasjóðs háð ákveðnum takmörkunum. Þar ber helst að nefna að lán sjóðsins munu að hámarki nema 24 milljónum króna jafnframt því sem hlutfall lána af verðmæti eigna skal að lágmarki vera 60% og að hámarki 80%. Af þessu leiðir að hámarksverðmæti eigna sem lánað verður út á verður 40 milljónir króna. Þessar takmarkanir verða háðar árlegri endurskoðun. Þar að auki munu leigufélög þurfa að uppfylla ákveðin félagsleg skilyrði til að standast láns hæfismat sjóðsins.

Hinn 18. júlí 2014 breytti matsfyrirtækið Standard & Poor's horfum um láns hæfi Ríkissjóðs Íslands úr stöðugum í jákvæðar vegna kröftugs hagvaxtar og batnandi stöðu opinberra fjármála. Láns hæfiseinkunn ríkissjóðs var staðfest BBB- fyrir langtímaskuldbindingar og A-3 fyrir skammtímaskuldbindingar.

Hinn 22. júlí 2014 greindi matsfyrirtækið Standard & Poor's frá því að það hefði lækkað láns hæfismat Íbúðalánasjóðs til langs tíma úr BB í BB- með stöðugum horfum.

Hinn 22. júlí 2014 var tilkynnt um 735 milljóna evra fyrirframgreiðslu Ríkissjóðs Íslands og Seðlabanka Íslands á lánum frá Norðurlöndunum sem tekin voru í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda frá 2008 sem studd var af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Með því var lokið við að endurgreiða lán sem tekin voru hjá Norðurlöndunum eftir áföllin 2008 og námu samtals 1.775 milljónum evra. Ákvörðun um fyrirframgreiðslu var tekin í framhaldi af 750 milljóna evra skuldabréfaútgáfu ríkissjóðs á Evrópumarkaði sem tilkynnt var um 8. júlí.

Hinn 28. júlí 2014 voru birtar niðurstöður úr álagningu opinberra gjalda á einstaklinga. Framteljendum fjölgaði um 1,1% milli ára og tekjuskatts- og útsvarsstofn hækkaði um 6%. Samanlögð álagning tekjuskatts og útsvars nam 261 ma.kr. og hækkaði um 7% milli ára.

Ágúst 2014

Hinn 1. ágúst 2014 staðfesti matsfyrirtækið Fitch Ratings láns hæfiseinkunnir Ríkissjóðs Íslands, þ.e. BBB fyrir skuldbindingar í erlendum gjaldmiðlum og BBB+ fyrir skuldbindingar í innlendum gjaldmiðli. Horfur fyrir láns hæfi Ríkis-

sjóðs Íslands voru metnar stöðugar. Landsþakið (e. Country ceiling) var staðfest sem BBB og jafnframt var staðfest lánsþæfiseinkunnin F3 fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendum gjaldmiðlum.

Hinn 15. ágúst 2014 var tilkynnt að Már Guðmundsson hefði verið skipaður í stöðu seðlabankastjóra til fimm ára, en hann hafði áður gegnt starfinu frá 2009.

Hinn 20. ágúst 2014 ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að halda vöxtum bankans óbreyttum. Daglánavextir voru 7,00%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga voru 6,00%, vextir á 7 daga bundnum innlánnum 5,75% og vextir á viðskiptareikningum 5,00%.

Hinn 27. ágúst 2014 fékk Landsbankinn staðfesta grunnlýsingu vegna útgáfu skuldabréfa í erlendum gjaldmiðlum í kauphöllinni í Dublin á Írlandi. Um er að ræða EMTN-skuldabréfaramma (e. Euro Medium Term Note Programme) sem gefur Landsbankanum færi á að gefa út skuldabréf að jafnvirði allt að 1 ma. evra í ýmsum gjaldmiðlum á föstum eða fljótandi vöxtum.

Hinn 28. ágúst 2014 veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit í máli Gunnars V. Engilbertssonar gegn Íslandsbanka hf. nr. E-25/13 og svaraði spurningum sem Héraðsdómur Reykjavíkur vísaði til hans um túlkun tilskipunar 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum. Stefnandi tók á árunum 2005-2007 verðtryggt fasteignalán hjá Íslandsbanka en hætti um mitt ár 2009 að greiða af láninu. Í málarekstri sem fylgdi í kjölfarið reyndi meðal annars á það hvort verðtryggingin væri óréttmætur skilmáli í andstöðu við nefnda tilskipun. Í áliti EFTA-dómstólsins kom m.a fram að það væri í höndum landsdómstóla að ákveða hvort samningsskilmálar um verðtryggingu lána væru undanþegnir gildissviði tilskipunarinnar. Kæmist landsdómstóll að þeirri niðurstöðu að samningsskilmálararnir féllu undir tilskipunina bæri dómstólnum að meta hvort skilmálararnir væru óréttmætir. Við matið bæri að hafa hliðsjón af skýringum EFTA-dómstólsins á hugtakinu „óréttmætur skilmáli“. Enn fremur sagði í áliti EFTA-dómstólsins að tilskipunin bannaði ekki skilyrðislaust verðtryggingarákvæði í samningum og að verðtryggingarákvæði teldist ekki óréttmætur samningsskilmáli skv. 3. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar sbr. einnig d-lið 2. mgr. viðauka hennar ef vísitölubinding væri lögleg og aðferð við útreikning verðbreytinga lýst rækilega í samningi. Dómstóllinn taldi mikilvægt að neytandi fengi nægilegar upplýsingar um skilmála samnings og afleiðingar hans áður en hann veitti samþykki sitt. Slíkt væri forsenda upplýst samþykkis og ætti sérstaklega við þar sem aðilar kæmu sér saman um verðtryggingu sem leiddi sjálfkrafa til breytinga á höfuðstól skuldarinnar og væri grundvölluð á forskrift lánveitanda. EFTA-dómstóllinn taldi einnig að 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar verði að túlka svo að ef landsdómstóll úrskurði að tiltekinn samningsskilmáli sé óréttmætur samkvæmt tilskipuninni beri honum að tryggja að skilmálinn sé óskuldbindandi fyrir neytandann að því gefnu að samningurinn geti haldið gildi sínu að öðru leyti. Sjá nánar: http://www.eftacourt.int/uploads/tx_nvcases/25_13_Judgment_IS_01.pdf

Hinn 29. ágúst 2014 rétt upp úr miðnætti, hófst gos nálægt Bárðarbungu eftir mikla jarðskjálftavirkni. Gosið fór rólega af stað, en óx mjög á nýrri sprungu þegar leið á september. Þótt gosið væri langt frá byggð, olli gasmengun talsverðum vanda, svo að á köflum þótti ekki óhætt að vera úti við í byggð, síst fyrir viðkvæma. Lýst var yfir goslokum 28. febrúar 2015. Þá var hraunið orðið nær 85 ferkílómetrar að flatarmáli, stærra en í nokkru gosi á Íslandi síðan í Skaftáreldum 1783-5. Talsverður kostnaður hlaut af vöktun og rannsóknum, og var 687 m.kr. veitt til þessara verkefna á fjárákalogum 2014.

September 2014

Hinn 2. september 2014 fóru fram útboð þar sem Seðlabankinn bauðst til að kaupa evrur í skiptum fyrir krónur, annars vegar til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi og hins vegar gegn greiðslu í ríkisverðbréfum. Einnig kallaði Seðlabankinn eftir tilboðum frá aðilum sem vildu selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Niðurstaða útboða um kaup á evrum var sú að tilboðum að fjárhæð 28,4 milljónir evra var tekið. Útboðsverðið var ákvarðað 181 kr. fyrir hverja evru. Niðurstaða útboðs um kaup á krónum fyrir evrur var sú að tilboðum að fjárhæð 5,1 ma.kr. var tekið. Útboðsverðið var ákvarðað 181 kr. fyrir hverja evru. Í hvoru útboði var öllum samþykktum tilboðum tekið á sama verði.

Hinn 11. september 2014 tilkynnti Seðlabankinn að samið hefði verið við þýska tryggingafélagið Allianz um tryggingasamninga sem Allianz á Íslandi hafði boðið viðskiptavinum sínum hér á landi. Hérlandum viðskiptavinum Allianz

var gert kleift að halda óbreyttu sambandi við félagið. Til að draga úr neikvæðum áhrifum á greiðslujöfnuð Íslands myndi tryggingafélagið koma með erlendan gjaldeyri til landsins til mótvægis við yfir helming framtíðariðgjaldagreiðslna sem fara úr landi á grundvelli núgildandi samninga yfir gildistíma samkomulagsins. Vegna nýrra tryggingasamninga skyldi tryggingafélagið koma með erlendan gjaldeyri til landsins til mótvægis við framtíðariðgjaldagreiðslur sem fara myndu úr landi á grundvelli þeirra samninga yfir gildistíma samkomulagsins. Í framhaldinu var gert sams konar samkomulag við fleiri aðila.

Hinn 19. september 2014 undirritaði félagsmálaráðherra breytingar á reglugerðum 522/2004 og 540/2006. Breytingarnar fela í sér að hámarkslán Íbúðalánasjóðs til einstaklinga hækkar úr 20 m.kr. í 24 m.kr., hlutfall hámarksfjárhæðar ÍLS-veðbréfs af fasteignamati íbúðarhúsnæðis er hækkað úr 40% í 60% og heimilt verður að veita einstaklingum lán til kaupa á fasteignum sem metnar verða að hámarki 40 m.kr. samkvæmt fasteignamati.

Hinn 22. september 2014 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 94/2014, um breytingu á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991. Með lögunum var gerðarþolum nauðungarsölu heimilað að óska eftir því að töku ákvörðunar um framhald uppboðs eða ráðstöfun eignar á almennum markaði yrði frestað fram yfir 1. mars 2015, enda væri um að ræða íbúðarhúsnæði gerðarþola sem sótt hefði um leiðréttingu fasteignaveðlána samkvæmt lögum um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána.

Hinn 23. september 2014 birti MP banki frétt þess efnis að bankinn hefði selt dótturfélag sitt í Litháen, MP Pension Funds Baltic, fjárfestingarfélaginu Invalda LT AB. Söluverðið var 3,3 m. evra eða um 508 m.kr.

Hinn 23. september 2014 ákvað bankaráð Seðlabankans, með vísan í skýrslu Ríkisendurskoðunar, að draga til baka greiðslu á málskostnaði seðlabankastjóra í máli sem hann höfðaði til að fá hnekkð brigðum á launasamningi sem var gerður við hann þegar hann tók við starfi 2009.

Hinn 25. september 2014 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 96/2014, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda o.fl., nr. 129/1997. Með þeim var framlengd heimild lífeyrissjóða til að hafa 13% mismun milli eigna og skulda í ársreikningi 2013 án þess að skylt yrði að breyta samþykktum viðkomandi sjóðs svo sem skylt væri ef munurinn væri meiri en 10% samkvæmt 39. gr. síðarnefndra laga. Einnig var heimild til reksturs með með meira en 10% mismun eigna og skuldbindinga framlengd úr 6 árum í 7.

Hinn 25. september samþykkti Alþingi lög nr. 97/2014, um breytingu á lögum um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, nr. 141/21. Með breytingunni var innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2009/22/EB.

Hinn 26. september 2014 undirritaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra fjárfestingarsamning við Silicor Materials hf. um byggingu verksmiðju á Grundartanga til að framleiða 19 þús. tonn af sólarkísli á ári. Búist er við að framleiðsla hefjist síðari hluta árs 2016 og full afköst náist árið 2017.

Hinn 26. september 2014 var tilkynnt að utanríkisráðherra hefði undirritað tvísköttunarsamning við Albaníu fyrir hönd Íslands. Hinn 14. nóvember var sagt frá tvísköttunarsamningi við Kýpur.

Hinn 30. september 2014 svaraði Seðlabankinn erindi gamla Landsbankans LBI hf. um undanþágur frá ákvæðum laga um gjaldeyrismál, þ.e. frá gjaldeyrishöftum, til þess að LBI gæti greitt forgangskröfuhöfum hlutagreiðslur. Seðlabankinn taldi þessa eftirgjöf ekki mögulega, þar eð greiningu á áhrifum hennar á greiðslujöfnuð o.fl. væri ólokið, auk þess sem ólokið væri stefnumótunarvinnu stjórnvalda um losun fjármagnshafta. Seðlabankinn taldi hins vegar góðar líkur á að hægt yrði að gefa efnislegt svar við erindi LBI hf. á allra næstu vikum.

Október 2014

Hinn 1. október 2014 ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að halda vöxtum bankans óbreyttum. Daglánavextir voru 6,75%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga voru 5,75%, vextir á 7 daga bundnum innlánum 5,75% og vextir á viðskiptareikningum 5,00%.

Hinn 2. október 2014 var fyrsti fundur nýstofnaðrar kerfisáættunefndar haldinn. Nefndin skal koma saman til fundar að minnsta kosti fjórum sinnum á ári, samanber lög nr. 66 frá 28. maí 2014, um fjármálastöðugleikaráð,

en nefndin starfar fyrir fjármálastöðugleikaráð og gerir tillögur til ráðsins. Verkefni nefndarinnar er að leggja mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika hér á landi.

Hinn 14. október 2014 breytti alþjóðlega matsfyrirtækið Standard and Poor's (S&P) horfum á láns hæfi Landsbankans úr stöðugum í jákvæðar og staðfesti BB+/B lang- og skammtímaeinkunn bankans. Einnig staðfesti matsfyrirtækið BB+ láns hæfiseinkunn Arion banka og breytti horfum úr stöðugum í jákvæðar. Loks breytti fyrirtækið horfum Íslandsbanka úr stöðugum í jákvæðar og staðfesti láns hæfismat bankans sem var BB+/B.

Hinn 14. október 2014 var tilkynnt um samkomulag um innleiðingu Evrópureglna um þrjár evrópskar eftirlitsstofnanir á fjármálamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu. Allar bindandi ákvarðanir gagnvart Íslandi, Noregi og Liechtenstein verða teknar af Eftirlitsstofnun EFTA. Verður hægt að bera þær undir EFTA-dómstólinn. Stofnanirnar þrjár eru Bankastofnun Evrópu (EBA), Verðbréfamarkaðsstofnun Evrópu (ESMA) og Vátryggingastofnun Evrópu (EIOPA). Til viðbótar starfar kerfisáhætturáð, European Systemic Risk Board (ESRB). Innleiðingin er forsenda áframhaldandi virkrar þátttöku EFTA/EES-ríkjanna á innri markaðnum með fjármálaþjónustu.

Hinn 15. október 2014 var starfsleyfi LBI hf., gamla Landsbankans, afturkallað að fullu á grundvelli heimildar í 6. t. l. mgr. 9. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Áður hafði Fjármálaeftirlitið afturkallað starfsleyfi LBI hf. að hluta með bréfi dagsettu 15. september á grundvelli sömu heimildar.

Hinn 17. október 2014 fullyrkti fyrrverandi forstjóri Kaupþings að banki hans hefði í október 2008 fengið 85 ma.kr. lán frá Seðlabanka Íslands án þess að gengið hefði verið frá veði. Af þessu tilefni gaf Seðlabankinn út yfirlýsingu um hið gagnstæða.

Hinn 23. október 2014 samþykkti stjórn Landsbréfa hf. að verðbréfasjóðnum Landsbréf – LREAL skuli slitið og hlutdeildarskírteini sjóðsins afskráð úr Kauphöll. Slitin voru framkvæmd 20. nóvember 2014 og var síðasti dagur viðskipta með hlutdeildarskírteini sjóðsins þann 18. nóvember 2014.

Hinn 23. október 2014 gengu Íslandsbanki og Reitir fasteignafélag frá samningum um nýja lánveitingu til Reita að fjárhæð 11 ma.kr. Lánveitingin skyldi nýtt til lokagreiðslu tveggja lána við Hypotheckenbank Frankfurt AG. Uppgreiðsla lánanna er fyrsti liður í heildarendurfjármögnun Reita.

Hinn 23. október 2014 samþykkti Alþingi lög nr. 104/2014, um breytingu á lögum um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum, nr. 61/1999. Með lögunum var innleidd tilskipun 2009/38/EB um sama efni. Markmið breytinganna var að tryggja betur upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn sem starfa í fyrirtækjum eða fyrirtækjasamstæðum er starfa í a.m.k. tveimur ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu án þess að leggja of miklar byrðar á viðkomandi fyrirtæki.

Hinn 23. október 2014 samþykkti Alþingi lög nr. 107/2014, um breytingu á lögum um Ábyrgðasjóð launa, nr. 88/2003. Með breytingunni voru lagfærðir ágallar sem höfðu verið á innleiðingu á tilskipun um vernd til handa launafólki vegna gjaldþrots vinnuveitanda.

Hinn 23. október 2014 samþykkti Alþingi lög nr. 105/2014, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, sem innleiða í íslensk lög reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 492/2011 um frjálsa för launafólks innan ESB.

Hinn 27. október 2014 hófst verkfall hjá félagsmönnum Læknafélags Íslands sem starfa hjá ríkinu. Því lauk með því að skrifað var undir kjarasamninga í byrjun janúar 2015 og gilda þeir til aprílloka 2017. Áætlað var að launahækkunar á samningstímanum yrðu rúmlega 30%.

Hinn 30. október 2014 greindi Íslandsbanki frá því að 27,5% hlutur bankans í Íslenskum verðbréfum hf. hefði verið seldur. Kaupendur voru m.a. MP banki og Lifeyrissjóður verslunarmanna og félag í eigu Garðars K. Vilhjálmssonar.

Nóvember 2014

Hinn 5. nóvember 2014 ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að lækka vexti bankans um 0,25 prósentur. Var það fyrsta vaxtabreyting bankans síðan daglánavextir voru 6,75%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga voru 5,75%, vextir á 7 daga bundnum innlánum 5,00% og innlánsvextir 4,75%.

Hinn 10. nóvember 2014 féll dómur Hæstaréttar í máli Kaupþings hf. gegn Aresbank S.A., nr. 707/2014. Ágreiningur aðila laut að því hvort greiðslur Kaupþings hf. til Aresbank S.A. ætti að umreikna miðað við sölugengi Seðlabanka Íslands fyrir evru á greiðsludegi hinn 16. ágúst 2013 eða við sölugengi evrunnar þegar kveðinn var upp úrskurður um slit Kaupþings hf. hinn 23. apríl 2009. Aresbank S.A. hafði að kröfu Kaupþings hf. undirritað sérstakt eyðublað þess efnis að hann óskaði eftir að fá greiðsluna innta af hendi í evrum miðað við skráð gengi evru 22. apríl 2009. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms og sagði m.a. að samkvæmt 3. mgr. 99. gr. laga nr. 21/1991 skyldu kröfur á hendur þrotabúi í erlendum gjaldmiðlum færðar yfir í íslenskar krónur eftir skráðu sölugengi á þeim degi, sem úrskurður hefði gengið um gjaldþrotaskipti, enda væri ekki um að ræða kröfur, sem fullnægt yrði í réttindaröð við skiptin samkvæmt 109.-111. gr. sömu laga. Samkvæmt framangreindu breyttust kröfurnar í eitt skipti fyrir öll í kröfur í íslenskum krónum. Því yrði úthlutun upp í kröfur við lok gjaldþrotaskipta ákveðin eftir fjárhæð þeirra í krónum og greiðsla innt af hendi í þeim gjaldmiðli. Þó væri skiptastjóra heimilt í tilgreindum tilvikum, umfram skyldu, að inna greiðslu af hendi í erlendum gjaldmiðli. Slíkar greiðslur skyldi miða við gengi hins erlenda gjaldmiðils á greiðsludegi en ekki skráðu gengi á úrskurðardegi enda væri ekki lagastoð fyrir slíkri tilhögun. Þá var talið að undirritun Aresbank S.A. á ósk um útborgun krafna sinna í evrum miðað við tiltekið dagsgengi gæti ekki talist bindandi. Sjá nánar: <http://haestirettur.is/domar?nr=9950>

Hinn 10. nóvember 2014 var greint frá umsóknum um skuldaleiðréttingu ríkisstjórnarinnar. 69 þúsund umsóknir bárust. Bein framlög og skattaafslættir eiga að lækka höfuðstól íbúðalána um 150 ma.kr. á næstu þremur árum samkvæmt lögum sem Alþingi samþykkti hinn 16. maí 2014.

Hinn 13. nóvember 2014 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 114/2014, um byggingarvörur, sem leystu af hólmi tiltekin ákvæði laga nr. 160/2010, um mannvirki. Með lögnum var innleidd reglugerð ESB nr. 305/2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara.

Hinn 17. nóvember 2014 komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að Straumur fjárfestingabanki hf. væri hæfur til að fara með virkan eignarhlut í Íslenskum verðbréfum hf. sem næmi 25%. Straumur fjárfestingabanki hf. eignaðist 100% eignarhlut í félaginu Gunner ehf., sem fer með 64,3% eignarhlut í félaginu Íslensk eignastýring ehf., sem aftur fer með 21,83% eignarhlut í Íslenskum verðbréfum hf. Straumur fjárfestingabanki hf. er því virkur eigandi í Íslenskum verðbréfum með óbeinum hætti.

Hinn 24. nóvember 2014 tilkynnti utanríkisráðuneytið að gerðir hefðu verið loftferðasamningar við Armeníu, Búrúndí, Eþíópíu, Guyana, Máritíus, Nígeríu, Sri Lanka og Tsjad. Auk þess væru viðræður um samninga eða breytingar á samningum við fleiri þjóðir í gangi.

Hinn 24. nóvember 2014 veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit í máli Sævars Jóns Gunnarssonar gegn Landsbankanum hf. nr. E-27/13. Var þar svarað spurningum Héraðsdóms Reykjavíkur um túlkun á tilskipun ráðsins nr. 87/102/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnvísingum aðildarríkjanna varðandi neytendalán og tilskipun ráðsins nr. 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum. Árið 2008 tók stefnandi verðtryggt lán að fjárhæð 630 þ.kr. hjá Landsbankanum hf. Samkvæmt skilmálum lánsins var það með breytilegum vöxtum, tengt vísitölu neysluverðs og myndi höfuðstóll þess hækka í hlutfalli við hana. Í greiðsluáætlun sem lántaki undirritaði voru afborganir sundurliðaðar og þar miðað við 0% verðbólgu en ársverðbólga var 6-9% á árinu 2008. Af þeim sökum reyndist nafnvirði greiðslna af láninu talsvert hærra en samkvæmt greiðsluáætluninni. Í máli sem Sævar höfðaði á hendur Landsbankanum hélt hann því fram að fyrirkomulag samningsins hefði brotið gegn tilskipun um neytendalán og þeim íslensku lögum sem var ætlað að innleiða tilskipunina auk þess sem lánsamningurinn hefði haft að geyma óréttmætan skilmála í neytendasamningi. Nánar tiltekið að ekki hafi verið upplýst um heildarlántökukostnað með því að miða verðbólgu við 0%. EFTA-dómstóllinn taldi að hugtakið „heildarlánskostnaður“ í neytendalánatilskipuninni fæli í sér allan kostnað sem neytanda bæri skylda til að greiða samkvæmt lánsamningnum, að meðtöldum vöxtum og kostnaði sem leiddi af verðtryggingu höfuðstólsins. Lánsamningur sem gerði ráð fyrir 0% verðbólgu á tíma þegar verðbólga væri töluvert hærri, gæfi ekki rétta mynd af þeim kostnaði sem leiddi af verðtryggingu og þar með heildarlántökukostnaði. Ef þeirri vernd sem neytendalánatilskipunin veitti væri ekki teft í tvísýnu, væri það landsdómstóls að meta hvaða áhrif röng upplýsingagjöf af þessu tagi hefði og hvaða úrræðum væri hægt að beita af því tilefni. Ef lánastofnun léti hjá líða að upplýsa viðskiptavin sinn fyllilega um heildar-

lántökukostnað og árlega hlutfallstölu kostnaðar samkvæmt tilskipuninni um neytendalán, gæti það einnig talist til óréttmætra viðskiptahátta gagnvart neytendum samkvæmt tilskipun 2005/29/EBE um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum. Sjá nánar: http://www.eftacourt.int/uploads/tx_nvcases/27_13_Judgment_IS.pdf

Hinn 25. nóvember 2014 undirritaði Landsbankinn samning um sölu á 31,2% eignarhlut sínum í greiðslumiðlunar-fyrirtækinu Borgun hf. Söluverðið var 2.184 m.kr. og að kaupunum stóð breiður hópur fjárfesta ásamt félagi á vegum stjórnenda Borgunar. Kaupsamningurinn var gerður með fyrirvara um samþykki eftirlitsaðila, í samræmi við lög. Tals-verð umræða varð um að salan fór ekki fram í opnu útboði þótt Landsbankinn væri nær algerlega í eigu íslenska ríkisins.

Desember 2014

Hinn 1. desember 2014 undirrituðu Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið endurnýjaðan samstarfssamning. Markmið samningsins er að formbinda samvinnu og upplýsingaskipti stofnananna og samhæfa viðbrögð við kerfisáhættu á vettvangi fjármálastöðugleikaráðs. Til að leggja mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu og kerfisáhættu hafa stofnanirnar sett á laggirnar fimm áhættumatshópa sem í sitja fulltrúar frá báðum stofnunum. Við upplýsingaöflun frá eftirlitsskyldum aðilum er leitast við að hafa samvinnu um þróun skýrslna. Lögð er áhersla á að upplýsingaskipti milli stofnananna séu tímanleg og reglubundin og miðlað á skilvirkan og öruggan hátt. Sama dag undirrituðu sömu stofnanir samkomulag um framkvæmd lausafjäreftirlits lánastofnana.

Hinn 1. desember 2014 tóku gildi reglur Seðlabanka Íslands um fjármögnunarhlutfall viðskiptabanka í erlendum gjaldmiðlum. Fjármögnunarhlutfallinu er ætlað að tryggja lágmark stöðugar fjármögnunar í erlendum gjaldmiðlum til eins árs og takmarka því að hve miklu leyti viðskiptabankar geta reitt sig á óstöðuga skammtímafjármögnun til þess að fjármagna langtímaútlán í erlendum gjaldmiðlum.

Hinn 4. desember 2014 tilkynnti Seðlabankinn að hann hefði veitt LBI hf., gamla Landsbankanum, undanþágu frá lögum um gjaldeyrismál sem gerði bankanum fært að inna af hendi greiðslur til forgangskröfuhafa að fjárhæð um 400 ma.kr. Þá hefði Seðlabankinn veitt LBI hf. vilyrði fyrir undanþágum vegna frekari hlutagreiðslna til forgangskröfuhafa af framtíðarinnheimtum hjá LBI hf., að því gefnu að slíkar undanþágur yrðu þá ekki taldar raska stöðugleika í gengis- og peningamálum.

Hinn 4. desember 2014 gekk í gildi samkomulag Landsbankans og LBI um breytingar á skilmálum skuldabréfa og verður lokagreiðsla Landsbankans til LBI innt af hendi í október 2026 í stað október 2018. Eftirstöðvar skuldarnar greiðast með tíu skuldabréfum sem koma til greiðslu á tveggja ára fresti, útgefnum í evrum, Bandaríkjadöllum og sterlingspundum. Hvenær sem er á tímabilinu hefur Landsbankinn heimild til að greiða skuldina niður að hluta eða að fullu án kostnaðar.

Hinn 9. desember 2014 luku Reitir fasteignafélag sölu á nýju hlutafé að andvirði 17 ma.kr. Salan var liður í endurfjármögnun félagsins, en einnig hefur verið samið um 51 ma.kr. lánsfjármögnun með sölu skuldabréfa og nýjum bankalánnum. Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins, en eignasafnið er metið á um 100 ma.kr. Lífeyrissjóðir keyptu samtals 31% hlut, en stærstu einstöku eigendur félagsins eru eftir sem áður Arion banki sem á 31% hlut og Landsbankinn með 22%.

Hinn 10. desember 2014 ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að lækka vexti bankans um 0,5 prósentur. Daglánavextir voru 6,25%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga voru 5,25%, vextir á 7 daga bundnum innlánnum 4,50% og vextir á viðskiptareikningum 4,25%.

Hinn 15. desember 2014 voru samþykkt á Alþingi fjárukalög fyrir yfirstandandi ár. Tekjuáætlun ársins var hækkuð um 72 ma.kr. (11,8%) frá fjárlögum, einkum vegna skatta á tekjur og hagnað og vegna arðgreiðslna. Gjaldaáætlun var hækkuð um 30 ma. kr. (4,9%) og vógu þyngst útgjöld til lækunar á skuldum heimila, útgjöld vegna lífeyris-skuldbindinga og vaxtagjöld. Áætlaður afgangur á ríkissjóði hækkaði úr 900 m.kr. samkvæmt fjárlögum í 42 ma.kr.

Hinn 15. desember 2014 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 129/2014, um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda o.fl., nr. 129/1997. Með breytingunni var heimild lífeyrissjóða til að eiga allt að 20% af hlutafé í samlagshlutafélagi framlengd um eitt ár til ársloka 2015.

Hinn 15. desember 2014 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 122/2014, um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001. Tilgangur breytinganna var að koma fjárhagslegum samskiptum ríkissjóðs og Seðlabankans í fastara form en áður og treysta fjárhagslegt sjálfstæði bankans. Þær breytingar sem gerðar voru með lögnum voru í fyrsta lagi þær að bankanum er gert að setja sér árlega markmið um eigið fé, á grundvelli tiltekinna viðmiða (eiginfjárbátta), en þessum viðmiðum væri ætlað að taka mið af kostnaði af rekstri bankans og þeirri áhættu og óvissu sem bankinn stæði frammi fyrir á hverjum tíma. Í öðru lagi að hagnaður bankans skyldi að megninu til renna í ríkissjóð, að teknu tilliti til óinnleysta reiknaðra tekna og gjalda, og þá þannig að óinnleystur bókfærður hagnaður myndaði ekki grundvöll til arðgreiðslu í ríkissjóð. Í samræmi við það var veitt skýr heimild til að halda sérstakan reikning, gangvirðisreikning. Jafnframt var bankanum veitt heimild til að ákveða, eftir ferli sem tilgreint er í lögnum, að ráðstafa hagnaði til uppbyggingar eigin fjár bankans. Í þriðja lagi var ríkissjóði gert, á grundvelli heimildar í fjárlögum, að leggja Seðlabankanum til eigið fé í formi markaðshæfra eigna ef bankinn kallar eftir auknu eigin fé í þeim tilgangi að uppfylla tiltekna lágmarkseiginfjárbörf. Nemur heimildin 52 ma.kr. Enn fremur var með lögnum heimilað að lækka stofnfé ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands um 26 ma.kr.

Hinn 15. desember 2014 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 123/2014, um breytingu á lögum um yfirsattanefnd o.fl. Með lögnum voru gerðar þær breytingar að yfirsattanefnd tók við verkefnum ríkistollanefndar og var ríkistollanefnd lögð niður og úrskurðarvald yfirsattanefndar endurskilgreint. Jafnframt var fellt brott úr lögum um virðisaukaskatt það skilyrði að ágreining um skattskyldu og skattfjárhæð virðisaukaskatts megi einungis bera undir dómstóla, hafi yfirsattanefnd áður úrskurðað um ágreininginn og skýrlega kveðið svo á, að bera megi ákvarðanir um alla þætti skattamála undir dómstóla.

Hinn 16. desember 2014 voru samþykkt á Alþingi fjárlög fyrir 2015. Tekjur lækka um 50 ma.kr. að raungildi frá fyrra ári miðað við áætlaða útkomu 2014 og spá um neysluverð. Munar mest um arðgreiðslur og eignarskatta. Gjöld lækka um 15 ma.kr. að raunvirði, mest vegna minni útgjalda til lækkunar heimilaskulda, þar sem útgjaldakúfurinn féll á árið 2014. Afgangur sem óx umtalsvert 2014 vegna óvæntra arsðtekna, lækkar samkvæmt þessu að mun, úr 38 ma.kr. 2014 í tæpa 4 ma.kr. 2015.

Hinn 16. desember 2014 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 125/2014, um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2015. Helstu breytingar voru að markaðar tekjur lífeyrissjóða af almennu tryggingagjaldi vegna örorkubyrði voru lækkaðar úr 0,325% af skattstofni 2014 í 0,26% 2015 og ákveðið var að starfsendurhæfingarsjóðir fengju ekki tekjur af almennu tryggingagjaldi á árinu 2015 frekar en árin 2013 og 2014. Jafnframt var tímabundin lækkun lægsta þreps tekjuskatts um 0,04% framlengd um ár, sem og jafnmikil hækkun útsvarsheimilda sveitarfélaga og tímabundin hækkun vaxtabóta. Þá var bótatímabil atvinnuleysistrygginga stýtt úr 36 mánuðum í 30 en ákvæði um þátttöku ríkisins í kostnaði við S-merkt lyf o.fl. voru styrkt.

Hinn 16. desember 2014 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 130/2014, um vernd afurðarheita sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu. Lögin taka mið af reglugerð ESB nr. 115/2012 og er markmið þeirra að setja upp gæðakerfi fyrir afurðir með því að veita afurðarheiti vernd ef það vísar til uppruna.

Hinn 16. desember 2014 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 124/2014 um breytingu á lögum um virðisaukaskatt o.fl. Með lögnum voru gerðar þær breytingar að almennt skatthlutfall virðisaukaskatts var lækkað úr 25,5% í 24%, lægra hlutfallið var hækkað úr 7% í 12%, undanþágum frá skattskyldu í virðisaukaskatti var fækkað og fólksflutningar í afþreyingarskyni gerðir skattskyldir í lægra skattþrepi virðisaukaskatt. Þá var almennt vörugjald afnumið og lög um vörugjald, nr. 97/1987 felld á brott. Loks voru fjárhæðir barnabóta hækkaðar.

Hinn 19. desember 2014 gaf sendinefnd á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins út helstu niðurstöður úttektar á íslensku efnahagslífi. Sendinefndin heimsótti Ísland dagana 8.–19. desember samkvæmt fjórðu grein Stofnsáttmála sjóðsins og eftirfylgni við efnahagsáætlun íslenskra stjórnvalda og sjóðsins. Skýrsla um úttektina var gefin út hinn 13. mars 2015 í kjölfar umræðu hjá framkvæmdastjórn sjóðsins.

Hinn 19. desember 2014 var tilkynnt um 50 ma.kr. fyrirframgreiðslu Seðlabanka Íslands á hluta lána frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum með gjalddaga 2015, sem tekin voru í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda og sjóðsins frá 2008. Að greiðslunni lokinni hafa stjórnvöld greitt 83% af láninu frá sjóðnum en heildarfjárhæð þess nam um 253 ma.kr.

Hinn 30. desember 2014 sendi Seðlabankinn ríkisstjórninni greinargerð vegna frávíks verðbólgu frá markmiði, eins og áskilið er í sameiginlegri yfirlýsingu ríkisstjórnar og bankans frá 27. mars 2001. Samkvæmt mælingu Hagstofunnar, sem birt var 19. desember, var tólf mánaða verðbólga miðað við vísitölu neysliverðs 0,8% í desember. Verðbólga fór því í fyrsta sinn síðan verðból gumarkmiðið var tekið upp árið 2001 niður fyrir neðri frávíksmörk, 1%.

Hinn 31. desember 2014 hækkaði persónuafsláttur um 0,8% frá fyrra ári í hlutfalli við hækkun neysliverðs næstliðna tólf mánuði. Þar sem tekjuskattsþrepin þrjú voru óbreytt (22,86%, 25,3% og 31,8%), hækkuðu skattleysismörk einnig um 0,8%, í rúmar 142 þús. kr. á mánuði, þegar tekið er tillit til tekjuskattshlutfallsins, útsvars og 4% frádráttar vegna lífeyrisiðgjalda. Mörk milli skattþrepa tekjuskatts hækkuðu lögum samkvæmt um 6,6% í hlutfalli við hækkun launavísitölu, og náði þá fyrsta þrep í staðgreiðslu upp í rúmar 309 þ.kr á mánuði, annað þrep upp í rúmar 836 þ.kr. en þriðja þrep gildir þar fyrir ofan. Samkvæmt þeim ákvörðunum sveitarfélaga sem vitað var um fyrir jól, var meðalútsvar óbreytt frá fyrra ári, 14,44%.